

Rit Byggðasafns Skagfirðinga 2

**ÞRIF OG ÞVOTTAR
í torfbæjum**


Sigríður Sigurðardóttir

Akureyri
2017

Formáli

Undanfarna áratugi hef ég skoðað ýmsar afar áhugaverðar heimildir um þrífnaðarhætti í gömlu torfbæjunum. Ástæða þess er sú að á árunum 1984-1987 vann ég á Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands. Hluti af starfinu var að heimsækja heimildarmenn deildarinnar, skrá svör þeirra og semja spurningar, m.a. um hreinlæti. Margt af því sem ég lærði þá kom á óvart og sannfærði mig um að þrátt fyrir að hafa oft heyrt um, að mér fannst, einkennilegt háttalag fólks fyrir á tímum hjá afa mínum og ömmu vissi ég fátt. Afi, Björn Sigurðsson og amma, Sigríður Gunnarsdóttir, bjuggu á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð. Þau voru jafnaldrar, bæði fædd árið 1894, og ólust upp og bjuggu í torfbæjum þriðjung ævinnar en þau féllu frá árið 1984. Ég var svo lánsöm að alast upp undir handarjaðri þeirra þar sem þau og foreldrar mínir bjuggu undir sama þaki.

Frá Þjóðminjasafni lá leið mín norður í land þar sem ég veitti Byggðasafni Skagfirðinga forstöðu. Eitt viðfangsefnið var að hafa eftirlit með og annast gamla torfbæinn í Glaumbæ. Lá því vel við að halda áfram að skoða hreinlæti og þrífnað í torfbæjum. Ástand bæjarins er mismunandi eftir árstíðum, sem hlýtur að hafa haft áhrif á umgengi fólks sem þar bjó og á líðan þess og lífsafkomu. Eftir því sem ég kafaði dýpra í heimildir, um hátterni fólks sem bjó í torfbæjunum, og því meira sem kom í ljós því áhugaverðara varð viðfangsefnið. Þótt sennilega verði endalaust hægt að bæta einhverju við er kominn tími til að taka efnið saman og gera því skil svo aðrir megi hafa gagn af því og halda áfram rannsóknunum.



Skrifin byggjast á rannsóknum á þrifnaðarháttum fólks í skagfirskum byggðum fyrr á tíð og miðast við starfssvæði Byggðasafns Skagfirðinga. Margt má þó yfirfæra til annarra landshluta þar sem háttalag fólks hvað þrifnað snertir var svipað og líkt víða um land. BSk./Kort, Bryndís Zoëga.

Formáli	1
Inngangur.....	5
Annað aldarfar	8
Á tímum torfbæja.....	10
Á bæjarhlaði.....	14
I Göngum í bæinn.....	15
Skálinn	16
Eldhúsið	17
Stofan	19
Baðstofan	19
Sparistofan	21
Stofur í sérhlutverkum	21
Samkomuhús	22
Göng	23
Geymslur.....	24
Búr.....	24
Skemmur og hjallar	25
Kjallarar	25
Kamrar	26
Leyningurinn	29
Vatnsvirki	29
Brunnar og brunnhús.....	30
Innibrynningar	31
Vatnslagnir	32
II Efni, áhöld og ílát	33
Vatnið	33
Vatnsílát og -áhöld	34
Keyta.....	35
Sápa.....	35
Sandur	37
Aska	38
Snjór.....	38
Önnur efni	38
Þvottatæki og -töl.....	39
Þvögur, buskur, leppar og klútar	39
Kústar, vendir og burstar.....	40
Klöpp og þvörur	40
Kefli, bolti, klemma og kvísl.....	41
Þvotta- og fataílát.....	42
Þvottaföt	43
Kistur, tínur og öskjur	44
Matvæli og matarílátaþrif	45
Sláturverk	45
Matarílát	46
Askar.....	49
Mataráhöld.....	50
Önnur ílát	51
Koppar.....	51
Spýtubakkar.....	54
III Bæjarbúnaður og -þrif	55

Dyr og hurðir	57
Gólf	58
Rjáfur og súðir	60
Gluggar	60
Gluggatjöld	61
Skjáir	61
Ljórar, vindaugu og túður	62
Loftræsting	62
Stigar, klefar, herbergi og skápar	63
Set- og svefnbúnaður	63
Bekkir, set, borð og stólar	63
Rekkjur og rúm - svefnstaðir	64
Rúmföt	66
Rúmvenjur	68
Kynding	68
Eldstæði	69
Reykháfar, reykop og reykrör	71
Eldsneyti	71
Ljósferi og ljósmeti	74
IV Þvottar	77
Ullarþvottur	77
Fataþvottar	80
Laugarþvottar	83
Þurrkur og frágangur	84
Tjöld, reftar og ábreiður	86
Skór og skinnföt	87
V Líkamsþrif	88
Handþvottur og fótasnyrting	89
Hárþvottar og hársnyrting	90
Hár- og skeggskurður	91
Greiður og kambar	93
Höfuðföt	93
Fléttur, hnútar og lokkar	95
Laugarferðir	95
Baðhús	96
Kerböð	97
Kláði og kvikindi	98
Tannhirða	100
Hvítvoðungar	100
Bleiur	101
Reifar	102
Bleiu- og reifaþvottar	102
Barnsrassa- og naflabót	102
Værðarbúnaður barns	103
Ýmis húsráð og óráð	104
Græðikrem	105
Fegurðarmeðul	105
Líf í torfbæ - lokaorð	106
Atriðisorðaskrá	109
Heimildir	113

Inngangur

Í svörum heimildarmanna Þjóðminjasafns Íslands felst góður vitnisburður um þrífnaðarhætti á fyrri hluta 20. aldar en þegar svör þeirra eru borin saman við skrif 19. aldar fólks blasir við önnur reynsla af þrífnaði. Greinilegar breytingar hafa orðið á þeim háttum á bilinu 1870 til 1900. Til þess að átta sig á breytingunum reyndist nauðsynlegt að leita fanga víðar en í reynslusögum, s.s. með því að kanna varðveitta torfbæi og heimsækja minjasöfn. Eftir því sem leið á heimildaröflunina varð mér ljóst að um þetta efni væri ekki hægt að fjalla án samhengis við þróun hóbýlanna því ástand húsa og aðstaða innandyra hafði sýnilega áhrif á þrífnaðarhætti í tímans rás. Breytingar í þeim efnum hafa bæði verið yfirvegaðar og án kúvend- inga en einnig einskonar byltingar. Til að kanna eldri aðstæður, hús og innbú, hef ég leitað fanga í hinum ýmsu úttekktum, skrifum og fornleifarann- sóknum. Þótt frásagnir hér miðist fyrst og fremst við Skagafjörð en tilvísun er í aðra landshluta þar sem aðrir hættir þekktust og til að fylla upp í myndina þar sem efni er takmarkað.

Á 19. öld skrifuðu margir bréf og greinar gagngert til að hvetja fólk til að gæta þrífnaðar og bæta um- gengni innanhúss sem utan. *Nokkur orð um hrein- læti*¹ hét grein sem þýdd var að áskorun enskrar hefðarkonu, greifynju A. de Noailles, árið 1867 og hafði meiri áhrif í Skagafirði en mörg önnur skrif. Í henni var fjallað um mikilvægi hreinlætis í dag- legu lífi. Greinin barst m.a. hjónunum í Ási í Hegrnesi, þeim Sigurlaugu Gunnarsdóttur og Ólafi Sigurðssyni og hafði mikil áhrif á þau. Árið 1869 kallaði Sigurlaug nokkrar kunningjakonur til fundar við sig til að ræða þessi og önnur þjóðþrifa- mál. Í kjölfarið bundust konurnar í Hegrnesi sam- tókum um að bæta ráð sitt og hag. Kvenfélag Rípurhrepps, sem telst vera elsta kvenfélag lands- ins, rekur upphaf sitt til kvennafundarins í Ási.² Fundarkonur ásettu sér að taka á vanda sem stafaði af illum aðbúnaði, óþrífnaði og slæmu heilsufari. Um leið lögðu þær grunn að fræðslu-

og hjálparstarfi meðal kvenna. Segir í fundargerð að eitt af þremur umræðuefnum fundarins hafi verið „um hreinlæti, og hvað mest væri ábótavant hjá oss í því tilliti í baðstofu, í búi, í eldhúsi, í bæjardyrum og úti fyrir þeim og kring um bæinn, og hvernig best yrði ráðin bót á því“.³ Árið 1894 skrifaði Ólafur í Ási hugvekju sem hann kallaði „Fyrir 40 árum“. Hugvekjan birtist í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags*.⁴ Þar fjallaði hann um ýmis þjóðþrífamál, s.s. þrífnaðarhætti. Ólafur var þar að svara skrifum séra Þorkels Bjarnasonar frá Meyjarlandi, frá 1892, um breytingar sem orðið höfðu á högum landsmanna á 19. öld, eins og hann orðaði það. Þorkell miðaði við uppvaxtarár sín á Reykjaströndinni. Skoðanaskipti þeirra Ólafs og Þorkels eru merkileg í ljósi þess að þeir voru að metast á um lifnaðarhætti í Hegrnesi og á Reykjaströnd, og ekki svo langt á milli.

Fleiri gerðu þrífnaðarhætti Skagfirðinga að um- fjöllunarefni á þessum tíma. Séra Jónas Jónasson, sem kenndi sig við Hrafnagil í Eyjafirði, gerði ágæta grein fyrir þrífnaðarháttum út frá eigin reynslu og kunningjanna í bókinni *Íslenskir þjóð- hættir*. Séra Jónas átti heima á Tunguhálsi í Vesturdal hluta af unglingsárunum og var í námi hjá séra Hjörleifi Einarssyni á Goðdölum á 8. ára- tug 19. aldar. Hann hafði því persónulega reynslu af þrífnaðarháttum á heimilum í framdölum Skagafjarðar. Sömuleiðis fékk hann upplýsingar frá Eiríki Eiríkssyni á Skatastöðum. Skrif Eiríks til Jónasar voru birt í heild sinni í 14. bindi *Skagfirð- ingabókar* 1985 og gefa merkilegar upplýsingar um mannlíf í Austur- og Vesturdal á þeim tíma.⁵

Heimildir um þrífnað og hreinlæti birtust víðar. Hjálmar Jónsson, sem kenndi sig við Bólu, lét sig málefnið varða. Hann bjó á ýmsum bæjum í Skagafirði á seinni hluta 19. aldar og bjó yfir dýr- mætri reynslu sem hann setti á blað.⁶ Þá gaf Theodor Friðriksson krassandi lýsingar á aðbúnaði í húsum í Skagafirði og víðar á Norðurlandi um og eftir aldamótin 1900 í bók sinni *Í verum*.⁷ Hið sama gerðu fleiri Skagfirðingar. Elínborg Lárus-

¹ Jón Andrésson Hjaltalín, sem þýddi greinina, varð skóla- stjóri á Möðruvöllum og seinna landlæknir. Í greininni er þess getið að hún hafi verið gefin út að tilmælum Garth Wilkins- ons, læknis, sem kom til Íslands sennilega 1866. *Nokkur orð um hreinlæti*, 1867. Bls. 40.

² Sigríður Sigurðardóttir, 1982. Bls. 10-18.

³ *Norðanfari* 10. nóv. 2. árg., 1869. Bls. 82-83.

⁴ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 198-246.

⁵ Eiríkur Eiríksson, 1985. Bls. 57-105.

⁶ Hjálmar Jónsson frá Bólu, 1949. Bls. 50-230.

⁷ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 293-380.

dóttir frá Tunguhálsi í Vesturdal, Hofdala-Jónas Jónasson, Guðmundur L. Friðfinnsson á Egilsá og Ólína Jónasdóttir frá Fremri-Kotum í Norðurárdal höfðu öll sitt hvað merkilegt til málanna að leggja og orð Guðmundar Hannessonar, héraðslæknis Skagfirðinga, styðja fullkomlega umsagnir þeirra.⁸ Fjöldi annarra, utan héraðs, skrifuðu um hreinlæti. Þeirra á meðal var Halldór Kiljan Laxness í ritgerðum sem birtust í *Alþýðubókinni*, sem kom fyrst út 1929. Þar dæmdi hann landa sína hart fyrir sóðasakap. Halldór var þá á þrítugsaldri, búinn að vera í útlöndum og var óvæginn, sagði m.a. að „ástæður óþrifnaðar [... væru], að frátöldum fábjanahætti eða sinnisveiki, yfirleitt fátækt eða þekkingarleysi. En fátækt og þekkingarleysi fer mjög saman eins og allir vita“.⁹

Fyrir aldamótin 1800 eru heimildir um þrifnað af fremur skornum skammti. Í *Ferðabók* náttúrufræðinganna Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem fóru um landið á 18. öld, eru ágætar upplýsingar um ýmislegt en sjaldan minnst á þrifnaðarhætti. Sveinn Pálsson frá Steinsstöðum í Tungusveit, sem síðar varð landlæknir, gaf betri upplýsingar um þau efni í ferðabók sem spannar árin 1791-1797 og fullyrti m.a. að Skagfirðingar væru hreinlátari en t.d. Sunnlendingar.¹⁰ Þegar horft er á lýsingar erlendra ferðabókahöfunda á 18. og 19. öld, á lifnaðarháttum landans, ber að hafa í huga að þeir höfðu það sjálfir yfirleitt betra heimafyrir en flestir landar þeirra. Ferðabókalýsingum skal því taka með fyrirvara og lesa þær fremur sem vitnisburð um viðhorf ritara en þá sem þeir lögðu mat á. Meira mark er takandi á mati samtímalækna og frásögnum heimamanna.

Fáar heimildir finnast um þrifnaðarhætti fyrir 1700. Helst eru þær í ritum Arngríms (lærða) Jónssonar á 17. öld og Odds Einarssonar, frá 16. öld.¹¹ Enn rýrari heimildir um þrifnað eru frá miðöldum. Skást er *Sturlunga* og einstaka Íslendingasaga, þar sem þrifum og aðstöðu til þrifnaðarhátta bregður fyrir í stöku tilfellum. Þegar leitað er fanga svo langt aftur í tímann eru dæmin sem

finnast frá öllum landshornum. Þannig má segja að því eldri sem heimildirnar eru því minni líkur eru á að þær eigi sérstaklega við Skagafjörð eða Skagfirðinga.

Til að fá hugmyndir um aðstæður innanhúss í torfbæjunum út frá húsgerðum frá landnámi til 20. aldar, hef ég skoðað hvernig þær koma fram í Íslendingasögum, *Sturlungu*, *Fornbréfasafni*, fornléifarannsóknnum, húsalýsingum og úttekum. Út frá lýsingum á húsum og húsbúnaði má skoða möguleika og sennilega þörf til þrifa. Úttekt Arnheiðar Sigurðardóttur á húsum og húsbúnaði á miðöldum í ritinu *Híbýlahættir á miðöldum* og skrif Guðmundar Hannessonar í *Iðnsögu Íslands* eru afar gagnleg í þessu samhengi.¹² Sömu leiðis gefa áhöld og ílát, eins og varðveitt eru á minjasöfnum landsins, innsýn í hreinlætisvenjur, sem og aðrir þeir munir sem tilheyra þessum þætti mannlífsins. Þau eru afar mikilvæg því þau vitna um hvað fólk notaði, hvernig og jafnvel hversvegna. Hægt er að skoða muni þessa á sýningum hér og hvar í söfnum en besta aðgengið að þeim er í *Sarpi*, sem er menningarsögulegur gagnabanki minjavörslunnar og er vistaður á vefldarvefnum, á veffanginu sarpur.is. Hann er enn í vinnslu þannig að fjöldi muna, sem eftirleiðis eru nefndir í þessum skrifum, er ekki tæmandi. Þeir gefa samt góðar hugmyndir um efni og gæði gripanna til þess hlutverks sem þeim var ætlað. Þótt töluvert sé til af jarðfundum áhöldum er erfitt að átta sig á hvað vantar og er horfið og rétt að hafa í huga að tréílát og -áhöld eru ekki auðfundin eftir margar aldir í jarðvegi.

Í ritinu er stuðst við ljósmyndir af ýmsu tagi, einkum ljósmyndir þjóðverjans Bruno Schweizer sem fór um Ísland 1935-1938 og 1948 og tók myndir af fólki, fénaði og húsum. Myndir hans segja meira en mörg orð frá hversdagsamstri þess tíma og eru um margt sérstæðar miðað við þjóðlífsmyndir annarra ljósmyndara á þeim tíma.¹³ Torfbæir voru þá enn megin húbýli þótt margt væri breytt frá fyrri tíð. Þær tala samt sínu máli og eru dýrmætar því siðir og venjur, sem snerta þrifnaðarhætti á torfbæjartímum, verða ekki útskýrðir

⁸ Guðmundur Hannesson, 1921; 1942; 1945.

⁹ Halldór Kiljan Laxness, 1955. Bls. 71.

¹⁰ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 636.

¹¹ Arngrímur Jónsson, 2008. Bls. 136-192. Oddur Einarsson, 1971. Bls. 53-100.

¹² Arnheiður Sigurðardóttir 1966. Bls. 61, 63, 120. Guðmundur Hannesson, 1943. Bls. 358-375.

¹³ *Island Alfred Ehrhardt*, 2005. Bls. 47.

með góðu móti út frá samtíma okkar. Aðbúnaður og aðstæður voru afar frábrugðin því sem nú þekkest, sem gera myndirnar mikilvægar til að varpa ljósi á veruleikann síðustu áratugi torfbæjanna. Munamyndir þær sem hér eru birtar eru teknar á minjasöfnum hér og hvar um landið. Sé þess ekki getið hvar mynd er tekin er hún af safngrip í eigu Bygðasafns Skagfirðinga.

Til að átta sig á þrifnaðarháttum í torfbæjum þarf að skoða:

- Hvernig varðveittar torfbyggingar geta sjálfar vitnað um þrif og hreinlætishætti.
- Hvort lýsingar á híbýlum í fornsögum og úttektum geta sagt til um þrifnaðarhætti.
- Hvernig híbýli þróuðust frá miðöldum til nútíma og hvort/hvernig breytingarnar geta hafa haft áhrif á þrifnaðarhætti.
- Hvaða muni, áhöld og ílát við höfum varðveitt sem snerta þrif og þvotta og hvort þau geti varpað ljósi á fortíð okkar í þessum efnunum.
- Hvaða efni voru notuð til húspriða?
- Hvort mismunur var á baðstofu-, skála-, búra-, eldhúsa-, gangna- og geymsluþrifum.
- Hvort munur var á ullar- og skinnklæðapvottum, tré- og járnílátapvottum?
- Hvernig baðsiðir voru og aðstaða til baða.
- Hvernig líkamshirðing fór fram.
- Hvernig salernisaðstöðu var háttað.
- Hvernig brugðist var við sníkjudýrum sem lifðu á mönnum og í híbýlum þeirra.

Spurningum þessum verður ekki svarað út af fyrir sig eða í rétttri röð samkvæmt upptalningunni heldur er þeim fléttað inn í hvern kafla fyrir sig. Í loka-kaflanum eru meginatriðin dregin saman og um leið gefin svör við þessum og öðrum spurningum. Sem fyrr segir eru heimildir um þrif ekki vel aðgengilegar fyrir en á 19. öld. Sú staðreynd setur mark á skrifin því að á löngum tíma hafa þrifnaðarhættir ekki einungis breyst heldur einnig viðhorfin til þeirra.

Skrifunum er þannig hagað að fyrst er fjallað um ólík viðhorf gagnvart þrifum á hinum ýmsu tímum, eins og kostur er. Þá er skoðað hvernig umhorfs var í kringum bæi og hvernig umgengnin gat haft áhrif á þrif og öfugt. Í fyrsta þætti ritsins er gengið til bæjar og inn í allar vistarverur og

íhugað hvernig þær hafa getað verið útlits, hvað þær hýstu og hverjir möguleikar voru til þrifa. Næst er litið til ýmissa afmarkaðra þátta í umgengni, til þvottaefnis, áhalda og íláta. Í þriðja þætti er fjallað um þrif á húshlutum og -munum. Fjórti þáttur snýr að fataþvotti og sá fimmti og síðasti er um líkamshirðingu.

Íslendingar áttu margt sameiginlegt með öðrum þjóðum í norðurhluta Evrópu í þessum efnunum og í meginatriðum virðast landsvæði hafa verið hvert öðru lík hvað þrifnaðarhætti varðar. Frávik eru auðvitað á því. Þannig að þótt rannsókn minni sé einkum beint að Skagafirði getur hún, á sinn hátt, varpað ljósi á hreinlætishætti á landsvísu.

Rétt er að benda á að þrif og þvottar og flestöll umhirða voru kvennastörf sem karlar skiptu sér ekki af nema í algerum undantekningartilfellum. Því er auðséð að þær settu meira mark á gang sögunnar en oft er nefnt og í öðru samhengi. Sé söguleg þróun og atburðir skoðaðir út frá þrifnaðarháttum má meta sumt alveg upp á nýtt.



Konur gengu jafnt og karlar til útiverka þegar nauðsyn krafði og bættu þeim við hefðbundna daglega innivinnu, sem aldrei þraut. Útivistinn var yfirleitt hrein viðbót við inniverkin. Konan á myndinni, Margrét á Eintúnahálsi, er að saxa hey í fang eða sátor, eins og sjást á bakvið hana. Ljós. HSk. BS 2752/Bruno Schweizer.



Sigríður Bessadóttir var fædd 1853 (dó 1938) og ólst upp sem niðursetningur. Tilvera hennar einkenndist af basli og bakraunum. Örlög hennar og lífsspeki mörkuðust af þeim tíma og tíðaranda sem hún lifði. Hún er fulltrúi þess fjölda fólks sem varð að þræuka tilveruna með nægjusemi, þrautseigju og umburðarlyndi. Ljósmynd. HSK. BS 2278/Bruno Schweizer.

Annað aldarfar

Það sem þykir ósiður í dag þótti sjálfsagt og eðlilegt fyrir hundrað árum. Í byrjun 20. aldar kvartaði Steingrímur Jónsson bóndi á Silfrastöðum undan því að fólk væri látlaust með allskonar uppástöndugheit. Ekki væri nóg með að það heimtaði hærri laun og meiri frítíma heldur væri það „alltaf að þvo sig, greiða og strjúka. Því nægði ekki að skolpa af sér eins og í gamla daga, heldur þurfti það að sápuþvo sig á hverju kvöldi eða oftár á dag“.¹⁴ Karli þótti semsagt meiri tími fara í þvotta og snurfus en þörf var á og miðaði vafalaust við ungdomsár sín um miðja 19. öld þegar, samkvæmt Jónasi Jónassen lækni flestir vanræktu „í meira lagi allan hörundþvott og alla hörundskvilla yfir höfuð“.¹⁵ Steingrímur lifði þær byltingar í þrífnað-

arháttum þegar 19. aldar umbótasinnum tókst að hnekkja aldagrónum hefðum með upplýsingum um lýðheilsu og lækningalyf, nauðsyn húsprifa og bættrar líkamshirðu. Hið sama gildi um afa minn og ömmu eins og Steingrím karlinn að þau höfðu lifað tímana tvenna og miklar breytingar. Þau voru bæði fædd 1894 og áttu heima í torfbæjum til 1936. Hjá þeim sá ég glitta í dýrmæta fortíð og lærði að sumir siðir nútímans eru sprotnir upp af venjum sem við stundum ekki lengur. Hreinlætisvenjur þeirra voru að sumu leyti framandi og óskiljanlegar en um leið spennandi. Foreldrum mínum þótti þær víst ekki til eftirbreytni en ég minnst ekki annars en að margt í háttalagi þeirra þætti fullkomlega eðlilegt, t.d. því að þau höfðu alltaf kopp undir rúminu til að pissa í á nóttunni og notuðu ekki klósett nema yfir hádaginn, þótt okkur hinum væri uppálagt að nota það alltaf. Að hafa koppinn undir rúminu var barnsvani þeirra.

Í kjölfar iðnbyltingar breyttust þjóðfélagshættir víða í Evrópu með margvíslegum áhrifum á líferni fólks á 18. og 19. öld. Aldagrónin lifnaðarhættir viku fyrir hugmyndum um bætt lífsskjör, nýjum verkfærum og betri landnýtingu. Ólafur í Ási sagði að breytingar hefðu verið orðnar merkjanlegar á þrífnaðarháttum um 1830, frá því sem hafði verið um og fyrir 1800. En hann sagði jafnframt að þær hefðu mátt vera meiri miðað við að konungur hefði skipað embættismönnum sínum þá að upplýsa almúgann um skaðsemi óþrífnaðar. Nokkrir gengu svo langt að segja að þrífnaður, heiðarlegt líferni og vilji til þjónustu væru forsendur þess að ungt fólk gæti komið undir sig fótum. Hreppstjórar í Sauðárhreppi sögðu það vera góðan lærdóm og ráð „að kenna því þrífnað og hollustu í þjónustunni“.¹⁶ Þeir lögðu sjálfir mat á það. Þorleifur Claus Brynjólfsson, hreppstjóri í Akrahreppi 1771, gerði það að skilyrði að ef ungt fólk vildi giftast yrði það að vera þrifið og vinnusamt.¹⁷

¹⁶ *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, 2016. Bls. 422. Þannig beittu embættismenn þrífnaðarháttum og trúmennsku á ungmenni sem urðu að sanna sig í þeim efnum ef þau vildu fá sig lausa úr vist hjá bændum og urðu að fá samþykki að lausn hjá þeim sömu mönnum fyrir að vera lausamaður eða lausakona og ráða sér sjálf.

¹⁷ *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, 2016. Bls. 461.

¹⁴ Magnús Björnsson á Syðra-Hóli, 1957. Bls. 85.

¹⁵ J. Jónassen, 1884. Bls. 147.

Ólafur í Ási sagði að Magnús Stephensen stiftamtmaður hefði staðið sig vel í að hvetja fólk til að gæta þrifnaðar og hvernig best væri að haga því.¹⁸ Magnús gaf út *Handbók fyrir hvern mann* 1812 þar sem hann lýsti fjálglega muninum á sóðum og hreinlátum og hve ógeðsleg óþrifaleg hús væru. Samkvæmt tíðarandanum beindi hann orðum sínum til ungra kvenna og fullyrti að sómakærir piltar biðluðu ekki til stúlkna sem væru skörnugar á hörund og fót. Þótt bæði Ólafur og Magnús væru í ýmsu framsýnir menn voru þeir fastir í viðjum vanans, að því leyti að þeir töldu sjálfsagt að konur bæru ábyrgð á þrifnaðarhátum heimilanna. Magnús var einn aðal boðberi upplýsingastefnunnar hér á landi í byrjun 19. aldar¹⁹ og Ólafur í Ási var nýjungagjarn og áhrifamikill maður og í mörgu samstíga Sigurlaugu konu sinni, sem var „langt á undan flestum sínum samtíðarkonum í áhuga á að efla og auka verklega þekkingu og framfarir á heimilunum, og auka og efla mentun barna og unglunga“.²⁰

Síaukin áhersla var á fræðslu og að allir gegndu mikilvægum hlutverkum í litrófi tilverunnar. Háleitar hugmyndir og byltingar í véltækni fylltu menn eldmóði nýrra hugsjóna. Upp úr þeim farvegi spratt sjálfstæðisbaráttan. Unnið var hvert afrekið á fætur öðru við ræktun og framræslu landsins. Nýjar byggingar risu og nýir siðir voru innleiddir. Ungmennni rifu sig úr vistarbandi hjá bændum og leituðu nýrra tækifæra. Fólk lærði að vinna með ný tæki og kynntist nýjum hugmyndum um lífið. Stofnaðir voru bænda- og kvennaskólar til að mennta unga fólkið og bregðast við flóðbylgjum framfara og véltækniþyltingum hvert sem litið var. Samhliða var rekinn áróður fyrir heilsusamlegra líferni og þar með bættu hreinlæti. Læknávisindum fleygði fram og læknar vöktu athygli á því sem mátti betur fara í umgengni og hvernig t.d. meðferð matar og matarláta skipti máli „með tilliti til næringar og heilsufars“.²¹

Séra Jónas frá Hrafnagili orðaði það þannig að á uppvaxtarárum hans hefðu flestir verið „eftirtektarsamari um margt, sem nú fer framhjá mönn-

um“.²² Hann átti við að áður hefði fólk verið læsara á náttúru, menn og skepnur en samtíðarfólk hans enda var þá mikils um vert að þekkja öll teikn sem gátu haft áhrif á velferð og líðan, innan dyra sem utan. Á hans tíma, eins og enn, var verið að innleiða tæki og tól sem flýttu fyrir hefðbundnum verkum og komu í stað handa og visku eldri kynslóða, sem kunnu skil á ýmsu sem varð óþarfi við vélvæðinguna. Það sama má segja um nútímann. Það fer margt framhjá okkur sem for- mæður okkar og forfeður urðu að taka mark á.

Það er margreynt og ekkert nýtt að eldra fólk tor- tryggir nýja siði ungdomsins. Viðbrögð við breyt- ingum eru yfirleitt hvorki skjót né skilningsrík. Þegar heilbrigðisstéttir fóru að vara fólk við hættu á farsóttum og hvernig mætti minnka hana voru viðbrögðin dræm enda var sumt af því sem áður hafði verið talið sjálfsagt og eðlilegt jafnvel sagt hættulegt. Staðfastur áróður heilbrigðisstétta og menntun ungmenna á 19. öld lagði grundvöll að lifnaðarhátum nútímans. Gera má ráð fyrir að um aldamótin 1900 hafi margt verið breytt frá dögum Magnúsar amtmanns, þótt kröfur til hreinlætis væru þá enn allt aðrar en þær eru í dag. Margir voru þeir „sem ekki þvoðu sér daglega og hreinlæti var, satt að segja, víða mjög ábótavant, enda torfbærir nær alls staðar víða lélegir“.²³ Margt gerðist á fyrstu áratugum 20. aldar, sem kúventi þrifnaðarhátum, einkum þegar flutt var í steinhús með rennandi vatni og skolpleiðslum og þegar farið var að mála timburpil og steinveggi. Það auðveldaði hreingerningar. Miklar breytingar urðu einnig þegar farið var að kynda hús og nota olíu- fíringu og betra ljósmeti, þegar olía kom í stað grútar, en langmesta breytingin varð við rafvæð- ingu heimilishaldsins.

Halldór Kiljan Laxness sagði húsakynni íslenskrar alþýðu, á fyrrihluta 20. aldar, vera „stíllaus að utan sem innan, skjóllaus, köld, saggasöm, sóðaleg, þægindalaus [og] húsagnalaus“²⁴ og fékk bág- t fyrir. Hann hafði samt margt til síns máls. Fólk átti erfitt með að fyrirgefa skilningsleysi hans og dóm- hörku, sagði Sigríður amma mín. Hennar kynslóð ólst upp við aðstæður sem fólk átti erfitt með að

¹⁸ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 219.

¹⁹ Ingi Sigurðsson, 1982. Bls. 17-18.

²⁰ *Kvennablaðið*, 28. janúar 1902. Bls. 2.

²¹ Hallgerður Gísladóttir, 1999. Bls. 7-8.

²² Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 1.

²³ Þorsteinn Jónsson, 1967. Bls. 79.

²⁴ Halldór Kiljan Laxness, 1955. Bls. 82.

breyta þótt það vildi. Þó var margt breytt frá því sem áður var. Hún ólst t.d. upp við fleiri baðferðir og meiri sápunotkun en 19. aldar fólk og þó var langur vegur á milli þess hreinlætis sem hún ólst upp við og þess sem nútíminn krefst. Móðir mín ólst upp í torfbæ fyrir miðja 20. öld og hafði önnur viðmið en afi og amma hvað snerti baðferðir og sama gildi um margt annað. Fjölskylda hennar bjó við lítil þægindi en snyrtimennska, nýtni, hirðu-semi og reglusemi var í heiðri höfð.²⁵ Hreinir og þurrir, óbilaðir torfbærir voru ágætir og hlýjar vist-arverur.



Hulda kaupakona á Hólabaki, er að koma frá mjöltum. Myndin er tekin á fjórða áratug 20. aldar og hún hefur fulltrúa fortíðar og framtíðar þess tíma í höndunum, fötu úr tréstofum annarsvegar og emaljeraða járnfötu hinsvegar. Ljós. HSk. BS 144b/Bruno Schweizer

Á tímum torfbæja

Þrífnaðarhættir voru háðir gerð híbýlanna, þ.e. hvort þau voru úr timbri, grjóti eða torfi, þiljuð eða óþiljuð. Híbýli hafa þróast og breyst frá miðöldum til nútíma og þau voru misgóð til þrifa. Ég leyfi mér að draga meginlínur í þúsund ára þróun þeirra í viðleitni til að túlka hvort og hvernig húsa-gerðirnar gátu sett mark á þrífnaðarhætti. Áríðandi er t.d. að vita hvort hús voru aðeins úr timbri eða eingöngu úr grjóti eða torfi eða öllu í bland. Alþiljuð timburhús voru ýmist með eða án ytri veggja úr torfi og stóðu í bæjarþyrpingunni eða stök. Byggingarlag þeirra var mismunandi og skiptir ekki meginmáli í sambandi við þrífnað að öðru leyti en því að timburfleti er auðveldara að þrifa en torf- og grjótfleti. Og því meiri sem umgengnin var þeim mun meiri þörf var fyrir þríf.

Grunnmyndir elstu húsa, sem grafin hafa verið upp hérlandis, sýna að þau voru af norrænum toga. Stoðarholur og stoðarsteinar geta jafnvel vitnað um hvort hús voru þiljuð eða ekki en þakgerðir eru hinsvegar lítt merkjanlegar út frá þeim. Meginbyggingin, fyrstu aldirnar, var skáli. Stofa var oft við annan hvorn enda hans, ýmist undir sama þaki eða samtengd. Við bakhlið skála og stofu, eða frístandandi, voru aðrar byggingar, s.s. búr, kamar og smiðja. Í *Grágás*, sem er elsta skráða lagabók okkar, frá 13. öld, eru helstu íveruhús nefnd. Þau voru skáli, stofa, búr, eldhús og kamar. Þar eru einnig nefndir húshlutar eins og arinn, gólf, set, dyr og hurðir.²⁶ Í Sturlungasögusafninu frá 12. og 13. öld er minnst á sömu hús, ásamt baðstofu og fleiri húsum. Þegar ráðist var inn í bæinn á Sauðafelli í Dölum árið 1229 er talað um skála, stofu og kamar og þegar kveikt var í bænum á Flugumýri árið 1253 var talað um skála, stofu, borðhús, litlustofu, gestastofu og skyrbúr.²⁷ Samkvæmt bréfum, samningum og eignaskráum frá 13. og 15. öld í *Íslenzku fornbréfasafni* eru búr, dyr, forstofa, göng, baðstofa, skáli, stofa, skemma og eldhús oftast nefnd. Prestar áttu að standa skil á öllu tréverki sem þeir fengu í hendur þegar þeir tóku við kirkjubúum eftir 1343-8 og frá þeim tíma má sjá ýmsa smærri húshluta talda fram, s.s. gáttatré, þröskulda, þil og stokka.²⁸ Það þurfti sannarlega allt að skúra ef vel átti að vera en engar upplýsingar eru til um hvort eða hvernig skúringar fóru fram.

Talað er um torfhús þegar torf og grjót eru megin byggingarefnin. Torf myndast upp, sem kallað var, á löngum tíma. Uppistaðan í torfi eru rætur sem fúna. Veggir þurfti að rífa burtu þegar þeir biluðu. Uppmyldaða torfið var fjarlægt og notað sem fylling í nýja veggir eða nýtt til að slétta völinn. Grjót, sem var borið eða dregið heim og notað í undirstöður veggja og í heilu veggina, var notað aftur og aftur, kynslóð fram af kynslóð, öld eftir öld. Grjótveggir stóðu vel, ef jörðin hristist ekki, en þeir voru kaldir. Þurrir torfveggir einangruðu

²⁶ *Grágás*, 2001. Bls. 188, 192, 308, 260, 280, 323, 380, 471, 113, 341.

²⁷ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 486-7.

²⁸ *DI Íslenskt fornbréfasafn* II, 1893. Bls. 535, 571. Fólk sat á setstokkum inni í skála. Gáttatré voru þiljur sem settar voru til að loka gáttinni (bilinu) milli dyrastafa og veggja.

²⁵ María Helgadóttir, f. 1933.

betur. Þurrir og harðir torfveggir hrinda frá sér vatni og blotna ekki svo glatt. Ef raki kemst í þá vilja þeir mygla. Hefð var fyrir hleðslu torfveggja í íveruhúsum í flestum löndum við strendur Norður-Atlantshafs fram á 20. öld og fjölmargar heimildir eru til um mismunandi afbrigði hleðslunnar, bæði hnausa- og strengjahleðslu.²⁹

Staðarval bæjarhúsa réðist m.a. af aðgangi að neysluvatni og byggingarefni. Vafalaust hefur það haft áhrif á staðarval hve auðvelt var að ná í byggingarefnið, hve lengi það entist og hvernig það stóðst átök veðurs. Lausn til að skýla timburhúsum fyrir óveðrum og til að einangra þau gat falist í þykkum torfveggjum. Þróunin virðist hafa verið sú að byggt var við enda skálans eða aftan við hann þannig að hann var fremstur í bæjarþyrpingunni. Það var þó ekki algilt. Eldhúsum og búrum var smeygt á milli fram- og bakhúsa.³⁰ Víða var gengið í gegnum skálann um bæjardyr, eða forstofu, um göng til húsanna á bak við (bakhúsanna). Þannig varð innangengt í öll hús.

Væri torfhús þiljað að innan, þ.e. ef innri veggir, gólf og loft voru úr timbri, var auðvelt að þrifa það. Arngrímur lærði, sem var kennari við Hóla-skóla á 17. öld, sagði að þá hefðu enn staðið hér og hvar á bæjum byggingar sem mætti rekja til miðalda. Þær skáru sig frá nýrri byggingum að því leyti að þær voru „bæði langar og víðar, og oftast í hærra lagi, samanber skála sem eru meira en fimmtíu álnir á lengd, tíu á breidd og á hæð. Í samsvarandi hlutföllum eru önnur bæjarhús, þar á meðal stofa, bastofa og búr“.³¹ Dæmi um hús eins og Arngrímur lýsti voru á Stóru-Ökrum árið 1530. Þar voru skáli, anddyri með portlofti, tvær baðstofur (stóra og litla) og náðhús. Húsin voru samtengd með göngum. Á hlaði voru skemmur og fjós.³² Fremst húsa var skáli sem snéri langhlið að

hlaði. Hvort stóra og litla baðstofa voru við enda hans, eða á bak við, kemur ekki fram en reikna má með að náðhúsið hafi staðið á bak við skálann. Vitneskjan sem þessi mynd geymir er margþætt. Hvorki er talað um búr né hlóðaeldhús en skála og náðhús og stofur sem báðar eru kallaðar baðstofur, hugsanlega vegna þess að í báðum voru ofnar sem hægt var að kynda. Á Ökrum bjó mjög vel efnað fólk sem gat viðað hús sín vel og kynt þau upp. Hvers vegna hvorki er talað um búr né hlóðaeldhús gat þýtt tvennt. Annaðhvort voru þau svo lítils virt að þau skiptu ekki máli eða að þau voru alls ekki til staðar. Timbur var dýrt en torf og grjót ekki. Hafi þau verið til og byggð nær eingöngu úr torfi og grjóti, með einfaldri timburgrind, þá skiptu þau ekki miklu máli í húsamatinu, sem gat verið ástæða þess að þau voru ekki talin upp. Það gat þýtt að báðar stofurnar, náðhúsið og skálinn hafi verið þiljuð innan. Heimildin er merkileg. Ekki síst fyrir það að þar stóð náðhús eins og á stórbýlum miðalda og er með því yngsta í landinu af þeirri gerð sem heimildir eru til um.

Skáli og stofa, þ.m.t. baðstofa, voru alla jafna betur viðúð en önnur hús. Í húsalýsingum er oft óljóst hvernig hús voru uppbyggð, þ.e. af stafverki eða bindingsverki, með einfaldri grind eða af öðrum toga. Húsviðir hétu allir sínum nöfnum eftir því af hvaða gerð húsin voru og komi þau fram má lesa úr lýsingunum. Algengustu þakviðir voru ásar og raftar eða sperrur, langbönd og árefti. Stafverksbyggingar voru algengari framan af öldum en bindingsverk, ásamt húsum með einfalda trégrind, og þá meira og minna úr grjóti og torfi. Stokkahús (bjálkahús) byggð úr liggjandi bolum þurftu ekki torfveggi til einangrunar vegna þykktar sinnar en stafverks- og bindingsverkshús höfðu sannarlega gagn af þeim, hvort sem þau voru þiljuð eða óþiljuð, eða stóðu á veðrasömum svæðum.


Á næstu blaðsíðu eru grunnteikningar sem eiga að gefa hugmynd um 1100 ára þróun torfbæjanna, frá fáum húsum til margra, frá skála til gangnabæjar og í burstabæ. Húsin voru byggð hlið við hlið og gafl í gafl, eftir þörfum, útsjónarsemi og möguleikum til efnisöflunar. Útfærsla þeirra fór eftir hagleik þess sem vann við byggingarnar.

²⁹ Walker, Bruce, McGregor, Christopher, o.fl. *Earth Structures and Construction in Scotland. A guide to the Recognition and Conservation of Earth Technology in Scottish Buildings*, 1996. Edinburgh . Á <http://conservation.historic-scotland.gov.uk/publication-detail.htm?pubid=8537>. Sótt 20.3.2016.

³⁰ Sigríður Sigurðardóttir, 2007. Bls. 9-13.

³¹ Arngrímur Jónsson, 2008. Bls. 191-2. Hafi hver alin verið 48 sm voru þetta 24 m löng og 4,8 m breið hús með mikilli lofthæð.


³² DI IX 1262-1536, 1909-1913. Bls. 529-530.



Grunnmynd af skálanum að Ísleifstöðum í Mýrasýslu sýnir hús undir einu þaki frá því um 1000.³³ Íbúðarhúsin virðast í fyrstu hafa verið stór, fremur einföld hús, með langeldi til hitagjafar og eldunar. Breið set voru meðfram veggjum, þar sem fólk sat, vann og svaf.



Grunnmynd af skála og viðbyggingum í Skallakoti í Þjórsárdal frá 11. öld.³⁴ Íveruhúsin virðast hafa þróast þannig að menn fóru að nýta veggja skálans og byggja önnur hús upp við hann. Þarna er einnig búið að bæta geymslu eða búri og sennilega kamri aftan við skálann.




Árið 1362 var gagnabæjarformið komið á bæinn að Gröf í Örafum.³⁵ Búið var að skipta skálanum í tvennt og var gengið í gegnum hann miðjan til húsanna á bakvið, sem voru kamar og baðstofa með grjóthlöðnum ofni. Endaveggirnir voru vel nýttir því við báða gaflana voru hús. Annað var eldhúsið (hægra megin) þannig að matseldunin hafði verið færð út úr húsinu.


³³ Teikning: Sören Hallgren. Úr *Fortida gårder i Island*.

³⁴ Teikning: Sören Hallgren. Úr *Fortida gårder i Island*.

³⁵ Teikning: Gísli Gestsson, 1959. Bls. 32-3, millisíða.



Glaumbær þróaðist með líkum hætti og aðrir gangna-bær. Árið 1681 var hann orðinn samstæða margra sambyggðra húsa og innangengt í þau flest úr göng-unum.³⁶ Í skála var sofið og unnið. Í stórustofu voru gestir hýstir. Þau hús snéru langhlið að hlaði. Inn af skálanum er svokallað skálahús, sem sennilega var geymsla. Gengið var um bæjardyrnar og inn í göngin til bakhúsanna. Innst var baðstofan og inn af henni óskilgreint hús sem gæti hafa verið vinnustaður s.s. fyrir vefstaðinn. Borðhúsið var búr/geymsla og litla baðstofa var íbúð prestsins.



Teikningin sýnir grunnmynd Glaumbæjar 1936.³⁷ Baðstofunni var breytt í svefn- og vinnustað á 18. öld. Þá var langabúr lengt og húsið á móti stýtt. Stofan frammi og skálinn voru endurbyggð á 19. öldinni og þeim snúið um 90°. Skemmi var sett í stað skálahúss. Eftir þær breytingar snéru allir gaflar framhúsanna fram á hlað. Glaumbær var kominn í þá mynd sem hann er enn, frá hlaði séður, orðinn burstabær með sex burstir. Gusa, norðurbúrið og eldhúsið voru einu stafgólfi styttri en þau eru nú og búið að breyta litlu baðstofu í búr. Ýmislegt átti eftir að breytast.

³⁶ Teikning: Hörður Ágústsson, 2004. Bls.115.

³⁷ Teikning: Edwin Sacher í öðru bindi *Byggðasögu Skagafjarðar*, 2001. Bls. 270.

Stórviðir til húsa voru keyptir frá útlöndum og á 18. öld var innflutningur húsviða dræmur og dýr, samkvæmt bændum í Hegranesi, sem kvörtuðu sáran yfir því árið 1771 að kaupmenn flyttu ekki inn nógu góða húsviði og bæir væru „margir lasnir fyrir viðaleysi og við falli komnir“.³⁸ Telja má sennilegt að það hafi oft áður komið fyrir og á 19. öld var hið sama uppi. Hús voru bæði viðud með innfluttum trjám og rekaviði. Árið 1839 var rekaviður sagður í flestum húsum á Skaga og á Reykjaströnd, af Skaga en einnig norðan úr Þistilfirði.³⁹ Þá voru bæjarhús á flestum bæjum í inn-sveitum Skagafjarðar og út að austan að mestu viðud með innfluttum trjám. Í sóknarlýsingum er tekið fram að hús á Vindheimum, Reykjum, Mæli-felli og Barði voru viðud með dönskum viði.⁴⁰

Burstabærinn, sem svo kallast, kom fram undir lok 18. aldar og var tíðari meðal efnafólks en kotunga. Þá var húsum sem snéru að hlaði (framhúsum) snúið um 90° þannig að gaflar þeirra vissu að hlaði í stað langhliðar eins og hjá flestum áður. Undir lok 19. aldar kom fram önnur gerð, sem virðist hafa tengst endurnýjun skálanna. Þá var byggt, oft á grunni þeirra, timburhús sem snéri langhlið að hlaði. Framhús þessi voru oft tvílyft eða á kjallara. Þegar Bólu-Hjálmar var á ferð um eyfirsku Kræklingahlíðina árið 1867 tók hann eftir því að ásýnd bæja hafði breyst frá því sem áður hafði verið og sagði hann að hlíðin hefði tekið ærnum stakkaskiptum „síðan fyrrum að ég við kynntist. Sá ég alls staðar blanka á tvö og þrjú þil, þar sem fyrrum var ei utan lágar og ljótar kofadyr fyrir bæjardyr og fjóshaugur fyrir bæjardyrum, frá hverjum jafnan hallaði inn í bæinn“⁴¹. Burstabærir voru hvarvetna orðnir algeng sjón á seinni hluta 19. aldar en, eins og Hjálmar sagði, þar sem lág-reistir skálar með langhlið að hlaði höfðu áður ein-kennt bæjarhúsin. Engar breytingar eru algildar og það gildi um burstabæina eins og annað. Á mörgum bæjum í Skagafirði háttaði þannig til fram á 20. öld að skáli eða nýtt framhús snéri hlið að hlaði og að innangengt var í bæði fjós og fjárhús, sem þá voru áföst bænum.

Þegar rýnt er í bæjarlýsingar á 19. öld má sjá ólík hús að stærð og gerð og augljóst að umhirða þeirra hefur verið miserfið. Í fjórða bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* er m.a. lýst hvernig bæirnir í Krókárgerði og á Fremri-Kotum í Norðurárdal voru hús-aðir á seinni hluta 19. aldar.⁴² Í Krókárgerði lágu mjó göng frá bæjardyrum til búrs, hlóðaeldhúss og fjóss og til tveggja stafgólfa baðstofu með sperruþaki. Önnur hús voru með ásapaki og farið sparlega með timbur. Á Fremri-Kotum snéru tveir gaflar að hlaði, annar var á bæjardyrum, hinn á skála. Gengið var úr bæjardyrum inn í skálann og inn í göng sem lágu til baðstofu og hlóðaeldhúss. Þessir tveir bæir voru af minnstu gerð. Um leið er ljóst að aðstæður til þrifa voru torveldar. Torfbærir eins og þeir sem enn standa í Glaumbæ og á Hólum eru miklu stærri en bæirnir í Krókárgerði og á Kotum og varla hægt að líkja þeim saman á neinn hátt.

Húsviðir og torf þurfa að vera þurr til að endast. Fæstir rifu niður þurr, hlý, loftgóð, ófúin hús og langoftast var gert við bilaða hlutann án afgerandi breytinga. Þau voru endurnýjuð þegar ekkert annað dugði til og þá voru þau byggð upp með ákveðin hlutverk í huga og drógu dóm af efnahag eigna, aðgangi að byggingarefnum, veðurfari og tíðaranda. Húsin sjálf höfðu áhrif á hvernig þau voru þrifuð. Byggingarefnið torf er ólíkt öðru efni til bygginga. Þótt aldrei sé hægt að gera sér fullkomlega í hugarlund við hvað fólk bjó, bæði þar sem árferði var sennilega annað og allur búskaparbragur, má þó læra ýmislegt af þeim gömlu torfbæjum sem við eigum enn. Í Glaumbæ er fylgst með raka og hita í gamla bænum árið um kring. Veruleikinn er sá að raki og hiti sveiflast eftir árstímum og veðrabrigðum að ákveðnu marki. Raki í húsum, þar sem umgangur er lítill, getur sveiflast á milli 45-65% yfir árið og hitinn frá 8-21°C. Árstími, fólk og gluggafjöldi hafa bein áhrif á hitastig innanhúss. Það tekur tuttugu manns um klukkutíma að hita þiljaðar stofurnar í Glaumbæ um 2-3°C, eftir því hve stórar þær eru.

Enginn býr lengur í bænum en blásturskerfi heldur honum frostlausum yfir vetrartímann og loftræstum allan ársins hring. Í baðstofunni, þar sem búið

³⁸ *Landsnefndin fyrir 1770-1771*, 2016. Bls. 485.

³⁹ *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 1954. Bls. 17, 40, 91.

⁴⁰ *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 1954. Bls. 54, 66, 77, 91, 101, 107, 175.

⁴¹ Hjálmar Jónsson frá Bólu, 1949. Bls. 230.

⁴² *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi. Akrahreppur*, 2007. Bls. 429, 441.

var fram til 1947, sveiflast rakinn á milli 44-51% á ársgrundvelli og meðalhitinn er 15°C án íbúanna en þess skal getið að loftræsting, sem knúin er til að halda bænum frostfríum, er um 7-10°C. Þarna sváfu 10-20 manns og 37°C heitir kroppar hafa haft áhrif á raka og hita. Búrin mælast með 53-60% raka og 8-14°C hita. Raki og hiti sveiflast ekki eins til í þeim eins og í baðstofunni, enda eru þau nokkuð niðurgrafin, gluggar standa hátt og eru fáir. Í hálf niðurgröfnum húsum eins og búrunum er að meðaltali meiri raki og kaldara. Ég nefni þetta hér vegna þess að torfhús, eins og fólk bjó í á torfbæjartímum, voru mun rakari en þau hús nútímans sem við búum í, með stöðugri upphitun og rafmagni.

Torfbærinn sjálfur setti mark sitt á búverkin og skapaði íbúunum þá tilveru sem þeir bjuggu við innandyrna og aðstöðu til þrifa. Því meiri raki sem inni var þeim mun oftar og meira þurfti að skrúbba og skafa og mikill þurrkur þýddi meira ryk.



Myndin er frá Skottastöðum í Svartárdal, tekin á fjórða áratug 20. aldar. Konan er óþekkt. Hrífurnar gefa til kynna að myndin sé tekin á heyannatíma. Grjóthellur á hlaðinu gætu verið leifar hellulagðrar stéttar. Á þilinu hanga utanyfirföt (fjær) og sokkaplög (nær) á uglum og snúrum. Ljós. HSK./Bruno Schweizer.

Sú sýn sem hér á eftir er brugðið upp á þróun hvers húss fyrir sig felur í sér mikla einföldun því mörg og mismunandi afbrigði húsa voru til á öllum öldum. Þróunin gæti hafa gengið fram og til baka og útlitið gat þá verið með ýmsum hætti.⁴³ Dregin eru fram dæmi um ástand og stöðu til að varpa ljósi á aðstæðurnar en þau eru ekki algild því hver bær, hvert hús var í eðli sínu sérstakt þar sem þau voru ekki byggð eftir reglugerðum heldur þörfum, getu og tíðaranda.

Á bæjarhlaði

Áður en gengið verður til bæjar þarf að skoða hvernig umhorfs var á bæjarhlaði og bakdyrmegin. Sú sýn kann að varpa ljósi á þrífnaðarhætti. Yfirleitt var hlaðið troðinn harðbali, gróinn þétu harðgerðu grasi sem gat varist daglegum ágangi en gaf eftir í miklum þurrkum og rigningum. Í vætutíð óðst það upp í svað og gat þá orðið hálfófært. Til að verjast því var hellustétt lögð framan við bæjardyr og meðfram húsum. Stéttin var sópuð af og til og gróður í torfveggjum og við þil reyttur burtu. Á sumrin var slegið í kringum bæinn um leið og gras var komið í skóvarp. Talað var um að slá bæinn úr grasi þegar fyrsta umferð sumarsins var slegin. Það þótti tíðindum sæta og orð á haft að frú Guðbjörg Sigurðardóttir á Vindheimum lét sópa hlaðið og hreinsa reglulega í umhverfis bæinn 1893.⁴⁴ Sennilega af því að sú regla gildi ekki víða annarsstaðar.

Torf- og grjóthlaðnar traðir voru víða síðasta spöl heimreiðar, heim á hlað. Þær var hægt að nota sem aðhald fyrir búfénað. Þegar hlað og tröð voru blaut bárust óhreinindi á útiskóm fólks auðveldlega inn í bæ. Sömuleiðis bárust óhreinindi á skóm fólks inn þar sem búpeningshús voru sambyggð bænum og innangengt til þeirra. Framan við og bakvið hús, þar sem fólk gekk um alla jafna, tróðst niður slóð. Þar gat verið öðruvísi umhorfs en á bæjarhlaði því þar lagði fólk frá sér verkfæri og annað sem unnið var með hverju sinni.

Umhverfi bæjanna dró dóm af því hvað fólki fannst sómasamlegt og hvernig húsum var skipað í bæjarþyrpingunni. Flestar húsmæður og húsbændur lögðu hart að sér og við heimilisfólkið að það

⁴³ Hjörleifur Stefánsson, 2013. Bls. 47-55.

⁴⁴ Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 196.

gengi þrifalega um og að fullorðnir sýndu þeim yngri gott fordæmi. Raka þurfti kúaskít, hrossataði, lambaspörðum, hænsna- og hundaskít af hlaðinu ef það gekkst ekki niður. Annað hvort var því hent í fjóshauginn eða sett á eldinn. Seinni part sumars var algengt að sjá tað- og móhrauka heima við bæi sem menn höfðu lagt metnað sinn í að hlaða sem fallegasta. Þeir voru ekki settir í samhengi við óþrif samanber ummæli langömmu minnar sem lagði nýbakaða flatköku ofan á taðflögu við hlóðirnar. Einhver setti út á það við hana og þótti það ekki þrifalegt en hún sagði að bragði: „Láttu ekki svona, þetta er táhreinn taðflaga“.⁴⁵ Hlóðaösku og öðrum ónýtanlegum úrgangi var hent á öskuhauginn. Askan var að sínu leyti ágæt í hófi ef hún var losuð í fjóshauginn þar sem hún blandaðist skitnum. Öskuhaugarnir stækkuðu öld frá öld og má enn greina þá þar sem gamlir bæjarhólar hafa fengið að vera óskertir. Í þeim leynast dýrmætar heimildir um líf fólks og lífsviðurværi fyrr á öldum og vel má halda því fram að þeir séu jafn merkilegar heimildir og þau fornu handrit sem geymd eru í luktum stofnunum með takmarkaðan aðgang.



Ingibjörg, kaupakona, í Grímsstungu í Vatnsdal 1935. Hlaðið er uppgróið og þétt og það markar ekki fyrir fótspor. Fjær er kamarinn og skammt frá honum olíudæla. Mynd. HSk. BS 2256/Bruno Schweizer.

Á Sauðárkróki var komin „timburhúsadreif [...] og nokkrir torfbæir, fremur hrörlegir“⁴⁶ árið 1894. Öllu var kastað í for eða þró utan dyra, hvort sem það var fiskúrgangur, aska eða saur og svo var það borið á blettinn í kringum húsinn.⁴⁷ Þótt umhverfið

væri að mestu ómengað af óuppleysanlegum efn-um nútímans var þar ýmislegt sem fólk amast við í dag. Eftirfarandi lýsing átti víða við á fyrri hluta 20. aldar.

Safnþró [var] norðan undir bæ, yfirbyggð og víða kamar úr timbri settur þar yfir og gengið svo frá að innan að þró úr timbri var við útvegg í hlóðaeldhúsi. Þaðan lá svo stokkur út í gegnum torfvegginn út í safnþróna. Í þennan vask eða þró var svo hellt öllu uppþvotta- og gólfskolpi, eða þá líka í bæjarlækinn [...] og þar var skolað úr hvers kyns fatnaði, gólfþrym og döllum. Á hverju vori var svo safnþróin losuð, oft þannig að í hana var veitt bæjarlæknum og þetta síðan látið renna sem áburður út á túnið. Ekki var góð lyktin dagana sem þetta var gert, en vel spratt túnið á eftir. Síðast var ausið úr safnþrónni með þar til gerðri ausu, fötu með löngu skafti, ýmist úr tré eða blikki (fatan).⁴⁸

I Göngum í bæinn

Af hlaði var gengið inn í bæjardyr sem svo kölluðust og gegndu sama hlutverki á torfbæjunum eins og anddyri eða forstofa í dag. Í Sturlungu er talað um að menn hafi farið upp „á bæinn og fram á duraveggina“⁴⁹ á Bakka árið 1199, sem gæti verið tilvísun í bæjardyrnar. Til þess sama vísar frásögn um mann sem stóð „úti hjá durum og stóð við kampinn, er hlaðinn var af veggnum“.⁵⁰ Kampur er endi torfveggjar og gæti hafa verið hlaðinn aðeins útfyrir dyrnar, til að skýla þeim. Forstofur eru sjaldan nefndar fyrr en á 20. öld. Svonefndir forskálar, eins og nefndir eru í Sturlungu á 12. og 13. öld⁵¹, virðast hafa verið anddyri (forstofa) eða gangvegur að stofu og skála samanber forskálana á Flugumýri árið 1253 sem voru „alþiljaðir til stofu at ganga“⁵² en þeir gátu hafa verið í öðrum hlutverkum en forstofur, samanber forskálann í Reykholti sem virðist hafa verið göngin á milli laugar og húsa.⁵³ Fram á burstabæjartíma voru bæjardyrnar á langhlið langhússins, sem svo má kalla þegar búið var að byggja við annan eða báða enda skálans. Oftast voru tvennar dyr á húsum enda nauðsynlegt að hafa fleiri en einn möguleika til að

⁴⁸ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

⁴⁹ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 207.

⁵⁰ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 308.

⁵¹ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 405-6, 461, 463, 494.

⁵² Sturlunga saga I, 1946. Bls. 494.

⁵³ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 388. Þór Hjaltalín, 2010. Bls. 173.

⁴⁵ María Helgadóttir, f. 1933.

⁴⁶ Guðmundur Hannesson, 1945. Bls. 13.

⁴⁷ Torfi Bjarnason, 1884. Bls. 148-215.

komast út, hvort sem hugsað var fyrir hversdags eða spari inngangi eða ef neyð bar að. Bæjardyrnar voru víða rúmgóð hús þar sem hægt var að hýsa ýmsan búnað, s.s. ferðaföt og reiðtygi. Jafnvel var hægt að skjóta ferðahestum inn í bæjardyrnar ef illa viðraði. Þannig hús standa enn á Stóru-Ökrum og á Reynistað. Þau eru bæði frá 18. öld

Innan við þröskuldinn var eitthvað haft til að þurrka af skóm þegar inn var komið, steinhella, motta, tuska eða „góð grastorfa eða torfur til þess að þurrka af fótum“.⁵⁴ Yfirleitt var moldargólf í bæjardyrum og voru þau hreinsuð og sópuð eftir þörfum. Úr bæjardyrum var gengið inn í næstu hús eða göng.



Steinunn á Uppsölum situr á kistu í bæjardyrum 1936. Jakkar, hattar og húfur hanga á syllu. Gat er á þekjunni og í rjáfrinu sér í nærtorfið á milli langbanda og áreftis. Innan við þröskuldinn er steinhella til að stappa af sér óhreinið og snjó. Þarna var fátt til að þrífa, nema kistan. Skúm var sópað úr rjáfri og af veggjum þegar þurfti og gólf voru sópuð ef hey barst inn eða annað sem fólk vildi ekki að gengist ofaní gólfið. Ljósm. HSk. BS 2170/Bruno Schweizer.



Stefán á Gili sópar nýmöluðu korni úr kornkvarnar-kassa í poka. Að lokinni kornmölun var mjölið sett í múshelt ílát, poka, fat eða dunk (bauk) eftir því hvernig og hvar átti að geyma það en oft var malað beint í baksturinn. Kornkvörnunum var komið fyrir innandyrar þar sem haganlega var hægt að koma þeim fyrir, s.s í skálum eða öðrum geymslum. Talað var um salla og sallfínt korn ef það varð að finna dufti við mölunina. Allt var sópað úr kassanum og passað að ekkert færi til spillis. Nágrannar nutu kvarnanna og greiddu fyrir mölun með riflegu uppsópi. Korn var innflutt og rándýrt. Ef kornílatin héldust þökkalega þurr var ástæðulaust að skrúbba þau. Nóg var að hvolfa úr þeim og sópa. HSk. BS 484/Bruno Schweizer.

Skálinn

Frægasti skáli Skagfirðinga á Íslendingasagnatíma er sennilega Flatatunguskálinn sem Þórður hreða var sagður hafa smíðað á 9. öld. „Bóndi sá er Þorgrímur hét hafði sent honum orð að smíða skála sinn því að Þórður var manna hagastur“⁵⁵, segir í Þórðarsögu. Söguritari sagði skálann hafa verið „furðusterkt hús. Stóð sá skáli allt til þess er Egill biskup var að Hólum“.⁵⁶ Egill sá var Eyjólfsson og var biskup frá 1331 til 1341.⁵⁷ Skálinn var þá sannarlega komin til ára sinna, hafi fótur verið fyrir sögunni. Sé miðað við jarðfundnar stoðarholur hafa elstu skálarnir verið vel viðaðir. Senni-

⁵⁵ Íslendinga sögur og þættir III, 1987. Bls. 2032.

⁵⁶ Íslendinga sögur og þættir III, 1987. Bls. 2033.

⁵⁷ Wikipedia. https://is.wikipedia.org/wiki/Egill_Eyj%C3%B3lfsson. Sótt 23.4.2016.

⁵⁴ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

lega voru þeir flestir þiljaðir að einhverju eða öllu leyti á meðan þeir voru notaðir til svefns og skipt þversum eða langsum, eftir kynjum. Svefnstöðum virðist hafa verið skipt eftir kyni, nema hjónaverelsum. Framan af öldum logaði eldur í langeldi, eldstæði á gólfi skálans sem notaður var til að elda mat á og hita upp húsið. Skálarnir hljóta að hafa verið meira og minna reykugir og sótugir, sem var gott fyrir viðina en óþægilegt fyrir fólkið og kallaði á þrif ef húsið og allt sem í því var átti ekki að verða svart af sóti.

Skálar og skálagerð eru oft nefnd í *Fornbréfasafni* á 13. til 15. öld⁵⁸ og þeir „lifðu“ allan torfbæjartímann þótt hlutverk þeirra og byggingarlag breyttust í tímans rás, einkum þegar hætt var að kveikja þar matselda. Þegar kom fram á 17. öld var upphitun horfin úr flestum skálum en þar var enn sofið. Fólk hætti að nota þá til svefns á 18. eða 19. öld. Skálinn á Torfmýri á árunum 1889-1897 má segja að væri lýsandi fyrir ástand þeirra og hlutverk á seinni hluta 19. aldar. Hann var eingöngu notaður sem geymsla. Bæjardyr voru fyrir miðjum skálanum og skiptu honum í tvennt, norðurskála þar sem geymdur var kornmatur, rúgmjöl, bankabygg, hrísgrjón og baunir, saltkjöt, saltfiskur og harðfiskur og í suðurskála þar sem spariföt voru geymd ásamt ull, söðli húsmóðurinnar og ýmsu fleiru, yfir sumartímann. Á haustin var sá endi fylltur af eldivið, mó og taði.⁵⁹ Skálinn sá var semsagt alfarið kominn í geymsluhlutverk.

Skálinn á Á í Unadal var tekinn til íbúðar á ný árið 1921, eftir nokkurra ára hlé, þar sem hann hafði verið notaður sem geymsla. Ung hjón með fimm börn fengu skálann til íveru og settu í hann tvö rúm. Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir var eitt barnanna og minntist þessa svo: „Mamma svaf í öðru þeirra með okkur tvö, litlu krakkana, en pabbi með einhvern strákana. Um hina man ég ekkert, þeir hafa sjálfsgagt fengið inni í baðstofunni, eða á skálalofti“.⁶⁰ Hart og slétt gamalt

moldargólf var í skálanum sem auðvelt var að sópa og á honum var gluggi og veggirnir þiljaðir.

Á síðasta tilveruskeiði skálanna voru þeir flestir komnir langt frá uppruna sínum byggingarlega séð. Dæmi um það er syðri endi framhúss þess sem byggt var á Tyrfingsstöðum árið 1904 og hefur alltaf kallast skáli og var notaður sem geymsla. Þannig var það víða. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er skáli nefndur á öðrum hverjum torfbæ í Skagafirði á 20. öld. Yfirleitt var hluti framhúsa kallaður skáli, eins og á Tyrfingsstöðum, eða að hann var sérhús eins og skálinn í Nýjabæ á Hólum í Hjaltaadal.

Eldhúsið

Eldhús tengdist frá upphafi þeim húshluta eða húsi sem hýsti málaeldinn, þ.e. eldinn þar sem matur var eldaður. Þegar talað er um eldhús í sögum sem eiga að gerast á 10. til 12. öld er verið að tala um þann hluta skálans þar sem matseld fór fram og oft talað um eldaskála. Þar var einnig sofið. Í *Fljótsdælasögu* er Ketill látinn ganga svo harkalega eftir eldhúsinu „að alla vega hrauð eldurinn um hann. Hann gengur utar til lokrekkju þeirrar er hann var vanur að sofa“.⁶¹ Í eldhúsi Ólafs í Hjarðarholti sem var meira og betra en menn höfðu séð voru „markaðar ágætlegar sögur á þilviðinum og svo á ræfrinu. Var það svo vel smíðað að þá þótti miklu skrautlegra er eigi voru tjöldin uppi“.⁶² Húsið var með myndskurði á veggjum og þiljað upp í rjáfur. Ekki var sagt síðra eldhús Gísla Súrssonar í Dýrafirði sem „var tírætt að lengd en fimm faðma breitt“.⁶³ En hvort sem húshlutinn kallaðist eldaskáli eða eldhús, var útskorið eða með tjöldum, safnaðist sót upp í rjáfrið, af opnum eldunum.

Í *Sturlungu* eru eldhús ýmist sögð hluti skála eða afþiljuð, undir sama þaki. Innangengt var á milli eldhúss og skála í Lönguhlíð í Hörgárdal árið 1197⁶⁴, sem annaðhvort þýðir að þil var á milli þess og svefnstaðarins eða að það var sérhús. Sama gildi um eldhúsið í Geldingaholti árið 1255 þar sem hægt var að fara um eldhúsið inn í

⁵⁸ DI III, 1896. Bls. 537, 588, 734; IV, 1897. Bls. 143-4, 171, 436, 564; V, 1899-1902. Bls. 277, 280; VI, 1900-1904. Bls. 659; VIII, 1906-1913. Bls. 674, 834.

⁵⁹ Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 120. Hannes J. Magnússon, 1953. Bls. 26-7.

⁶⁰ ÞMS 11386/1994-3, kona f. 1913, frá Hofsgarði á Höfðaströnd.

⁶¹ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 704.

⁶² *Íslendinga sögur og þættir* III, 1987. Bls. 1575.

⁶³ *Íslendinga sögur og þættir* II, 1987. Bls. 912.

⁶⁴ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 326.

skálann.⁶⁵ Tvisvar er talað um eldhús í *Fornbréfasafni* frá 1265 til 1521.⁶⁶ Annaðhvort hafa þau verið hluti skálans á þeim tíma, sem er sennilegt, eða að þau voru óvirt og þá nánast timburlaus. Fornleifarannsóknir sýna að eldhús voru sérhús hér og hvar á miðöldum, þá aðskilin frá skálanum en yfirleitt innangengt á milli þeirra. Dæmi um það er frá 14. aldar bænum í Gröf í Örafum, þar sem virtist hafa verið eldhús með hlóðum og óverulegt eldstæði í skálanum, til upphitunar.⁶⁷ Orð Arngríms lærða um að gömlu skálarnir væru enn á stöku stað á 16. öld og staða eldhúsmála á Stóru-Ökrum 1530, gefa til kynna að eldhúsin hafi þróast í stök, lítt þiljuð hús á mjög löngum tíma.⁶⁸

Við að færa eldamennskuna út úr skálanum losnaði fólk við reykinn af málaeldinum. Eldhúsnafnið fluttist til með eldunarhlutverkinu. Hlóðaeldhúsin voru flest með einfaldri timburgrind og með torf- og grjótteggjum. Þau voru auðveldari og ódýrari í byggingu og viðhaldi en þiljuð hús og hægt að nota þau sem forðageymslu, að vissu marki. Væru tvennar dyr á þeim, inn í bæ og út, þurfti ekki að bera eldivið og önnur aðföng úr búrum í gegnum skála eða stofu, eða um bæjardyr og göng. Hurð var fyrir eldhúsdryr. Rjáfur eldhúss var kallað rót. Eldhúsið var allt reyktekið og kolsvart og reykjarlyktin yfirgnæfði alla aðra lykt. Ef eldhúsin voru gluggalaus, eins og á Fremri-Kotum á 19. öld, bar aðeins reykopið (ljórinn) birtu inn í húsið.⁶⁹ Vel er hægt að gera sér í hugarlund hverskonar aðstaða það var fyrir eldakonuna. Hennar verk, auk matseldunar, var að sópa og hreinsa ösku og sorp af gólfi og hlóðum og passa að hafa allt í lagi og til taks sem þurfti að nota.⁷⁰ Flesta daga var hún rauðeygð af reyk og andlitið dökknandi í árána rás. Það var ekki heilsusamlegt starf að vera eldakona og hún ilmaði eins og hangikjöt. Miðað við aðstæður og þrátt fyrir reykinn var yfirleitt þurrt og hlýtt þar inni, nema ef þök biluðu og vatn komst inn. Þá var ösku úr hlóðunum dreift

um gólfið og gekkst hún niður þannig að hörð skán myndaðist sem auðvelt var að sópa. Öskunni var safnað í stamp, fötu eða trog við hlóðirnar og hún borin út á haug eða var notuð á önnur gólf.⁷¹

Þegar þvottur var þveginn, slátur soðið og annað stórstand viðhaft í eldhúsinu var mikið umleikis. Vatnsaustur var slæmur fyrir gólfið. Í sláturtíðinni ægði öllu saman þar inni, mat og áhöldum, eldivið og ílátum. Allan ársins hring voru blaut fót og sokkaplögg þurrkuð á hlóðasteinum, felhellunni eða á svokölluðum hlóðagrindum, sem settar voru yfir eða á bak við hlóðirnar.⁷² Af þessu umstangi var töluverð eldhætta og þurfti að ganga kirfilega frá öllu, á hverju kvöldi. Vettlingur sem lagður var á felhelluna gat valdið eldsvoða. Og þeir voru algengir.

Eftir 1870 fóru að fást eldavélar sem léttu alla eldamennsku og þvotta. Þeim var yfirleitt komið fyrir inni í baðstofu til að nýta hitann af þeim. Afþiljað var sérherbergi fyrir eldavélina í hluta baðstofunnar og var það ýmist kallað kokkhús, maskínuhús eða eldhús.



Reykrör frá eldavél í miðbaðstofunni á Tyrfingsstöðum, frá fyrri hluta 20. aldar, stendur langt upp úr þakinu til að minnka eldhættu af neistaflugi upp um rörið. Ljós. BSk./S.S.

Reykrör voru tengd eldavélunum og gengu þau upp úr þekju þeirra húsa sem hýstu þær. Rörin þurfti að hreinsa stöku sinnum og það var ekki þrifalegt verk. Þótt eldavélarar væru mun þægilegri til þrifa en hlóðirnar var samt af þeim margháttaður óþrifnaður. Ryk og reykur komu af eldavélum sem brenndu taði, mó, kolum og olíu. Ekki þurfti meira til en að vindurinn breytti um átt

⁶⁵ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 515-516.

⁶⁶ DI IV, 1897. Bls. 437; VIII, 1906-1913. Bls. 674.

⁶⁷ Gísli Gestsson, 1959. Bls. 28, 52. Sjá teikningu á bls. 11.

⁶⁸ Arngrímur Jónsson, 2008. Bls. 191-2. DI IX, 1909-1913. Bls. 529-530.

⁶⁹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi. Akrahreppur*. 2007. Bls. 429.

⁷⁰ Úr *Arnbjörgu* sem kom út 1783. Sjá *Rit Björns Halldórs-sonar í Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 467.

⁷¹ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894. Gunnlaugur Jónasson, f. 1917.

⁷² ÞMS 7877 karl f. 1896. Pfeiffer, Ida, 1853. Bls. 69.

að slægi niður í rörið og allt fylltist af reyk. Það gat kostað hreingerningu á húsum að ekki sé talað um handþvotta sem voru endalausir þegar þurfti að fást við ösku, tað og mó. Hlóðældhús voru notuð lengst allra torfbæjarhúsa, til að hengja þar upp kjöt og reykja, löngu eftir að hætt var að elda í þeim mat eða sjóða þvottavatn.

Stofan

Einhvers konar gesta- og vinnustofur eru nefndar á öllum tímum. Stofur virðast hafa gegnt þeim hlutverkum að taka kúfinn af heimilishaldinu, ef svo má að orði komast, þegar mikið var umleikis í heimilishaldinu, tengt vinnu eða gestum. Framan af öldum er talað um vefjarstofur, dyngjur, litlu- og stórustofur og baðstofur.⁷³ Stofur voru á betri bæjum, ýmist stakar eða sambyggðar skálum. Þær virðast oft hafa verið undir sama þaki og skálinn eða byggðar við enda hans, samkvæmt lýsingum, þannig að innangengt var í þær.

Oft er talað um timburstofur en sjaldan er tekið svo til orða um skálana. Hugsanlega var algengara að stofur stæðu án torfveggja heldur en skálarnir en þiljaðar hafa þær verið að öllu eða einhverju leyti. Þetta er stundum hægt að greina í fornleifauppgröftum, eins og í innri enda 14. aldar stofunnar í Gröf í Öräfum, sem var þiljaður.⁷⁴

Þegar Brynjólfur Bjarnason keypti Mánaskál á Skaga árið 1377 hafði fyrri eigandi tekið alla viði úr stofunni nema fjóra „asa ok atta stafi ok fiogur þuotre ok tuær syll[u]r ok allan fornan uid þann er þa var j rafri stofunnar“.⁷⁵ Úr þessu má lesa að stofan í Mánaskál var stafverkshús með reftu ásaþaki. Þannig hafa þær hugsanlega flestar verið fram á 17. öld en eftir það hafa sperruþök sennilega verið algengari og þá með súð sem þægilegra var að þrifa en raftana.

⁷³ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 55, 284, 288, 559, 572, 604-5; II, 1987. Bls. 744, 796, 780, 787, 830, 912, 1055, 1069, 1444; III, 1987. Bls. 1971. *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 251, 271, 293, 368-9, 395, 399, 453, 484, 488, 490, 492; II, 1946. Bls. 91, 101, 132, 155, 172, 254-5. DI III, 1896. Bls. 247, 201, 761-762; DI. IV, 1897. Bls. 248, 428, 343, 471, 554, 615, 665-666, 684, 687; DI, V, 1899-1902. Bls. 194, 336, 532, 550, 561, 602, 653, 697, 723, 778; VII, 1900-1904. Bls. 18, 162, 164-5.

⁷⁴ Gísli Gestsson, 1959. Bls. 10.

⁷⁵ DI III, 1896. Bls. 317.

Baðstofan

Hvernig sem litið er á upphaf baðstofanna, sem hús með baðaðstöðu eða vinnustofur, er ljóst að á seinni hluta torfbæjartíma höfðu sérhlutverk þeirra breyst í aðalhlutverk í bæjarsamstæðunni. Talið er að baðstofan hafi fyrstu aldirnar og fram á 13. öld verið fyrst og fremst baðstaður, stofa með óni eða stó (gufubað). Eftir það hafi henni verið breytt í fjölnota hús, svefnstað, vinnustofu og borðstofu allt í senn, og hún upphituð með ofni. Þannig virðist hún hafa verið fram á 17. öld þegar ofnar hurfu úr henni. Fólk hafði litla þörf fyrir aðra stofu en baðstofuna nema þar sem gestagangur var mikill eða stórt heimili. Hörður Ágústsson skýrði þróun baðstofunnar í riti sínu um Laufás, svo ekki verður mikið betur gert.⁷⁶ Nauðsynlegt er samt að líta aðeins á hvernig hús þær voru með tilliti til mögulegra þrifa, áður en lengra er haldið.

Baðstofa frá 14. öld kom fram í fornleifauppgreftinum í Gröf í Öräfum. Frá svipuðum tíma eru uppgrafnar baðstofur með ofnum (ónum) í Kúabót í Álftaveri, Reyðarfelli í Borgarfirði, Fornu-Lá í Eyrarsveit og í Vík í Skagafirði.⁷⁷ Þær hafa sennilega verið mismikið notaðar á þeim tíma en jarðskiptasamningur, sem gerður var í baðstofunni á Víðimýri árið 1405, hefur verið talinn vitna um mikilvægi þeirra.⁷⁸ Baðstofur eru oft nefndar eftir það í *Fornbréfasafni* og má ætla að þær hafi verið vel viðaðar.

Því meiri sem umgengnin var því meiri þörf var á þrifum. Að ekki sé talað um þegar búpeningur var hýstur innandyra til að nota ylinn af þeim. Svo-kallaðar fjósbaðstofur, þar sem kýr voru hafðar undir baðstofugólfi voru víða um land en fremur fátíðar í Skagafirði. Þær voru hreint ekki bundnar við kotbæi eins og dæmi var um á stórbýlinu Steinsstöðum í Tungusveit. Þar var búið í fjósbaðstofu til 1938.⁷⁹ Í fjósbaðstofum var alltaf hlýtt þegar skepnur voru hýstar. Dæmi um annarskonar kyndingu undir baðstofugólfi eru bæði í Laufási og á Grenjaðarstað. Þar eru baðstofur á efri hæð

⁷⁶ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 122-5.

⁷⁷ Guðmundur St. Sigurðarson, Þór Hjaltalín, Guðný Zoëga, 2012. Bls. 18-22.

⁷⁸ Nanna Ólafsdóttir, 1974. Bls. 78.

⁷⁹ *Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi. Lýtingsstaðahreppur*, 2004. Bls. 149.

húsa frá seinni hluta 19. aldar, þar sem líkt og í fjósbaðstofunum, var hugsað fyrir upphitun því kolaeldavélum var komið fyrir í nýju eldhúsi undir miðjum baðstofunum.



Kýr voru mjólkaðar úti yfir sumartímann. Þar sem fjós var undir baðstofupalli (gólfinu) tók fjóshæðin mið af kúnum sem voru talsvert lægri í loftinu fyrr á öldum en kýr nútímans. Ljós. HSk. PJ 1551/Páll Jónsson.

Þegar Ólína Jónasdóttir var barn í fóstri á Kúskerpi árið 1890 var þar þriggja stafgólfa baðstofa. Innstu tvö stafgólfin voru þiljuð en það fremsta var óþiljað, þ.e. þar voru berir torfveggirnir.⁸⁰ Baðstofur gátu verið alþiljaðar, hálfþiljaðar og óþiljaðar. Á stórbýlum voru þær yfirleitt þiljaðar í hólf og gólf. Þeim var auðvelt að halda hreinum og yfirleitt betri kostur en hinar. Þrifnaðurinn fór samt ekki alltaf eftir því. Hann fór eftir smekk og tilfinningu hvers og eins og ekki alltaf fylgni á milli þess hve hús voru þrifaleg og þess hvort voru þil eða ekki. Umgengnin var misjöfn og tilfinning fyrir hreinlæti sömuleiðis eins og sagan af bóndanum á Fannlaugarstöðum í Gönguskörðum sýnir. Hann vildi gera vel við prestinn á Hofi og benti honum „upp í moldarskot, er var í veggnum fyrir ofan rúmið og segir: hjerna er bollinn yðar séra Jón, ef þjer vilduð fá yður bita í nótt“.⁸¹ Bað-

stofan var semsagt óþiljuð og bónda fannst ekkert athugavert við að geyma veitingar í moldarskotinu.

Þegar Theodor Friðriksson og Sigurlaug Jónasdóttir fluttu að Mosfelli í Gönguskörðum haustið 1902 hafði bærinn staðið í eyði um einhvern tíma. Þegar þangað kom fylltist Theodor „hryllingi og viðbjóði. Ég hafði frá blautu barnsbeini vanizt lélegum húsakynnum og var löngu búinn að fá nóg af þeim, en þetta tók öllu fram. [...] Baðstofan var í þremur stafgólfum og voru tvö gluggakríli á annarri hliðinni móti suðri. Tvær rúður voru í hvorum glugga“.⁸² Torfveggirnir voru berir, nema þar sem þeir voru klæddir með pappír og klæðisdruslum fyrir ofan rúmin og í rjáfri blöstu við ber langbönd ofan á röftum. Aðstaðan var semsagt með versta móti og enginn munur á henni og fjallakofum sem menn lágu í til að skýla sér þá nokkra daga ársins þegar smalað var. Eftir því sem hreppsstjórinn sagði þeim voru Mosfellshúsin ekki verri „en víða gerðist hjá kotungum í Skagafirði“.⁸³ Það var hárrétt hjá honum því húsin á Tjörn við Flæðitjörn (nú Tjarnatjörn), sem þau fluttu í sumarið 1904, voru ekki skárri. Baðstofan var eins og á Mosfelli nema afþiljuð kytra sem var í suðurenda hennar.⁸⁴ Svona kotbaðstofur voru sannarlega hryllilegar vistarverur en fólk vann það til að búa við þær aðstæður fremur en inni á einhverjum og lúta annara boðum og bönnum. Þótt hús væru óþiljuð og óyndisleg gat umhirðan verið góð. Um það eru mörg dæmi. Árið 1907 voru ungir menn leiddir til baðstofu á Teigakoti. Þar voru smá hús og ungmennunum þóttu húsakynnin fornfáleg og siðir gamaldags.

Í frambaðstofunni [voru] nokkur lömb og tveir fullorðnir hrútar [...]. Var auðfundið á lyktinni, að ekki hafði neinum rudda verið kastað fyrir þessar kindur [...]. Fólkið bjó í suðurendanum og var ekki að fullu þiljað á milli [...]. Fyrsta verk gömlu konunnar var að taka af okkur sokkaplöggin og færa okkur þurra sokka. Þar næst brá hún sér fram í bæ, til að sækja okkur eitthvað að borða [...]. Stórar skálar fullar af þykkri skyrhæru og nýmjólk, hrokaðir diskar af feitu sauðakjöti, súrum sviðum, lundaböggum,

⁸⁰ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 20.

⁸¹ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls.175.

⁸² Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 293.

⁸³ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 295.

⁸⁴ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 337.

blóðmör, seyddu pottbrauði og smjöri nýteknu af strokknum. Hefði þetta verið nógur matur handa mörgum mönnum. Borið var þetta inn á lítið borð við rúmstokkinn hjá Stóra Pétri [einum hrútanna]. Það gamla konan okkur að afsaka það, hvað þetta væri ófínt, þar sem ekki væri kræsingar og hnífapörin.⁸⁵

Sparistofan

Svokallaðar betristofur, sparistofur eða gestastofur voru á heldrikvenna og -manna bæjum. Venjulegir bændur höfðu tæplega efni á að byggja sér stofur og margt annað mikilvægara í mannvirkjagerð en þær. Hér og hvar er gefin lýsing á hvað þar fór fram. Maður gekk til litlustofu á Svínafelli á 13. öld og snaraði „frá lásinn og gengur inn. [...] og hafði dúnklæði í fangi sér og lagði í bekkinn. Því næst tók hann borðskutul. Þá kom innar kona með fæðslu“.⁸⁶ Semsagt hann opnaði læsta stofuna og gekk inn með dúnsæng í fanginu og lagði á bekk, tók fram laust borð og kona kom inn á eftir honum með mat. Þarna fékk hann húsaskjól og fæði. Ekki þarf meira að vita til að ljóst sé að nota þurfti bæði klúta og sóp til að hreingera stofuna. Stofa norðan bæjardyra á prestsetrinu í Glaumbæ var bæði með föstum bekkjum og borði á 18. öld, þegar henni var snúið um 90° þannig að gaflinn var látinn snúa fram á hlað. Hún hélt sínum föstu mublum þar til henni var síðast breytt 1843. Þá voru borð og bekkur fjarlægð og í staðinn sett lokrekkja.⁸⁷

Á seinni hluta 19. aldar fór fólk að mála stofurnar. Við það urðu þær þægilegri í þrifum. Í bréfi Elinborgar Pétursdóttur til Brynjólfs bróður hennar árið 1845 sagði hún bæinn á Sjávarborg ágætan bæ með fjórum burstum, sem voru á: stofu, bæjardyrum og tveimur skemmum. Stofan „er dásnotur, þó ei sé hún stór. Keyptum við þilið allt í hana [...] og gluggana fyrir 50 dali og var það mäske vel dýrt, en hér var þá ekkert hús, sem manni varð inn í boðið, hún hefir síðan verið mikið endurbætt og sett í hana rúm. Sumir hafa sagt betra væri að mála hana, þó held ég ei við getum kostað upp á það“.⁸⁸

Stofur í sérhlutverkum

Ein elsta heimild um stofu í sérhlutverki í Skagafirði eru leifar 12.-13. aldar húss sem kom fram í fornleifauppgreftri á Hólum og stóð stakt. Það gæti hafa verið veislusalur biskupa. „Form hússins er óvanalegt. Inngangur [...] á báðum göflum og mörg eldstæði [...] í gólfi“.⁸⁹ Stofur stóðu oft stakar, þ.e. voru ekki sambyggðar öðrum bæjarhúsum. Loðinn Skeggjason, sem gaf Reynistaðarklaustri jörðina Heiði í Gönguskörðum 1389, fór fram á að fá til sinna nota hirsluhús út af skálanum þar á Stað „sem utan eru dyr á“.⁹⁰ Með húsinu vildi hann fá hreinláta þjónustukonu en hennar starf var vafalaust að fæða og klæða karlinn, þvo af honum og halda húsinu hreinu. Hugsanlega hefur verið innangengt á milli hirsluhússins og annarra bæjarhúsa. Hirsluhúsið gat hafa verið stakstæð stofa sambyggð skálanum en með sér inngangi. Þar sem talað var um að veita þjónustu eða um þjónustufólk gat það bæði átt við um stúlkur og pilta sem þjónustuðu heimilið á einhvern hátt innan sem utan. Stúlkur sáu yfirleitt um þjónustustörfin innanhúss og voru vandar við þau um fermingu.⁹¹

Mörg önnur öflug timburhús stóðu á biskupssetrinu á Hólum í Hjaltadal fyrr á öldum en hátimbraðar dómkirkjur. Flest voru þau kölluð stofur og höfðu ákveðin hlutverk, einskonar almenningsstofur. Þekktast var Auðunarstofa, sem stóð frá fyrri hluta 14. aldar og fram á 19. öld.⁹² Hún var stokkahús með þykkum bolum sem lagðir voru hver ofan á annan. Stúlkurnar á staðnum hafa þurft að skúra hana æði oft. Aðrar nafngreindar stofur á biskupssetrinu á Hólum, sem hefur þurft að skrúbba hátt og lágt, voru t.d. nýjahús, studium, litlastofa, drykkjustofa, ráðsmannstofa, brytastofa og ómagahús.⁹³ Þar fékk Ástriður Jörundsdóttir

⁸⁹ Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, 2006. Bls. 26.

⁹⁰ DI III, 1269-1415, 1896. Bls. 498.

⁹¹ Úr *Arnbjörgu* sem kom út 1783. Sjá Rit Björns Halldórs-sonar í *Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 467.

⁹² DI, IV, 1897. Bls. 429, 433-434, 439, 441-442, 449, 451, 475, 480, 493, 496, 517, 522, 538.

⁹³ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 494; DI, V, 1899-1902. Bls. 26, 28, 50, 61, 141, 429, 435, 568, 733; VI, 1900-1904. Bls. 218. *Annálar 1400-1800*, 1922-1927. Bls. 286, 334. Þjskj.

Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar Nr. 76. Bls. 34; Nr. 169. Bls. 104; Nr. 185. Bls. 119.

⁸⁵ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 378-379.

⁸⁶ *Sturlunga saga* II, 1946. Bls. 355.

⁸⁷ Sigríður Sigurðardóttir, 2011. Bls. 33, 38.

⁸⁸ „Þrjú sendibréf. Elinborg Pétursdóttir skrifar bróður sínum Brynjólfi Péturssyni“, 1970. Bls. 181-182.

inni þegar hún gaf Hólastól jörðina Vallholt í próventugjöf árið 1417. Í staðinn fékk hún skjól og fæði (kost) eins og tíðkaðist um próventufólk. Hún mátti hafa sína eigin þjónustu en skyldi „sialf leggja kost fyrir hana“.⁹⁴ Ástríður fékk einnig tvítuga voð (tuttugu álna fataefni úr ull), fjórar álnir af lérefti, efni í skó einu sinni á ári og sæng sem hún átti sjálf að skaffa utan um.

Kaupmenn sem voru búsettir hér á 18. öld byggðu upp „stórar timburstofur af bezta timbri upp á norskan máta“.⁹⁵ Stofur þessar voru stök hús og yfirleitt án torfveggja. D. Hölder kaupmaður á Skagaströnd byggði sér árið 1777 „eitt stórt timburhús með ævarandi bygging og mörgum vaaningum sundurdeilt“.⁹⁶ Semsagt með mörgum herbergjum. Hús þetta var sennilega með svipaðri herbergjaskipan og 19. aldar timburhúsin sem risu í kaupstöðunum og víðar og þurftu mikla kyndingu. Í þeim voru mörg herbergi fyrir ákveðin hlutverk. Herbergi eru nefnd stöku sinnum fyrr á öldum í sambandi við stofur og skála.⁹⁷



Gilsstofan, sem nú stendur í Glaumbæ, er dæmi um 19. aldar timburstofu. Myndin er sennilega tekin 1882 á Reynistað. Þar gegndi hún hlutverki sýslukontórs, íbúðar og leikhúss. Ljós. BSk., ókunnur ljósmyndari.

Samkomuhús

Kirkjur voru notaðar sem geymslur og gististaðir fyrir ferðamenn eins og víða kemur fram í ferða-

lýsingum frá 19. öld.⁹⁸ Þær voru góðar birgðageymslur og hægt að læsa þeim. Þar héngu t.d. reiðtygi, föt, harðfiskur og fleira og þar var hægt að þurrka þvott og ull ef illa viðraði. Það mun hafa viðgengist lengi því árið 1595 kvað Guðbrandur biskup upp svokallaðan hálfkirkjudóm þar sem hann harðbannaði norðlenskum prestum að nota kirkjur undir annað en táhreina muni sem ekki væri ólykt af og ofbauð alveg að vita að þar væru „geymder reidingar og adrer ótilheyrilegier hluter. i sumum hafder sauder og fienadur annar“.⁹⁹ Fólk hélt sínu striki og nágrannarnir nutu góðs af kirkjuhúsunum og fengu að geyma ýmislegt í þeim, samanber lýsingu Williams J. Hookers á pinklunum í Þingvallakirkju 1807 þar sem geymd voru föt nokkurra sóknarbarna í kistum en þær gegndu hlutverki kirkjubekkja.¹⁰⁰ Gömlu torfkirkjurnar sem enn standa segja til um hvernig hús þetta voru. Stúlkurnar á kirkjustaðnum voru kallaðar til að hreingera þær.¹⁰¹

Eftir því sem næst verður komist virðast samkomuhúsaþriffin hafa mætt á stúlkum á nágrannabæjunum, án mikilla málalenginga.¹⁰² Þegar Jónas Kristjánsson, héraðslæknir Skagfirðinga, skrifaði skýrslu til heilbrigðisyfirvalda árið 1919 sagði hann að ræstingu væri víða ábótavant í samkomuhúsunum sem erfitt væri „að fá [...] þvegin eftir samkomur, sem dans fylgir vanalega“.¹⁰³ Upp var runninn sá tími þegar ekki var lengur sjálfsagt að ganga í störf utan daglegra skylduverka án þess að þiggja umbun fyrir.

Þinghús stóðu stök eða voru sambyggð öðrum bæjarhúsum. Stofur á þingstöðum gegndu oft hlutverki þinghúss, eins og þingstofan sem svo kallast og enn stendur á Stóru-Ökrum. Hún var notuð til fundahalda fram á 20. öld þar til byggt var hús fyrir þinghald og samkomur skammt frá bæjarhúsum. Hús þessi voru vatns- og salernislaus og samkomugestir því háðir gestrisni heimamanna.

⁹⁸ Troil, Uno von, 1961. Bls. 48. Anderson, Charles H.J. 1984. Bls. 34, 46. Pfeiffer, Ida, 1853. Bls.108. Þorkell Bjarnason, 1895. Bls. 213.

⁹⁹ *Bréfabók Guðbrands byskups* Þorlákssonar, 1919-1942. Bls. 505.

¹⁰⁰ Hooker, William Jackson, 2000. Bls. 71.

¹⁰¹ DI II 1253-1350, 1893. Bls. 528.

¹⁰² ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

¹⁰³ Kristmundur Bjarnason, 1989. Bls. 395.


⁹⁴ DI IV, 1265-1449, 1897. Bls. 255.

⁹⁵ *Annálar 1400-1800*, 1940-1948. Bls. 436-7.

⁹⁶ *Annálar 1400-1800*, 1940-1948. Bls. 563.

⁹⁷ DI III, 1269-1415, 1896. Bls. 759; IV, 1265-1449, 1897.

Bls. 130, 445, 521; VI, 1245-1491, 1900-1904. Bls. 242, 244, 533, 591, 654.



Annað húsa gamla bæjarins á Stóru-Ökrum, sem enn standa, er þingstofan. Hún er nær á myndinni. Fjær eru bæjardýrnar. Þingstofan var gestastofa húsbænda á Ökrum og þar voru þing Akrahrepps háð alla 19. öld. Bæjardýrahúsið er stafverksbygging en þingstofan er bindingsverkshús. Ljós. Einkaeign/S.S.

Göng

Þegar fólk fór að skipa húsum þannig að langveggir þeirra samnýttust, hlið við hlið, voru lögd göng á milli þeirra þannig að innangengt var í þau. Sú bæjargerð hefur verið nefnd gangnabær og þróaðist á marga vegu. Elsta heimild um gangnabæ er í fyrrnefndum fornleifauppgreiftri í Gröf í Örafum, sem fór í eyði 1362 en elsta heimild um bæjargöng í *Fornbréfasafni* er frá 1471 á Hédinshöfða á Tjörnesi þar sem talað er um „baðstofu alla og búr í göngunum”.¹⁰⁴ Göng eru oft nefnd eftir það. Þau gátu verið löng og hlykkjótt. Bandarískur ferðamaður, J. Ross Browne, sem kom í prestsetrið á Þingvöllum árið 1862 leist ekki á blikuna. Hann líkti göngunum á prestsetrinu við slóð blindrar kyrkislöngu, sem var vel skiljanleg en framandi lýsing.¹⁰⁵


Eiríkur Eiríksson á Skatastöðum sagði göngin oft léleg og jafnvel svo mjó að „óþægilegt var að mætast í þeim öðru vísi en annar hver hörfaði til baka”.¹⁰⁶ Göngin í Krókargerði 1859 voru „víðast hvar svo mjó að lítt mögulegt sýnist um þau að ganga og að því skapi lág”.¹⁰⁷ Bæjargöngin sigu saman og hnigu niður ef þeim var ekki haldið við og þá gátu þau orðið nær ófær.

¹⁰⁴ DI V, 1899-1902. Bls. 617.

¹⁰⁵ Browne, J. Ross, 1976. Bls. 107-108.

¹⁰⁶ Eiríkur Eiríksson, 1985. Bls. 61.

¹⁰⁷ *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi. Akrahreppur*, 2007. Bls. 441.



Stúlkun horfir forvitin til ljósmyndarans í göngunum á Skottastöðum í Svartárdal á fjórða áratug 20. aldar. Hún er í nýjum gúmskóm en í dyrunum t.v. glittir í fætur í kúskinnskóm. Sléttbotna skórnir fóru vel með moldargólfín og þegar gólfskánin var orðin grjóthörð var hún þægileg til að sópa. Ljós. HSK. BS 431/Bruno Schweizer.

Sjálf man ég eftir göngum sem bæði voru mjó og sem snarbeygðu svo ekki sá fyrir endann á þeim. Þetta var árið 1963 á Mið-Grund í Blönduhlíð. Ég var níu ára gömul á ferð með föður mínum og okkur var boðið í bæinn. Ég var að klappa heimagangi á hlaðinu og var sein inn á eftir honum. Þegar ég kom í göngin sá ég ekki hvert þau lágu og engan mann og þótti mér það ógnvænleg staða. Ég beið nokkra stund þar til kallað var fram göngin en torfveggir eru svo hljóðeinangrandi að um leið og gengið er inn í hús bæjarins heyrir mannamál lítt fram í þau nema hátt sé kallað. Ég fetaði mig á hljóðið og varlega fór ég og skimaði vel í kring um mig á leiðinni inn. Fegin var ég þegar ég sá hvað beið mín handan við hornið. Þar sat faðir minn á spjalli og fór vel um hann. Áratugum seinna gekk ég inn göngin á Skarðsá og minntist þá Grundar gangnanna sem

mér fannst í minningunni að hefðu verið fremur há en þröng. Viðmið barns og fullorðinnar manneskju er ekki það sama. Skarðsárgöngin voru rétt mátu- leg fyrir fullorðna manneskju að smeygja sér um.

Í þeim torfbæjum sem varðveittir eru í dag eru bæjargöngin yfirleitt breið og há enda er í flestum tilfellum um stórbýli að ræða. Dæmi voru um að ferðahestum væri smeygt inn í göng á bæjum til að verja þá fyrir veðrum, eins og þegar Guðmundur Hannesson, læknir, var á ferð um Litla-Vatnsskarð árið 1895 í stórhrið. Húsfreyja bauð honum að smeygja hestum inn í göngin því ekki var um annað hús að ræða fyrir þá.¹⁰⁸ Þekkt var að bæjardyr væru vel hesttækar en fáar heimildir eru um að hestar væru teymdir inn í göng og það hefur varla verið gert nema í undantekningartilvikum. Járnað- ir hestar fóru illa með moldargólfin.

Geymslur

Búr og skemmur eru nefnd bæði í eldri og yngri heimildum og mörg þeirra húsa sem tilgreind eru með sérheiti voru greinilega geymslur.



Hér standa tunnur, kollur og ámur fyrir súrsaðan og saltþæklaðan mat. Óþægilegt var að seilast eftir mat ofan í háa sáina. Mun þægilegra var að fást við tunnur, keröld og kollur. Ljósm. BSk./S.S.

Búr

Talað er um búr og útibúr og sá munur á, að því er virðist, að ekki var innangengt í útibúrin. Í önnur búr var gengið úr göngum, skála eða stofu.¹⁰⁹ Í búrum var að jafnaði geymdur matur, áhöld og ílát

sem mest voru notuð innanbæjar. Þau voru jafn- framt nýtt til ýmissa annarra hlutverka, s.s. til matseldunar, mjaðargerðar og sem svefnhús. Þegar menn lögðust til svefns í búrum virðist það yfirleitt vera tilfallandi, yfir stöku nótt en ekki til langs tíma. Tumi Sighvatsson svaf í Biskupsbúri á Hólum árið 1222.¹¹⁰ Það búr gæti hafa verið betur viðað en önnur búr og í stærri hlutverkum.

Þil var á milli búrs og næsta húss þar sem menn sváfu í Hergilsey og var hægt að klifra upp á þilið og kíkja yfir það.¹¹¹ Það þýðir væntanlega að ekkert bjórþil var á milli húsanna en það er þilið í sperrubílinu ofan við bitann, á milliþili eða gafli. Samkvæmt því var Hergilseyjarbúrið við enda svefnverelsisins, sem sennilega var skálinn. Í sögum um Gísla Súrsson og Víga Glúm er getið um stokkbyggð búr.¹¹² Ekki kemur fram í sögunni af hvaða gerð búrið á Flugumýri var 1253 en það var sambyggt bænum og bæði innan- og utangengt í það.¹¹³ Í Geldingaholti 1255 var sagt stutt á milli kirkjugarðs og „útibúrs þess, er stóð í túninu út ok ofan frá brandadurum“,¹¹⁴ sem væntanlega voru á eldhúsi eða eldiviðargeymslu, þar sem gengið var um með eldivið (branda). Útibúr var einnig á Reynistað 1436, norðan við skálann „næst rétt- inni“.¹¹⁵

Fatabúr er nefnt á Hólum á 14.-15. öld og sennilega hefur það verið vel viðað.¹¹⁶ Búr án tilgreindra hlutverka eru sex sinnum nefnd í *Fornbréfasafni* á tímabilinu 1265 til 1521.¹¹⁷ Mögulega svo sjaldan vegna þess að fæst búranna voru mikið viðuð eða þiljuð og því lítils virt.

Aðstaða til þrifa í búrunum er hreint ekki auðséð. Sum virðast hafa verið vel viðuð, önnur alls ekki.

¹¹⁰ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 288.

¹¹¹ *Íslendinga sögur og þættir* II, 1987. Bls. 881.

¹¹² *Íslendinga sögur og þættir* II, 1987. Bls. 906; III, 1987. Bls. 1925.

¹¹³ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 492.

¹¹⁴ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 513.

¹¹⁵ DI IV, 1897. Bls. 564.

¹¹⁶ DI III, 1896. Bls. 289, 428, 612-614.

¹¹⁷ DI IV, 1897. Bls. 343, 437; V, 1899-1902. Bls. 617; VII, 1900-1904. Bls. 449; VIII, 1906-1913. Bls. 674, 797.

¹⁰⁸ Guðmundur Hannesson, 1945. Bls. 31.

¹⁰⁹ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 199.

Skemmur og hjallar

Skemmur og hjallar koma einstaka sinnum fyrir í *Fornbréfasafni* á tímabilinu 1330-1521.¹¹⁸ Í *Sturlungu* er nokkrum sinnum talað um sofandi menn í skemmum. Þær virðast hafa verið veglegri hús en seinna varð og vel boðlegar til svefns. Snorri Sturluson svaf í skemmu í Reykholti þegar menn sóttu að honum 1241 og þrír Flugumýrabrennumenn náðust sofandi í skemmu á Möðruvöllum 1254.¹¹⁹

Ýmiss varningur var geymdur í skemmum. Skreið var flutt í skemmu í Haganesi á 14. öld „efter fornum vana“.¹²⁰ Ein skemman á Hólum var kölluð prestsbúrið, sem gæti hafa verið hin sama og Böðvar Keis geymdi rekkjuklæði sín og hafnarvoðir í 1388.¹²¹ Þrjár skemmur eru nefndar á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð 1530. Ein stóð „sudur á hlaðinu“¹²² og tvær voru norður af stóru baðstofu. Verkfæri og klæðnaður voru geymd í skemmum, hengd á vegg, syllur og bita og sum í luktum hirslum. Eldiviður var geymdur í skemmu ef ekki var pláss fyrir hann inni í eldhúsi, ásamt ýmsum öðrum varningi.

Sennilega voru skemmur langoftast byggðar upp með einfaldri trégrind og allra nauðsynlegustu þakviðum en að öðru leyti hafa þær verið með torfveggjum og torfþaki, eins og þær voru flestar á 19. og 20. öld. Það er þær voru yfirleitt óþiljuð hús. Þar sem nefnt er skemmuloft þýðir að gólfborð hafa verið lögð ofan á bita. Á skemmulofti var geymd ull, kornmatur og fleira. Moldargólf voru annars í þessum húsum. Skemmurnar voru ekki músheldar þannig að mat varð að geyma í lokuðum hirslum, kistum, byrðum, pokum, koffortum, tunnum, sekkjum eða skjólum og öðru því sem múshelt var.

Ganga þurfti þrífalega um skemmur og hjalla og hafa allt í röð og reglu og á sínum stað. Sópa gólf, þurrka af, dusta út og þrífa ílát þegar þau tæmdust. Yfirleitt var látið nægja að taka til í skemmum

einu sinni á ári, helst að hausti um leið og verkfærum, matvælum og öðru, sem átti að hafa þar vetrarvist, var komið fyrir.¹²³



Myndin er frá Steinsstöðum í Tungusveit 1995 og sýnir hluta af bæjarhúsarústum þar. Kjallari var undir hluta bæjarins, hlaðinn úr grjóti og fúgufylltur með múr. Ljósm. BSk./S.S.

Kjallarar

Kjallarar voru víða undir húsum og ekki ólíklegt að þeir hafi fyrst og fremst verið notaðir sem geymslur, eins og kjallari Kolbeins unga á Flugumýri og fleiri kjallarar á 13. öld.¹²⁴ Ekki er vitað fyrir víst hvernig þeir voru gerðir en sennilega voru þeir hlaðnir úr tilhöggnu eða ótilhöggnu grjóti og torfi. Þegar grafið var fyrir staurum í kirkjugarðinum á Breiðabólstað í Vesturhópi árið 1996 komu upp tilhöggurnir steinar og í könnunarskurðum sem teknir voru í framhaldinu fannst skeljasandur sem menn álitu að gæti hafa verið notaður sem steinlím í steinsökkul.¹²⁵ Í *Kristni sögu* er getið um steinlímsflutning til Breiðabólstaðar á 12. öld þegar Illugi Ingimundarson drukknaði við flutning á lími „til steinkirkju þeirrar er hann ætlaði at gera á Breiðabólstað“.¹²⁶ Mögulega eru tengsl á milli þeirrar sögu og skeljasandsins. Steinlíms hefur annars lítt orðið vart í sökkklum húsa eða kjöllum í fornleifuppgröftum. Í ferðabók Ólafs Olavíusar frá 18. öld er lítillega fjallað um kalkgerð, sem hann sagði að væri

¹¹⁸ DI V, 1899-1902. Bls. 568, 669, 720; VI, 1900-1904. Bls. 111, 640; VII, 1903-1907. Bls. 520, 638, 667; VIII, 1906-1913. Bls. 674.

¹¹⁹ *Sturlunga saga* II, 1946. Bls. 454, 497.

¹²⁰ DI IV, 1897. Bls. 547.

¹²¹ DI III, 1896. Bls. 418.

¹²² DI IX, 1909-1913. Bls. 529.

¹²³ Björn Sigurðsson, f. 1894.

¹²⁴ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 368, 454.

¹²⁵ Guðmundur Ólafsson, Hjörleifur Stefánsson, 2012. Bls.

13. Á <http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/1996-10-Breiðabólstaður-Fornar-byggingaleifar.pdf>. Sótt 6.3.2016.

¹²⁶ *Íslenzk fornrit XV. bindi. Biskupa sögur*. Síðari hluti, 2003. Bls. 47.

ekki að finna á Íslandi.¹²⁷ Á sama stað sagði hann að vel mætti nota fínmulðið skeljakalk sem væri jafnvel endingarbetra óbrennt en brennt og benti á ýmsa staði sem það væri að finna. Einnig að það mætti nota sjávar- og brennisteinssaltsblandaðan sandleir til að auka bindingskraft leirsins.

Þess er ekki getið hvernig kjallarinn undir anddyrinu á Stóru-Ökrum var gerður 1530, né heldur kjallarinn undir salnum sem Jón biskup Arason lét smíða í laukgarðinum á Hólum um sama leyti og stóð til 1594 en þeir gætu vel hafa verið límdir með kalki.¹²⁸ Svonefnd undirhús hafa sennilega verið kjallarar og hafa líklega gegnt sama hlutverki og þurft samskonar þrif og þeir.¹²⁹ Yfirleitt voru moldargólf í kjöllum þannig að þrif fólust aðallega í afþurrkun og sópun af og til. Kjallarar 20. aldar torfhúsa eins og á Steinsstöðum voru meira og minna grjóthlaðnir og styrktir með steinlími eða múr, væru þeir eingöngu úr grjóti. Þeir voru notaðir sem matarforðageymslur. Kjallarar voru víða undir framhúsum bæja, t.d. á Sólheimum í Sæmundarhlíð, Bjarnastöðum í Blönduhlíð og víðar á 20. öld.¹³⁰

Kamrar

Salerni fyrri alda voru kölluð ýmsum nöfnum. Algengt heiti var náðhús eða kamar en einnig afhús, þarfahús, privat og garðhús. Við tölum nú um snyrtingu, salerni eða klósett. Til forna var það háttur manna að ganga hópum saman til kamars, eins og víða í samkomuhúsum nútímans. Höfundur Eyrbyggju sagði að á tíma Snorra goða hefðu verið „útikamrar á bæjum“ og átti ekki við smákamra 20. aldar heldur mun stærri hús, svo stór að þar rúmuðust margir á setum í einu.¹³¹ Ríflega tólf fermetra kamar var á Stöng í Þjórsárdal. Við báða langveggi hans voru grjóthlaðnir flórar eða ræsi sem lokað var við kamarsaugun (flörgötin) með

steinhellum. Frá húsinu hallaði niður í gil svo að útmoksturinn átti greiða leið þangað.¹³²

Margra manna kamrar og sérkamrar fyrir einstaklinga þekktust í árþúsundir áður en Ísland var numið. Rómverjar voru með vatnasklósett og tengdu þau lagnakerfi, sem athygli vísindamanna hefur beinst að á undanföllum áratugum. Í fornum klóaklögnum geta leynst dýrmætar upplýsingar um lifnaðarhætti fyrr á tímum.¹³³



Myndin er tekin á fornum kamri í Efesus, í Tyrklandi og sýnir margra gata kamarsetu frá tímum Rómverja. Ljós. Einkaeign/Gróa Finnsdóttir.

Samkvæmt lagaákvæðum í Grágás mátti ekki binda grimma hunda á kömrum á 13. öld. Þar segir: „Nú er hundur bundinn á kamri, þá skal hann eigi taka til manns er hann gengur til kamars eða sest á tré eða tekur sér borðfæri“.¹³⁴ Fólk átti að njóta griða við að gera þarfir sínar. Fræðimenn hafa velt fyrir sér hvort að húsið hafi gegnt fleiru en einu hlutverki.¹³⁵ Kamarinn gat hafa verið einhverskonar hundageymsla. Að setjast á tré (náðhústré) og borð þýddi að setjast á trésetu eða borðfjöl með gati, yfir flór (rennu) eða for, eða á stöng yfir flórnum. Í Skandinavíu voru kamrar með stöng í vegg eins og það kallaðist, sem sagt stöng yfir flórnum þar sem fólk sat á.¹³⁶ Þannig var það

¹²⁷ Ólafur Ólavíus, 1964. Bls. 263-264, 329; 1965. Bls. 147-148, neðanmálgrein.

¹²⁸ DI IX, 1909-1913. Bls. 529; *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, 1919-1942. Bls. 494.

¹²⁹ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 126.

¹³⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur – Seyluhreppur*, 2001. Bls. 46, 111; *IV. bindi. Akrahreppur*, 2007. Bls. 140, 158.

¹³¹ *Íslensk fornrit IV*, 1935. Bls. 66. *Sturlunga saga I*, 1946. Bls. 316, 326, 337, 437. *Flateyjarbók*, 1860. Bls. 416. DI II, 1893. Bls. 458; IX, 1909-1913. Bls. 529. *Íslendinga sögur*, 1947. Bls. 49.

¹³² Kristján Eldjárn, 1971. Bls. 13-14. Hörður Ágústsson, 1983. Bls. 15.

¹³³ Wald, Chelsea, 2016. Bls. 456-8. http://www.nature.com/polopoly_fs/1.19961/menu/main/topColumns/topLeft-Column/pdf/533456a.pdf. Sótt 27.5.2016.

¹³⁴ Grágás, 2001. Bls. 260.

¹³⁵ Buckland, Paul C., Sadler, Jon P., Smith, David N., 1993. Bls. 517.


¹³⁶ Tilander, Gunnar, 1968. Bls. 13.

líka hérlandis og þá talað um að setjast á tré. Náðhústréð (stöngin) var fest yfir flórnum í ríflega hnéhæð. Trébekkur með götum var þar sem meira var við haft og hlemmur yfir hverju gati.

Kamrar virðast ýmist hafa verið sjálfstætt standandi eða sambyggðir íveruhúsum. Heimildir vísa til margskonar útfærslna.¹³⁷ Á Gillastöðum í Laxárdal var kamar 1228 með roftorfsvegg sem hægt var að rjúfa með lítilli fyrirhöfn, sem þýddi að veggurinn var laus og gat hafa verið hlaðinn úr þurru torfi úr gömlum vegg eða aftur og aftur með skömmu millibili.¹³⁸ Gillastaða- og Stangarkamar voru úr torfi og grjóti. Á Upsum í Svarfaðardal var „þiljanáðhús[i] með lúku“¹³⁹ 1318 sem gat hafa verið úr timbri eingöngu eða að hann var torfhlaðinn og þiljaður innan. „Lúkan“ (lokan, hlerinn) vitnar um að skarnið hafi verið losað út um op með loku fyrir, sem gat hafa verið jafn algengur búnaður og grjóthellur.¹⁴⁰ Í 14. aldar kamri í Gröf í Örafum virðist hafa verið trégólf yfir þrónni og mögulega voru trégólf að hluta eða alveg á gólfum kamranna. Það skipti verulegu máli um þriffin. Stóru kamranna er sjaldan getið eftir 16. öld. Svo sem fram hefur komið var einn á Stóru-Ökrum 1530 en fáir eftir það.¹⁴¹ Magnús Ketilsson (1731-1803) sýslumaður í Búðardal byggði sér náðhús um miðja 18. öld „því hann vildi á allan hátt drýgja áburðinn. Munu þau þá hafa verið mjög fátíð hjer á landi“¹⁴², segir söguratari. Brotthvarf stóru kamranna fylgdi þróun torfbæjanna. Eftir því sem fleiri hús tengdust göngunum og því minna viðauð sem húsin urðu því sjaldnar er talað um þá.

Dæmi eru um að kömrum hafi verið skotið bak við þil og í skot á milli húsa. Í Bryggen í Bergen fannst tveggja setu kamarfjöl frá 13. öld.¹⁴³ Samskonar fjöl úr 16. aldar húsi fannst á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum og merki um að milli tveggja

stöða hafi verið afþiljað skot með náðhústré. Gat-aða fjölin varð til þess að fornleifafræðingum datt kamar í hug.¹⁴⁴ Mögulega tóku litlir klefar innanbæjar við hlutverkum kamranna og þá er eðlilegt að þeirra sé sjaldan getið því þeir hafa varla þótt merkilegri en aðrir klefar. Þá hefur fólk setið þar á setu, fjöl með gati, yfir kamar-, örna-, hlandkollu eða þrekkdalli eftir því hvað menn kölluðu gripinn sem tók við úrganginum.



Skönnuð forsíða Fataburens, frá 1970, sem fjallaði um hreinlæti og þvotta, umgengni og baðsiði m.m. Forsíðumyndin sýnir sænskt málverk frá 1765 af skötuþjúm á spjalli á kamrinum og er laust pláss á milli þeirra.

Kamrar þekktust frá landnámi til nútíma en mistórir. Hvort þeir voru á öllum bæjum, stórir eða smáir og hvernig þeir voru þrífir er óvíst. Hvað sem um það má segja að þá hafa verið kenningar á lofti um brotthvarf stóru kamranna. Skúli V. Guðjónsson, læknir, sem ólst upp í Vatnaskoti í Hegrænesi á síðustu áratugum 19. aldar, taldi að

¹³⁷ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 316. Sveinbjörn Rafnsson, 1977. Bls. 64, 79-82, 97. Kristján Eldjárn, 1961. Bls. 32-33. Gísli Gestsson, 1959. Bls. 24-25.

¹³⁸ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 322.

¹³⁹ DI II, 1893. Bls. 458.

¹⁴⁰ Gísli Gestsson, 1959. Bls. 24-5. Gísli Gestsson og Lilja Árnadóttir, 1987. án. bls.tals. Sveinbjörn Rafnsson, 1977. Bls. 79. Kristján Eldjárn, 1961. Bls. 33.

¹⁴¹ DI. IX 1909-1913. Bls. 529.

¹⁴² Þorsteinn Þorsteinsson, 1935. Bls. 88.

¹⁴³ Herteig, Asbjørn E., 1969. Bls. 73-75 og mynd. bls. 97.

¹⁴⁴ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=393995>. Jarðfundinn. Fjöl 88-45/1988-237-45. Fjölin er brotin um vítt hringlaga gat og vegna þess hefur verið giskað á að hún sé úr kamri. Sigríður Sigurðardóttir, 1998. Bls. 75-76.

stóru kamrarnir hefðu horfið „úr sögunni eftir hnignun heilbrigðishátta eftir söguöld“.¹⁴⁵ Sömu-leiðis sagði hann að þegar hann mundi „fyrst eftir, um síðustu aldamót, voru fáir bæir í minni sveit, er höfðu kamra“.¹⁴⁶ Guðmundur Hannesson, læknir, taldi ástæðu þess að stóru kamrarnir hurfu hafa skapast af því að þeir voru efnisfrekir og að kamarferðir í vetrarkulda og fyrirhöfnin við að losa þá hefðu leitt til þess að fólk hætti að byggja þá.¹⁴⁷ Hvað olli brotthvarfi þeirra skal ekki fullyrt en fáar heimildir eru um þá, þegar nær dregur nútíma.




Undir kamarsetu í kjallaraskoti, eins og þarna, var höfð fata sem losuð var daglega. Myndin er tekin utanlands og sýnir sama fyrir-komulag og tíðkað-ist hérlandis. Ljós. Einkaeign/S.S.

Ljóst er að fólk tamdi sér annað atferli og leysti málið með trékollu í afkima, á bak við hurð eða við taðstálið. Hægast var að spara sér byggingu kamars með því að hafa innangengt úr bænum í fjósið. Það var algengt og þægilegt. Læknar vör-uðu við þeirri lausn og sögðu það viðbjóðslegt og hættulegt athæfi að nota fjós í stað kamars.¹⁴⁸ Hugsanlega kallaði sú tilhögun, að hafa innan-gengt í fjósið, á brotthvarf stóru kamranna, eða öfugt. Hægt var að setja náðhústré yfir fjósflórin og sennilegt að fólki hafi þótt notalegra að setjast á tré í fjósylnum heldur en í ísköldum kamrinum.

Klefar af ýmsum gerðum, í skotum innanhúss, voru notaðir sem kamrar á Norðurlöndunum og í öðrum nágrannalöndum okkar fram um 1900.¹⁴⁹ Rökrétt er að ætla að Íslendingar hafi brugðist við líkt og þeir og sett upp stólsetu með kollu undir í skot eða afkima. Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagði

að fólk hefði lyktað skár á 17. öld en þeirri 18. og það væri vægt „að taka svo til orða að Evrópubúar hafi verið illa þefjandi á 18. öld, því það stóð bein-línis af þeim stækjan“.¹⁵⁰ Margt bendir til að svo hafi verið og einn þáttur í því gat hafa verið sá að örnakollan var staðsett innanhúss. Ólyktinn settist í allt innanstokks, fatnað, tjöld, sængur og annað.



Kamar þessi var við þvottahúsið í Varmahlíð á fyrri hluta 20. aldar og dæmigerður fyrir þau mannvirki, þótt hann hafi verið farinn að hallast. Hann er með glugga-boru á hliðinni en oft var smágluggi eða loftgat efst á hurðum eða ofan við þær. Ljós. HSK.

Smáir frístandandi trékamrar voru á flestöllum þéttbýlisstöðunum um 1850 og víða til sveita um aldamótin 1900.¹⁵¹ Hvenær farið var að nota þá er ómögulegt að átta sig á, vegna heimildafæðar, en þeir gætu vel hafa verið notaðir í árhundruð. Þeir voru lítil turnlaga hús úr timbri, um metri á kant og tæpir tveir m á hæð. Hurð var á og lítill gler-gluggi eða gat. Inni í þeim var trébekkur með hringlóttu eða sporöskjulaga gati og hlemmur yfir. Algengast var að hafa kamarinn yfir for (gryfju) eða læk, eða á bryggjusporði. Ef svo var ekki var í honum trékolla eða blikkfata (örnakolla, kamar-fata) sem losuð var í fjóshauginn, á túnið eða á kálgarðinn. Þegar fatan var losuð var hún skoluð úr vatni og sett í hana aska eða moðsalli. Sjá umfjöllun um koppa í kafla um efni, áhöld og ílát. Í kömrum þessum var hilla fyrir skeini, „pappír“. Prentað efni sem þar lenti var lesið upp til agna. Af kamrinum kom oft betur lesið fólk en sem þangað fór. Gamansöm vísa eftir Stephan G. Stephansson lýsir vonbrigðum með lestrarefnið.

¹⁴⁵ Skúli V. Guðjónsson, 1949. Bls. 67.

¹⁴⁶ Sama heimild.

¹⁴⁷ Guðmundur Hannesson, 1942. Bls. 38.

¹⁴⁸ Guðmundur Hannesson, 1942. Bls. 42.

¹⁴⁹ Troels-Lund, óársett. Bls. 344. Rosén, Sander och Wetter, Bertil, 1970. Bls. 169-170.

¹⁵⁰ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1997. Bls. 185.

¹⁵¹ Sigríður Sigurðardóttir, 1998. Bls. 82.

Grútarstjórn vor öll er eins
algeng hennar sómastrikin.
Pappír fæst ei nýtur neins
í náðhúsum er maður svikinn.

Ekki skal segja hvoru megin Atlantshafs vísan var kveðin en kamarferðir voru álíka beggja vegna Atlantsála á tíma Stephans. Fyrir daga til þess gerðs klósettpappírs skeindi fólk sig með því sem hendi var næst hvort sem það var blaðsnepill, aflóga leppur, ullarlagður eða tuska. Úti í fjósi var hægt að nálgast moð eða ljámýs¹⁵² og út um móa og grundir var bjargast við gras, sinu og skeinimosa. Sá mosi er mjúkur ljósgrænn mosi sem vex í þurru þýfi. Á sveitarfundi í Akrahreppi um 1960 lét góðbóndi af gömlu kynslóðinni þau orð falla að afréttin væri svo rótbitin að þar fengist ekki grasstrá til að skeina sig á og þótti ástandið slæmt.¹⁵³ Árið 1933 kom fram Alþingistillaga um að skylda ætti fólk til að setja upp vatnssalerni innan fimm ára. Hugmynd þótti ekki vænleg til atkvæða og var aldrei borin upp.¹⁵⁴

Á bernskuheimili móður minnar var „hvorki salerni, né önnur hreinlætisaðstaða“¹⁵⁵ og fegin var hún þegar vatnslósettin komu. Sjálf hóf hún búskap í steinhúsi árið 1953 með vatnssalerni, sem búið var öllum nýjustu tækjum, klósetti, vaski og baði. Afi og amma bjuggu í annarri íbúð í sama húsi og höfðu aðgang að því salerni en voru alltaf með kopp undir rúminu yfir nóttina. Amma losaði úr þeim á morgnana, þvoði og setti á afvikinn stað til kvölds. Þau héldu þeim sið fram yfir 1970 og notuðu klósettið á daginn.

Leyningurinn

Yfir sumartímann notaði fólk guðs græna náttúruna en gætti þess að fara úr alfaraleið. Þegar fólk sinnti þörfum sínum úti undir berum himni var ýmislegt sagt um ætlunarverkið og talað um að ganga til álfreka, hægja sér, leysa buxurnar, gera þarfir sínar, bregða brókum, gjalda páfanum skatt, tefla við páfann eða fara á Vatíkanið. Þau síðast

nefndu vitna til hápólítískrar afstöðu gagnvart páfadómi og gætu hafa skotist inn í málið eftir siðbreytingu. Þeir skorinortu töluðu um að hægja sér, að leggja frá sér eða skíta, en það var grófara tal.¹⁵⁶ Talað var um að fara í míguskotið, á leyninginn eða leysinginn. Þar sem örnefnin Leyningur eða Leysingur hafa varðveist á bæjum má telja nokkuð víst að þar með sé varðveitt heimild um hvert fólk fór til að létta á sér.

Sumir fóru ekki langt frá húsum og þar sem enginn ákveðinn staður var fyrir athæfið var valið skjól. Hreinlætisáróðursmenn sögðu „sannarlega viðbjóðslegt, að sjá, hvernig [...] leit] út í kring um bæi sumstaðar undir veggjum og gömlum tóptum“.¹⁵⁷ En það sem einum fannst í lagi fannst öðrum ekki. Í því ljósi má skoða rímuð ummæli Bólu-Hjálmars og séra Péturs Péturssonar, prófasts, þegar þeir gengu hjá sáluhlíðinu á Miklabæjarkirkju á seinni hluta 19. aldar. Hjálmar sagði:

Vel er alin herrans hjörð,
hérna liggur befvísið,
Prófastur leit á það sem þar lá og svaraði:
Sæmir vel að sauðaspörð,
sjáist kringum fjárhýsið.¹⁵⁸

Lesið má nánar um salernissiði í *Árbók fornleifafélagsins* 1996-1997.¹⁵⁹

Vatnsvirki

Áður en ráðist var í byggingarframkvæmdir varð að tryggja að drykkjarhæft neysluvatn væri á viðkomandi byggingarsvæði. Margar aðferðir voru til að finna vatn þar sem ekkert virtist vera og voru sumir klókir við það. Heimildarmenn Þjóðminjasafns geta um ýmsar aðferðir, s.s. að hlusta jörðina og heyra hvort vatn sytraði undir eða finna vatn með þurri birkirhríslu en hún átti að sveigjast í átt að jörðu þar sem vatn var. Best var að taka tillit til landslags og leiða leysingarvatns þegar bæjarstæði var valið. Vandræði Selnesbænda í upphafi 18. aldar gátu hafa stafað af því að það var ekki gert en þar var hætt við stórkostlegum vatnssuppgangi inni í sjálfri baðstofunni svo hana nær fyllti í leys-

¹⁵² Ef slegið var óvarlega kom fyrir að hluti af grasrótinni fylgdi ljánni. Rótarlufsur þessar voru kallaðar ljámýs þegar þær þornuðu. Skepnur skildu þær eftir þegar gefið var á garðann og gátu þær því komið að gagni í þessu tilviki.

¹⁵³ Björn Sigurðsson, f. 1894.

¹⁵⁴ Guðmundur Hannesson, 1942. Bls. 42-43.

¹⁵⁵ María Helgadóttir, f. 1933.

¹⁵⁶ PMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

¹⁵⁷ *Nokkur orð um hreinlæti*, 1867. Bls. 28.

¹⁵⁸ H.Þ. (Hannes Þorsteinsson), 1924-1927. Bls. 81.

¹⁵⁹ Sigríður Sigurðardóttir, 1998. Bls. 69-93.

ingum væri „ei við ausið“.¹⁶⁰ Í 18. aldar *Jarða-bókinni* er getið um vatnsból víða í Skagafirði sem spilltust á vetrum vegna frosta og snjófargs og gat vatnsvegur þá orðið langur og torsóttur.¹⁶¹



Vindur voru víða á brunnum og þegar kom fram á 20. öld var álíka vindubúnaður á brunnum, hvort sem þeir voru innandyrna eða utan. HSk. PJ 2926/ Páll Jónsson.


Brunnar og brunnhús

Brunnar voru oft mikil mannvirki, hlaðnir með grjóti eða bæði torfi og grjóti og náðu 4-6 m ofan í jörðina. Sumir létu reyndar nægja að grafa niður trétunnu og létu seytla í hana. Brunnar voru grafnir við bæi þar sem ekki var aðgangur að lind eða læk og það átti að gera með aðfalli sjávar svo að betur streymdi að honum.

Börn voru vöruð við að vera að þvælast ein í kringum brunna og lindir. „Betra er að byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann“, segir máltækið. Brunnarnir gátu vissulega verið hættulegir óvitum og full ástæða var til að verja þá með veggstubbum (virkjum), hlemmum eða húsi. Börn voru hrædd á brunnklukkunni og sagt að hún myndi reyna að komast upp í þau ef þau drykkju beint úr brunnum eða léku sér þar, eða við botnlausar lindir. Ef þau kyngdu henni átti hún að trýllast og rífa og slíta innnyflin, sem þýddi auðvitað miklar magakvalir. Ekki var vatnskötturinn betri. Ef þessi kvikindi virkuðu ekki var brunnkarlinn notaður sem grýla, því ægilegt var að lenda í klóm hans og hann skilaði þeim ekki aftur.

Þegar frost voru hörð kom fyrir að það þurfti að höggva klakann af brunnum áður en hægt var að dýfa fótunni í hann. Sumir komu sér upp aðstöðu við brunninn sem tók mið af vetraraðstöðum og

útbúin var jakabró til að ausa í til að brynnna kúnum. Þannig var á Völlum í Vallhólma þar sem ausið var úr brunnum „jafnan á vetrum um ísholu djúpa með staut og fötu“¹⁶², sagði Gísli Konráðsson. Jafnframt kemur fram í skrifum hans hve stórhættulegir brunnarnir voru þegar ísing var við þá. Hann datt sjálfur í brunn þegar hann eitt sinn var með fósturu sinni að brynnna kúnum að vetri til.



Virki og vinda í brunnhúsi á Hólabaki í Þingi. Myndin er tekin 1935-8. HSk. BS 2218/ Bruno Schweizer.

Brunnvatn gat verið afar misjafnt, blátært á einum stað en með mýrarlit og járnbragði á öðrum. Tært lindarvatn var talið taka öllum lyfjum fram, einkum vígt vatn úr Gvendarbrunnum. Best var samt skírnavatnið.¹⁶³ Brunnar kenndir við Guðmund góða Hólabiskups eru víða í Skagafirði og á hann að hafa vígt þá. Átti vatn úr þeim að vera sérlega gott til að bera á þreytt og þrotin augu.

Í vaxandi þéttbýlisstöðum 19. aldar menguðust brunnarnir af ýmsu enda margir sem gengu um þá. G. Schierbeck landlæknir hélt snemma árs 1885 fyrirlestur um vanda sem steðjaði að Reykvik- ingum vegna þess að brunnar í kaupstaðnum voru alltof grunnir og rotnandi efni áttu greiða leið í þá. Hann sagði að bakteríur sem yllu ígerð, taugaveiki, kóleru, líkþrá, miltisbólgu, heimakomu og lungnabólgu, ættu gott líf í þeim.¹⁶⁴ Taugaveiki sem kom upp á Sauðárkróki árið 1912 var rakin til neysluvatns.¹⁶⁵ „Vatnsbólin [þar voru] í mestu vanhírðu og húsin frárennslislaus“.¹⁶⁶ Brunnarnir voru opnir fyrir húsdýrum, mannfólki, fuglum og leysingarvatni. Guðmundur Hannesson, héraðslæknir, stóð fyrir því að leiða vatn úr honum í rör

¹⁶⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1986. Bls. 15.

¹⁶¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1986. Bls. 155, 173.

¹⁶² *Ævisaga Gísla Konráðssonar*, 1911-1914. Bls. 26.

¹⁶³ Jónas Jónasson, 1945. Bls. 264-5.

¹⁶⁴ Schierbeck, G. 1885-86. Bls. 117.

¹⁶⁵ Kristmundur Bjarnason, 1971. Bls. 167-168.

¹⁶⁶ Guðmundur Hannesson, 1945. Bls. 23.

og setja krana á það þannig að brunninum var lokað og hægt að setja fötu undir kranabununa. Langt fram á 20. öld var rekinn áróður um góða umgengni um neysluvatnsbrunna og -lindir.¹⁶⁷



Myndirnar eru teknar á Sauðárkróki. Sú til vinstri um 1930 og sú til hægri er tekin seinna. Opín ræsi voru meðfram götunum og lyktuðu af skolpi og úrgangi sem hellt var í þau. Ef leysingavatn dugði ekki til að sjá um að fjarlæga innihaldið var stíflunum mokað upp á kerru og þær fjarlægðar. Úr ræsum þessum gat verið vondur fnykur í hita og þurrkatíð. Ljósm. HSk. Míc.7.

Innibrynningar

Sumsstaðar var bæjarlæknum veitt heim að bæ, þar sem hann var látinn renna í brunn eða stokk og byggt yfir hann, svo sem þegar Þorbjörg húsfreyja á Indriðastöðum bað menn um að veita „heim brunnlæk og þekja yfir“.¹⁶⁸ Eins er nefnt í *Sturlungu* á 12. og 13. öld þegar byggt var yfir brunna og talað um brunnhús.¹⁶⁹ Í 11.-13. aldar skála í Brattahlíð á Grænlandi var vatnsrás. Þar „undir bakvegg seytlar lind fram milli smásteinanna í grunninum, og vatnið hefur verið leitt í rennu úr hellublöðum inn í mitt húsið, og þar safnast það fyrir í eins konar litla kringlóttu brunnholu. Síðan rennur það eftir miðju í sams konar rennu og áður, nema hvað hún verður mjórri og mjórri, unz hún sveigir til hliðar frammi undir dyrum og hverfur þar undir vegginn“.¹⁷⁰

Yfirbyggðir lækir og brunnar hafa víða þekkt í norrænum byggðum og enn er hægt að sjá, svo sem í brunnhúsinu á Bustarfelli í Vopnafirði. Ranghalar voru yfirbyggðir gangar frá húsum að bæjarlæk þannig að innangengt var í hann og talað um að fólk hefði innibrynningar.¹⁷¹ Þannig var í Sólheimum í Sæmundarhlíð þar sem bæjarlækurinn var leiddur í gegnum ranghala sem lá að bænum.¹⁷² Á Mörk í Laxárdal fremri, í Húnavatnsýslu, var lækur leiddur um ranghala á milli fjóss og eldhúss. Á Þverá í Laxárdal, í Þingeyjarsýslu, er lækur leiddur í gegnum bakhús í bænum. Næst því er fjósið og er innangengt úr því í lækjarhúsið um ranghalastubb frá göngum, sem liggja að fjósi og lækjarhúsi. Veggir eru grjóthlaðnir og yfir tyrft raftapak. Þannig var þetta víða á bæjum.



Í Þverá í Laxárdal er bæjarlækurinn leiddur inn í hús, svokallað lækjarhús, þar sem auðvelt er að nálgast neysluvatn allt árið. Nokkur halli er á gólfi hússins þannig að í hluta þess er hægt að safna vatni í þróna (rennuna) með því að loka fyrir útstreymið og nota sem kælivatn fyrir mjólk úr fjósinu, sem er við hliðina. Ljósm. Einkaeign/SS.

Það var hentugt að hafa innangengt í neysluvatnið og þar sem lækurinn var leiddur um ranghalann var hægt að leysa kýrnar af básunum til að brynna þeim þar.¹⁷³ Þetta var þjóðráð því oft gat verið erfitt að komast að læknum í hörðum vetrarveðrum og útilokað var að sækja vatn nema með mikilli fyrirhöfn og snjómokstri. Ranghalarnir eiga skylt við jarðgöng þau eða jarðhýsi, sem talið

¹⁶⁷ Steingrímur Matthíasson, 1922. Bls. 23.

¹⁶⁸ Íslendinga sögur og þættir II, 1987. Bls. 1286.

¹⁶⁹ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 147, 215. Bruun, Daniel, 1897. Bls. 108, 147. Coles, John. Óársett. Bls. 101. ÞMS 6015 karl f. 1910 úr Eyjafjarðarsýslu, ÞMS 6479 kona f. 1908 úr Vestur-Barðastrandasýslu, ÞMS 6764 karl f. 1906 úr Vestur-Ísafjarðarsýslu.

¹⁷⁰ Nørlund, Poul, 1972. Bls. 70.

¹⁷¹ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls. 179. Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 15.

¹⁷² *Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarheppur – Seyluheppur*, 2001. Bls. 46.

¹⁷³ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 15.

er að menn hefðu látið gera sem neyðarútganga á óróatímum miðalda.¹⁷⁴ Á Keldum á Rangárvöllum eru varðveitt jarðgöng sem talin eru frá 13. öld. Þau hafa verið tengd frásögnum í fornsögum um „að menn gerðu jarðgöng frá bæjum sem flóttaleið ef ófrið bar að höndum“.¹⁷⁵ Göngin, sem eru 25 metra löng, liggja frá skála að árbakka og hafa sannarlega auðveldað vatnsburð milli húss og ár og hljóta að hafa nýst í þeim tilgangi ekki síður en sem flóttaleið.



Dæluhús var suðvestur af kirkjunni í Laufási. Þar hjá var þessi pallur við lækjarbunu þar sem auðvelt var að ná í vatn. HSk. BS 321/Bruno Schweizer.

Vatnslagnir

Líta má á yfirbyggð göng (ranghalana) sem einskonar vatnslagnir. Vatn var yfirleitt ekki leitt inn í hús í röllum fyrr en á öðrum og þriðja áratug 20. aldar og jafnvel síðar. Auðvitað þekktust undantekningar og vatns- og frárennslislagnir eru ævaform fyrirbæri. Rómverjar og fleiri þjóðir lögðu vatn í röllum og steinstokkum löngu fyrir Krists burð.¹⁷⁶ Íslendingar þekktu vatnsveitur fyrr á öldum þótt þær væru kannski ekki algengar. Sagt er frá einni í *Króka-Refs sögu*, sem á að gerast á 11. öld. Í þeirri sögu er sagt að vatn hefði verið

leitt eftir holum trjábolum, stokkum, sem Refur hafði teglt svo haglega til að saman féllu svo að ekki lak.¹⁷⁷ Sú hugmynd var notuð öldum saman því hér og hvar var vatn leitt í gegnum vegg og látið renna í bunu í hlaðna grjóthró innandyrar og þaðan út aftur um hallandi ræsi sem sömuleiðis var grjóthlaðið.¹⁷⁸

Á einstaka stöðum, eins og á Frostastöðum og í Litladal í Blönduhlíð, var vatn leitt úr volgrum inn í bæi snemma á 20. öld.¹⁷⁹ Þegar vatn var leitt inn í hús í röllum var hyllst til að taka það úr sömu lind eða læk og áður hafði verið notuð. Tunna var grafin niður í lækinn, inn í hana gekk endinn á vatnsrörinu, sem var með þar til gerðu sigti á svo möl færi ekki inn í leiðsluna. Ekki voru önnur ráð til að koma í veg fyrir að vatn frysi í leiðslunni en að grafa hana niður fyrir frost.

Guðríður B. Helgadóttir lýsti vatnsbóli á æskuheimili hennar á Laxárdal fremri, í Húnavatns-sýslu, þannig:

Heima í Núpsöxl var bæjarlækurinn ekki vatns-mikill, en í hann var gerður smá niðurgrafinn pollur eða svæði sem myndaði lygnu á parti en lagður stuttur tréstockur eða renna að ofan sem myndaði bunu er þægilegt var að setja vatnsfötuna undir eða annað er vinna þurfti þar. Og í skriðunni rétt sunnan við bæjarhólinn rann kvísl úr Stóralæknum, straumgóð með hreinþveginn malarbotn. Þar voru engir bakkar að og miklu fljótlegri að skola bæði ílát og þvott, þar sem straumurinn bar öll óhreinindi burt jafnóðum og vann fljótt og vel með manni.¹⁸⁰

Þessi lýsing gat passað við fjölda staða. Í vondum veðrum á veturna „eftir að búið var að gera geil í gegn um fjóstóftina og orðið innangengt í fjósið, þá var vatn tekið úr krana á vegg þar, en það var ekki gott vatn“, sagði hún, „leitt úr brunni í túninu þar skammt fyrir ofan. Í því var oft það sem kallað var járnbrá, þ.e. mýrarrauði. En mikill munur var að hafa það þarna inni á veturna og þurfa ekki að rogast með þungar vatnsfötur við að bera í kýrnar,

¹⁷⁴ Þór Hjaltalín, 2010. Bls. 171-180.

¹⁷⁵ http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/KELDUR-8-sidur_4-profork,-prentad-i-thessari-mynd.pdf. Sótt 22.2.2016.

¹⁷⁶ Wald, Chelsea, 2016. Bls. 457. Á http://www.nature.com/polopoly_fs/1.19961/menu/main/topColumns/topLeft-Column/pdf/533456a.pdf. Sótt 27.5.2016.

¹⁷⁷ *Íslendingasögur og þættir*, 1987. Bls. 1527.

¹⁷⁸ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

¹⁷⁹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi. Akrahreppur*, 2007. Bls. 106, 216.

¹⁸⁰ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 67.

sem þömbuðu endalaust, eins og allt rynni stanslaust í gegn“.¹⁸¹ Þar var semsagt búið að leiða vatn í röri í krana inn í fjósið fyrir miðja 20. öld en það var einmitt um það leyti sem vatn var almennt leitt í rörum inn í torfbæina.

Miklu þægilegra var að eiga við þvottinn í stórum hlóðapottum en smápottum eldavélanna en um 1929 fóru að fást eldavélar með vatnskassa, til að hita vatnið, sem gjörbylti aðstöðunni. Var passað upp á að vatnskassinn væri alltaf fullur að kvöldi dags. Eldavélin var staðsett langt frá útidyrum og torfveggirnir voru svo þykkir að vatn fraus ekki.¹⁸² Þangað inn var neysluvatnið leitt í krana og fata höfð undir honum.

II Efni, áhöld og ílát

Áður en lengra er haldið er skynsamlegt að skoða hvaða efni og áhöld voru tiltæk til þrifa. Áhöldin skipta máli þegar kemur að þrifum og þvottum. Þegar talað er um þvotta og efni til hreingerninga dettur fólki fyrst í hug vatn, sápa, burstar, klútar og annað sem við kaupum tilbúið en á torfbæjar-tímum var þetta ekki svo einfalt. Margskonar ílát voru notuð. Langalgengust voru svokölluð stafa-ílát sem gerð voru úr grönnum tréstöfum og girt með girði úr tré, hvalskíðum eða járn. Ef ílát þessi ofþornuðu gátu þau gisnað til óbóta og fallið í stafi, ef þau misstu niður um sig gjarðirnar. Það tekur þurrt ílát um tvo sólarhringa, standandi í vatni, að þenjast nóg til að verða ólekt svo að alltaf þurfti að hugsa fram í tímann þegar ný ílát voru tekin í notkun eða þau þvegin og þurrkuð. Vatn er það efni sem fyrst skal nefnt til þrifa og þvotta. Allt tréverk var skrúbbað upp úr vatni og einhverju sápu efni ef þau voru mjög óhrein. Sama gildi um fataþvotta. Óhreinn þvottur var lagður í bleyti í þvæli eða annarskonar sápuvatni, eftir því hvernig þvottur átti í hlut.

Vatnið

Vatn var og er áhrifamesta þrifameðal allra alda og aðal þvottaefnið en upphitun á köldu vatni var eldiviðarfrek og kalt vatn var ekki aðlaðandi til þvotta eða baða. Fólk var helst ekkert að kæla sig niður með köldu vatni að óþörfu. Sumir álitu jafnvel að það gæti verið fólki skeinuhætt enda er

ískalt vatn hvorki eins fljótvirkt og notalegt og heitt vatn. Of heitt vatn er hinsvegar auðvelt að kæla niður og þar sem það fékkst, úti í náttúrunni, var það notað óspart.



Vatnstunna var í hverjum bæ, sem vatni var safnað í, ef ekki var innangengt í vatn eða örstutt í það. Á meðan viðurinn hélst rakur var engin hætta á að ílátin lækju en ef þau ofþornuðu var voðinn vís. Ljósm. BSk./S.S.

Vatnið var tekið úr brunni eða læk og brunnhús, ranghalar og vatnsleiðslur auðvelduðu vatnsöflunina. Rennandi vatn, tjarnir og laugar voru notaðar til þvotta og baða á öllum öldum. Í *Sturlungu* segir frá systrunum Þóru eldri og Þóru yngri á Þingvöllum sem „fóru jafnan upp í Almannagjá með léreft sín til ár þeirrar, er þar fellur“¹⁸³ til þvotta.

Dæmi um laugarbaðferðir eru víða, s.s. í sögunni um Vermund bónda á Ökrum sem baðaði sig í Vallalaug í Vallhólmi árið 1238 en hún var aðalbaðlaug nágranna og ferðalanga um aldir.¹⁸⁴ Heitt hveravatn var fyrst og fremst notað til fataþvotta

¹⁸¹ Guðríður B. Helgadóttir, 2010. Bls. 92.

¹⁸² ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

¹⁸³ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 60.

¹⁸⁴ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 422, 441.

og til baða þar sem laugar voru mátulega heitar, eins og vikið verður að seinna.

Vatnsbólsvegur var mislangur og missléttur. Oft var erfitt að rogast með barmafullar vatnsfötur eða skjólur heim og inn í bæ þar sem vatninu var safnað í vatnstunnu. Ef mjög langt var í neysluvatn var reynt að safna regnvatni til að þvo upp úr. Það var samt óvíða drukkið en sumum þótti það sérlega gott í fata- og hárpvotta. Sigrún Eiríksdóttir frá Sölvanesi sagði að gamalt fólk hefði haft ótrú á regnvatni og varað krakka við að láta rigna á hausinn á sér, án þess að útskýra hvers vegna.¹⁸⁵

Víða voru 15-30°C heitar volgrur sem notaðar voru bæði til þvotta og til að brynna búfé. Slíkar laugar voru t.d. í Laugardal, á Skíðastöðum og á svokölluðu Laugarhorni við Vallholtið, þar sem afi minn og amma ólust upp. Vatnsöflun í Vallholti var erfið því fara þurfti um bratta brekku í læk sem rann frá uppsprettunni.¹⁸⁶ Á móti kom að þar fraus aldrei. Volgrur komu sér vel þegar lækir botnfrusu eins og veturinn 1918 en þá var neysluvatn sótt langar leiðir bæði í volgrur og jökulár og oft um ógreiðan veg.¹⁸⁷ Við slíkar aðstæður varð að spara vatn til alls annars en drykkjar og matarsuðu. Hér og hvar bjó fólk við kaldavermsl, lindir, sem vatn fraus aldrei í og hélst alltaf opið. Þegar farið var langar leiðir eftir vatni var það borið í belgjum, eins og þegar þurfti að ná í vatn fyrir Tyrningsstaðafólk langt upp í fjall frostaveturinn 1880-81.¹⁸⁸ Þau völdu það fremur en að fara í ána eftir vatni, sem í var jökulvatn og það var ekki notað nema í algerri neyð.

Vatnsílát og -áhöld

Neysluvatn heimilisins var geymt í tunnu í eldhúsinu. Ýmsar fötur og ausur, svokallaðar striffur, kænur eða strympur voru notaðar til að ausa vatni með. Striffa er hringlótt, aðeins minni um sig en strympa og jafnvíð, eða lítiðeitt víðar upp. Strympa er víðari um botninn en opið. Þetta voru stafailát úr tré. Einn stafurinn/fjölin var miklu

lengri en hinir og myndaði haldið. Kæna var ferkantað fjalaílát.¹⁸⁹ Þrjár striffur, engin strympa og tvær kænur finnast í *Sarpi* ásamt fleiri austursílátum úr tré, svo sem á annað hundrað fötur, spöndur og skjólur, eftir því hvaða nafn er á ílátinu. Af þeim fjölda eru líka nokkrar mjólkurfötur og engjafötur. Skráðar eru sextán vatnsfötur úr járni eða blikki en einnig úr öðrum efnum eins og segldúk og striga.¹⁹⁰ Blikkfötur fóru að fást hjá kaupmönnum á fyrri hluta 20. aldar en þær voru mun liprari en tréföturnar og engin hætta á að þær lækju.



Tvenns konar austursílát. Til vinstri er kæna og til hægri striffa. Þau eru ólík að lögun og gerð þótt bæði séu úr tré. Annað úr borðum og hitt girt stafailát. Ljósm. BSK./S.S.

Það var erfitt að rogast langar leiðir með fullar vatnsfötur. Þegar hvasst var skóf vatn á fótleggi vatnsberans, sem yfirleitt var húsmóðirin sjálf, vinnukona eða unglingar. Til að auðvelda vatnsburðinn voru til tvenns konar tréáhöld, vatnsgrind og ok. Grindin var útbúin úr þremur til fjórum prikum með styrktarspeldum á hornum. Grindin var lögð á föturnar þannig að höldurnar lentu utan við hana. Þannig var hægt að stemma fjarlægðina af og halda fötunum frá fótleggjum vatnsberans. Okið var eintrjáningur sem lagður var á herðar þess sem bar vatnið. Mótað var skarð í það fyrir hálsinn. Á hvorum enda héngu bönd með krókum sem föturnar voru hengdar á. Þannig kom mesti þunginn af vatnsburðinu á herðarnar en álagið var

¹⁸⁵ ÞMS 7855 kona f. 1897.

¹⁸⁶ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894. *Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur - Seyluhreppur*, 2001. Bls. 382; *III. bindi. Lýtingsstaðahreppur*, 2004. Bls. 77, 92.

¹⁸⁷ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

¹⁸⁸ Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 33.

¹⁸⁹ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=195478>.

Kæna. Sótt 18.1. 2016

¹⁹⁰ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=559444>.

Striffa, strympa, kæna, fata, spanda, skjóla. Sótt 18.1. 2016.

mest á handleggina þegar borið var á vatnsgrind. Þrettán vatnsgrindur eru skráðar í *Sarpi* og fimm ok en af sjö vatnsberum sem þar eru skráðir eru a.m.k. fjórir þeirra ok.¹⁹¹



Til að léttva vatnsburðinn og bæga vatnsfötunum frá fótleggjum þess sem þær var tvennt til. Vatnsgrind eða ok. „Ramminn“ á myndinni er vatnsgrind. Vinstra megin við hana hangir hvítemaljeruð fata, eins og þær sem tóku við af tréfötunum. Ljós. S.S.



Ofar er ok með böndum og krókum, sem fötunar voru kræktar á. Neðar er vatnsgrind úr þremur listum, með stífuð horn. Gripir þessir eru í Skógasafni. Ljós. Einkaeign/S.S.

Keyta

Keyta var aðalþvottaefnið og langdýrmætasta hreinsiefnið. Hún var þó aldrei kölluð sápa. Keyta var svo verðmæt að hana mátti nota til að greiða landsskuld með samanber söguna um landsskuldir Kirkjubæjarstaðar, þar sem viðtakandi prestur átti að fá, hjá fráfaranda presti, tvo hesta, tvær kýr, sex ærgildi og þrjár tunnur af hlandi.¹⁹²

Keyta var nokkurra mánaða gamalt þvag (hland), sem hafði brotið sig sem kallað var. Fullstaðin var hún mjög sterk. Keytan leysti upp fitu efna best og hvít ull varð snjóhvít. Mörg þvottatengd nöfn eru

dregin af orðinu þvag, s.s. þvaga sem er þvotta-leppur til að þrifa með og þvagna sem þýðir að þvost. Í þvagi er efni (urea), sem myndar ammóníak og keytan angar af. Þvottavirkni hennar er mikil. Hún leysir greiðlega upp fitug óhreinindi. Aðferð við keytugerðina var sú að þvagi (hlandi) var safnað í tunnu eða kagga, sem stóð á afviknum stað innanbæjar eða úti í skemmu og var hún látin standa í 2-3 mánuði. Ef grunur lék á að keytan væri óhrein þegar átti að nota hana var hún sótt-hreinsuð. Krístrún, sem bjó á Kúskerpi í Blöndu-hlíð, frá 1875-1903, fór þannig að við það að „áður en tekið var af hlandinu, voru þrír glóðarmolar, vel lifandi, látnir í það, og átti það að drepa allt óhreint“.¹⁹³

Þetta nærtæka, lútsterka hreinsiefni dugði Íslendingum um aldir. Kaupmenn höfðu þessvegna litla ástæðu til að reyna að selja þeim pottösku eða önnur sápu efni þar sem þeir fengu táhreina ull úr keytuþvotti. Haft var eftir dönskum vísindamanni, sem Resen hét, að á 17. öld hafi keytuþvottur verið alls staðar aflagður nema á Íslandi og í Norður-Noregi og þar væru menn um það bil að hætta við hann.¹⁹⁴ Íslendingar héldu sig við keytuþvotta í tvö hundruð ár til viðbótar, eða fram undir lok 19. aldar. Það var ekki fyrr en um 1940 að þeir hættu alveg að nota keytu við ullarþvott. Nýtt þvag/hland, var oft notað á smáþvott eins og sokka og vettlinga og sömuleiðis þótti það gott á hár og verður vikið betur að því seinna.¹⁹⁵

Sápa

Sennilega var lítil eftirspurnin eftir sápu hjá kaupmönnum og gróðavon í sápusölu því takmörkuð. Elsta dæmi um orðið sápu í ritmáli er í *Ein Kristilig handbog / Islenskud af Herra Marteine Einar syne / fyrer kennimenn i Islandi*, sem var gefin út í Kaupmannahöfn 1555.¹⁹⁶ Nokkrum áratugum seinna, 1586, voru mundlaug, handklæði og sápuðallur með loki geymd í búri Guðbrands Þorlákssonar, biskups á Hólum.¹⁹⁷ En þótt orðið sápa væri ekki notað voru ýmiskonar sápu efni

¹⁹³ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 33. ÞMS 7855 kona f. 1897.

¹⁹⁴ Þorvaldur Thoroddsen, 1898. Bls. 189.

¹⁹⁵ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 34.

¹⁹⁶ Orðabók Háskóla Íslands á <http://lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=heim&h=MEHandb>. Sótt 16.11.2015.

¹⁹⁷ Þjskj. Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar Nr. 76. Bls. 34.

¹⁹¹ *Sarpar* á <http://sarpar.is>. Ok, vatnsgrind, vatnsberi. Sótt 18.1.2016.

¹⁹² ÞMS 1065 karl f. 1879.

þekkt, önnur en keyta. Óvíst er hinsvegar hvað þau voru algeng.

Þau efni sem Íslendingar höfðu og líkjast helst sápu þegar þau blandast saman voru fita úr matvælum og aska af hlóðum og öðrum eldstæðum. Danir fluttu inn svokallaða pottösku í einhverjum mæli á 12. öld og vafalítið hafa Íslendingar getað keypt hana líka.¹⁹⁸ Í fornleifauppgreftri við Suðurgötu í Reykjavík var komið niður á hús frá landnámstíma og í hellulagðri rennu fannst efnasamband eins og í sápu¹⁹⁹ sem annaðhvort vitnaði um sápu eða að grútur og aska hafa verið losuð þar. Þau mynda sama efnasamband þegar þau blandast.

Á miðöldum lagði fólk mikið upp úr því að þvo sér og baða ef marka má sögur frá þeim tíma en sápusaga frá þjóðveldi til einokunartíma er að mestu óþekkt. Í einstaka tilfellum er talað um lút, kalk og pottösku²⁰⁰ en þau efni eru nothæf til þvotta. Það er ekki fyrr en á 18. öld að sápu er getið aftur og aftur með afgerandi hætti. Þá kom Sveinn Pálsson landlæknir uppskrift af lýssápu á framfæri. Hún var gerð úr brenndu þangi og lýsi.²⁰¹ Um hana má lesa í *Ritum Lærdómslistafélagsins* árið 1790. Þegar þang var brennt varð til pottaska og þegar henni er blandað saman við lýsi varð til sápa. Sveinn gat þess að sápa væri lítt þekkt meðal landsmanna en vel þekkt meðal almúgafólks á hinum Norðurlöndunum. Hið sama kom fram í skrifum Björns Jenssonar árið 1882 þar sem hann fullyrti að Íslendingar hefðu aldrei brennt þangi til pottöskuframleiðslu, jafnvel þótt Írar, Skotar og íbúar Suðureyja hefðu hagnast verulega á því.²⁰² Eitthvað hafði það þó verið reynt því Danir höfðu sent sápugetarmann til Íslands árið 1807.²⁰³ Sá reyndi þangbrennslu með góðum árangri en hún reyndist eldiviðarfrek og svo dýr að hún svaraði ekki kostnaði.

¹⁹⁸ *Kulturhistoriske leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid*, 1972. Bls. 17, 675.

¹⁹⁹ Nordahl, Else, 1983. Bls. 183.

²⁰⁰ *Orðabók Háskóla Íslands* á <http://lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=daemi&n=312200&s=-369788&l=l%FAt>. Sótt 16.11. 2015.

²⁰¹ S.P. Sveinn Pálsson, 1790. Bls.124-125.

²⁰² Björn Jensson, 1884. Bls. 1-3. Pottaska er einskonar öskusalt sem notað var við sápu- og glerframleiðslu og var einnig til marga annarra hluta nýtsamlegt.

²⁰³ Sama heimild.

Ferðamenn sem hér voru á 18. öld veittu sápuleysinu talsverða athygli. Sænskur erkibiskupsson, Uno von Troil, sem fór um byggðir með enskum leiðangri árið 1772, minntist á sápuleysið og fannst einkennilegt að Íslendingar þvæðu sér ekki með sápu og pottösku eins og hann var vanur heima hjá sér. Árið 1810 þvoði Henry Holland sér með „Windsor“ sápu á heimili kaupmannsfrúar Sívertsen í Hafnarfirði og tók fram í skrifum sínum að það hefði verið munaður sem hann hafði ekki dreymt um að væri til hérlandis. Þá var hann búinn að þvælast um hálft Ísland.²⁰⁴ Af því má ráða að sápa hafi ekki þekkt hjá almenningi á þeim tíma. Séra Jónas frá Hrafnagili sagði að efnafólk, sem hafði tök á að kaupa rándýra sápu í verslunum, hafi gert það alla 19. öld en almenn-ingur ekki fyrr en á seinni hluta aldarinnar.²⁰⁵ Ólafur í Ási sagði 1894 að á uppvaxtarárum hans hefði þvottasápa verið spöruð sem mest og Erlendur frá Mörk tók undir það.²⁰⁶ Um 1890 voru 1-2 pund af blautsápu og lítið eitt af handsápu látin duga heimilunum allt árið.²⁰⁷

Upp úr aldamótum 1900 kvað við annan tón og var sápa þá notuð sem mest og „ekki einungis við fataþvottinn, heldur líka til húsaþvottar, svo sem á gestastofuna og hjónaherbergið, sjálfsagt á hurðir og glugga, og jafnvel á gólfín líka“.²⁰⁸ Sápubylting var hafin.

Tilskorið stykki af stangasápu. Ljós-
BSK./S.S.



Algengustu sáputegundir á fyrri hluta 20. aldar voru þvottasóði, grænsápa og blautsápa. Um 1920 fóru að fást vítissóðabaukar (eitorsóði) í búðum. Utan á þeim var uppskrift af sápu sem hver og einn gat búið til. Fita var brædd og vítissóða

²⁰⁴ Holland, Henry, 1960. Bls.70.

²⁰⁵ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 32.

²⁰⁶ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 58.

²⁰⁷ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls. 192.

²⁰⁸ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 218.

blandað úti ásamt slettu af vatni. Þá var allt soðið saman, sett í dall og látið harðna og síðan var afurðin skorin í þægilega bita.²⁰⁹ Sápa þessi var kölluð stangasápa, eins og enska Sunlight sápan sem var afar algeng alla 20. öld. Spaugileg saga tengist slíkri sápugetu. Lóa á Varmalæk (Lovísa Gunnarsdóttir) hafði rennt nýlagaðri stangasápu í vaskafat og komið fyrir til kælingar frammi í forstofu. Nokkru seinna kom maður hennar heim, sá fatið, dýfði sjálfskeiðungnum í og setti upp í sig, hristi sig og sagði að bragði „lítið batnar kæfan hjá henni Lóu minni“.²¹⁰ Í rökkrinu greindi hann ekki muninn á sápu og kæfu enda svipaðar á litinn og báðar látnar storkna í samskonar fati. Hann brást við skjótt og skyrpti munnfyllinni og varð sem betur fer ekki meint af smakkinu. Hægt var að nota úrgangsfitu, tólg, lýsi, hrossaflot og hvalspik í stangasápuna og hún útrýmdi annarri sápu að mestu eða öllu. Ef þurfti að hreinsa fituna fyrir sápugetuna var talað um að skíra hana upp. Þá var fitan hituð og brædd og botnfallið skafið burtu þegar hún storknaði. Fólk gaf sápum nafn eftir því úr hvaða efni þær voru gerðar eða notaði stangasápunafnið. Uppskrift af stangasápu birtist í kvennablaðinu 19. júní árið 1926 og var í fullu gildi fram undir 1970. Stangasápa var notuð í allan hvítan þvott, bæði til að bera á og til að sjóða í bómullar- og léreftþvott.



Sápa er svo nauðsynlegur hluti af hversdagslífi fólks í dag að enginn vill vera án hennar. Ljós. Einka-eign/S.S.

Svokölluð blautsápa var notuð í fót, gólf, húsgögn og allt sem þurfti að hreingera hvort sem það var úr tré og málm. Betri þvottur, sem ekki var soðinn, svo sem blússur úr silkiefnum og fínir klútar, peysufatasvuntur, bolir og skyrtur voru þvegin úr sápu, sem keypt var í búðum. Á andlit, hendur og fætur var notuð handsápa, karbólsápa eða lýsól-sápa. Á árunum eftir 1930 og fram til þess að

þvottaduft og þvottavélar fóru að tíðkast, á fimmta og sjötta áratugnum, var þannig sápa notuð til þvotta á sokkum og utanyfirfötum og þótti sérstaklega gott að sjóða og þvo vinnuföt úr henni.²¹¹

Um miðja 20. öld viku gömlu þvottaefnin fyrir nýjum, svo sem salmíaksápu, tjörusápu, sólskins-sápu (Sunlight), lýsissápu, grænsápu, klór og blákk eða bláma og öðrum efnum. Sápunotkun var þá fyrir löngu orðin almenn. Skráðar eru um sextíu 20. aldar sápur í *Sarpi*.²¹²



Sokkaplögginn kominn á snúruna og hægt að tylla sér í blíðviðrinu. Snúrum var yfirleitt komið fyrir nálægt húsum þar sem vindurinn gat leikið um þvottinn og þurrkað hann. Ljós. Bruno Schweizer/HSK.

Sandur

Fyrir á tímum voru gólf og þil sandskúruð og ágætt þótti að bera sand á timburgólf áður en sópað var, þá þyrllaðist rykið síður upp. Sandskúruð trégólf vöktu aðdáun og stolt. Það var umbun erfiðisins að njóta þess að horfa á hvítþvegið gólfið þorna. Þá mynduðust ljósir geislar kringum kvistina, sem þornuðu fyrst, og alls konar stjörnur og rósaverk birtust út frá þeim á nýskúruðu gólfinu. Aðferð við sandskúringar var að strá sandinum á lítinn blett í einu og nudda yfir hann með hrosshársþvögu eða rakri tusku úr striga eða teppisgarmi.

Notað var kalt eða volgt vatn við gólfþvottinn og þurfti oft að skipta um vatn í fötunni. Best var að nudda í hringför og strjúka svo langsum eftir fjölunum í síðustu umferðinni. Lausundinn klútur, úr hreinu vatni, var lagður ofan á sandinn og síðan

²⁰⁹ ÞMS 7855 kona f. 1897; 8065 kona f. 1901.

²¹⁰ Rósberg G. Snædal, 1963. Bls. 27-8.

²¹¹ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

²¹² *Sarpi* á <http://sarpi.is>. Sápa. Sótt 24.4.2016.

var gólfið nuddað vel og þvegið. Manneskjan, sem skúraði, lá á hnjánum, beitti kröftum og gólfin urðu „mjallahvít“. Við skúringarnar var gott að hafa samanbrotinn poka eða aflóga flík undir hnjánum.

Ómálaður viður varð hvítari eftir sandskúringu heldur en eftir að vera skrúbbaður upp úr sápuvatni með ullar- eða léreftstusku. Þegar fötur og trog voru sandskúruð voru þau skoluð vel úr rennandi vatni. Skrúbbar voru fátíðir til skúringa fyrir 1930 en þá var farið að þvo með skrúbbum á skafti.²¹³



Við sandskúringu var hendinni beitt hring eftir hring og fram og til baka, eftir stefnu fjalanna. Ljós. BSK./S.S.

Aska

Eitt þeirra aðgengilegu og ódýru efna sem notað var sem hreinsiefni var aska. Í henni er efni sem brýtur niður fitu og hún er ágæt með heitu vatni. Sallafín, mjúk taðaska var notuð sem fægiduft á silfur og fín aska reif óhreinindi af tréverki og málmahöldum.²¹⁴ Gróf aska gerir sama gagn og sandur og var notuð til að rífa upp óhreinindi af tréverki, gólfum, húsgögnum og matarílátum.

Sigrún Eiríksdóttir, frá Sölvanesi, sagði að gömul kona sem þar var á heimilinu hefði fremur kosið að skúra baðstofugólfið úr ösku en sandi. Hún valdi hvíta grófa taðösku. Lá sú gamla á hnjánum við að skúra og notaði strigatusku við skúringarnar.²¹⁵ Aska var einnig notuð á fitubletti í fötum en hún gat farið illa með viðkvæm efni. Lampar, hurðarhúnar, hnífapör og sitthvað annað var fægt upp úr ösku.

²¹³ Sigríður Gunnarsdóttir f. 1894.

²¹⁴ ÞMS 7829 karl f. 1900; 8063 kona f. 1901.

²¹⁵ ÞMS 7855 kona f. 1897.

Snjór

Ef snjór féll í logndrifu og mikið frost fylgdi á eftir, þannig að lausamjöllin var púðurkennd, var tækifærið notað til að fríska upp og viðra föt og ábreiður, tjöld og refla, loðfeldi og annað sem hafði gott af hreyfingunni. Hverju stykki var hent í snjóinn og það „baðað“ í honum, tekið upp og hrist og dustað. Þetta voru góð fataþrif, einskonar þurrhrensun. Flíkin var svo látin hanga um stund svo frostið léki um hana og ekki spillti ef sólskin var og klæðin fengu ilm af sól og vetri.



Gott var að dusta föt, teppi, tjöld og voðir í snjó og frosti. Snjóbað var gott til að ná ryki úr rykugum flíkum og áklæðum og frískaði þau upp. Ljós. Einkaeign/S.S.

Önnur efni

Skúli V. Guðjónsson, lækni, taldi að þvottabris, sem fólk kallaði brískirtlinn, hefði verið dregið af notkun hans við þvotta í stað sápu og skýrir það með því að í brískirtlinum sé efni sem leysir upp fitu.²¹⁶ Ekki er hægt að útiloka að svo hafi verið þótt engar sagnir séu um það.

Fisk- og kjötsoð var ágætt til þrifa og gaf tréverki fallegan gljáa. Fisksoð var líka gott til að hreinsa hnífapör og skartgrip.²¹⁷ „Fiskisoð hefði stundum fyrr meir verið hirt til að þvo sokka og vettlinga, sennilega þá hugsað um að nota hitann á soðinu því alltaf var eldiviður það dýrmæti sem þurfti að spara“²¹⁸, sagði kona sem fædd var 1903. Önnur kona, fædd 1908, sagði svo frá:

Einu sinni sá ég móður mína þvo trétrog og trébyttur upp úr sjóðheitu sviðasoði. [...] Síðan var eða hafði verið fleytt vel flotíð ofan af pottinum. Sviðaflof af nýjum sviðum var ákaflega gott sem viðbit með seyddu rúgbrauði. Ílátin undan sviðunum voru að sjálfsögðu fitug og

²¹⁶ Skúli V. Guðjónsson, 1949. Bls. 74-75.

²¹⁷ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, 1906. Bls. 103. Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

²¹⁸ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

klístruð, því það er mikið lím í sviðum og þá var gott að þvo þau og burstu upp úr heitu soðinu en sjálfsagt hafa þau verið skuluð upp úr hreinu vatni á eftir. Ég man að tréílátin urðu vel hrein og hvít eftir þennan þvott.²¹⁹

Sigríður amma mín sagði að ausur, sleifar, rúmstokkar, hillur og jafnvel svuntur og skuplur hefðu verið þvegin úr ilmandi hangikjötssóðinu fyrir jólin þar til bærinn ilmaði allur.²²⁰ Fitin í soðinu var góður áburður á tréáhöld og tréílát og lyktin loddí lengi við þau. Eir- og leirföt voru stundum skuluð úr kartöflusoði en soðskúringar munu að mestu hafa verið aflagðar fyrir 1930.²²¹

Mulin krít í tusku gerði sama gagn og aska við fægingar og silfur hreinsaðist ágætlega ef það var soðið í grænsápuvatni. Þegar þvottasóði var notaður á óhreinan þvott var hann látinn liggja í leginum yfir nótt. Þvottasóði var ágætur á potta og pönnur og önnur fitug ílát og ef olía eða kaffi höfðu hellst í föt og á óhreinar hendur. Kaffi- og te, grasgrænka og mykja eru litsterk og þarf að þvo sem fyrst úr fötum með volgu vatni og sterkri sápu.²²² Heimild er um að föt með blekblettum hefðu verið lögð í skyrýru.²²³

Um og eftir aldamótin 1900 var farið að nota ýmis hreinsiefni og olíur á innanstokksmuni. Dæmi um þau voru húsgögn, sem voru fægð með brúnum skoáburði eftir að hann fór að fást. Einkum ef þau voru bæsuð eða úr eik, en væru þau máluð var strokið af þeim með rökum klút.²²⁴

Þvottatæki og -tól

Mörg áhaldanna sem notuð voru við þrif á torfbæjartímum eru horfin með öllu. Flest voru þau fremur einföld, úr tré, járni, hrosshári, ull eða rótum. Við höfum komið okkur upp svo miklum flota af sérhæfðum nauðsynjum, sem snerta þrifnað og hreinlæti, að hér verður fátt talið sem líkist þeim áhöldum, nema helst borðtuska, sópar og sköfur. Áhöld sem hafa fundist í fornleifauppgroftum eru afar dýrmæt en þau eru fá enda úr

forgengilegu efni. Eins og lesandi verður fljótt var við miðast flestar áhaldalýsingar í þessu riti við varðveitt áhöld frá tímabilinu 1850-1950 og vitna fyrst og fremst um þann tíma. Áhöld hafa eitthvað breyst og átt sinn þroskaferil eins og margt annað í húshaldinu en hlutverk þeirra voru viðvarandi. Sum hafa skipt um nafn, eins og mörg önnur þing heimilisins. Þegar áhaldalýsingar eru skoðaðar í *Sarpi* þarf að hafa í huga að þar fara áhaldaleiti eftir nöfnum sem gefandi, eða skrásetjari, gaf þeim, stundum ókunnur upphaflegri nafngift áhaldsins.



Við þvotta á tréverki var gott að nota garðaprjónaða hrosshársþvögu eins og þessa (efri mynd). Í byttunni (neðri mynd) er þvegill búinn til úr hrosshársþvögu sem fest hefur verið á tréskaft. Þetta var einfalt og áhrifaríkt áhald ef þurfti að framlengja handlegginn. Ljósm. BSk./S.S.



Þvögur, buskur, leppar og klútar

Orðtakið „þær létu ganga leppinn og þvöguna“ vísar til þeirra athafna þegar hreingerning stóð yfir. Orðið leppur er samheiti yfir allskyns tuskur og smáflíkur úr ull, oftast sokka og þvottaklúta en orðið var oft notað yfir stærri flíkur. Þvögur voru langoftast prjónaðar úr spunnu tagl- eða halahári eða sumtagi (saumtagi) eða bakkalíum. Það voru langir grannir, seigir, mjúkir rótarþræðir sem rifnir voru úr bökkum og börðum. Þá var sumtagið eða líurnar, hvort sem efnið var kallað, stungið saman með þræði og kastað að utan.²²⁵ Grófari rætur kallast buskur og voru góðar vafðar saman til skúringa eða í kústa.²²⁶ Buskan reif vel af, s.s.

²¹⁹ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

²²⁰ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

²²¹ Sama heimild.

²²² ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

²²³ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

²²⁴ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

²²⁵ ÞMS 1434 kona. f. 1891. Sumtag er notað um finar rætur melgresisins. Úr því voru gerðar dýnur (lénur) sem hafðar voru undir reiðver og í rúm.

²²⁶ ÞMS 7867 karl f. 1908; 7953 kona f. 1893.

öskutroginu og neðan af sötugum pottum og var þá væntanlega nefnd öskubuska eftir hlutverkinu. Melþvögur (sumtagsþvögur) þóttu afbragð til að þrifa mjólkurílátin með en þær voru fátíðar í Skagafirði. Í *Sarpi* er skráðar níu þvögur, sem allar eru þrjónaðar úr hrosshári.²²⁷ Einstaka þvögur voru heklaðar en þær gera sama gagn og þrjónaðar.

Þegar gólf og annað tréverk var sandskúrað voru notaðar hrosshársþvögur. Þegar hampþráður og hampstrigi fóru að fást þótti gott að útbúa tuskur og klúta úr hampi. Seinna tóku strákústarnir við hlutverkum þeirra.



Skaftlaus hrísvöndur og hárbursti, gerður úr legg af stórgrip og halahári. Gott var að hafa hrísvönd til að sópa hlóðir, torfgólf og rjáfur. Hárburstinn var notaður við uppþvotta á leirtaui. Ljós. BSk./S.S.

Kústar, vendir og burstar

Hús voru sópuð þegar húsaskúm og ryk voru orðin til leiðinda en það var misjafnt eftir smekk hvenær því stigi var náð. Til að þrifa ílát, s.s. bakka, trog, strokka, ker og kollur voru notaðir burstar, þveglar og þvögur. Góð áhöld til að sópa skúm og vefi voru kústar og vendir úr grönnum trjágreinum eða grófum rótartágum, fuglsvængir eða skíðisstubbar (af hval). Hrísvendir, sem notaðir voru til að sópa moldargólf, voru einföld smíði. Smágreinir voru bundnar saman í knippi og notaðir þannig eða að það var fest á skaft. Í *Sarpi* eru skráðir tveir hrísvendir, á þriðja tug kústa og níu sópar.²²⁸ Allt var gjörnýtt í hverskyns tuskur og „í sárabindi, til vara

ef binda þyrfti um lítinn finger e.þ.h. Allt gat komið að einhverjum notum þó lokið hefði sínu fyrsta hlutverki“²²⁹, sagði Guðríður B. Helgadóttir. Svokallað ljósrak, bómullarband sem fékkst í kaupstöðum, var stöku sinnum notað í þvottaleppa og léreft af sekkjum utan af mjöli var ágætt í bekkjatuskur og aðra þarfaklúta. Hægt var að búa til bursta úr leggjum af stórgripum og hrosshári eða halahári af kúm. Þéttum hárvendi var þá stungið inn í annan enda leggs og hann festur rækilega. Þveglar voru með ýmsu móti, hægt var t.d. að festa hrosshárslokka á stutta spaðalaga spýtu. Breiðari endinn var þétt gataður og tagl-eða halahár dregið í gegnum götin.²³⁰ Þvögu var líka hægt að festa á stutt prik. Svokallaður þeysill var úr hrosshári sem snúið var saman og vafið utan um tréskaft og fest vel. Stráburstar, sem framan af voru kallaðir fiskiburstar af því að þeir voru notaðir við fiskþvott, fengust í verslunum á seinni hluta 19. aldar og urðu vinsælir til heimilisbrúks.

Á olíulömpum voru mjó glerglös sem erfitt var að þrifa en það þurfti oft því að lamparnir vildu ósa og þá settist sót innan á glösin. Best var að draga band eða mjóan klút fram og til baka eftir glasinu, eða búa til bursta með því að vefja mjúku bandi, ljósraki eða tusku utan um mjótt prik þangað til kominn var glasabursti. Hægt var að kaupa svokallaða glasabursta hjá kaupmönnum. Þeir voru vafðir á járnvír en óparfi var að fjárfesta í þeim ef hægt var að spara sér þá.

Klökk og þvörur

Þvottaprik var eitt af þeim áhöldum heimilisins sem notað var ár eftir ár.²³¹ Prikið var notað til að þvæla í þvottapottinum og færa þvottinn upp úr honum. Sex þvottaprik hafa verið skráð í *Sarp* og um fimmtíu þvottaklökk/þvottaklökkur.²³² sem er sama áhaldið og var notað til að berja óhreini úr þvotti. Klapp var allläng fjöl með haldi. Einnig nefnt vífl eða keppur.

Um önnur sérstök áhöld var ekki að ræða við fataþvotta utan þvottatangir og þvottabretti. Þvotta-

²²⁹ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 69.

²³⁰ ÞMS 105/1960-2, karl f. 1884.

²³¹ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

²³² *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Þvottaprik, þvottaklapp, þvotta-klappa. Sótt 2.3.2016.

²²⁷ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Þvaga. Sótt 19.11.2015.

²²⁸ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Vöndur, kústur, sópur. Sótt 19.11.2015.

töng var gerð úr tveimur samliggjandi prikum sem mynduðu langan kjaft til að klípa þvottinn með og voru annað hvort úr tré eða málm. Þvottabretti voru orðin algeng um 1890, fyrst úr riffluðu tré en seinna úr gleri, í tréramma með haldi. Þau voru þægilegri. Á þeim var þvotturinn nuddaður og skrúbbaður með litlum handskrúbbi. Í *Sarpi* eru skráð hálft annað hundrað þvottabretta, þar af eru nokkur heimagerð.²³³



Nær er ullarlár sem notaður var við að skola ull í og flíkur, í rennandi vatni. Vatnið rann í gegn og skolaði þvottinn vel. Í lárnum eru klöppur úr rekavið. Þær voru sniðnar að ósk þeirra sem ætluðu að nota þær og voru oft útskornar og með upphafsstöfum eigandans. Í balanum fjær er þvottabretti með gleri. Eldri gerð af brettum var með trérifflum. Glerbrettin þóttu þægilegri. Ljósm. BSk./S.S.

Þvörur, öðru nafni skeflar (pottaskeflar), voru járnsköfur sem notaðar voru á hörð óhreinindi, s.s. skófir í viðbrenndum pottum. Lítið járnblað var fest á mislangt tré- eða járnhald, sem gat verið frá fimm til fimmtíu sm langt eftir því hvernig átti að beita því. Samkvæmt *Sarpi* eru varðveittar a.m.k.

tuttugu þvörur á minjasöfnum landsins.²³⁴ Langflestar eru með stuttu tréskaftri, eins og þvaran á myndinni.



Þvara (skefill) var til að skafa skófir og önnur föst óhreinindi úr pottum og öðrum ílátum. Ljósm. BSk./S.S.

Kefli, bolti, klemma og kvísl

Fyrir daga pressu- og straujárna voru notuð svokölluð trafakefli til að slétta línúka og annan þvott. Þau urðu óþörf þegar strauboltarnir fóru að fást um og eftir miðja 19. öld. Trafakeflin virkuðu á sama hátt og taurullurnar. „Tekið var kefli - oft alinarlangt og upp á það vafið dúkum, sængurklæðum o.þv.l. Utan um var sett óvandað stykki. Keflið var lagt á hreint slétt gólf, síðan tekið koffort eða annar nokkuð þungur hentugur hlutur, settur ofaná keflið og því rúllað aftur og fram þar til ætlað var að slétt væri orðið.“²³⁵



Kefli (trafakefli) eins og notað var við að slétta þvott fyrir daga strauboltanna. Ljósm. BSk./S.S.

Fyrstu straujárnin voru kölluð boltar. Þau voru þungir klumpar úr pottjárni sem voru hitaðir á hlóðum og á eldavélum eftir að þær komu. Sum straujárn voru hol að innan. Innan í þeim var járn-tunga. Hægt var að opna þau að aftan og taka járn-tunguna út, sem þar lá laus. Tungan var hituð í hlóðum eða á eldavél og sett aftur í járníð. Við það hitnaði járníð nóg til að hægt var að strauja með því. Þegar járn voru notuð til að pressa fót var

²³⁴ *Sarpur* á <http://sarpur>. Þvara, skefill, pottaskefill. Sótt 2.3.2016.

²³⁵ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

²³³ *Sarpur* á <http://sarpur>. Þvottabretti. Sótt 22.2.2016.

rakur klútur lagður ofan á flíkina. Sjóðandi járnið var tekið og pressað ofan á votan klútinn, þar til hann þornaði. Þá var klúturinn vættur aftur og svo pressað koll af kolli þar til búið var að fara yfir alla flíkina. Þá var burstað yfir hana og hún lögð þar sem hún gat þornað og jafnað sig, áður en farið var í hana. Strokið var af járninu eftir notkun með rakri tusku og það geymt í kistuhandradanum eða á öðrum vísun stað þar til það var notað aftur.



Ofar er straubolti, neðar er straujárni. Svona litu þau út fyrir daga rafmagnsins. Boltinn er gegnheill klumpur úr pottjárni. Straujárnið er úr messing. Aftan á því er lok þar sem jártunga, sem inni í því er, var tekin út og hituð í eldi. Boltinn var settur á glóðina og þurfti að strjúka af honum áður en straujað var. Ljós. BSk. S.S./I.K.D.M.



Enginn veit fyrir víst hvenær farið var að nota klemmur til að hengja á snúrur. Hátt á annað hundrað eru skráðar í *Sarpi*. Þær eru langflestar sagaðar til úr tré en þær eru einnig til tálgaðar úr horni.²³⁶ Snúrurnar sjálfar voru sjaldnast annað en stöð innanbæjar eða utan.



Klemmur var smeygt á þvottinn til að halda honum á snúrunni. Þær elstu voru úr heilu tré. Klemmur, festar saman með gormum, fóru að fást um 1930. Ljós. BSk./S.S.

Þvottavindur urðu nokkuð algengar um og eftir 1900. Hægt var að skrúfa þær á tréker. Vindurnar voru settar upp til að vinda flíkurnar en þær var einnig hægt að nota til að slétta þvottinn. Þá var

honum rennt í gegnum keflin á vélinni strax og hann var orðinn þurr og samantrotinn.²³⁷



Vindur voru farnar að fást nokkru áður en flutt var úr torfbæjunum. Og um miðja 20. öldina fóru að fást þvottavélar með kefli (vindu). Vindurnar breyttu fataþvottum mjög til hins betra. Ljós. Einkaeign.

Svokallaðar brókarkvíslar voru notaðar til hengja á skinnklæði til að viðra þau og þurrka. Staur með sívölum tindri í annan endann var barinn niður. Sívali tindurinn (hællinn) sneri upp. Ofan á hann gekk þvertré með gati á miðju, sem smeygt var ofan á tindinn. Þvertréð heitir kvíslarhnakkur. Göt voru á endum hans og í þau var stungið grönnum tréspírur sem kölluðust skálmar. Skinnbrókin var klædd á skálmar og hnakk og bundin á hælinn. Vegna þess að hnakkurinn gat snúist var alveg sama úr hvaða átt vindurinn blés, alltaf fyllti hann skálmarnar. Einn kvíslarhnakkur og tvær brókarkvíslar eru skráð í *Sarpi*.²³⁸ Báðar eru nýsmíði.



Myndin er af brókarkvísl, sem smíðuð var fyrir Minjasafnið á Hnjóti. Brókunum er smeygt á skálmarnar og bundnar við hnakkinn. Kvíslin þurfti að vera nógu há til að skinnklæðin drægjust ekki í jörðina í logni. Ljós. Minjasafnið á Hnjóti.

Þvotta- og fataílát

Þegar fataþvottar fóru fram var tiltekinn stærsti pottur heimilisins til að hita þvottalögin í, tunna, stampur eða bali til að þvo og skola í, fötur til að bera í vatnið. Ef þvotturinn var framkvæmdur úti

²³⁶ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Þvottaklemma. Sótt 22.11.2015.

²³⁷ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

²³⁸ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Brókarkvísl. Sótt 22.3.2016.

við þvottaból var gott að hafa rimlakassa eins og hrip eða meis til að skola í og setja þvottinn í ef þurfti að fara með hann á hestum, annars börur eða vögur. Flest ílát til þvotta og þrifa voru úr tré, önnur en hlóðapottarnir og einstöku áhöld og ílát. Þegar leið á 19. öldina fóru að fást járnbalur, járn-tunnur (olíuföt), járnfötur og emaljeruð ílát, sem tóku við hlutverkum tréílátanna.

Heimafengin efni í ílát voru fyrst og fremst úr rekaviði, rótum, skinni og grjóti. Hægt var að kaupa ílát úr leir, kopar, eir, pottjárnir og fleiri efnum hjá kaupmönnum en þau voru fokdýr. Ílátasmiðir voru margir, mislagnir eins og gengur, en þeir fóru um sveitir og gerðu við gömul þing eða gerðu ný. Margir reyndu að bjarga sér og talað var um að hinir og þessir væru klápasmiðir og hafa sennilega ekki allir sýnt vönduð vinnubrögð. Bændur á Skagabæjum og við strendur út að austan seldu framhéraðsbændum áhöld og ílát úr rekaviði. Öll voru þau meðhöndluð af stakri umhyggju því þau urðu að endast lengi.



Tvö dýrmæt ílát. Ofar er vatnsker eða handlaug sem höggvin er úr grjóti. Svona ker voru oft við húsdýr til að þvo hendur sínar. Neðar er vaskafat út heilu tré. Það hefur sprungið og verið gert við það (saumað) með tágum. Ílát sprungu ef þau offornuðu. Ólek ílát voru mikil gersemi. Ljósm. BSk./S.S.



Þvottaföt

„Morgunstund gefur gull í mund“ segir máltækið. Mund er hönd. Fyrrum var talað um mund- eða munulaugar jafnt og handlaugar. Á miðöldum virðist fólk hafa þvegið hendur sínar áður en gengið var til matar²³⁹ og það var venja og kurteisi

að þvo hendur áður en gengið var til bæjar og kirkju. Vígsluvatnsker, vatnsker, vatnssteinar og kirkjubollar, sem oft eru nefnd í eigu kirkna, voru yfirleitt úthöggna steinskálar, úr innlendu eða innfluttu grjóti og sennilega ætluð til handþvotta áður en fólk gekk til kirkju en voru einnig notuð af heimilisfólkinu á kirkjustaðnum þegar það þurfti að skola af sér.²⁴⁰ Samkvæmt 14. aldar heimild átti í kirkjunni að skola altarisblæju og handklæði „þat sem prestr þurkar [á hendir sínar] eptir sacrificium [...] ok fáí sidan konu ef betr þarf at þua“.²⁴¹ Svokölluð vatnsdýr og vatnskarlar voru vatnskönnur úr málmi eða leir og virðast aðallega hafa verið notaðar í kirkjum, en vafalaust gátu könnurnar notast til heimilisþarfa. Samkvæmt *Sarpi* er varðveitt eitt vatnsdýr og einn vatnskarl á Þjóðminjasafni Íslands, dýrið er kanna í ljónsmynd steipt úr kopar, en vatnskarlinn er eftirlíking úr gífsi, sem aldrei hefur verið notaður sem vatnsílát.²⁴²



Greiðslubali var notaður við að þvo sér um hendur og andlit. Girt tréílát með löngum stöfum til endanna, sem á eru útskornir hnúðar (höldur). Í eigu Skóga-safns. Ljósm. BSk. S.S.

Notaðir voru trébalur „til þvotta, á andlit hendur og fætur“²⁴³, sagði Sigrún Eiríksdóttir frá Sölva-nesi. Þesskonar balur voru kallaðir greiðslubalar og voru yfirleitt stafaílát en gátu einnig verið úr leir eða málmi. Greiðslubalarnir voru á stærð við vaskafat, sporöskjulaga eða hringlóttir með tveimur eyrum. Þegar kom fram á 20. öld var farið að nota emaljeruð vaskaföt í stað trébalanna. Fjórir greiðslubalar eru skráðir í *Sarpi*, tvær handlaugar og sex mundlaugar úr grjóti, gleri eða tré og fjórir bollasteinar úr grjóti, sem eru nógu stórir til að hafa gegnt handlaugarhlutverki fyrrum.²⁴⁴

²⁴⁰ Kristján Eldjárn, 1963. Bls.106-7.

²⁴¹ DI II, 1893. Bls. 528.

²⁴² Sarpur á <http://sarpur.is>. Vatnskarl, vatnsdýr. Sótt. 20.1.2016.

²⁴³ ÞMS 8025 kona f. 1897.

²⁴⁴ Sarpur á <http://sarpur.is>. Greiðslubali, þvottaskál, mundlaug, bollasteinn. Sótt. 2.2.2016.

²³⁹ Íslensk fornrit VII, 1936. Bls. 125; IX, 1956. Bls. 110.

Skráð eru á níunda tug vaskafata sem flest eru úr galvaníseruðu járni eða hvítemaljeruðu blikki.²⁴⁵

Mikill munur var á tréstömpum og tréfötum, sem notaðar voru við þvotta og skúringar í torfbæjunum eða blikkskjólum og járnböllum eftir að farið var að flytja þau inn. Blikk- og járnlát láku ekki og það var auðvelt að þrifa þau. Átján þvottaföt, yfir fjöruútu þvottabalar og á þriðja tug óskilgreindra bala eru skráð í *Sarpi*.²⁴⁶ Þar á móti eru skráðar tvær skúringafötur, önnur úr járni og hin úr plasti.²⁴⁷ Samkvæmt *Sarpi* eru langflest ílát, sem geymd eru á minjasöfnum landsins, frá 20. öld.

Baðker 19. aldar, sem hafa varðveist úr torfbæjunum voru yfirleitt, eins og greiðslubalarnir, stafailát úr tré. Í *Sarpi* eru átta baðker, úr tré, járni og blikki. Eitt sker sig frá hinum. Það er úr tré og varðveitt í Minjasafni Austurlands, frá Mjóafirði.²⁴⁸ Það er töluvert stærra en önnur trébaðker en hafa vafalaust verið til fleiri. Þegar blikkbalar fóru að fást í verslunum á fyrri hluta 20. aldar voru þeir notaðir óspart fyrir baðkór en þar til gerð baðker fengust einnig. Balarnir voru þægilegri í meðförum og gátu verið margnota. Þegar farið var að leggja vatn inn í íbúðarhús voru baðker, mun stærri og þægilegri en áður þekktust, tengd við krana og niðurfall.



Kistur og kistlar voru úr breiðum liggjandi borðum, geirnegld eða töppuð saman á hornum. Ljósm.BSk./S.S.

²⁴⁵ Sarpur á <http://sarpur.is>. Vaskafat. Sótt. 2.2.2016.

²⁴⁶ Sarpur á <http://sarpur.is>. Þvottafat, þvottabali, bali, vaskafat. Sótt. 2.2.2016.

²⁴⁷ Sarpur á <http://sarpur.is/Leit.aspx?search=sk%C3%BAringarfata&filter=895&typeID=15>. Sótt 22.2.2016.

²⁴⁸ Sarpur á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=151435>. Sótt 19.11.2015

Kistur, tínur og öskjur

Kistur voru notaðar undir klæðnað, bækur og allt sem þurfti að geyma og verja fyrir ferfætlingum og fljúgandi kvikindum, sem vildu éta allt og naga. Mölflugan var landlæg plága og lirfa hennar át allt upp til agna sem var úr lífrænu efni eins og ull og silki, ef þau voru látin óhreyfð í langan tíma. Besta ráðið við möl var að dusta allt út a.m.k. einu sinni á ári og hafa allar hirslur lokaðar.

Kistur voru misstórar, ýmist með kúptu loki eða sléttu. Þær voru bornar út á hlað og viðraðar og allt sem í þeim var og endurtekið á ári hverju en þær þurfti ekki oft að þvo á „lífsleiðinni“. Kistur báru nafn eftir stærð og hlutverkum, s.s. kistill, koffort, sviptikista, matfangakista, messufatakista, bókakista. Þær voru tæmdar af og til og strokið úr þeim skúm og ryk. Bókakistur eru oft nefndar í ritheimildum frá fyrri öldum en af 300 kistum sem skráðar eru í *Sarp* er ein skráð sem bókakista.²⁴⁹



Til vinstri er kistill sem kallaður var lár þar sem hann var niðurkominn vestur í Kanada. Til hægri eru fagurlega útskornar, ómáluð, trafaaskja með ártalinu 1794. Bæði eru varðveitt í New Iceland Heritage Museum í Gimli, Manitoba og bárust vestur um haf með Vesturförum frá Íslandi á 19. öld, eins og mörg önnur ílát sem fólk flutti með sér. Ljósm. BSk./S.S.



Til vinstri er karfa sem riðin er úr víðitágum, sögð eftir Fjalla-Eyvind. Riðin ílát gátu vel verið vatnsheld. Hægra megin er tína úr þunnu tré (girðisefni) og fagurlega máluð. Hún var innflutt. Ljósm. BSk./S.S.

²⁴⁹ Sarpur á <http://sarpur.is>. Bókakista. Sótt 30.11.2015.

Tínur og öskjur voru algeng geymsluílát. Þær gátu verið bæði ómálaðar og málaðar eins og kisturnar og kistlarnir og útskornar, eins og sumir kistlarnir. Tínur og öskjur voru ýmist sporöskju- eða hringlaga tréílát. Margar tínur sem eru skráðar í *Sarpi* eru berjatínur, sem eru af öðrum toga en tínur til að geyma varning í.²⁵⁰ Þar eru einnig skráðar á annað hundrað öskjur, flestar svokallaðar trafa-öskjur. Konur vöfðu tröfum, dúkum, um hár sitt fyrr á öldum en bæði trafaöskjur og tínur voru notaðar undir ýmsan smávarning. Óhreinindi voru strokin af þeim þegar nauðsyn bar til.



Elín, á Grímsstöðum á Fjöllum, heldur hér á eggjakörfu sem gæti hafa verið riðin úr eini- eða víðitágum. Ljósmynd HSK. BS 2779b, Bruno Schweizer.

Dragkistur, sem nú kallast kommóður, voru óvída til en þóttu gersemi af því að í þeim voru skúffur og hægt að aðskilja varninginn sem þar var geymdur. Skápar voru óalgengir, nema á efna-meiri heimilum fyrr en á 19. öld og helst notaðir fyrir leirtau. Þrif voru hin sömu og á kistunum.

Matvæli og matarílátaprif

Meðferð matvæla og matvælageymsla gátu verið varasamar. Þess varð að gæta að maturinn spilltist ekki vegna óþrifnaðar eða óvarlegrar meðferðar. Þrifnaður við sláturverk, frágang matfanga til geymslu og þrif og meðferð geymsluílátanna var lífsspursmál. Í raun grundvallaratriði fyrir lífsafkomu heimilisfólksins.

Helstu geymsluaðferðir matvæla voru þurrkun, súrsun, söltun, reyking og niðursuða. Niðursuða þó ekki fyrr en á seinni öldum. Vafi leikur á um notkun salts til matvælageymslu fyrr á öldum en eitthvað var um saltað kjöt og saltfisk þótt þurrkun

hafi sennilega verið ríkjandi ásamt súrsun. Þegar kjöt er þurrkað „storknar yfirborðsfellið því nær samstundis. Á örfáum mínútum myndast himna, er þekur allt yfirborðið, sem varnar því [... að] sýklar og sníklar komist inn í kjötið og varðveitir það“.²⁵¹ Kjöt og fiskur sem hengd voru upp í hjöllum þornaði og kjötið fékk í sig þráabragð sem mörgum þótti gott. Sama verkun var á fiski og kjöti sem hengt var upp í hlóðældhúsinu en þar fengu matvæli bragð af reyknun sem lék um þau á hverjum degi og sótið varði þau svo hægt var að láta þau hanga lengi, ef friður var fyrir músum. Tungur, bjúgu, kjötlæri, bógar og ýmislegt fleira góðgæti hékk í rótinni í hlóðældhúsinu þar til það fór í pottinn. Hausar og fuglar voru sviðnir áður en þeir voru hanteraðir og komið fyrir til geymslu.

Haustslátrun búfjár var oft kuldalegt verk og sömuleiðis var oft kalt að vinna bjargfugl til matar snemma vors. Fuglaveiðar og -nytjar voru hefðbundin vorstörf víða um skagfirskar byggðir. Vor eftir vor nutu Skagfirðingar góðs af fuglaveiðum og eggjatöku við Drangey. Bændur hvaðanæva úr héraði keyptu fugl af veiðimönnum. Er heim kom var honum skellt í fangið á konunum sem urðu að standa sína pligt við að plokka, reita og sviða, og ganga frá afurðunum því maturinn mátti ekki fara til spillis. Aðgerðin tók dag eða tvo og svo þurfti að sviða fuglinn og hengja í þurk eða reyk, sjóða og súrsa eða salta. Þá þurfti að hreinsa fiður og dún sem setja átti í sængur, kodda, púða og dýnur.

Sláturverk

Slátrun og sláturverk voru hefðbundin hauststörf, sem kröfðust varfærni og hreinlætis, frá því að „farið var innaní“ skepnuna og innnyflin aðskilin til þess að gengið var frá fullunnum afurðum til geymslu. Bæði konur og karlar gengu að sláturverkum. Aðstaða við verkið var misjöfn og útgangurinn á fólkinu sömuleiðis. Þar sem hópum af fé var slátrað í einu og margir gengu að störfum var slarkaralegt um að litast. Um það vitnar lýsing Theodors Friðrikssonar á sláturstörfum á malar-kambinum á Sauðárkróki upp úr aldamótum 1900.

Unnið var að þessum sláturstörfum fram í þreifandi myrkur, og oft lítið hirt um þrifnaðinn [...] Útgangurinn á fólkinu, jafnt körlum sem konum,

²⁵⁰ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Tína. Sótt 19.11.2015.

²⁵¹ Skúli V. Guðjónsson, 1949. Bls. 170.

var hroðalegur [...] allir fatagarmar ataðir í blóði og gori, en fáir höfðu efni á að eiga sérstök hlífðarföt. [...] þar sem það vann oft gegndrepa í lörfum sínum frá morgni til kvölds.²⁵²

Þegar fólk loksins komst heim af blóðvellingum, að kvöldi dags, var reynt að þvo utanyfirfötin og þurrka þau yfir nóttina. Ásetningurinn var góður en tókst ekki alltaf og úr vöndu að ráða ef ekki voru til önnur föt.

Við heimaslátrun var allt minna umleikis og gætt ítrustu varúðar. Konur og karlar unnu jafnt og af kappi við sláturverkin. Dagar sláturtíðar voru langir og strangir, ef átti að koma öllu af. Slátrun á stórgripum var, utan stærðarinnar, ekkert frábrugðin sauðfjárslátrun. Ýmislegt úr innmat þeirra var þó fremur hirt handa hundum en til manneldis.

Vambapvottur haustsins var ekkert tilhlökk-unarefni. Hleypt var innan úr vömbum á fjós-hauginn eða annan vel valinn stað. Þá var farið með vambirnar og önnur innfyli í læk eða á og allt skolað vandlega. Ískalt straumvatn var best til að skola gor og blóð. Ullarþvottar snemma sumars voru kaldir en sláturþvottar haustsins voru kaldastir af öllum þvottum, þegar sólin náði varla að verma kalda fingur og tær. Kalt vatnið fór vel með matvælin en illa með mann-
eskjurnar sem krupu við vatnsstrauminn og urðu jafnvel að standa í vatninu til að vera sem fljótastar að hreinsa og skola. Straumurinn „bar öll óhreinindi burt jafnóðum og vann fljótt og vel með manni“,²⁵³ sagði Guðríður B. Helgadóttir. Gott var að hafa lára eða körfur við hendina til að leggja vambir í og láta þær skolast þar því vatnið rann í gegnum rimlana og engin hætta á að tapa dýrmætunum. Að loknum þvotti voru þær settar í tunnu eða stamp með köldu vatni og geymdar þar til hægt var að vinna þær til matar. Þó ekki í marga daga. Áður en vömb var skorin í keppi var kannað hvort nægði að þvo hana og skafa upp úr volgu vatni, bæði utan og innan, og láta flosið halda sér eða hvort þurfti að kalóna hana, sem kallað var. Þá var vatn sett í pott og það snarphitað og vömbinni

dýpt ofan í til að losa flosheimnuna innan úr henni. Þá var auðvelt að skafa hana af. Kalónaðir sláturkeppir voru með lélegri þenslu en ókalónaðir og var hættara við að springa í suðunni. Atgangurinn var mikill í sláturtíðinni og best að hafa tímann sem stýstan frá því slátrað var og þar til sláturgerð fór fram til að tryggja gæði matvælna.

Seinlegast af öllu og leiðinlegast var að rista ristlana, meðan það var gert. Og allt hitt leikur einn hjá því, en lundabaggarnir voru góðir og unnu það upp að nokkru. Lundabaggar, bjúgu og rúllupylsur voru oft hengdar upp í rjáfrið og reyktar þar á meðan slátrið var eldað og þá oft settar í kjötpoka eða grisju til að verja þær sóti.²⁵⁴

Matarílát

Matur, föt og annað það sem ekki átti að vera á glámbekk og þurfti öruggt skjól var geymt í lokuðum hirslum. Sumir áttu fá ílát og aðrir mikinn fjölda af þeim, eins og biskupssetrið á Hólum árið 1586. Þar voru til á sjötta tug troga og þrjátíu uppgerðarkeröld (skyrkollur), tvö stórkeröld, tvær skyrsíur, skyrgrind, tvær trékönnur, fjórir strokkar, sjö matardallar, þrír venjulegir askar og einn drykkjaraskur, sex fötur, einn sár, tvíbytna og einbytna. Allt úr tré. Þar voru og þrír katlar og tveir pottar sem hafa sennilega verið úr einhverjum málmi. Sama ár voru þar í skemmu þrjár mjöltunnur, byrða með lösnum botni, tveir nýir pottar, leirpanna, ein tunna með tjöru og önnur með lýsi.²⁵⁵ Annar eins fjöldi af ílátum var sennilega hvergi til í Skagfirði á þeim tíma.

Kæfa, tólg, smjör og fleira góðgæti sem pakkað var inn var geymt í öskjum, skrínum, skinnbelgjum og skinnskjóðum, pappír og vaxdúkum, og hengd upp eða sett ofan í kistur þar sem ekkert komst að þeim. Niels Horrebow sem skrifaði Íslandslýsingu um miðja 18. öld sagði að fólk flytti smjör í skinnbelgjum þegar þurfti að flytja slíkan varning á klyffjum, s.s. til kaupstaðar.²⁵⁶ Engar lýsingar finn ég á þrifum á belgjum sem ætlaðir voru til matvælageymslu. Súrsuð og söltuð matvæli voru sett í tunnu, kagga, kollu eða annað ílát og voru varin af leginum sem þau lágu í.

²⁵² Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 300.

²⁵³ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 67.

²⁵⁴ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 68.

²⁵⁵ Þjskj. Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar Nr. 76. Bls. 34.

²⁵⁶ Horrebow, Niels, 1966. Bls. 110.

Stokkaker eins og það sem Gísli Súrsson átti á 10. öld var rammgert ílát²⁵⁷ og hefur vafalaust líkst niðurgrafna sýrukerinu á Flugumýri, sem Gissur Þorvaldsson skreið ofan í árið 1253. Það ker var í jörðu, undir skyrkerinu sem „stóð þar yfir ofan og hulði mjök sýrukerið, þat er í jörðunni var“.²⁵⁸ Niðurgrafin ker hafa hvorki verið auðveldlega losuð né þrífín og getur hver séð sjálfan sig í því að standa á haus yfir víðu og djúpu óhreyfanlegu íláti. Það varð að þrífa þau að innan á staðnum.


Svokallað okaker, sem var í gamla Svínavatnsbænum þegar hann var tekinn niður 1965, er varðveitt sem kornbyrða í Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna.²⁵⁹ Það er sýnilega traust geymsla en að sama skapi erfitt í þrífum. Þórður Tómasson, safnvörður í Skógasafni, kannaði þessa kergerð og komst að því að bæði nöfnin, okaker og stokkaker, voru notuð um sama kerabrigðið.²⁶⁰ Fljótt á litið mætti ætla að stokkakerin hefðu verið smíðuð úr liggjandi stokkum eins og bjálkahúsin og okakerin úr standandi fjölum, en þannig var það ekki, sagði Þórður. Í kerjum þessum var geymdur matur, eins og leifar ýmissa niðurgrafinna kerja sem hafa fundist í gólfum uppgrafinna mannvirkja vísa til, eða að þau hafa verið notuð undir annan verðmætan varning.²⁶¹ Á þriðja tug kornbyrða eru skráðar í *Sarp* og a.m.k. þrjár þeirra eru af sömu gerð og okakerið á Reykjum. Þau eru enn einn vitnisburðurinn um að ílát hafa verið uppnefnd í tímans rás, rétt eins og sum áhöldin.



Okaker í sýningu á safninu á Reykjum í Hrótafirði. Okum er læst saman á hornunum þannig að á efri brún mynda þeir handföng. Ljós. Einka-eign / S.S.

Ker voru af ýmsu tagi, ýmist gerð úr breiðum eða grönnum stöfum og girt með girði eða með okum. Mörg voru notuð undir matvæli en þau voru líka nýtt undir fatnað samanber áklæðisstokkar, stokka-, kerta- og messufataker sem eru nefnd í eigu nokkurra kirkna á 14. og 15. öld.²⁶² Þau hljóta að hafa verið líkrar gerðar en sennilega misstór.

Í bæjarrúst, sem grafin var upp í Álftaveri, fundust sáför í búrgólfi og „gríðarmikill sár, byggður út úr búrinu“.²⁶³ Hann hefur verið erfiður í umgengni. Tunnur voru skárri að því leyti. Ingibjörg Andrésdóttir í Hergilsey tók tunnu „nálega fulla af súrmeti“²⁶⁴ í fangið og færði til. Það var hraustlega gert og færri en fleiri sem færðu þær til eftir að búið var að fylla þær af mat. Ílát fyrir súr og pækil voru ekki geymd lengi tómví þá gisnuðu þau og fóru að leka. Því var skrúbbað innan úr þeim og þau látin standa full af vatni, sem skipt var um öðru hverju, þar til kominn var tími til að fylla þau af mat á ný.²⁶⁵



Kaggi tók aðeins minna en tunna og var ágætur til síns brúks. Þessi er innfluttur og í honum romm þegar hann var fluttur í land. Vintunnur og öll önnur innflutt nothæf ílát fengu ný hlutverk í búrum og geymslum landsmanna. Hægt var að eignast slíkt góss, ef efni voru til, en langflest ílát voru úr reka-viði.²⁶⁶ Ljós. BSk./S.S.

Bakkar, soðföt og skerborð voru úr heilu tré. Skálar voru einnig til úr heilu tré eða úr leir, gleri eða málmum. Dæmigert trog var úr fjölum. Á annað hundrað troga, sem notuð voru undir allskonar mat, eru skráð í *Sarpi*. Langflest eru kölluð

²⁵⁷ *Íslendinga sögur og þættir* II, 1987. Bls. 906.

²⁵⁸ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 492.

²⁵⁹ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=206878>. Sótt 19.11.2015.

²⁶⁰ Þórður Tómasson, 1991. Bls. 71-79.

²⁶¹ *Forntida gárdar í Island*, 1943. Bls. 211.

²⁶² DI II, 1893. Bls. 428; (Húsavík); DI III, 1896. Bls. 244 (messuföt), 581 (Grenjaðarstaður); DI IV, 1897. Bls. 488 (áklæði); DI X, 1911-1921. Bls. 328 (kerti).

²⁶³ Þór Magnússon, 1975. Bls. 159.

²⁶⁴ *Saga Snæbjarnar í Hergilsey*, 1930. Bls. 18.

²⁶⁵ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894. María Helgadóttir, f. 1933.

²⁶⁶ Lesa má um ílát og ílátasmíðar í *Iðnsögu Íslands* I, sem kom út 1953, í kafla um ílátasmíði eftir Guðmund Hannesson. Bls. 365-375.

mjólkurtrog og hafa verið notuð til að aðskilja mjólk, þ.e. í rjóma og undanrennu. Nokkur brauð-trog eru sérstaklega nefnd og eitt troganna var baðker fyrir ungabörn.²⁶⁷ Það og fleiri trog eru kölluð þvotta- eða laugartrog, sem vísar til marg-víslegra hlutverka troganna.



Trog á hvolfi. Mjög miklu skipti að matarílát væru vel skrúbbuð upp úr vatni eftir hverja notkun því þau gátu súrnað, þránað og myglað eftir því hvað í þeim var áður. Ljós. BSk./S.S.



Skál úr heilu tré. Hún hafði sprungið og verið saumuð saman með bandi. Ljós. BSk./S.S.

Byttur sem notaðar voru til að skilja mjólk í eru stafailát. Nítján eru skráðar í *Sarpi*.²⁶⁸ Sömuleiðis eru ámur, tunnur, kaggar, stampar, kvartel, kollur, könnur, kútar, leglar, askar og mörg fleiri matarílát stafailát. Þau drógu oft nafn af matartegundinni sem í þau var látin; sláturettur, saltkjötskaggar, vatnstunnur, skyrkollur, o.s.frv. Talað er um stór og smá uppgerðarkeröld og jarðkeröld í *Fornbréfasafni* en sjaldan minnst á tunnur, sem okkur er tamara að tala um í dag. Í *Sarpi* eru skráð yfir sextíu ker, ellefu keröld, tæplega áttafíu tunnur, átta stampar, sextíu kútar, fjórtán leglar og þrír kaggar.²⁶⁹ Vandinn er sá að til kerja flokkast ýmsar lyfjadollar og jarðfundin leirker-, tálgesteins, kopar- og eirkerbrot, sem skýrir fjölda kerjanna í *Sarpi*. Nafnið ker er eins og nafnið tunna, sem notað sem samheiti yfir ílát af ýmsu tagi.

Mjólurfata. Tréílát, stafailát. Tveir stafirnir eru lengri en hinir og á þá er haldið fest með kilp, úr leðri, girði eða hvalskíði, í augu á höldustöfunum. Ljós. BSk./S.S.



²⁶⁷ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=155689>. Sótt 18. Jan. 2016.

²⁶⁸ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Bytta. Sótt 22.3.2016.

²⁶⁹ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Ker, kerald, tunna, stampur, kútar, legill, kaggi. Sótt 19.11.2015.



Eftir hverja smjörstökkun þurfti að þvo strokkinn úr snarpheitu vatni. Það var kallað bú(r)verkavatn og var gefið kálfum eða öðru ungviði. Ljós. BSk./S.S.

Matarílát var notað undir samskonar fæðu frá ári til árs „því smekkurinn sem að kemst í ker, keiminn lengi eftir ber“.²⁷⁰ Það var þess vegna ekkert vit í að ætla að súrsa slátur í saltkjötsstunnu og öfugt, vegna bragðgæðanna. Mjólurílát voru sérlega viðkvæm fyrir bragði og þessvegna þvegin vel og vandlega þegar þau tæmdust. Trog, strokkar, lyfjadallar (sem skyrhleypirinn var geymdur í), skyrkollur, fötur, byttur og hvaðeina sem notað var til að vinna úr mjólkinni rjóma, undanrennu, smjör, áfir, skyr, mysu, osta og þessháttar, voru skoluð úr snarpheitu vatni eftir hverja notkun. Þau voru svo skrúbbuð og skoluð aftur með köldu vatni og þurrkuð varlega. Ef settist í rifur á milli stafa þurfti að skafa það í burtu. Til þess mátti nota prjón, reiðingsnál, fjöðurstaf eða annað sem hentaði verkinu og var til. Ef ílát stóðu lengi tóm

²⁷⁰ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 66.

voru þau þvegin úr sjóðandi heitu vatni. Eins og „fyrir fráfærur, en á vetrum voru þau jafnan höfð til ýmiss konar innanhússbrúks. Nokkur dæmi voru um að sjóðheitt sterkt sortulyngsseyði væri látið standa í þeim“²⁷¹ áður en farið var að nota þau aftur. Gott ráð til að ná súrbragði úr trélláti, ef mjólk hafði súrnað í ílátinu og átti að nota það undir nýmjólk, var að þvo það upp úr sjóðandi vatni með eini í.²⁷²

Allt sem laut að þrifum á mjólkurílatum varð að gera vel og hafa sér stykki til að þvo þau með. Ostapokar og skyr síur, sem ýmist voru úr lérefti, pokastriga, bómullargrisju eða ullarklút, þurfti t.d. að sjóða og þurrka vel, eftir hverja notkun.²⁷³ Það var vandi að þurrka tréllátin því ef þau þornuðu of skarpt skruppu þau saman og láku. Best var að þurrka stafaílát, í sólarlausu og góðum vindi. Mörgum þótti best að hvolfa þeim og sólbaka þar sem loft lék um þau en þá þurfti að passa vel upp á að snúa þeim með jöfnu millibili og hafa ekki of lengi í sólinni. Ef ekki viðraði til ílátapurrkunar utandyra voru þau þurrkuð við hlóðirnar en þá varð að vara sig á reyknum því enginn vildi fá reykkeim í mjólkina.²⁷⁴

Skilvindur, sem fóru að flytjast til landsins um og eftir aldamótin 1900, ollu byltingu í mjólkurvinnslunni. Þær voru úr járn og þurftu annarskonar þrifameðferð en tréllátin. Allir hlutar þeirra, hvort sem það voru skál, plötur, stútar, skilkarlar, eða annað, voru settir í pott með sjóðandi vatni, þvegnir og látnir ryðja sig, sem kallað var, og síðan var allt þurrkað vel með þurru stykki.²⁷⁵

Askar

Askar voru kollulaga stafaílát úr tré, með loki. Úr þeim voru étnir grautar, súpur, skyr og annar spónamatur. Yfir daginn voru þeir geymdir á hillu við rúmin í baðstofunum, sem sumir kölluðu askhillu. Askarnir voru ekki endilega þvegnir eða skrúbbaðir á hverjum degi og algengt var að þeir væru settir fyrir hundinn. „Hrein er hundstungan“

sagði gamla fólkið. Hundurinn hafði ekki áhuga á öðru en matarbragðinu en þótt hann sleikti vel varð eitthvað eftir, sem settist utan á askinn og myndaði smám saman gljáandi óhreinindahúð, sagði séra Þorkell Bjarnason.²⁷⁶

Þessi aðferð við askþvotta var aflögð þegar staðfestur var grunur um að með henni smitaðist sullaveiki frá hundum til manna. Ólafur í Ási sagði það „óskiljanlegt að konur hafi fyrrum vanrækt svona fjarskalega þvott á öskum og diskum, þar sem þær hlutu að þvo mjólkurfötunar, trogin og strokkinn úr sjóðandi vatni á hverju einasta máli“.²⁷⁷ Körlum átti semsagt ekki að geta dottið það í hug og áttu ekki að skipta sér af askþvottum. Ummælin lýsa vel hlutverkaskiptingu karla og kvenna innandyra í bændasamfélagi fyrri alda.



Askur með fjögur eyru kallaðist hyrndur askur. Venjulega voru tvö eyru á öskunum. Askar voru girt stafaílát, oft með fagurlega útskorin lok. Kvenaskar voru minni, tóku minna, en askar karla. Á stoðinni, hjá askinum, hangir járnbrák sem notuð var til að elta skinn á. Þá var skinninu brugðið í brákina og það elt fram og aftur þar til það varð mjúkt, eltiskinn. Ljósm. BSk./S.S.

Til að koma í veg fyrir sullaveikismit var farið að ormhreinsa hunda upp úr aldamótum 1900.²⁷⁸ Flestir hættu að nota aska á seinni hluta 19. aldar og fóru að nota glerjaðar leirskálar (svokallaðar spilkomur) í staðinn til að skammta í, áður en varð til siðs að leggja á borð og þrifa matarílatin, allavega „einu sinni á dag“.²⁷⁹

²⁷¹ Hallgerður Gísladóttir, 1999. Bls. 55.

²⁷² Úr *Arnbjörgu* sem kom út 1783. Sjá *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 463.

²⁷³ Hallgerður Gísladóttir, 1999. Bls. 78.

²⁷⁴ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

²⁷⁵ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

²⁷⁶ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls. 191.

²⁷⁷ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 214-215.

²⁷⁸ ÞMS 8183 karl f. 1918.

²⁷⁹ ÞMS 7855 kona f. 1897.



Kaffikanna úr tini, frá 18. öld. Innflutt ílát og áhöld voru dýr og ekki á allra meðfæri að kaupa þau. Ljósm. BSk./S.S.

Mataráhöld

Flestir áttu spón til að matast með og margir áttu sinn eigin hníf, sem var nauðsynlegt áhald við fleira en að matast. Búrhnífar voru þarfaping og vel með þá farið enda verðmætir fyrir heimilið. Gera má ráð fyrir fleirum en einum hníf á venjulegu heimili en áhaldafæð einkenndi matarverk og matseldun eins og margt heimilistengt.

Þótt borð- og matarbúnaður á biskupssetrinu á Hólum væri með engu móti dæmigerður fyrir borðbúnað almúgafólks er forvitnilegt að sjá hve ríkulegur hann var og hvað var notað. Allt þurfti jú að þrifa á einhvern hátt og fólk átti sitthvað af borðbúnaði. Á búskapartíma Guðbrands biskups Þorlákssonar, á seinni hluta 16. aldar, voru til átta matarföt og tvær skálar úr óskilgreindu efni, sennilega tré, eitt hornfat og annað tinfat. Biskup átti fjórar tinkönnur, tvær tintur (fleyga), tvö tinstaup og eina tinkúpu, níu skerborð (trédiska) og þrettán borðskálar og sautján spóna, sem sennilega voru úr horni því einn spónn, sérstaklega tilgreindur, var úr hvalbeini.²⁸⁰



Hornspónar úr kýr- og lambhrútshornum. Margir áttu fagurlega útskorna spóna sem þeir höfðu dálæti á. Þessir rötuðu vestur um haf með eigendum sínum og eru varðveittir í New Iceland Heritage Museum í Gimli, í Kanada. Ljósm. BSk./S.S.

Algennt var að nota bein og horn í mataráhöld en hornáhöld voru vandmeðfarin. Þau mátti ekki þvo úr sjóðheitu vatni og þau máttu heldur ekki liggja of lengi í vatni því þá misstu þau lagið. Spónarnir (spænirnir) voru úr hornum nautgripa eða sauðfjár en þekktust einnig úr tré. Haldið var oft fagurlega útskorið og merkt eiganda. Svokallaðir spónastokkar sem spónar voru geymdir í voru einnig oft skrautlega útskornir. Átján slíkir eru skráðir í *Sarpi* og hátt á sjötta hundrað spóna²⁸¹ Fólk notaði hornspóna fram á 19. öld og talaði um að spæna eða skófla matnum í sig, þegar var til siðs að eta „úr öskum eða skálum [...] með spónum og vasa-hnífum á rúmum í baðstofu. Hver og einn sá um hirðingu á þessum amboðum fyrir sig“.²⁸² Vinnu- maðurinn á Guðlaugsstöðum í Blöndudal smeygði hornspæni sínum upp undir sperru að máltíð lokinni 1913, eins og hann var vanur.²⁸³ Þannig var það og hafði verið lengi. Lítið um upphvott. Ef mikið var haft við var notuð aska eða smjör til að fægja spæni ef átti að fá á þá fallegan glans.²⁸⁴ Þegar Konrad Maurer ferðaðist um Öxnadal árið 1858 kom hann á bæ þar sem tekið var á móti honum af mikilli gestrisni og var honum boðin mjólk. „Þegar gestgjafinn tók eftir að hár hafði fallið í hana fór hann hiklaust með skítuga lúkuna ofan í mjólkina til að taka það upp. Við fengum skyr, en hornspænirnir, sem borða átti með, höfðu greinilega ekki verið þvegnir í mörg ár“.²⁸⁵ Maurer þambaði mjólkina og át skyrið.

Talað var um leirtau þegar ílát úr gleri og leir voru meðhöndluð og eftir að svokallaðar spilkomur (leirskálar) tóku við af askinum. Þá var farið að nota diska og föt úr leir í stað tréíláta og -fata, eins og skerdiska, skerfata, soðfata, hnífapara og annað það sem notað var við mat, hvort sem þau voru úr tré, tini, gleri, leir eða öðrum efnum. Leirtauið var yfirleitt þvegið úr vatni eftir hverja notkun, í vaskafati, byttu eða bala og hver hlutur þurrkaður með tusku. Diskaþurrkan var svo hengd á krók til þerris. Hún var soðin af og til.

²⁸¹ *Sarpur* á <http://sarpur>. Spónastokkur, spónn. Sótt 22.3.2016

²⁸² Hallgerður Gísladóttir, 1999. Bls. 13.

²⁸³ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

²⁸⁴ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

²⁸⁵ Maurer, Konrad, 1997. Bls. 155-156.

²⁸⁰ Þjskj. Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar Nr. 76. Bls. 34.

Um og eftir aldamótin 1900 var Sigurlaug M. Jónasdóttir, sem átti heima í Skóarabænum á Sauðárkróki, oft send upp í Skarð í Gönguskörðum til að ná í mjólk, úr kúnni sem faðir hennar hafði komið fyrir þar til hirðingar í fjósi gegn mjólkurleigu. Hjónin í Skarði voru bláfátæk, með tíu börn. Oft kom Sigurlaug í Skarð „í þann mund, sem Sigríður var að þvo matarílátin eftir hópinn sinn. Hún sápuþvoði þau en það lá við að væri einsdæmi í þá daga. Hún hafði tvær fötur standandi hjá sér við borðkrílið. Í annarri fötunni var sjóðandi vatn, en í hinni skolaði hún af diskum og skálum. Að því loknu raðaði hún ílátunum heitum upp í rekkinn, sem einnig var táhreinn og þar lét hún þau þorna“.²⁸⁶ Sigurlaug hafði rétt fyrir sér í því að svona þvottur var ekki viðhafður á hverju heimili þá en einmitt um þetta leyti breyttust uppþvottasiðir eins og önnur eldhúsvörk.

Í gömlum kennslubókum er víða bent á hve miklu máli skipti að hafa allt umhverfi matar þrífalegt. Í *Matreiðslubók* frú Jóninnu Sigurðardóttur frá 1927 er útskýrt hvernig sóttkeikjur geta komist í matinn „með óhreinum höndum þeirra, sem með matinn fara“.²⁸⁷ Hún benti á að besta sóttvörnin væri löng suða og hrein matarílát. Þá segir:

Ef matseljan eða eldastúlkan er sóði, getur hlotist af því mikið ilt. Maturinn getur af þeim ástæðum orðið óhollur eða jafnvel banvænn [...]. Því miður kemur það alloft fyrir, að eldhússtúlkur eru erkisóðar og kemur það venjulega af hugsunarleysi og óhagsýni [...]. Það er því miður algengt, að eitt af aðaleinkennum eldhússtúlkunnar er óhreinar hendur og kolkrímótt andlit. Satt er það, þær verða að standa í mörgu, hella úr koppum og kynnum, þvo gólf, sækja kol, mó og tað, fást við sótuga potta og fleira, [...]. Eldhússtúlkan er venjulega vorkunn, þó að þær sjeu sóðalegar, því að oft er heimtað af þeim, óæfðum og ólærðum, heilmikið starf, sem heimtar vandlega tilsögn og æfingu. Er nokkur von til, að eldhússtúlkan þvoi sjer, er hún hvorki hefir þvottafat, sápu nje handklæði? Þvottafat, sápa og handklæði þarf að vera í hverju eldhúsi [...] Það er hryggilegt að sjá stúlkur smyrja brauð með sótugum og skítugum höndum, eða sjá þær handleika mjólkurílát, eftir að þær hafa helt úr næturgagninu með sömu hendinni. [...] Í hverju eldhúsi

eru vanalega ljereftstuskur mjög ískyggilegar útlits, sem kallaðar eru á danski íslensku „karklútar“. Þessar rýjur eru notaðar til margra hluta: Þvo innan matarílát, þurrka af skeiðum og hnífum og þvo eldhúsbörðið, hyllur og sillur o.s. frv. Því miður ferst oft fyrir að þvo úr klútnum sjálfum.²⁸⁸

Myndin sem Jóninna bregður hér upp var víst algeng. Ástandið batnaði eftir því sem leið á 20. öldina en það fylgdi ekkert fremur heimilishaldi í torfbæjum en í timbur- og steinhúsum.

Önnur ílát

Ýmis önnur ílát voru til en þau sem þegar hafa verið talin. Þeirra á meðal voru kopparnir, sem þjónuðu óæðri enda meltingarvegsins, ef svo má að orði komast. Þeir voru jafn nauðsynlegir og matarílátin en þrífnaður þeirra var með öðrum hætti. Hið sama gildi um ýmsa aðra dalla, eins og t.d. spýtubakkana, sem hér verður betur vikið að sem og umbúnaði og umhirðu sem ílát þessi kröfðust.



Koppur (hlandkolla, næturgagn) undir baðstofurúmi í Glaumbæ um hábjartan dag var ekki algeng sjón fyrr á tímum. Hann er kominn í hlutverk sýningargrips og fær að vera fyrir allra augum allan sólarhringinn. Ljósm. BSk./S.S.

Koppar

Kamarkollurnar voru ívið stærri en næturgögnin sem hver maður hafði aðgang að allar nætur. Það voru trékollar svo veigalitlar að þær voru aldrei metnar til fjár, ekki fremur en askarnir sem étið var úr. Þetta tvennt var þó nauðsynlegt að eiga.

²⁸⁶ Sigurlaug M. Jónasdóttir, 1962. Bls. 63.

²⁸⁷ Jóninna Sigurðardóttir, 1927. Bls. 27.

²⁸⁸ Jóninna Sigurðardóttir, 1927. Bls. 29-31.

Enginn var maður með mönnum nema eiga bæði kopp og ask. Þeir sem ekki höfðu aðgang að sérstökum náðhúsum (kömrum eða kamarkima) urðu að notast við kopp þegar þeir þurftu að bregða brókum sínum innanbæjar. Þess vegna má merkilegt heita að Björn Halldórsson (1724-1794) í Sauðlauksdal sem skrifaði fyrir ungar „dáyndis-kvinnur“ um húsmóðurstörf og barnaupveldi í ritinu *Arnbjörgu*, sagði ekki stakt orð um hvenær best væri að venja börn á kopp.²⁸⁹



Messingsgjardagirt kolla með handfangi úr messing í eigu Skógasafns. Setan er úr tré, töppuð saman úr tveimur pörtum en botn og lok úr einu tré. Ljósmynd. Einkaeign/S.S.

Koppur, náttpottur, næturgagn, hlandkolla, eða hvað sem ílátið var kallað, var undir hverju rúmi, allar nætur, við hendina, til að pissa í. Fáar heimildir eru um ílátið fyrr en á 19. öld þannig að nákvæmar útfærslur á þessum þarfapungum eru ekki þekktar fyrir þann tíma. Flest voru þessi þing forgengileg stafailát sem gátu enst í mannsaldur eða tvo ef vel var farið með þau, sé miðað við 19. aldar kollurnar sem varðveittar eru í minjasöfnum landsins. Flestar eru þær um 20 sm í þvermál og dýptin 20-30 sm.

Talað var um hlandkollur þar til á 19. öld að almennt var farið að tala um hlandkoppa og er enn eitt dæmið um breytt nöfn á ílátum.²⁹⁰ Kollurnar drógu nafn af hlutverkunum eins og eftirfarandi kveðskapur gefur til kynna:

Steinkoppur af þeim stærstur er
stendur hann frammi í dyrum.

²⁸⁹ Rit Björns Halldórssonar, 1983. Bls. 94, 423 - 474.

²⁹⁰ Elsta dæmi um kopp, í merkingunni hlandkolla, samkvæmt *Orðabók Háskóla Íslands*, á <http://lexis.hi.is>, virðist frá 1832.

Járnkoppinn líka leit ég hér
Lagg'brotinn var hann fyrrum;
trékopp og tinkopp með
traustan fékk blýkopp séð
blikkkoppinn einn ég á
leirkoppinn Leifi spyr um.²⁹¹

Steinkoppurinn, við dyrnar, hefur væntanlega verið handlaug til að þvo hendur sínar í áður en gengið var til bæjar. Laggarbrotni járnkoppurinn hefur sennilega verið notaður við matarsuðu. Járn-, tin-, blikk-, blý- og leirkoppar voru fremur notaðir undir mat eða mjöð en til að pissa í.

Komið þér sælir herra Popp,
þetta er ljóta klandrið.
Konuna mína vantar kopp
undir næturhlandið.

Svo sagði karl sem kom til Popps kaupmanns á Sauðárkróki um aldamótin 1900 og vísar til þess að þeir voru þá farnir að fást í verslunum. Áður fengust ýmsir við koppasmíðina. Þöntun gat hljómað svo:

Komið þér sælir koppasmiður,
kopp einn vildi ég fá hjá yður,
sem að í er valinn viður,
svo vökvænum ekki glutri hann niður.

Kollurnar voru margar með sérnöfnum, svo sem Lagga-Víð, Lága-Móra, Lága-Víð og Háa-Þóra.²⁹² Ýmsir kölluðu kolluna Sturla (frb. studla), samaber baðstofustemningsvísuna:

Orð Guðs og ullin (frb.udlin),
allt var í blandi,
þar stóð hjá stullinn (frb.studlinn)
stækur eins og fjandinn,
hálfur af hlandi.²⁹³

Framburðurinn gat valdið misskilningi eins og hjá kerlingunni sem misskildi alveg fjórða vers Passíusálmannna. Hún hélt að þar ætti að vera „Pétur með sturlann stærsta“²⁹⁴ en ekki sturlan stærsta, enda eðlilegt að almúgakerling teldi Pétur postula eiga stærsta koppinn. Önnur kerling vildi taka

²⁹¹ ÞMS 8073 karl f. 1908.

²⁹² ÞMS 8088 karl f. 1902 úr Snæfells- og Hnappadalssýslu.

²⁹³ ÞMS 8073 karl f. 1908 úr Árnessýslu.

²⁹⁴ Jón Árnason, 1956. Bls. 48.

koppinn með sér í gröfina ef svo færi að hún vistaðist hjá kölska í framhaldslífinu. Hún ætlaði ekki að treysta á að hann útvegaði henni kopp. Kopplaus kerling var ósjálfbjarga. Líka þar. Um það vitnar gamall húsangur sem segir:

Lífið hefur mér löngum kennt
að líða, þjást og missa,
koppurinn minn er kominn í tvennt,
hvar á ég nú að pissa?



Hvítemaljeraður 20. aldar koppur. Mikil kostagripur og auðveldur í þrifum, miðað við trékollurnar sem áður voru notaðar. Leggurinn var leikfang. Ljós. BSk./S.S.

Ef kopparnir voru ekki þrífir reglulega settist í þá hlandsteinn. Koppeigandinn eða þjónusta hans þreif koppinn. Þegar Svanhildur Steinsdóttir í Neðra-Ási var orðin liðtæk stelpa, á þriðja áratug 20. aldar, fékk hún ýmis þarfaverk til að sinna, sagði hún. Þeirra á meðal voru að „búa um rúmin, hella úr koppunum og skola þá úti í læk. Og síðan raða þeim í koppaskotið“²⁹⁵, sem var bak við hurð í hlóðaeldhúsinu. Trékollurnar viku fyrir emaljerauðum járnkoppum, postulíns- og leirkoppum á fyrsta fjórðungi 20. aldar. Um 1930 höfðu emaljeraðir koppar velt trékollunum úr sessi. Þrjár hlandkollar koma upp þegar nafninu er flett upp í *Sarpi* þótt aðeins ein sé skráð á því nafni. Níu hlandkoppar eru skráðir þar en á sjötta tug af óskilgreindum koppum og kollum sem gátu hafa verið næturgögn.²⁹⁶

Setustólar, eins og gengið var með á milli húsa og herbergja, voru heilir niður með gat í setu og kopp

undir. Lok var á þeim fyrir koppinn. Engar heimildir eru um slíka gripi hérlendis og engir varðveittir. Ómögulegt er að fullræða um hvort þeir voru algengir eða ekki. Setustólar voru bæði fyrir börn og fullorðna. Flestir slíkir stólar sem t.d. Nordiska museet varðveitir voru ætlaðir börnum.²⁹⁷ Úti í Evrópu gengu þjónar um hús höfðingja með þannig stóla, eða kistur.²⁹⁸ Til gamans má geta þess að ferðaklósett Friðriks konungs VIII, frá Íslandsheimsókn hans 1907 er varðveitt á Þjóðminjasafninu og líkist lágum stólkolli.²⁹⁹



Dæmi um setustól með gati í setu. Undir gatinu er koppur á hillu. Aftan á stólnum var loka til að ná koppnum út um. Stóll þessi er varðveittur í safni íslenskra vesturfara á Heclueyju í Manitoba, í Kanada og alls óvíst hvoru megin Atlantsála fólk kynntist honum þótt talið sé að hann eigi íslenska fyrirmynd. Ljós. Einkaeign / S.S.

Á sumum bæjum var ákveðinn koppur útnefndur til lyfjagerðar og látinn safna í sig hlandsteini sem var mulinn niður og tengdist heilnæmi í hugum fólks á þeim tímum en ekki óþrífnaði.³⁰⁰

Blikkfata með trésetu og loki var ágæt sem kamar-kolla. Myndin er tekin í kjallara í Reykjavík 1983. Kollan hafði þá ekki verið notuð í langan tíma. Ljós. Einkaeign/S.S.



²⁹⁵ Svanhildur Steinsdóttir, f. 1918.

²⁹⁶ <http://sarpur.is/Leit.aspx?search=hlandkolla&filter=895-amp;typeID=15; hlandkoppur&filter=895&typeID=15>. Hlandkolla, hlandkoppur, næturgagn, koppur, kolla. Sótt 22.1.2016

²⁹⁷ Lindström, Ulla, 1970. Bls. 23-32.

²⁹⁸ Rosên, Sander och Wetter, Bertil, 1970. Bls. 174-175.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1997. Bls. 186.

²⁹⁹ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=316968>. Sótt 10.2.2016.

³⁰⁰ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 33.

Á 20. öld var yfirleitt höfð seta eða bekkur yfir kamarkollunni eða -fötunni, eftir því hvort var notað. „Mun hún hafa verið tæmd kvölds og morgna, eftir fólksfjölda [...] Ég vissi líka til þess að karlar báru burt fötuna úr innikamri, en trúlegt þykir mér að konur hafi að öðru leyti haldið kömrunum hreinum“³⁰¹, sagði Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir frá Hofsgarði.

Koppar halda enn gildi sínu og þjóna yngstu kynslóðinni vel og dyggilega. Þrifnaður þeirra í dag er ekkert líkur því sem áður var. Nú eru þeir burstaðir og þvegnir úr sápu eftir hverja notkun og eru þar að auki úr plasti.

Spýtubakkar

Á 18. öld var talsvert orðið um að fólk notaði nef-tóbak og sumir tóku upp í sig eins og það var kallað. Eldra fólkið tók í nefið og vörina. Yngra fólk reykti pípu eða vindla. Tóbak var skorið og geymt í pung, pontu og dósum, sem sjaldan eða aldrei voru þvegin. Notað var bogið egglega tóbaksjárn og tréfol til að skera tóbakið á. Keypt var samantressað stykki úr tóbakslaufum í kaupstað og það saxað á tóbaksfjölinni, eins smátt og mögulegt var áður en það var látið í pontuna eða punginn.³⁰² Tóbakinu fylgdi sóðaskapur, hrákar og spýtingar um allt. Flestir snýttu sér í vasaklúta, sem voru óþverrastykki að þvo en margir snýttu sér með fingrunum útívið.³⁰³ Einstaka fólk snýtti sér í bréf og henti því svo á eldinn.³⁰⁴



Karl sker tóbak með járni með þremur blöðum. Flest tóbaksjárn voru með einu blaði. Myndin er tekin um 1940. Ljós. HSk. PJ 6933 / Páll Jónsson.

Þegar ég var krakki þekkti ég karl sem gat spýtt munntóbaki sínu svo langt að keppni var haldin milli okkar leiksystkinanna um það hvort einhver gæti spýtt eins langt og hann. Enginn stóð honum á sporði með það og sennilega gerðum við honum rangt til með því að gantast með þessar langspýtingar hans því þessi annálaði tóbakskarl vildi spýta tuggunni sem lengst burt, þangað sem börn voru síst á ferð eða annar umgangur. Heima hjá sér notaði hann spýtubakka og hitti alltaf í hann. Spýtubakkar, -dallar og -dollur eiga styttri sögu en tóbakið. Þeir tengdust berklafaraldri sem gekk um og eftir 1900 og var erfiður mörgum fjölskyldum. Fátt var til bjargar berklaveikum á þeim tíma. Til-koma fúkkalyfja og bólusetningar gjörbreyttu lífs-líkum fólks. Hjörleifur Kristinsson á Gilsbakka sagði það hafa verið mesta sigur læknavísindanna, á sinni ævi, að sigrast á berklunum, sem allir óttuðust jafnmikið og krabbamein.³⁰⁵ Sigríður amma mín óttaðist berkla enda átti hún hræðilegar bernskuminningar sem tengdust þeim. Hún missti þrjú systkini sín úr berklum.



Ýmsir gengu með hrákadollu í vasanum til að spýta í. Þær eru ekki nefndar svo í Sarpi en fljótt á litið eru a.m.k. tvær dollur þar skráðar sem dallar. Ljós. BSk./S.S.

Vegna smithættu á berklum ömuðust læknar við því að menn spýttu um allt og bentu fólki á að spýta í bakka eða dalla. Þannig má tengja svokallaða spýtubakka og hrákadalla við baráttu hjúkrunarfólks við berkla. Þetta voru trékollur, emaljeraðir leir- eða glerdallar með og án loks, sem tæmd voru daglega og skoluð eða skúruð.³⁰⁶ Aska, sandur eða lýsól voru sett á hreinan botninn. Spýtubakkarnir náðu aldrei mikilli útbreiðslu í heimahúsum en voru lengi í opinberum byggingum s.s. skólum og kirkjum til að koma í veg fyrir að menn spýttu á gólfín. Sigrún frá Sölvanesi mundi eftir finum spýtubakka á kirkjustaðnum og var sá með bréfi í botninn í stað ösku.³⁰⁷ Í *Sarpi*

³⁰¹ ÞMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

³⁰² ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁰³ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

³⁰⁴ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁰⁵ ÞMS 8183 karl f. 1918.

³⁰⁶ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

³⁰⁷ ÞMS 7855 kona f. 1897.

eru skráð um þrjátíu ílát til að spýta í og ýmist kölluð spýtubakkar eða hrákadallar.³⁰⁸

Þrátt fyrir að ílát þessi væru til notuðu þau ekki allir, eins og sagan af karlinum, sem kom inn á fínt kaupmannsheimilið, sýnir. Sá þurfti að spýta munntuggunni. Vinnukonan sá það og bauðst til að rétta honum spýtubakkann en hann bað hana blessaða að vera ekki að ómaka sig og spýtti á gólfið. Hæverskan gat verið á skjön við veruleikann og aðstæðurnar. Notkun vasaklúta jókst eftir því sem leið á 20. öld. Merkileg er hve margir stunda það enn að skyrpa út um allt. Það ætti að vera sjálfsögð tillitssemi að nota vasaklúta, salerni eða önnur niðurföll til þess að spýta í og snýta sér. Margir snýta sér hvar sem er með fingrunum. Á skínandi sólskinsdögum má sjá afleiðingar þessa ósiðs á gangstéttum og þar sem náttúran felur ekki verksummerkin. Á íþróttavöllum nútímans sjást t.d. ýmsir garpar spýta eitthvert úti loftið og dreifa sýklum sínum án nokkurrar umhugsunar.

III Bæjarbúnaður og -þrif


Ekki er hægt að fullyrða hve oft húsbúnaður var þrífinn fyrr á öldum. Um miðja 19. öld sagði séra Þorkell Bjarnason að það hefði tíðkast að þrífa og skúra húsgögnin um leið og gólfið var sópað.³⁰⁹ Bæjarhreingerningar fóru ekki endilega fram á laugardögum og því síður alla laugardaga. Valdir voru sólríkir dagar. Rúmföt og önnur föt og allt lauslegt innanhúss var borið út, viðrað og þvegið. Borð, stólar, bekkir, hillur og hvers kyns lausir dallar í búi og eldhúsi og allt ómálað var sandskúrað og skolað upp úr köldu vatni. Gólf, þil, hurðir og dyrastafir, fastar hillur í búi og eldhúsi, skápar og kassar, klápar og jafnvel raftarnir í eldhúsinu voru þvegnir. Sömu leiðis milligerðin milli básanna hjá kúnum í fjósinu og skammelið sem setið var á við mjaltirnar.³¹⁰ Þegar mikið stóð til var regla, á mörgum bæjum, að hafa dagamun í mat og ekki spillti gleðinni ef blíðuveður var og borðað var úti undir vegg.³¹¹

³⁰⁸ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Spýtubakki, hrákadallur. Sótt 21.11.2015.

³⁰⁹ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls. 189.

³¹⁰ ÞMS 11386/1994-3, kona f. 1913.

³¹¹ ÞMS 7855 kona f. 1897; 7832 karl f. 1899; 8001 kona f. 1908; 8063 kona f. 1901; 7844 kona f. 1908; 8597/1986-2, kona f. 1908.



Margt hafði áhrif á hvernig gekk að halda húsum hreinum. Væri innangengt í fjósið gátu óhreinindi gengist þaðan og inn í hífýli manna. Myndin er tekin í fjósinu á Skottastöðum 1935. Halldór Jóhannsson stendur á stéttinni í skinnskónum sínum. Stétt og flór eru grjótlögð eins og í festum fjósum þess tíma og stéttin þurr að mestu. Úr loftinu hangir halaband. Kýr voru bundnar á bása bæði á háls og hala. Hálsband eða klafi var um háls þeirra og bandið fest við jötuna. Halaband var fest í loftbita og í halann til að koma í veg fyrir að hann lægi ofan í flórinn. Mikilvægt var að halda mjólkurkúm sem þrifalegustum og þannig var reynt að fyrirbyggja óhreinindi á kúnum, sem slógu sig og aðra með blautum halanum ef hann lá ofan í flórinn. Flórmokstur og önnur fjósþrif voru mikilvæg verk sem börn og fullorðnir tóku þátt í. HSk. BS 432/Bruno Schweizer.

Skúringar voru alltaf háðar aðstæðum og þrifnaðartilfinningu húsráðenda. Íveruhús, þar sem fólk svaf, voru yfirleitt þiljuð að innan. Á því voru auðvitað ýmis tilbrigði og á stöku stað skýldu engar þiljur tilverunni. Auðvelt var að þrífa þiljaða vegg, gólf og súðir úr tré en gerð þeirra og ástand gat haft áhrif þar á. Þiljur voru í allskyns útgáfum og hús oft hólfað sundur í klefa, skápa og herbergi. Oddur Einarsson sagði að veggir íveruhúsa á 16. öld hefðu yfirleitt verið þiljaðir innan og að baðstofurnar væru víða stúkaðar sundur með þvergólfi í miðju húsi og með trébekkjum. Borð, skemlar og sæti voru höfð hærri en gólfin „til að

nýta sér hitann, sem alltaf leitar upp³¹², eins og Oddur útskýrði. Þannig var hægt að nýta hitann sem best.

Húsgögn eins og bekkir og borð voru meira og minna áföst húsum fram á 18. eða 19. öld en þá voru stofurnar „mublaðar upp“ með lausum borðum, rúmum, kistum, skattholum og hverju einu sem fólk gat eignast. Samkvæmt rannsóknnum Arnheiðar Sigurðardóttur var búsbúnaður ríkulegastur á 15. og 16. öld.³¹³ Frá 16. öld og fram á þá 19. breyttist heimilishaldið. Hirslum fækkaði og fátt var annað í stofum landans en kistlar, kistur og einstaka stóll um 1800. Þetta breyttist er leið á 19. öldina, þótt margir ættu fátt af lausamunum undir lok hennar miðað við nútímann. Sjálfsbjargarviðleitnin var rík og „gamalt hurðarflak“³¹⁴ gat breyst í borð, eins og þegar Sigurlaug Jónasdóttir og Theodor Friðriksson settust að á Mosfelli í Göngu-skörðum haustið 1902.

Þegar farið var að nota eldavélar um og upp úr 1870 breyttist tilhögun í baðstofunum og farið var að skipta þeim upp í herbergi. Þá fjölgaði einnig innanstokksmununum. Komin voru borð og stólar á flest heimili í byrjun 20. aldar, eins og var í hjónaherbergi baðstofunnar í Sölvanesi. Í miðherbergi baðstofunnar var eldavélin, diskarekki og tveir skápar, sem notaðir voru sem borð. Járnror lá frá eldavélinni upp um þakið. Í endaherberginu var lítil kabyssa, sömuleiðis með röri upp um og í gegnum súðina og út um þakið.³¹⁵

Búnaður baðstofukytrunnar í Hofsgarði á Höfðaströnd var þannig að meðfram annarri langhliðinni voru þrjú rúm og kommóða aftan við. Á veggnum ofan við hana var bókahilla og klukka. Við hina langhliðina var eitt rúm, eldavél og gangnadyr. Ofan við eldavélina var bollaskápur og við hlið hans annar lítill skápur. Gluggi var á öðrum baðstofustafninum. Undir því stóð borð sem dregið var fram á mitt gólf þegar þurfti. „Það var til allra hluta nýtsamlegt, við það borðaði fjölskyldan, á því var stundum búið til brauð, gengið frá þvotti, saumuð fót á fjölskylduna, fönðrað við smáhluti,

góðgerðir bornar fram fyrir gesti, og við það voru börnin skírð“³¹⁶, sagði Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir. Hún sagði að á þriðja áratug 20. aldar hefði jólahreingerningin farið þannig fram:

Allt var þvegið og hreinsað, sem hægt var, allir sem gátu tóku þátt í því, í allra vitund, varð allt að vera eins hreint og hægt var þegar heilög jól gengu í garð. Verkum var skipt, allir fengu verk við sitt hæfi. Nýja baðstofan í Hólakoti var stærri en venjulegar, á þeim tíma. Stóru bræður mínir tóku hana að sér, venjulega, hún var í þrem hlutum og mjög há, hefir líklega átt að koma loft. Þ.e.a.s. setja trjáviðarborð á þverbitana [...] en það varð aldrei neitt úr því. Þakið var klætt að innan með skarsúð, en panell í þiljum, allt ómál- að. Við yngri krakkarnir vorum látin hjálpa til eftir getu, svo áttum við að bera ábyrgð á tiltekt í skála og á skálofti, pabbi tók til í skemmunni svo hjálpuðust þau að, hann og mamma að hreinsa niður fjósið. Mamma sá um búr og eldhús. Einn var sá staður í bænum, sem var þyrnir í augum okkar, það voru göngin, þau voru alltaf jafn svört og ljót. [...] Pabbi minn varð að hlusta á rausið í okkur en átti ekki hægt um vik, að bæta úr, engin klæðning var til á gólf og vegg, ekkert hægt að kaupa. Gólfið í göngunum var mishátt, moldargólf, sem aðeins var hægt að sópa. En nú datt pabba nokkuð í hug, hann smíðaði grindur og setti í hvert hól, þetta var snjallræði, þær var hægt að þvo hvítar, eins og gólfin inni, og svo var hægt að þvo þær úti þegar gott var veður og hreinsa undan þeim rusl.³¹⁷

Sé hægt að setja finger á einhverja reglu í sambandi við húspvotta má segja að hreingerningar að vori og fyrir jól hafi verið lengst af í gildi. Á vorin var hver einasta þjatla borin út á hlað en jólahreingerningin var minni í sniðum. Enda ekki hægt að bera allt út úr bænum um hávetur. Þá var treyst á fátækraþerri til að hægt væri að þurrka þvottinn. Á aðfangadag var „allt fægt, matarílát, hnífapör, kertastjakar og lampar. Sængurfötin voru viðruð og gólfin skúruð, fólk fór í bað og hafði fata-skipti.“³¹⁸ Fólk skapaði sér eins falleg heimili og kostur var en til þess þurfti að halda ströngum aga á umgengni og tilhaldi. Hvað fólki fannst verður aldrei mælt eða vegið og aldrei tjáð í orðum því í

³¹² Oddur Einarsson, 1971. Bls. 94.

³¹³ Arnheiður Sigurðardóttir, 1966. Bls. 107-137.

³¹⁴ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 298.

³¹⁵ ÞMS 7855 kona f. 1897.

³¹⁶ ÞMS 11386/1994-3, kona f. 1913.

³¹⁷ ÞMS 11386/1994-3, kona f. 1913.

³¹⁸ Árni Björnsson, 1963. Bls.80.

gamla daga var ekki gert of mikið úr hlutunum, hvorki þrifatengdum né öðrum. Fólki var ekkert fyrir það að vekja athygli á vanda sínum ef einhver var og skammaðist sín jafnvel ef fátækt var um að kenna því hversu ósanngjarnt sem það var að þá var litið á hana „sem vott um ónytjungsskap, útsjónarleysi, framtaksleysi og heimsku“.³¹⁹



Hér er allt þiljað í hólfi og gólf nema veggurinn við hliðina á stráknum. Myndin er frá Vesturhópshólum 1935. Steinn (lóð) sem hangir í spotta á móti stráknum er hluti af dráttarbúnaði, til að draga hurðina sjálfkrafa aftur, á sinn stað, þegar gengið var um hana. Ljós. HSk. BS 2291/Bruno Schweizer.

Dyr og hurðir

Þröskuldarnir voru andlit heimilisins og skúraðir um leið og gólfið en sennilega voru hurðir sjaldan skrúbbaðar eða þrífarnar öðruvísi en að strjúka af þeim ryk og augljós óhreinindi. Fínþússaðar og skafnar spjaldahurðir voru auðveldari í þrífum en t.d. plankahurðir eins og hafa fundist í jörðu í uppgröfnum húsaleifum í Þjórsárdal og á Grænlandi voru auðveldari í þrífum en óskafnar flekahurðir.³²⁰ Járnalaus okahurð, sem er fyrir inn-

gangi baðstofunnar í Glaumbæ og sögð forn að gerð, er öll vel skafin og þægileg í skúringum.

Ýmsar útgáfur voru á hurðabúnaði. „Þú Þorkell skalt halda í hurðarhringinn því að því trúir eg best að þér verði eigi um felmt en Glúmur skal skjóta slagbrandi fyrir dyr“³²¹, sagði Grímur á Eyvindará. Söguritari gat varla betur lýst umbúnaði á útihurð í einni setningu. Hurðahringir úr messing eða kopar eru oft nefndir í stað handfangs en slagbrandar sjaldnar.³²²

Dyrum var ýmist lokað með slagbrandi, lás, loku, klinku eða snerli. Slagbrandur var járnsvæif eða tréstöng sem náði yfir alla hurðina frá einum dyrastaf til annars. Annar endinn leikur í lykkju. Sá lausi er með krók sem smeygt er í lykkju á andstæðum dyrastaf þannig að honum þurfti að lyfta upp til að opna dynar. Talað var um hjar(a)fastar hurðir.³²³ Hjörur og lamir þurfti að smíða á hurðir og kistur, oftast úr járnþótt annað fyrirkomulag væri þekkt. Hurðajárn ryðguðu og var reynt að verjast því með því að þússa þau með ösku og bera lýsi á þau.³²⁴

Svokallaðar skellihurðir voru á hjörum og gátu opnast í báðar áttir og skullu aftur sjálfkrafa. Þær voru ágætar til að verjast súg og ryki. Algengt var að staðsetja skellihurð fremst eða innst í göngum. Gáttir og göt voru oft klædd með pappír, eftir að viku- og dagblaðatíð rann upp. Búr- og eldhúsdyr voru yfirleitt læstar. Lyklarnir voru geymdir í vasa húsmóðurinnar eða þess heimilismeðlims sem fór með lyklavöldin innanhúss enda mátti ganga þar að matvælum. Hvorki húsmæður né húsbændur kærðu sig um að allir kæmust að matnum hvenær sem var. Miðað við heimildir gildi það fyrirkomulag sennilega allan torfbæjartímann.³²⁵ Allur matur var skammtaður og umgengni um hann laut ströngum reglum.

³²¹ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 326.

³²² DI. III, 1896. Bls. 514, 577; VII, 1903-1907. Bls. 591.

³²³ DI III, 1896. Bls. 482; IV, 1897. Bls. 153, 162, 173, 180, 184, 222, 434, 684, 689; V, 1899-1902. Bls. 586, 643. VII, 1903-1907. Bls. 591.

³²⁴ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

³²⁵ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 558. *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 71.

³¹⁹ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³²⁰ *Forntida gårdar i Island*, 1943. Bls. 210.



Strákur situr á baðstofuskörinni. Vinstra megin við hann er dyragættin klædd með striga til að verjast ryki og súgi. Ljósm. HSk. BS 442/ Bruno Schweizer.

Gólf

Sumar konur þvoðu gólfinn einu sinni í viku á fyrri hluta 20. aldar og á sumum bæjum voru gólf þvegin daglega ef margt var um manninn og óhreinindi bárust inn.³²⁶ Þannig var það ekki alltaf. Gólf voru ýmist þiljuð timburgólf eða ber moldargólf (jarðvegur). Hægt var að skúra timburgólfinn en ekki hin. Heimildir eru um að til forna hafi menn stráð hálmi á gólf sem gat verið skynsamlegt og notalegt.³²⁷ Mosa var hægt að nota í sama tilgangi. Ekki kemur fram hvort hálmur var á gólfinu á Flugumýri 1237 þegar Kolbeinn ungi og Guðmundur Ásbjarnarson sátu þar flötum beinum og tefldu kotru.³²⁸ Skálagólfinn virðast flest hafa verið ber moldargólf, nema sá hluti þar sem talað er um palla. Þverpallar í skálum og stofum til forna voru sennilega við húsenda eins og í Gröf.³²⁹ Talað var um að gólf væru á palli eða „á lofti“, ef loftaði undir þau.³³⁰ Baðstofan í Vík var öll á lofti á 18. öld eins og baðstofan í gamla bænum í Glaumbæ, þar sem gengið er upp á pallinn um eitt

til tvö þrep.³³¹ Talað var um pallbaðstofur þegar allt gólfíð eða hluti þess var á palli en bekkbaðstofur þar sem fastir trébekkir voru meðfram langhliðum.

Moldargólf tróðust niður undan mjúkum skósólum kynslóðanna. Á löngum tíma myndaðist grjóthörð og gljáandi gólfskán, sem smám saman þykknaði. Moldargólfinn vildu blotna þegar gengið var um á blautum skóm. Ný moldargólf voru sérlega viðkvæm fyrir bleytu og óðust upp en gömul troðin moldargólf, með harðri þéttri skán sem glampaði á þegar þau voru sópuð, vörðu sig vel. Ástand árs-gamals baðstofugólfsins á Hlíðarenda haustið 1880 var svo slæmt að það óðst upp í for þegar blautir og snjóugir næturgestir báðust gistingar þar. Og var hvergi hægt að leggjast á það.³³²

Ástand trégólfanna varð slæmt ef fólk hirti ekki um þau að staðaldri. Þá safnaðist á þau skán sem tróðst niður þannig að þegar loksins var ráðist í hreingerningar þurfti jafnvel að skafa gólfskánina upp með ljá eða reku, til að komast niður á gólf-fjalirnar. Svo mikið gat dofnað yfir þvottalöng-uninni að fólk lét duga að skafa af gólfinu einu sinni á ári og þá var það ekkert áhlaupaverk. Fyrst þurfti að bleyta gólfskánina með vatni og þar næst að moka hana af. Þá var hægt að sandskúra gólf-fjalirnar. Dæmi voru um að fólk gleymdi að timburgólf væri í baðstofunni og rákust ekki á það fyrr en hús voru rifin.³³³ Hvort það var raunin á Miðsitju og Torfmýri á níunda áratug 19. aldar er ósennilegt en Hofdala-Jónas sagði fólk ekki hafa verið stressað yfir gólfskánum og talið fullgott fyrir smábörn „að ganga og skríða á skáninni“.³³⁴

Á 18. og 19. öld reyndu allir sem vettlingi gátu valdið að slíta sig úr viðjum vistarbandsins, sem gildi um þjónustustörf land- og eignalausra. Árið 1771 var sá ósiður sagður ganga á Höfðaströnd „að nær hvör aumingi keppist eftir að brjótast úr þjónustu bændanna og vilja kallast lausamenn“.³³⁵ Þeim fjölgaði stöðugt eftir því sem leið á 19. öld.

³²⁶ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

³²⁷ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 535.

³²⁸ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 398, 494.

³²⁹ Gísli Gestsson, 1959. Bls. 57.

³³⁰ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 58.

³³¹ Guðmundur St. Sigurðarson, Þór Hjaltalín, Guðný Zoëga, 2012. Bls. 13.

³³² Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 82-3.

³³³ Magnús Sveinsson, 1978. Bls. 45-46.

³³⁴ Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 45.

³³⁵ *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, 2016. Bls. 500.

Eftirspurn eftir húsnaði og jarðarpörtum jókst eftir því. Lausafólk og leiguliðar voru á stöðugu flandri og fluttu byggðum á fárra ára fresti á seinni hluta aldarinnar og búið var í öllum kofum sem hægt var að komast í um stundarsakir. Þá reyndi á umgengnina. Baðstofan á Hlíðarenda, sem þau Rannveig Jónasdóttir og Sveinn Árnason fluttu inn í 1879, var óyndislegt tveggja stafgólfa hús, með tveimur rúmum. Veggir voru þiljaðir að hluta og moldargólf. En hún lak ekki.³³⁶ Fólk fjargviðraðist ekkert yfir því þótt ekki væri hægt að skúra gólfið og sumir slepptu því jafnvel þótt trégólf væri. Ólafur í Ási og séra Þorkell frá Meyjarlandi, sem skrifuðu um þrifnað í *Norðanfara*, voru ekki sammála um tíðni gólfþvotta. Þorkell taldi sig oftara hafa séð gólf óhrein en hrein en Ólafur sagði trégólf yfirleitt vel skúruð. „Stundum voru þau talsvert óhrein, en stundum sá jeg að þau höfðu verið nýlega þvegin“.³³⁷



Baðstofa og stofur í Glaumbæ er þiljaðar í hólfi og gólf og tiltölulega þægilegar til skúringa. Ljós. BSk./S.S.

³³⁶ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 82-3. Í 1. bindi *Byggðasögu*, bls. 299-300, kemur fram að á tímabilinu 1879-1910 bjuggu þar ein til átta fjölskyldur.

³³⁷ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 214.

Heimildir geta oft um svo mikinn leka í húsum að gólfir óðust upp í for. Sá vandi gat verið óyfirstíg-anlegur, eins og þegar bændur í húsmannsbýlinu á Tjörn urðu fyrir flóði í hvert sinn sem vatn skóf „úr Flæðitjörn yfir kotið, svo að hnédjúpt vatn gat verið þar á gólfi, þótt ekkert rigndi úr lofti“.³³⁸ Viðbrögð við sífelldum leka var að helluleggja rennu, ræsi eftir gangnagólfinu og fram á hlað og leiða svelginn út í for eða affall við bæjarhlaðið. Ef þök láku óhóflega á vetrum gátu myndast svellbunkar á gólfum og þurfti þá að þakka þá í sundur og fjarlægja.³³⁹ Hofdala-Jónas sagði að það hefði beinlínis verið hættulegt að flýta sér um of frostaveturinn 1880 eftir göngunum í Miðsitjubænum því hætta var á að reka lappirnar í frostkúlur, sem hann sagði að hefðu trónað með stuttu millibili inn eftir öllum göngum.³⁴⁰

Ef minniháttar þakleki hrjáði húshaldið var borin aska eða sandur á gólfir, til að þurrka þau. Sömu-leiðis var ágætt að bera raka ösku á ber moldar-gólfir ef þau ofþornuðu, til að rykbinda þau. Aska var í alla staði ágæt á þau, bæði til að þétta þau og slétta. Á Torfmýri í Blönduhlíð voru óslétt gólfir holufyllt með blautri ösku, skömmu fyrir aldamótin 1900.³⁴¹



Hrosshármotta við stofudyr til að þurrka af fótum áður en gengið er inn. Ljós. BSk./S.S.

Moldargólf voru sópuð með hrísvendi, strá- og hrosshárskústum eða fuglsvængjum. Trégólf voru sópuð með viðeigandi áhaldi. Þau voru sjaldan

³³⁸ *Skagfirskar æviskrár 1890-1910 IV*, 1972. Bls. 231.

³³⁹ ÞMS 8001 kona f. 1908.

³⁴⁰ Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 44.

³⁴¹ Hannes J. Magnússon. 1953. Bls. 16.

máluð en nokkuð var um að fernisolía væri borin á þau, á 20. öld. Það fór vel með viðinn og létta var að þrifa gólfín.³⁴² Á síðasta skeiði torfbæjanna voru gólfðreglar, mottur eða teppi lögð á gólf til að verja þau og voru þau viðruð og dustuð úti, þegar þurfa þótti. Þannig gat það hafa verið um aldir þótt um það finnst engar heimildir. Til að hlífa sokkum og gólfum gekk fólk í inniskóm, sem yfirleitt voru geymdir undir rúmum þegar þeir voru ekki í notkun.

Rjáfur og súðir

Ása- og sperrupök voru helstu þakgerðirnar. Þakgerðin skipti máli um þrif í húsunum. Innanvert kallaðist ópiljað þak yfirleitt rjáfur eða rót en væri það piljað að innan var talað um súð. Ef marka má lýsingar söguritarar á atburðum 11. og 12. aldar má ætla að þök hafi fremur verið ópiljuð en piljuð, eins og í Geldingaholti árið 1255.³⁴³ Tilvísanir í torfbök eru ófáar þótt þeirra sé ekki beinlínis getið í frásögnum. Í *Fornbréfasafni* er talað um tróð, tróðhrís og næfur, til að nota undir þaktorf, til að verja tréverkið fyrir fúa.³⁴⁴ Þök áttu að vera ólek. Ráð til að fyrirbyggja leka, ef ekki var hægt að gera við í snatri, var að smyrja mykju í göt og rifur og myndaði hún harða skán þegar hún þornaði.

Engar heimildir eru um þrif á rjáfrum fyrir en á 19. öld og þá tíðkaðist hjá flestum að losa þau við húsaskúmið.³⁴⁵ Ef gras gréri inn var það ekki rífið fyrir en það drapst. Sagt var að einhver væri feigur ef grasið var rífið lifandi. Sú varúð hefur sennilega helgast af því að ef grasið var rífið lifandi gat verið hætta á að gat myndaðist í þekjuna. Súðin var auðveldari í þrifum en rjáfrið því hægt var að strjúka af henni eða skúra hana. Súð gat verið skarsúð eða með reisifjöl. Munurinn var sá að á skarsúðinni sköruðust tréborðin langsum en reisi-fjölin lá upp og ofan, hlið við hlið og var sléttari og þar af leiðandi þægilegri til þrifa en hin gerðin. „Gamla fólkið heima var ekki eins hrifið af að gera baðstofuna hreina uppi, eins og það þótti sjálfsagt að hafa gólfín hvít“³⁴⁶, sagði Sigrún frá

Sölvanesi, og meinti að fólk var ekki mikið að strjúka af súðinni þótt sjálfsagt þætti að strjúka af gólfínu. Búr- og eldhúsrjáfur voru ekki oft þriffin öðruvísi en fjarlægja skúm og dauðar rætur sem fylltust af kuski og kóngulóarvef.



Opnanlegir gluggar urðu ekki algengir fyrir en á fyrri hluta 20. aldar, þótt þeir hafi þekkst á öldum áður. Það var ekki fyrir en þokkaleg kynding var komin í hús að fólk sá ástæðu til að hafa opnanlega glugga á húsum sínum. Ljós. BSk./S.S.

Gluggar

Skjár, ljóri, gluggi og vindauga voru nöfn sem notuð voru um hin ýmsu „ljósop“ á húsum. Á miðöldum eru nefndir bæði kantaðir og hringlaga gluggar, með og án glers.³⁴⁷ Svo virðist sem gler hafi verið komið í kirkjuglugga og glugga á betri bæjum um og eftir 1200³⁴⁸ en þeir voru þá, og lengi eftir það, smáir og þykkir og tæplega gegnsær. Smáar þykkar glerplötur brotna ekki svo glatt þannig að fólk hefur getað notað glerið aftur og aftur þótt rammar hafi fúnað eða ryðgað og gler var þægilegt í þrifum.

Ekki er talað um gler í baðstofuglugganum á Hallgilstöðum árið 1254 þegar maður stökk út um hann „í skyrtu og línbrókum“³⁴⁹ og útilokað annað en að hann hafi annaðhvort verið rúðulaus eða opnanlegur fyrst hann var mannengur. Stundum er ómögulegt að átta sig á því hvort gluggi var glerjaður eða ekki en svona upplýsingar eru mikilvægar. Gluggar á Skarði á Skarðsströnd 1404 voru með gleri og hurðum³⁵⁰, sem þýddi að þeir voru opnanlegir eða með hlífðarhlerum.

³⁴² ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁴³ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 515-516.

³⁴⁴ DI. VIII, 1906-1913. Bls. 15, 226. Næfur, næfurkollur, er sjórekinn trjábörkur.

³⁴⁵ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls. 189.

³⁴⁶ ÞMS 7855 kona f. 1897.

³⁴⁷ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 165, 189, 456, 487. DI IV, 1897. Bls. 21, 40, 158, 173, 217.

³⁴⁸ DI I, 1857-76. Bls. 407-408, 597. *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 265. *Sturlunga saga* II, 1946. Bls. 130.

³⁴⁹ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 498.

³⁵⁰ DI III, 1896. Bls. 657.

Í flestum baðstofum, á seinni tíð, voru opnanlegir gluggar, „en þeir gátu frosið fastir að vetrinum“.³⁵¹ Ef gluggar voru ekki opnanlegir voru boraðir ventlar í þá, þ.e. göt sem boruð voru í gluggakistuna og út þannig að það loftaði aðeins um gluggann. Þegar kalt var úti og heitt inni þéttist raki innan á glugganum og rann niður hann í gluggakistuna og komst út um þessa ventla eða sponsgöt eins og sumir kölluðu götin. Gluggaþrif virðast hafa verið fremur stopul.

Gluggatjöld


Gluggatjöld sáust sjaldan fyrir gluggum gömlu torfbæjanna og þá helst fyrir stofugluggum, ef þau voru.³⁵² Á einstaka heimilum voru hengd nátttjöld fyrir gluggana og voru þau úr einhverju þunnu léttu efni.³⁵³ Gluggatjöld voru þvegin einu sinni á ári eða sjaldnar en dustuð oftar.

Skjáir

Skjáir voru algengasta gluggagerðin fram á 19. öld. Skjár var með skæni, úr magahimnu dýra eða líknarbelg utan af lömbum, sem voru ógegnisær en báru birtu.³⁵⁴ Skænið var strengt á hringlóttu eða ferkantaða trégrind og látið þorna á henni.³⁵⁵ Gera þurfti fjölda skjáa fyrir hvert ár og voru þeir geymdir í lokuðum kistum. Hér og hvar voru hlífðarhlerar „við hliðskjáinn“.³⁵⁶ Skjávindauga sem nefnt er í Laufási 1198 var skænislaus skjágrind.³⁵⁷

Skjáir voru á íveruhúsum, þ.e. skálum, stofum og baðstofum. Skjággluggar voru ýmist settir beint í þekjugatið eða festir í gat á fjalarstúf sem, samkvæmt Ólafi í Ási, var kallaður gluggaflýðra.³⁵⁸ Skjáir vildu rifna þegar þeir blotnuðu og í roki og rigningu small og skall í skjáskæninu, sem gat þá skapað ógnarhávaða. Í miklum rigningum streymdi vatn inn með þeim svo að setja varð byttur og dalla undir lekann. Helsti ógnvaldur skjásins var heimiliskötturinn. Ef hann gleymdist

úti var hann fljótur að setja loppuna í skjáinn og rífa hann til að komast inn. „Í hríðum fyllti fljótt, gluggasmugur þessar, kunnu menn þann krók á móti Kára, þá hann hafði með glettingum sínum leikið sér við að fylla alla glugga og gjört koldimmt í baðstofunni, þá seildust menn upp í gluggana, kipptu þeim inn og ráku höndina gegnum fönnina“³⁵⁹, sagði Eiríkur á Skatastöðum og átti við skjággluggana. Engin leið var að þrífa skjáina og um leið og skænið ónýttist var því hent í hundana, sem voru sólgirnir í að naga það. Grindin var geymd til næstu nota.



Myndin er af ljóra yfir eldstæði 17. aldar húss á bökkum Eel-ár í Plimoth í Massachusetts. Hún er hér til að gefa hugmynd um hvernig þessi búnaður gat verið. Feldir á bita undir ljóranum eru vel varðir í reyk frá eldstæði á gólfinu. Í miklum úrkomum var húðfeldur dreginn yfir ljóran. Ljós. BSK./G.Z.

³⁵¹ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁵² ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

³⁵³ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁵⁴ Vise=Lavmand Eggert Ólafsson og LandPhysici Bjarne Povelsens Reise igiennem Island, 1772. Bls. 966.

³⁵⁵ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls. 173.

³⁵⁶ Sturlunga saga II, 1946. Bls. 266. Skjár á húshlið.

³⁵⁷ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 197.

³⁵⁸ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 204.

³⁵⁹ Eiríkur Eiríksson, 1985. Bls. 61.

Ljórar, vindaugu og túður

Ljóri var loftop á þaki.³⁶⁰ Ljóri var oft kallaður vindauga, og öfugt. Vindaugu voru opin, hvort sem þau voru á híbýlum manna eða útihúsum.³⁶¹ Þau voru loftræstiop, eins og ljórnir, og sum manngeng, samanber vindaugað á Bægisá sem konur aðstoðuðu mann að flýja út um.³⁶²

Túða eða einhverskonar „strompur var [...] á búr-um og maskínuhúsum, en þessir strompar voru mjóir, svona eins og reykrör eða dálítið ferköntuð túða“³⁶³, sagði kona sem alin var upp í torfbæ í Blöndudal. Túða var sett á húsin til loftræstingar á síðasta skeiði torfbæjanna. Þær voru yfirleitt úr tré en dæmi eru um önnur efni eins og á Torfmýri 1897 þar sem botnlausri glerflösku var stungið upp um þakið og notuð fyrir túðu.³⁶⁴

Loftræsting

Á meðan ofnar voru innanhúss gat verið þungt um andardrátt vegna reyks frá þeim og eftir að þeir hurfu og upphitunin var ekki önnur en fólkið sjálft og ljósin var andrúmsloftið oft kæfandi vegna ljósareyks. Fólki var illa við að missa hitann frá sér. Af þeim sökum var loftræsting oft léleg. Þegar kalt var í veðri voru hús byrgð eins og hægt var. Væri það á ljósátíma varð loftið óþægilegt. Lýsis-reykur fór fyrir brjóstið á fólki „enda var oft eins og þoka í baðstofum uppi af reyk“.³⁶⁵ Í kuldatíðum og þegar hús voru byrgð þannig að ekkert kalt loft komst inn „kom fyrir að fór að dofna ljósið á lömpunum“.³⁶⁶ Innloftið gat orðið svo kæfandi að dæmi voru um að það hreinlega leið yfir menn þegar þeir komu inn frá gegningum.³⁶⁷ Ekki bætti úr skák ef skepnur voru hafðar inni í baðstofu til upphitunar.³⁶⁸ Þá blandaðist daunninn af skepnunum saman við lykt af ljósfærum og misóhreinum fötum.

Innloftið gat orðið óbærilegt við þessar aðstæður, eins og Konrad Maurer komst að árið 1858 þegar hann fékk gistingu á Kotum í Norðurárdal. Karlar og konur sváfu í einni bendu í lítilli baðstofu, og „ofan á raka og loftleysi í yfirfullu herberginu bættust óþrif og óværa, en þrumuveður geisaði úti fyrir“.³⁶⁹ J. Ross Browne, sem fyrr er nefndur og gerði hlutina oft skoplegri en þeir í rauninni voru, sagði að það mætti sneiða andrúmsloft í baðstofunum með kjötöxi og bæirnir ilmuðu af skreið og gærum sem héngu um alla vegg. Hann kvaðst undrandi yfir að menn þyldu að vera þar lengur en eina nótt án þess að koma út skriðandi og jarmandi, með ugga á bakinu.³⁷⁰ Þetta breyttist ekki fyrr en kominn var almennileg kynding og opnanlegir gluggar.

Tilfinning fólks fyrir umhverfi sínu fór eftir tíðarfari, smekk og viðmiðun hvers samtíma. Þetta kemur vel fram í skrifum Elinborgar Pétursdóttur á Sjávarborg til Brynjólfs bróður hennar árið 1845, þar sem hún sagðist ekki vera búkonuleg þótt hún þættist vera það „þó það ætti að heita, að ég væri ekki orðin óþrifnari en konur eru víðast á bæjum“³⁷¹, en sagði jafnframt að sér leiddust búverkin.

Loftop á búrum og göngum voru byrgð ef úrkoma var mikil. Þau voru á einstöku bæ kölluð gufugluggar.³⁷² „Hverjum þykir sinn daunn sætur“, var sagt og átt við það að fólk varð samdauna umhverfi sínu og líkaði best sú lykt sem það var vant. Ýmis ilmefni voru samt notuð til að gefa góða lykt. Ilmreyr var tíndur til að setja í fatakistur til að fá ilm í fötin. Ilmandi reyr „eyðir maur og mukkulykt“ var sagt í gamla daga.³⁷³ Björn í Sauðlauksdal sagði að húsfreyjur ættu að brenna eini eða hrís til að verjast því að bærinn væri „daunillur eða óþekktarlegur“ eða að brenna næfur til að „bæta loftið“.³⁷⁴

³⁶⁰ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 456.

³⁶¹ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 266, 452.

³⁶² *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 185.

³⁶³ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁶⁴ Hannes J. Magnússon, 1953. Bls. 18.

³⁶⁵ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 30.

³⁶⁶ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁶⁷ *Nokkur orð um hreinlæti*, 1867. Bls. 20-21.

³⁶⁸ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 20. Bruun, Daniel, 1897. Bls.

109. *Tvær ritgjörðir um þrifnað, mataræði, og fleira ...*, 1867. Bls. 10.

³⁶⁹ Maurer, Konrad, 1997. Bls. 158.


³⁷⁰ Browne, J. Ross, 1976. Bls. 110.

³⁷¹ „Þrjú sendibréf. Elinborg Pétursdóttir...“, 1970. Bls. 184.

³⁷² Hjálmar Jónsson frá Bólu, 1949. Bls. 50

³⁷³ *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 471. Reyur er ilmandi grastegund sem fólk tíndi og setti með fötum í kistur og skápa til að fá góða lykt í þau.

³⁷⁴ *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 471 (daunillur ...). Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 225.



Stigar voru í mörgum húsum, bæði lausir og fastir. Þessi mynd er tekin á Vesturhópshólum 1935. Föt voru hengd allsstaðar afsíðis þar sem þau voru ekki fyrir. Ljós. HSk. BS 2292/Bruno Schweizer.

Stigar, klefar, herbergi og skápar

Stigar voru bæði fastir og lausir en eru sjaldan nefndir. Einstaka sinnum þó í kirkjum.³⁷⁵ Tröppur voru upp á palla. Hvort tveggja þurfti að skúra og skrúbba. Klefar og þilhús, sem svo voru nefnd, myndum við sennilega kalla kompur, herbergi og skápa eða lokrekkjur. Í litlustofunni á Flugumýri 1253 var klefi þar sem tveir sváfu og borðhúsið sem þar var einnig gat hafa verið einhverskonar klefi.³⁷⁶ Klefar voru afmörkuð rými og greinilega notaðir í ýmsum tilgangi samanber klefana á Flugumýri og klefana tvo í skálanum á Mánabergi þar sem „var hlaðið skreið í annan en mjölvi í hinn“.³⁷⁷ Í borðhúsinu í stofunni á Flugumýri voru geymdir lausamunir, eins og borðin, en þau var líka hægt að geyma uppi á skálabitum.³⁷⁸

Skápar eru ekki nefndir meðal innanstokksmuna fyrr en á seinni öldum en í nútíma myndu sennilega einhverjir kalla klefa miðalda skápa.

Lokrekkjur gætu hafa verið kallaðar klefar. Í 14. aldar skálanum í Gröf í Örfum kom í ljós klefi í enda skálans sem ómögulegt var að finna út hvaða hlutverki hafði gegnt, fremur en klefinn inn af

baðstofunni á Stóru-Ökrum 1530.³⁷⁹ Bæði dæmin eru mikilvægar heimildir um tilveru klefanna og ljóst að þá þurfti að þrifa eins og aðra húshluta. Hugsanlega var borðhúsið, sem svo hét í Glaumbæ árið 1681, klefi fyrir borð og borðbúnað.



Bollaskápur á vegg, saumavél og rokkur frá 19. öld. Línaskápur og stóll eru yngri. Ljós. BSk./S.S.

Set- og svefnbúnaður

Víða er getið um set, bekki, rekkjur, rúm og fleti í skálum og stofum og var sofið á þeim síðarnefndu. Set- og svefnbúnaður var ýmist fastur eða laus, þ.e. áfastur húsum eða færanlegur.

Bekkir, set, borð og stólar

Bekkir og set voru til að sitja á. Sömuleiðis setstokkur, eins og nefndur er í *Vopnfirðingasögu* þegar maður „gekk svo hart fram með setstokkinn milli manna að þeir hrukku hvorutveggju vegna“.³⁸⁰ Sá stokkur virðist hafa verið fyrir miðju húsi og þá setið á honum beggja megin. Hann hef-

³⁷⁵ DI IV, 1897. Bls. 107, 195, 220, 662.

³⁷⁶ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 488.

³⁷⁷ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 605.

³⁷⁸ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 329, 489-490.

³⁷⁹ Gísli Gestsson, 1959. Bls. 51. DI IX, 1909-1913. Bls. 529-530.

³⁸⁰ *Íslendinga sögur og þættir* III, 1987. Bls. 2005.

ur sennilega verið laus. Langbekkir meðfram skálaveggjum voru yfirleitt fastir trébekkir. Talað var um öndvegi, hásæti og forsæti þar sem setið var.³⁸¹ Öndvegi og forsæti voru virðingarsæti. Árið 1119 var „setit þröngt á bekkjum ok forsætum“³⁸² í litlustofu á Reykjarhólum og Sæmundur í Odda sat í forsæti fyrir miðjum langbekk þegar hann hélt heilögum Nikulási veislu árið 1220 og á móti honum var bekkur „í öndvegi“. Guðmundur Hannesson taldi víst að öndvegi og forsæti hefðu verið „lausabekkir eða stólar settir framan við“³⁸³ laust borð sem borðað var af ef mikið stóð til. Borð, sem matur var borðaður af fyrr á öldum, virðast yfirleitt hafa verið breiðir flettingar, sem hvíldu á borðstólum (lausum fótum).

Í ritheimildum er oft talað um að fólk sitji á pöllum, þ.e. á upphækkuðum trégólfum, við vinnu sína en ósagt hvort það sat á föstum eða lausum sætum. Viða kemur fram að matur var framreiddur fyrir gesti á pallinum og notuð laus borð og bekkir, eða stólar.³⁸⁴ Maður sem féll af palli á 13. öld og „ofan fyrir stokkinn“ skreiddist aftur upp á „pallhornit“.³⁸⁵ Þegar þannig er tekið til orða má ætla að pallgólfhæðin hafi verið stokkhæðarhá og stokkar-nir gátu verið milli 25-35 sm þykkir (háir). Fólk gat þessvegna vel setið á pallskörinni.

Lausir stólar, bæði til að sitja á og setja undir borðplötur, voru víða til á miðöldum en algengara var að set væru föst. Hérlandis tóku lausir stólar almennt við af föstum bekkjum og kistum, löngu eftir að sú þróun varð úti í Evrópu, sagði Arnheiður Sigurðardóttir.³⁸⁶ Gestir sátu á stólum í veislu á Flugumýri á miðri 13. öld og höfðu þeir verið fengnir að láni í kirkjunni og bornir þaðan til litlustofu þar sem veislan var haldin og „váru settir eftir miðju gólfi, ok var þar setið á tveim megin“.³⁸⁷ Borðum var komið fyrir „um alla stofuna ok ljós tendruð. [...] Sexfalt var setit í stof-

unni“.³⁸⁸ Eftir stórveislur þurfti miklar tiltektir og þarna voru flest húsgögn laus. Svokallaðir borðskutlar hafa verið laus borð en pallborð geta bæði hafa verið laus og föst. Sighvat á Grund dreymdi „borð um alla stofu [...] trapiza á gólfi ok skapker“³⁸⁹ á 13. öld, sem voru sennilega laust borð og skál.

Rekkjur og rúm - svefnstaðir

Rúm fornmannna voru kölluð rekkjur eða hvílur og voru yfirleitt föst, þ.e. þau voru fastnegld við húsið.³⁹⁰ Yfirleitt voru þau gafl í gafl við langhlið eða fyrir enda hússins. Lokrekkjur voru afþiljaðir klefar með tjöldum eða loku (hurð, hlera) fyrir. Í *Fljótsdælasögu* gekk Ketill harkalega „til lokrekkju þeirrar er hann var vanur að sofa“³⁹¹ og í *Laxdæla sögu* gekk Auður „að lokrekkju þeirri er Þórður lá í og svaf. Var hurðin fallin aftur en eigi lokan fyrir. Hún gekk í lokrekkjuna“.³⁹² Á báðum stöðum var sofið við ylinn af eldinum og talað um hurð með loku fyrir rekkju Þórðar.

Ýmsar útgáfur voru á lokrekkjunum eftir því hvort þær voru alveg lokaðar eða hálflokaðar.³⁹³ Í þeim tilfellum mætti vel kalla þær klefa. Lokrekkjur voru hlýrri svefnstaðir en opnar hvílur og ef hurð var fyrir var hægt að loka að sér og vera út af fyrir sig.³⁹⁴ Þegar þær voru þrifnar var allt fjarlægð úr þeim og þær skrúbbaðar hátt og lágt.

Svefnverelsum var skipt eftir kynjum og talað um kvenna- og karlamegin, stúlkna- og piltamegin. Þessi skipting var ýmist eftir endilöngu, eins og í baðstofunni í Glaumbæ eða í sínum hvorum endanum eins og í skálanum á Flugumýri 1253.

³⁸⁸ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 483.

³⁸⁹ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 418-419. Sighvat dreymdi veisluföng. Sjá skýringu Gísla Jónssonar í 106. þætti í *Morgunblaðinu* um skapker í íslensku máli. Á *Morgunblaðið* á http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=-338435). Sótt. 23.11. 2015.

³⁹⁰ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 114, 143, 201, 225, 450, 458; II, 1946. Bls. 21, 68, 83, 88, 218, 255, 287.

³⁹¹ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 704.

³⁹² *Íslendinga sögur og þættir* III, 1987. Bls. 1584.

³⁹³ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 261, 428, 443; II. Bls. 129, 130, 132. *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 326; II, 1987. Bls. 923; II, 1987; III, 1987. Bls. 1320, 1584.

³⁹⁴ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 490. *Íslendinga sögur og þættir* II, 1987. Bls. 870, bls. 1319-1320. *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 326.

³⁸¹ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 66.

³⁸² *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 24.

³⁸³ Guðmundur Hannesson, 1943. Bls. 358.

³⁸⁴ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 559, 604; II, 1987. Bls. 744; III, 1987. Bls. 1971. *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 170-173, 185.

³⁸⁵ *Sturlunga saga* II, 1946. Bls. 123.

³⁸⁶ Arnheiður Sigurðardóttir, 1966. Bls. 136.

³⁸⁷ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 482.

Þar var hægt að ganga út um báða enda skálans og talað um kvennaskála og karlaskála með þili á milli. Hjónahvíla var „vestra megin í skála innar við þilit þat, er næst var kvennaskála [...önnur hvíla var] fyrir utan þilit næst í stafnrekkju, ok var gluggr kringlóttur á þilinu milli rúmanna“.³⁹⁵ Ekki er getið um að rúmin væru lokrekkjur, sem er líklegt, en glugginn var sennilega óglerjaður.

Hús voru mæld í stafgólfum og þótt þau hafi ekki alltaf verið jafnlöng má búast við að þau hafi flest verið á milli 162-180 sm löng. Stafgólf voru háð breidd hússins þannig að því mjórara sem það var því lengri voru stafgólfin. Yfirleitt spönnuðu rúmin stafgólfslendina og „þóttu fulllöng ef þau voru þrjár álnir“.³⁹⁶ Hyllst var til að hafa bilið á milli rúmanna a.m.k. rúmbreidd eða um 100-130 sm.

Hvílan sjálf fór ekki alltaf eftir ríkidæminu. Á heimili Eiríks hreppsstjóra Bjarnasonar í Djúpadal í Blönduhlíð, um miðja 18. öld, svaf fólk á fletum. Eiríkur var forríkur. Hann átti t.a.m. mörg hundruð hross sem gengu um allt og var af þeim sökum kallaður Mera-Eiríkur. Fólk hans lá „í heyi eða heyfletum og hafði loðin skinn undir og ofan á“³⁹⁷, nema sonur hans sem lá í ullarbing. Þetta gátu hafa verið hinar bestu hvílu en Skúla Magnússyni, sýslumanni, nágranna hans á Stóru-Ökrum þótti þessi aðbúnaður ekki við hæfi fyrir hreppsstjóra. Hann sagðist ekki skilja að Eiríkur, skólagenginn maðurinn og auk þess vel efnaður, vildi sofa eins og hundur í bæli. Bauð Skúli Eiríki að skipta við hann á tólf albúnum rúmunum fyrir tólf hryssur með folöldum. Skiptin áttu að fara þannig fram að rúmlestin og stóðið skyldu mætast mitt á milli bæja. Þetta samþykkti Eiríkur en tók fram að ef hryssurnar kæmu heim í Dal aftur þá héldi hann þeim. Skiptin fóru fram eins og umsamið var en þegar Skúli kom í Akra með stóðið ærðust bæði hryssur og folöld og leituðu þær afkvæma sinna og folöldin mæðra sinna. Eiríkur hafði víxlað hrossunum þannig að folöld hryssanna og mæður folaldanna, sem voru rekin í Akra, voru heima í Djúpadal. Viðureign Eiríks og Skúla lauk þannig að Eiríkur hélt bæði rúmunum og hryssum því Skúli hafði ekki gert ráð fyrir slíkum bolabrögðum.

³⁹⁵ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 487.

³⁹⁶ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

³⁹⁷ *Saga Eiríks Magnússonar*, 1912. Bls. 4.

Viðskipti þessi voru ekki síst merkileg fyrir þá skoðun Skúla að innréttingar húsbænda í Djúpadal væru ekki sæmandi fyrir embættismann sem átti að vera fyrirmynd annarra.

Öld seinna voru rúmin í Torfmýri, næsta bæ við Djúpadal, ekki mikið betri. Þau voru hlaðin upp með torfi og trébrikum slegið upp framan við torfbálkinn. Stafn baðstofunnar í Torfmýri var þiljaður að nafninu til og þiljað ofan við tvö rúmanna, annars berir torfveggirnir.³⁹⁸ Tveir samskonar upphlaðnir torfrúmbálfar voru við stafn baðstofunnar á Mosfelli í Gönguskörðum um líkt leyti.³⁹⁹ Rúmin voru semsagt með ýmsu móti og oft þétt saman eins og í baðstofunni á Syðra-Skörðugili þar sem fimm rúmstæðum var komið fyrir í þriggja stafgólfa baðstofu.⁴⁰⁰

Útskornir húsmunir voru mikil bæjarprýði. Til voru rúm með fagurlega útskornum brikum og göflum, eins og rúmfiðlar, sem notaðar voru framan við á nóttunni til að passa að rúmfötin féllu ekki á gólfið. Rúmfjölin var höfð uppi við vegg á daginn og hægt að leggja hana á hnén og nota sem borð við vinnu og á matmálistímum. Í óþiljuðum baðstofum var fjölunum smeygt milli rúms og veggjar til að aðskilja rúmfötin frá torfveggnum. Í *Sarpi* eru skráðar á sjöunda hundrað rúmfiðla. Þær vitna um svefnbúnað og hegðun fólks fyrr á tíð og útskurðarvenjur. Á þær er oft skorið vers, bæn, upphafsstafir eiganda og fleira.

Um og eftir aldamótin 1900 fór fólk að koma sér upp lausum sundurdraganlegum rúmunum sem drögust saman langsum eða þversum, þannig að hægt var að stækka þau um helming. Það kom sér vel í þröngum húsum. Og hægt var að breyta þeim í bekk til að sitja á þegar búið var að taka upp úr þeim og búa um.

Hægt var að spara gólfborðin undir upphlöðnum rúmunum og í sumum tilvikum undir trérúmunum. Hofdala-Jónas fylgdist með þegar rúmstæði var tekið upp 1888.⁴⁰¹ Rúmið var hreinsað ofan í gólf,

³⁹⁸ Hannes J. Magnússon, 1953. Bls. 18.

³⁹⁹ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 293-294, 298.

⁴⁰⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur – Seyluhreppur*, 2001. Bls. 312.

⁴⁰¹ Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 72.

allar fúaspýtur voru brenndar en nothæfur viður fór í árefti á búpeningshúsum.⁴⁰² Rúmið var upphlaðið úr torfi með nokkrar fjalir í rúmbotni og rúmstokk. Rúmstokkar og rúmgaflar voru úr óhefluðum borðum og voru orðnir ærið dökkleir af óhreinindum og elli. Í baðstofunni í Sölvanesi voru rúm „hlaðin upp við vegg [...]. Þau voru úr þurru torfi, og þiljað framanvið (rúmstokkur), ofaná var sett hey og ofaná heyið brekán eða ábreiða, og þjappað vel niður í kring“.⁴⁰³



Ásta í Spónsgerði stendur við sundurdraganlegt rúm. Myndin er tekin 1935 inni í baðstofu. Rúmin gátu dregist sundur á langveginn, eins og þetta rúm, og hægt að breikka/mjókka það um nærri helming. Rúm sem dregin voru sundur á skammveginn, var hægt að lengja um helming. Þannig rúm voru víða sett inn í baðstofurnar, á síðustu árum þeirra, í stað fastra rúma. Ljós. HSK. BS 256b / Bruno Schweizer.

Rúmföt

Á daginn var sængum rúllað upp að vegg og breitt yfir þau teppi, brekán eða feldur og passað að ábreiðan færi vel. Skálabúar á miðöldum sváfu margir hverjir í húðfötum sem voru svefnpokar úr loðfeldum.⁴⁰⁴ Húðfat varð fyrir hendi Gríms lömbungs þegar hann leitaði að einhverju í óðagoti til að troða í dyr á Flugumýri árið 1253.⁴⁰⁵ Húðir voru einnig höfð til að breiða yfir rúmin. Í Króka Refs sögu er sagt frá skikkjum „er feldir heita. Er það ýmist kallað á feldinum röggvar eða

lagður“.⁴⁰⁶ Röggvarfeldir voru framleiddir til útflutnings fram um 1200 og bæði notaðir í yfirhafnir og til að sofa við. Elsa E. Guðjónsson taldi ósennilegt að Íslendingar hefðu hætt að vefa röggvarfeldi þótt útflutningi væri hætt og sagði að röggvaðar rúmábreiður hefðu verið notaðar um langan aldur á Norðurlöndum.⁴⁰⁷ Breytt orðanotkun gæti hafa valdið hvarfi röggvarfelda úr ritheimildum og fólk hafi farið að tala um kögur í stað röggva.⁴⁰⁸



Þessi föstu rúm eru þiljuð niðurum, ef svo má segja, og sennilega voru engin gólfborð undir rúmunum. Rúmgaflarnir mynda mjóa hillu á milli rúmana. Einhver hefur verið nýstiginn úr rekkju þegar myndin var tekin því búið var vel og vandlega um rúmin á hverjum degi. Ljós. HSK. BS 496/Bruno Schweizer.

Langoftast var rjúpna-, æðar- eða bjargfuglafiður og dúnn í koddum og undirsængum og utanum ver úr vaðmáli eða eltiskinni, sem var rakað mjúkt skinn. Talað var um pallkodka á baðstofu- og stofupöllum. Þeir voru fylltir með fiðri, dún eða heyi og voru til að sitja á og sofa við. Í 16. aldar heimildum er talað um grashægindi, grasdýnur, dúnhægindi og dúnsængur.⁴⁰⁹ Skemmtileg sýn er gefin á svefnaðstæður í litlustofu, skála, Sveina-

⁴⁰² ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁴⁰³ ÞMS 7855 kona f. 1897 úr Skagafjarðarsýslu.

⁴⁰⁴ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 442; II, 1946. Bls. 95, 255.

⁴⁰⁵ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 488.

⁴⁰⁶ *Íslendingasögur og þættir*, 1987. Bls. 1533.

⁴⁰⁷ Elsa E. Guðjónsson, 1962. Bls. 28.

⁴⁰⁸ Elsa E. Guðjónsson, 1962. Bls. 29. Kögur var til á Hólum 1525, sjá DI IX, 1909-1913. Bls. 298.

⁴⁰⁹ Þjskj. *Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar og Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, 1919-1942. Bls. 144. Hægindi var sæng, koggi, púði eða sessa.

skemmu og Brytastofu á Hólum, hjá Guðbrandi biskupi Þorlákssyni á árunum 1586 og 1587. Í litlustofu voru þrjár alfærar, þ.e. fullkomnar, sængur með áklæðum, í skála voru sjö rekkjuvoðir, tvö brekásáklæði og tvenn grashægindi.⁴¹⁰ Ekki er þess getið hve margir sváfu við þessi ver en í Sveinaskemmu sváfu fjórir í tveimur lokrekkjum við góðar sængur í báðum. Einn fjórmenninganna, Ólafur hestamaður, svaf á grassæng sem „Steinunn léði alklæði gamalt“⁴¹¹, sem sagt utan um koddan og sængur. Á rúmi brytans var dúnsæng en undirbrytinn svaf á rekkjuvoða- og brekáslausri grasdýnu. Ekki þarf að velta vöngum yfir hvað hefur verið algengast í rúmum skagfirsks bændafólks, sem ekki hafði aðgang að bjargfugli eða æðarvarpi. Hey var fullgott til að sofa á.



Lök og rúmsængur viðraðar úti á þili. Ljós:BSk./G.Z.

Skipt var um rúmdýnu þegar nauðsyn bar til. Dýnur voru úr reiðingi, heyi (grasdýnur), ullarþófa eða öðru mjúku efni s.s. melgresi, þar sem það var tækt. Reiðingsdýna úr grófri rótarflækju var mjúk og hlý á meðan hún var þurr og ófúin. Vel þurr reiðingur entist í rúminu ryklaus í einhver ár. Væri hey lagt undir í rúmbotninum var brekán eða strigi lagt þar ofaná. Í mörgum tilfellum var gras í undirsænginni (heysæng) sem lögð var ofan á dýnuna, sem gat verið úr reiðing.⁴¹² Ráðlegt var að skipta um hana annað hvert ár. Undirsængur voru líka fylltar með fiðri eða dún. Lök voru ekki nauðsynleg ef menn höfðu undirsæng. Yfirsængur voru

eins og undirsængurnar en léttari og oftast dúnfylltar. Þeir sem ekki áttu sængur notuðu feld eða brekán yfir sig og undir, gærur eða önnur teppi.

Sigurlaug og Theodor sem bjuggu á Mosfelli í Gönguskörðum í upphafi 20. aldar áttu „góð sængurföt í annað rúmið. Svaf konan þar með bæði börnin, en ég hreiðraði um mig í hinu rúmstæðinu við mín gömlu `sjókojuföt`“⁴¹³, sagði Theodor í endurminningum sínum. Vorið 1907 gisti hann í Teigakoti og lýsti vel búnaði þar og fólkinu, sem fylgdi gömlum hefðum og gestrisni. Á „meðan við vorum að borða, fór gamla konan eitthvað að rjála við rúmið sitt, tína þangað rekkjuvoðir og setja hrein ver á koddann. Rekkjuvoðirnar voru úr ull, þæfðar og þykkar. Átti önnur að vera undir, en hin ofan á í rúminu. Svo kom gamla konan með þykkt og mikið brekán, sem hún breiddi eins og feld yfir rúmið“.⁴¹⁴ Og vel fór um gestina í hlýju rúmi gömlu konunnar í gömlu baðstofunni í Teigakoti, þótt fornfáleg væri.



Gott var að hafa rúmfjöl framan við rúmfötin á nóttunni til að verjast því að sængur og fólk dytti á gólfið. Myndin sýnir umbúið rúm með útskorinni rúmfjöl framanvið en venjulega var henni smeygt upp að vegg og hún höfð þar yfir daginn. Ofan á rúminu eru ullarlár, vaðmálsstykki og ullarþæfa. Uppi í horni er tína. Varðveittur er urmull af útskornum aska- og kistlalokum, kistlum, skáphurðum, stokkum og fleiru frá fyrri öldum, sem vitna um það að fólk vildi hafa falleg húsgögn og nytjahluti í kringum sig. Ljós: BSk./S.S.

Ef kalt var í veðri á vetrum og frost smaug inn að vegg var kalt að sofa við þilið. Engin leið var að

⁴¹⁰ Þjskj. Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar Nr. 76. Bls. 34.

⁴¹¹ Þjskj. Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar Nr. 169. Bls. 104; Nr. 185. Bls. 119.

⁴¹² Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 72. Reiðingur var rôtarmikið torf, mjúkt ásetu.

⁴¹³ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 298.

⁴¹⁴ Theodor Friðriksson, 1977. Bls. 380.

sjá ástand torfveggja innanfrá, ef hús voru alþiljuð. Þil slöguðu þegar hlýtt var inni og kalt úti. Þá kom fyrir að sængurfötin blotnuðu upp við rök þilin og jafnvel að þau frysju við þau.

Þegar rúm voru þriffin var allt tekið úr þeim, borið út og viðrað. Dýnur, sængur og teppi voru dustuð vel og vandlega, hengd upp og viðruð. Allt var borið út í sólskinsbjartan dag og skipti ekki máli hvort hitastig var yfir eða undir frostmarki. Fólkhafði hvert sinn háttinn á um rúmþriffin. Hið sama gildi um sængurfötin, sem voru þvegin einu sinni til nokkrum sinnum á ári, á góðum þurrkdegi. Hjá mörgum urðu rúmfötin að þorna samdægurs, ef þau voru ekki til skiptanna. Sjá nánar um sængurfataþvott í kafla um fataþvott.

Rúmvenjur

Algengt var að tveir svæfu í rúmi, andfætis eða hlið við hlið. Það fyrirkomulag gildi um aldir.⁴¹⁵ Krökkum var holað niður í rúm með fullorðnum og ekki talin með sem fullgildir rúmnotendur fyrr en þau fóru að stálpast og taka pláss. Minnstu börnin sváfu uppí hjá foreldrunum.⁴¹⁶ Börn voru sjaldan spurð hvar þau vildu sofa, þótt þau væru komin á legg og gátu lítið mótmælt. Ólína Jónasdóttir varð að sofa hjá Guðrúnu vinnukonu á Kúskerpi, þegar hún var vistuð þar á níunda ári, þótt hún gæti ekki hugsað sér það. Ástæða þess var sú að tók Guðrúnar svaf alltaf uppí í rúmi hjá henni og var svo rúmfrek að Ólínu fannst hvergi vera pláss fyrir sig.⁴¹⁷

Flestir fullorðnir gátu legið útaf í rúmunum og tveir og tveir gátu vel deilt rúmi, ef þurfti, og gátu auðveldlega setið saman á hverju rúmi. Fólkhgymdi oft smávegis undir koddanum eða í rúmshorninu, eins og bók, vettlinga, sokka og jafnvel fót.⁴¹⁸ Stundum var svo mikið undir koddanum að fólk „sat upp við dogg“ eins og það var kallað.⁴¹⁹

⁴¹⁵ *Ævisaga Gísla Konráðssonar* ..., 1911-1914. Bls. 26; *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 295, 383, 442.

⁴¹⁶ ÞMS 15425/2007-2, karl f. 1919. Eins og á Geirmundarhóli í Hrolleifsdal 1929.

⁴¹⁷ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 20.

⁴¹⁸ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, 1906. Bls. 97; ÞMS 7832 karl f. 1899; 7873 karl f. 1892; 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁴¹⁹ *Orðabók Háskóla Íslands* á <http://lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal-leitord.cgi?adg=daemi&n=73624&s=89419&l=doggur&rm=dogg>. Sótt 2.9.2015.

Þá var talað um að menn ættu mikið undir sér. Sumum var þó ekki sama hvað var geymt þar. Í Borgarfirði var talað um að það gerði menn gleymna að geyma sokkana sína undir koddanum.⁴²⁰ Það vissu svo sem fáir hvað var þar því undir koddum hvers og eins var privatgeymsla sem kom engum öðrum við og ókurteisi að hnýsast í það sem þar var geymt.

Flestir sváfu berir a.m.k. á 19. öldinni. Einstaka fyrirfólk svaf í náttskyrturnum.⁴²¹ Hreinlegra þótti að sofa ber en í fötum og öðruvísi var ekki hægt að grípa fötin til viðgerða og þvotta að kvöldi dags. Alls ekki allir áttu tvo umganga af klæðnaði og ástæðulaust var að sofa í fötum ef sofið var á undirsæng, sem lagðist að manneskjunni og yfir var breidd þykk sæng, feldur eða teppi. Eftir aldamótin 1900 fór fólk að sofa í nær- eða náttfötum. Ýmsir velta því fyrir sér hvernig fólk fór að því að afklæðast á þeim tímum þegar ósiðlegt þótti að láta sjást í bert hold. Þetta var ekki vandamál. Vaninn var að fara í nærfötunum í rúmið og smeygja sér úr þeim, í rúminu undir sæng, þegar sængurnar fóru að hlýna.

Ef þök láku var lögð húð eða gæra yfir rúmin og ef búist var við að börn vættu rúm var lögð húð eða mjúkt eltiskinn undir þau í rúmin. Þá þurfti að viðra og þurrka sængurföt og undirlag alla daga.

Kynding

Í elstu skálum og stofum var kveikt upp í ofni sem eldhætta var af, eins og öðrum eldstæðum. Baðstofuofninn í Gröf í Öræfum, sem notaður var fyrir 1362 var hlaðinn úr ótilhöggnu grjóti líkt og hlóðir.⁴²² Þannig lýsti Oddur Einarsson baðstofuofnum 16. aldar og tók fram að oft væri mikill reykur inni, þrátt fyrir að reykop væru á þaki.⁴²³ Óvíst er hvenær ofnarnir hurfu úr skálum og stofum en það gæti hafa gerst á 17.-18. öld. Í baðstofunni í Vík sem spannaði 14.-18. öld og grafin var upp 2012 var ekki hægt að átta sig á hvenær eldstæðið var síðast notað.⁴²⁴

⁴²⁰ ÞMS 2060 karl f. 1897; 8065 kona f. 1901.

⁴²¹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 10.

⁴²² Gísli Gestsson, 1959. Bls. 57.

⁴²³ Oddur Einarsson, 1971. Bls. 94.

⁴²⁴ Guðmundur St. Sigurðarson, Þór Hjaltalín, Guðný Zoëga, 2012. Bls. 14-15.

Eldstæði

Reykur og sót steig upp af opnum eldstæðum og gerði öll hús svört upp um, væru ekki reykkrör, reykháfar eða annar búnaður til að flytja reykinn út úr þeim. Til eldsneytis í langeld, hlóðir, arin, ofn, ón, stó eða hvað sem fyrirbærið var nefnt hverju sinni, eftir tíma og gerð, var notaður mór, tað, viður eða kol. Talað var um langelda eða hlóðir þar sem matur var eldaður. Fyrstu árhundruðin var nægur eldiviður í landinu en eftir að þrot urðu á honum varð upphitun húsa erfið. Stöðugt kólnandi veðurfar á 13. til 16. öld hafði áhrif á heimilishald og hóbýlahætti. Hver kynslóð af annarri lagaði líf sitt að breyttum háttum og hélt sig þar sem hlýjast var.




Á Skottastöðum var hlaðin rás í vegginn til að leiða reykinn upp og í op á þaki. Ljós. HSk. BS 433/Bruno Schweizer.

Eldstæði á uppgröfnum skálagólfum frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar eru flest fyrir miðjum húsum, að nokkru niðurgrafin, aflöng og afmörkuð með steinhellum sem standa upp á rönd upp úr gólfinu. Dýpt eldstæðis gat verið að hálfum metra, eins og á Stöng í Þjórsárdal.⁴²⁵ Hlóðir, eða öllu heldur steinn í hlóðum, eru fyrst nefndar í *Fornbréfasafni* á 15. öld.⁴²⁶ Upphlaðin eldstæði eins og

hlóðir voru flóknari að gerð en langeldar og gátu hlóðirnar verið einfaldar, tvöfaldar og þrefaldar sem kallað var, eftir því hve mörg eldhólfín voru.

Hlóðir voru yfirleitt þannig hlaðnar að loft kæmist að eldinum neðan frá eða framan frá og fýsti eldinn. Ef undirblástur hlóðanna var ekki fullkominn var notast við fýsibelgi eða fýsifjalir til að fýsa eldinn í þeim tilgangi að auka hitann.



Yfir hlóðunum í Glaumbæ er reykop (ljóri). Ketillinn hangir í hó (hóreið) með mörgum skerðingum svo að hægt er að færa hann upp og niður eftir því hvernig átti að stilla hitann. Undir katlinum er þrífótur. Ketillkrókur eða pottkrókur, sem hangir á pottbarmi, var notaður þegar þurfti að færa til heita potta. Ljós. BSk./S.S.

Þegar eldur var falinn var glóðinni safnað saman, taðflaga eða móköggull lögð ofaná glóðina, öskunni sópað að og yfir og felhella lögð ofan á. Þegar hann var lífgaður var askan fjarlægð frá glóðinni, eldfimt efni lagt að henni og blásið í glæðurnar.⁴²⁷ Kústin var að halda lífi í glóðinni. Ef eldurinn kulnaði eða það þurfti að tendra eld

⁴²⁵ *Forntida gárdar í Island*, 1943. Bls. 213.

⁴²⁶ DI VIII, 1906-1913. Bls. 757.

⁴²⁷ Felhella var þunn steinhella sem sett var yfir eldinn þegar hann var bældur. Þá komst minna súrefni að honum og brennslan varð hæg í glæðunum.

var notuð tinna og stál (eldstál). Ef engin eldfæri voru til varð að sækja eld á næsta bæ. Ágæt ílát til að ná í eld voru kopparnir en best var að nota skriðljós, kolu í þar til gerðu lokuðu boxi.⁴²⁸ Það var vandaverk að halda eldinum lifandi og sömu-leiðis að fyrirbyggja að hætta stafaði af honum. Hús brunnu oft af þeim sökum að óvarlega var farið með eld og dæmi voru um skógarbruna af völdum elds sem borinn var á milli bæja. Eins og árið 1632 þegar skógar brunnu „af eldi, er sóttur var og óvarlega féll niður milli bæja“.⁴²⁹

Þegar eldað var á hlóðum réðist staðsetning ílátsins af stærð þess og gerð. Stór pottur var lagður á brúnir eldhólfsins ef hann passaði þannig. Ef hann gat ekki setið á eldhólfinu var hann lagður á þrífót eða hengdur í hó. Þrífótur var járnhringur eða þríhyrningur með þremur fótum sem látinn var standa á og yfir eldsneytinu í eldhólfinu. Á hann voru lagðar pönnur, pottar og katlar. Hór var upphengi (hengihór) fyrir potta og katla, einskonar stöng með tönnum, krókum, úr járni eða tré, sem hægt var að krækja á. Hórin hékki í reipum ofan úr bitum. Á hönunum var hægt að stilla fjarlægð potts frá eldinum og þar með hitann. Árni Magnússon, handritasafnari, sagði að hór væri svert krókboga tré sem hengt væri á en kallaði „hóreið, járníð sem hangir niður úr hóböndunum, sem krækt er undir potthölduna“.⁴³⁰ Flestir bundu pottinn á bönd yfir hlóðunum.

Katlar, pottar og pönnur voru rándýr og oft erfitt að eignast þau.⁴³¹ Slík verðmæti voru vandmeðfarin og kölluðu á viðhald. Þau voru skafin og skrúbbuð þegar þurfti og hlóðirnar voru verkaðar af og til. Áhöldin voru einföld, járnskafi (þvara) til að skafa pottana að innan, tuska (dula, þvaga, ría) til að strjúka sót og annað utanaf ílátunum og kústur, bursti eða taðspaði til að sópa og skafa úr hlóðunum.

Árið 1433 bjargaðist kona úr húsbruna um ónshús, eftir að hafa gert „þar hol á með skærum sín-

um“.⁴³² Það hafa verið góð skæri hafi um grjóthleðslu verið að ræða. Enginn veit fyrir víst hvers konar hús þau voru. Hörður Ágústsson sagði að ónsstofur hefðu tengst baðstofum á 15. til 19. öld og að þær hefðu verið óþiljaðar.⁴³³ Ónshús eða ónsstofur gætu hafa tekið við baðhlutverki baðstofanna. Hafi þær verið í enda þeirra og þil á milli hefur ónninn getað yljað baðstofubúum og þilið varið þá fyrir reyknum. Ónsstofur gætu líka hafa tengst hverfandi upphitun og ofnleysi þannig að væri ofn á annað borð í húsi hafi verið talað um ónsstofu, til aðgreiningar frá ofnlausum stofum.

Uppmúraðir brauðgerðarofnar hafa vafalaust verið til hérlendis á miðöldum en þeir voru eldiviðarfrekir og hafa horfið úr íslenskum veruleika um leið og eldiviður var uppurinn. Ofnar voru ekki allir grjóthlaðnir eða uppmúraðir. Í *Fitjaannál* er sagt að öll hús Skálholtsstaðar hafi brunnið út frá kakelofni í biskupsbaðstofunni 1630. Kona sem kveikti upp í ofninum gekk frá honum, settist við undirgangsdýrnar og sofnaði en „eldurinn las sig fljótt í greniviðinn, hús af húsi, því öll herbergin voru þiljuð og lopt í þeim öllum“.⁴³⁴ Kakelofnar (leirofnar) voru víðar. Sextánda aldar prentsmiðjan á Hólum, sem kom fram í fornleifauppgreftri í byrjun 21. aldar, var hlaðin úr torfi og grjóti, alþiljuð og með glerjuðum leirflísum á gólfi þar sem kakelofn hafði staðið.⁴³⁵ Sá ofn var ekki einstakur á Hólum því kakelofn var líka í timburstofu sem Árni Þórarinnsson, Hólabiskup (1784-1787) lét byggja 1785 og vafalaust voru kakelofnar í fleiri húsum á biskupssetrinu.⁴³⁶

Hægra megin á myndinni eru flísar úr 16. aldar kakelofni sem fundust í uppgreftri á Hólum í Hjaltadal og geta hafa tilheyrt ofni sem líktist ofninum til vinstri á myndinni. Ljós. Hólarannsóknin.



⁴³² *Annálar 1400-1800*, 1927-1932. Bls. 57, 122; 1933-1938. Bls. 26.

⁴³³ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 124.

⁴³⁴ *Annálar 1400-1800*, 1927-1932. Bls. 114.

⁴³⁵ Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, 2006. Bls. 27-29.

⁴³⁶ *Annálar 1400-1800*, 1987. Bls. 281.

⁴²⁸ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 58.

⁴²⁹ *Annálar 1400-1800*, 1927-1932. Bls. 122.

⁴³⁰ *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*, 1918-20. Bls. 388.

⁴³¹ Hallgerður Gísladóttir, 1999. Bls. 14.

Ýmislegt annað en ofnar var til upphitunar húsa. Gísli Konráðsson á Ytra-Skörðugili sagði að Konráð sonur hans hefði komið „inn með hey til lambhrúta 9, er voru á baðstofugólfi“.⁴³⁷ Þetta var 1822 og vísaði hann þar til þess að búfénaður var hýstur inni í hībýlum fólks. Hitinn var dýrmætur af hvaða kvikindi sem hann kom. Ekki var amast við hundum og köttum sem hreiðruðu um sig ofan á sængunum á nóttunni. Nautgripir voru hýstir undir sama þaki og mannfólkið þar sem fjós voru undir baðstofugólfi. Jafnvel á sama gólfi og fólkið. Í fremsta stafgólfi baðstofunnar í Mánavík á Skaga árið 1895 „var fjósið og ein kýr í því, að mig minnir. Innar af því kom sjálf baðstofan, og var hún eitt eða tvö stafgölf, en annars þrifleg eftir því sem um var að gera“⁴³⁸, sagði Guðmundur Hannesson, læknir. Eftir að ofnar og önnur upphitun hvarf úr húsum varð hiti af fólki og húsdýrum dýrmættari. Góð hugmynd var að hýsa sauðfé eða nautgripi í baðstofunum til upphitunar en vond sé horft til hreinlætispátta.

Allt var gert til að fullnýta alla möguleika til einangrunar húsa. Í vorhreingerningum í Hofsgarði 1918 notuðu börnin tækifærið til þess að kanna húsið. Þau losuðu fjöl úr þili og komust þannig inn á milli þils og veggjar. „Ég mátti ekki missa af ævintýrinu og tróð mér á eftir þeim. Mér finnst ennþá að við höfum komist langa leið, þarna í myrkrinu, en það er nú ekki vel að marka. Ég hefi heyrt að það þótti auka á hlýindi að hafa svona bil á milli þilja og veggja“, sagði Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir.⁴³⁹ Hún hafði rétt fyrir sér í því. Holrúm á milli þils og torfveggjar og sömuleiðis trégólfs og moldargólfs var til einangrunar og til að verja tréverkið fyrir raka og fúa. Torfveggirnir einangruðu vel og holrúm á milli torfs og timburs, þar sem hús voru þiljuð, jók á þá einangrun. Þ.e. á meðan torfveggir blotnuðu ekki mikið, þannig að frost sótti í þá. Þar sem holrúm var á milli timburgólfs og moldargólfs var talað um loftbaðstofur eða pallbaðstofur. Gólfið var þá að öllu leyti eða að hluta á palli.

Glóðarker voru notuð þegar þurfti að halda hita á kaffi og tevatni. Glóðarker voru ílát úr blikki eða

messing, sem í var settur glóandi eldiviðarmoli. Net var fellt yfir og þá var komið gott sæti fyrir konnu eða ketil. Búnaður þessi var afar hentugur fyrir þá sem nutu veitinganna og sömuleiðis gaf glóðarkerið smá hita í herbergið en fyrir þá sem þurftu að anda að sér reyknun og fyrir konurnar sem sáu um þrif og fægingu var þetta fremur óþægilegur gripur. Í Sarpi eru skráð sautján glóðarker, þar af eru nokkur skráð sem fýrföt.⁴⁴⁰

Reykháfar, reykop og reykör

Í *Harðar sögu og Hólmverja* segir að Þorbjörg húsfreyja á Indriðastöðum „lét gera reykháfa stóra“⁴⁴¹ í skála og sennilega er þar átt við grjót-hlaðna reykháfa. Reykháfshleðsla hefur verið stórvirki og sjaldan hefur verið átt við þá á meðan þeir stóðu. Einstaka sinnum hefur þó þurft að sót-hreinsa þá en þeir voru sennilega fátíðir. Arnheiður Sigurðardóttir hafði örugglega rétt fyrir sér í því að fólk bjó í sannkölluðum reykstofum, eins og aðrar norðlægar þjóðir á miðöldum, með opin eldstæði, grjót- eða leiðrofnum.⁴⁴² Húsin urðu smám saman dökk af reyk og sóti sama hversu oft þau voru skrúbbuð og skúruð. Á móti kom að reykurinn var góð fúavörn.

Á seinni huta 19. aldar voru eldavélar notaðar til upphitunar eða litlir ofnar (kamínur) sem tengdir voru járnörri, sem gekk upp úr þekjunni. Eldavélar og kamínurnar voru hússins mesta prýði, oft útlúraðar og með alls kyns mynstrum og burstaðar upp úr ofnsvertu þar til þeir glönsuðu „eins og nýfægðir tinkoppar“.⁴⁴³

Eldsneyti

Timbur, mór og tað voru algengust til eldsneytis framan af öldum. Efnisöflunin var misþrifaleg. Eldiviður var nægur á fyrstu öldum eftir landnám því að landið var sagt meira og minna hulið kjarr- og skógviði og rekaviður á fjörum. Fullyrt er að hlýrra hafi verið fyrir 1200 en eftir.⁴⁴⁴ Í Setbergs-

⁴⁴⁰ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Glóðarker. Sótt 19.11.2015.

⁴⁴¹ *Íslendinga sögur og þættir* II, 1987. Bls. 1286.

⁴⁴² Arnheiður Sigurðardóttir, 1966. Bls. 135.

⁴⁴³ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁴⁴⁴ *Íslenskur Sögu-Atlas 1. bindi*, 1991. Bls. 22. Rannsóknir hafa sýnt að veðurfar var kaldara á landnáms tímanum en áður hefur verið talið, sjá t.d. Yong, Nicolás E., Schweinsberg, Avriel D., Briner, Jason P. og Schaefer, Joerg M., *Glacier maxima in Baffin Bay during the Medieval Warm Period*

⁴³⁷ *Ævisaga Gísla Konráðssonar*, 1911-1914. Bls. 147.

⁴³⁸ Guðmundur Hannesson, 1945. Bls. 19.

⁴³⁹ ÞMS 11386/1994-3, kona f. 1913.

annál, sem nær frá 1202-1713, segir frá kulda-sveiflum sem vísa til þessa að árferði hafi ekki alltaf verið hagstætt gróðri og búskap.⁴⁴⁵

Í aldanna rás eyddist kjarrlendið vegna kuldatíða, stöðugrar eldiviðartöku, búfjárbeitar og margvís-legrar mannvirkjagerðar. Á 16. öld voru menn farnir að hafa varann á sér og spara eldivið. Óvíst er hvort Guðbrandur biskup Þorláksson hafi ætlað að vernda skóginn eða eignir biskupsstólsins árið 1589 þegar hann bannaði leigjanda Stór(a)holts í Fljótum að lána öðrum skóg til kola eða eldiviðar. Hann mátti nota hann sjálfur til að hita „badstofu og til smijda sem hann þarf“.⁴⁴⁶ Kjarr og skógar eyddust einnig af aur- og snjóskriðum, s.s. þegar skriðuföll eyddu skógum og ruddu um tveimur bæjum í Austurdal 1612. Þá „hlupu fram yfrið miklir skógar, rak af þeim víði ofan í Hólm“.⁴⁴⁷ Það hefur verið stórskaði fyrir Austdælinga en gróði fyrir Hólmabændur sem fengu þar óvæntan reka.

Þegar *Jarðabókin* fyrir Skagafjörð var skráð 1709-1714 var kjarrlendi uppurið, nema til kolagjörðar í Valadal, Vesturdal, Austurdal, Öxnadalsheiði, Deildardal, Höfðaströnd, Sléttuhlíð, Fljótum og Stíflu. Viðarkol voru fyrst og fremst notuð til járnsmíða. Hægt var að ná í hrís og fjalldrapa til eldiviðar á Skaga, á Vatnsskarði, á Hegrnesi, í Brimnes- og Viðvíkurskógum, Deildardal, Sléttuhlíð og víðar.⁴⁴⁸

Lítið var orðið eftir af því kjarrlendi á 19. öld. Jón Espólin gat þess að menn hafi reynt að snúa þessari þróun við því 1827 var sent birkifræ um allar sveitir. „Átti að freista að bæta hér skóglund, er mjög var autt orðið“.⁴⁴⁹ Ekkert varð úr sáningunni því vorið var illt og kalt. Á seinni hluta 19. aldar var hægt að rífa fjalldrapa til eldiviðar á Glaum-

bæjarengjum, í Brimnes- og Viðvíkurskógum, Hrolleifsdal og Hrolleifshöfða, í Almennungum og Kirkjuskógum austan í fellinu niður undir Sléttuhlíðarvatni, í Vesturskógum við Knappsstaðavatn og víðar.⁴⁵⁰ Á 20. öld var orðið tæpt að treysta á hrís til eldiviðarbóta.

Mótak þekktist frá öndverðu. Mór er leif gróðurlags frá því fyrir ísöld og er á um 0,4-1 metra dýpi víðast í Skagafirði. Oftar var reyndar talað um svörð en mó og mun það nafn meira notað fyrir norðan og austan. Fyrir sunnan og vestan merkir svörður fremur grassvörð, þ.e. torf en eldsneyti. Oddur Einarsson, Skálholtsbiskup frá 1589 til 1629, sagði að fólk hefði víða notað mó vegna viðarskorts undir lok 16. aldar. Víða var ágæt mótekja en oft var djúpt á mólum og mikil og erfið vinna við hann. Þar sem ekki var mótekja og fáar skepnur til að fá tað af, sem eldsmat, varð fólk að treysta á hrís til eldiviðar.

Móverkun hefur líklega verið svipuð frá því að sögur hófust. Mógrafir voru teknar á vorin, strax og klaki fór úr jörðu. Grafið var við hlið fyrri mógrafar þannig að þær voru felldar saman sem kallað var. Móhnausum var kastað upp úr gröfunum, þeir bornir á þurrkvöll og ristir í flögur. Þær voru reistar upp á rönd á meðan þær þornuðu. Hálfþurum var þeim hreykt, herra eftir því sem mórinn þornaði, fyrst smáhreykt en síðan stór-hreykt. Hraukarnir voru oftast hringlóttir og hlaðnir grísjótt þannig að reglulegar loftholur og göt mynduðust svo að vel loftaði um þá. Þegar mórinn var fullþurr var hann settur inn í sérstök eldiviðarhús, eldhús eða hlaðinn móhlaði heima við bæ og þaðan tekinn, eftir þörfum. Hvort minnkandi eldiviðarneysla og aukin mónotkun (sem í sjálfa sér er líka eldiviður) gæti hafa valdið

coeval with Norse settlement, útg. 2015 á <http://advances.sciencemag.org>. Sótt 6. desember 2015. Hið sama kemur fram í bók Kirsten A. Seaver, *The Frozen Echo. Greenland and the Exploration of North America, A.D. 1000-1500*, sem gefin var út í Stanford 1996.

⁴⁴⁵ *Annálar 1400-1800*, 1987. Bls. 1-215.

⁴⁴⁶ Þjskj. *Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar*. Nr. 179. Bls.115.

⁴⁴⁷ *Annálar 1400-1800*, 1922-1927. Bls. 200.

⁴⁴⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1986. Bls. 151, 164, 206-208, 216-224, 243, 326.

⁴⁴⁹ Jón Espólin og Einar Bjarnason, 1977. Bls. 136.

⁴⁵⁰ *Sýslu- og sóknarlýsingar II*, 1954. Bls. 59, 125, 145 og 165. Í sóknarlýsingu sem Gísli Konráðsson tók saman fyrir Glaumbæjar- og Víðimýrarprestakall 1842 kemur fram að skógar- og kjarrlendi var uppurið og hann minntist ekki orði á kjarrlendi í Vatnsskarði sem var sagt þökkalegt til kolagjörðar 1713. Séra Benedikt Vigfússon sagði kjarrlendi hverfandi í dölunum út að austan 1843 og séra Davíð Gunnarsson hafði heyrt sagt um Geirmundarhólsskóg að „óþyrmilega hafi verið rífið til kolagjörðar í skógi þessum meðan hann entist til þess“ (Bls.145). Jón Jónsson á Barði nefndi að skógar- og kjarreyðing væri fyrst og fremst af völdum kulda á 19. öld en verst hafi slíkur gróður farið í eldmistrinu árið 1783 (Bls. 165-166).

Því að fólk hætti að nota opna stó eða reykofna til upphitunar í svefnverelsum er erfitt að fullyrða. Amma mín sagði að móreykur hefði verið mun verri fyrir vit og augu en reykur af timbri og taði.⁴⁵¹ Full ástæða er til að skoða þann þátt nánar því þar í gæti falist ein skýring á brotthvarfi þeirra úr stofum og skálum.

Tað til eldsneytis er ekki oft nefnt í ritheimildum, sem þarf þó ekki að þýða að það hafi ekki verið notað. Vel verkað sauðatað er prýðilegt eldsneyti. Það er eldfimara en mór og hitamikið en glóðin endist skemur. Á seinni öldum var það mikið notað og haft með mó „þó þörf væri þess til túnræktar“⁴⁵², eins og Gísli Konráðsson orðaði það 1842. Orðtakið „tað verður ekki mulið undir hlandketilinn“ vísar til mikilvægis taðsins til áburðar. Hlandketillinn var ketill sá eða pottur sem keyta var hituð í til þvotta.

Taðverkun til eldiviðar var ekki ósvipuð móverkun. Tað var stungið út úr fjárhúsum á vorin og farið með hnausana á þurrkvöllum þar sem þeir voru klofnir, breiddir til þerris, reistir upp, hreykt í hrauka, hlaðið í hlaða og á endanum var þurrt taðið sett í eldiviðarhús eða hlaðið í hlaða heima við bæ eins og mórinn. Þegar þangað var komið með þurran eldiviðinn var horft á hann sem dýrmæti sem átti ekkert skylt við óþrif. Tað og mór voru drýgsta eldsneytið frá 17. til 19. aldar. Það var flutt til á kerrum eftir að þær urðu algengar á seinni hluta 19. aldar en áður var það flutt í krókum sem hengdir voru á klakka og reitt á hesti eða í meisum eða pokum sem fólk bar á bakinu á milli staða. Engin lögmál voru í gildi um hvaða heimilisfólk var kallað til starfans, ýmist sjálfir húsbændurnir eða hjú þeirra, eins og María vinnukona á Sveinsstöðum sem sótti „eldivið í hlaða, sem var fyrir neðan fjárhúsin út á túninu, lét vel í poka og bar heim á bakinu“.⁴⁵³



Myndarlegur taðhlaði að húsabaki, um 1938. Við bakdyrnar er móhrúga sem sennilega var á leið inn í bæ. Á kerrunni eru vatnsílát, tunnur, vatnsfata og bali og á beislinu liggja aktygi. Hjá ljósmyndaranum liggur stunguskófla. Ljós. HSK. BS 2281/Bruno Schweizer.

Mólykt var auðþekkjanleg, reykurinn var ísmeygilegur og fór illa í fólk og olli sviða í augum.⁴⁵⁴ Móaska var rokgjarnari en taðaska. Eldhús þar sem mór var brenndur urðu löðrandi í öskuryki og fólk varð skinnveikt af því að handfjatla hann.

⁴⁵¹ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

⁴⁵² *Sýslu- og sóknarlýsingar II*. 1954. Bls. 67.

⁴⁵³ Björn Egilsson, 1995. Bls. 186.

⁴⁵⁴ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

Mótekja lagðist af með tilkomu eldunar- og kynditækja sem gengu fyrir olíu en meðan viðarkol voru brennd voru þau oft drýgð með mó. Svokallað afrak var hirt af túnunum á vorin en það var skítur sem ekki gekk niður í grassvörðinn og var gott í eldinn. Eftir að tún voru slóðadregin voru þau rökuð með kláru eða hrífu og allt brennanlegt hirt af þeim. Krakkar voru látin safna afrakinu í poka og koma með það heim og setja í hlóðartroggið. Það var lélegur eldsmatur en ágæt viðbót. Óhreinindi fylgdu umgengni um tað og mó og af þessu tvennu fór mórinn ver með húðina.



Ingibjörg á Hólabaki heldur hér á fati með taðafraki, sem hún hefur sennilega tínt af túninu. Allt afrak, sem ekki gekk ofan í jörðina og nýttist sem áburður, var notað í eldinn. HSK. BS 2130. Bruno Schweizer.

Á Suðurlandi breiddu bændur mykju á tún til að þurrka hana. Þegar hún var orðin þurr var hún brotin í misstórar „skánir“ og höfð í eldinn.⁴⁵⁵ Sú aðferð var ekki mikið notuð Norðanlands þar sem mykjunni var fremur klínt með spaða á þúfnakolla á vorin og látin þorna þar. Þegar grassprettan fór að lyfta „pentunni“ var henni snúið við svo að hún næði að þorna báðum megin. Varð hún þá hvít og létt og var að endingu rakað saman með kláru eða hrífu og sett í poka eða hrip. Klíningur þessi er eldfimur en ekki hitamikill.

Ýmislegt annað var notað í eldinn svo sem hrossattað sem tínt var í poka út um hagann, ýmist kölluð aukatöð eða hrossagaddar. Þurrum torfusneplum var jafnvel safnað og heyjatorf mun oft hafa verið þurrkað í eldinn á vorin. Þetta ásamt klíningi, sprekum og heyrudda var notað þegar hörgull var á öðru eldsneyti. Í *Vallholtsannál* er sagt að menn hafi brennt heyi í harðindum á 17. öld og þekkt var um allt land að hirða allt sem til féll og var brennanlegt úr fjörunni og nota í eldinn.⁴⁵⁶ Langversti reykurinn var af þurrkuðu þangi og grútleignum beinum, sem var brennt víða í sjávarsveitum á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum en lítið í Skagafirði.⁴⁵⁷

Vetrarforði „eldiviðar“ var mismunandi frá einum bæ til annars. Til viðmiðunar má nefna dæmi frá Neðra-Ási í Hjaltadal um miðja 20. öld þar sem rúmgóður eldiviðarkofi var hálffullur af mó en tað var í fjórðungi hans.⁴⁵⁸ Farið var að flytja kol til landsins til upphitunar og eldunar á seinni hluta 19. aldar en þau voru „aðeins keypt til spari, þau voru svo dýr“.⁴⁵⁹ Fólki ber saman um að mikill munur hafi verið á hvað þrif urðu auðveldari eftir komu rafmagnsins því þá þurfti ekki endalaust að berjast við óþrif af eldiviðnum, einkum og sérílagi mónum.

Ljósæri og ljósmeti

Ljósatími hófst um fyrstu göngur og endaði um sumarmál en það gat sloppið til að hætta að nota ljós í þorralok, eins og segir í vísunni:

Ég leiðindi á mér finn,
oft í myrkri svörtu,
þegar út' er þorri minn,
þá skal háttu í björtu.

Ljósatími að hausti hófst um og eftir sláturtíð. Á flestum heimilum voru lýsisljós en lýsi var notað til ljósa frá fornu fari og fram til um 1870-90 þegar olía tók við hlutverki þess. Lýsi var misjafnt að gæðum eftir því af hvaða skepnu það fékkst. Sela- og hákarlalýsi þóttu betri en þorskalýsi.

⁴⁵⁶ *Annálar 1400-1800, 1922-1927*. Bls. 332.

⁴⁵⁷ *Vise=Lavmand Eggert Ólafsson og LandPhysici Bjarne Povelsens Reise igiennem Island*. 1772. Bls. 151-152, 332. Schleisner, Peter Anton. 1849. Bls. 124.

⁴⁵⁸ Svanhildur Steinsdóttir f. 1918.

⁴⁵⁹ PMS 11386/1994-3. Kona f. 1913.

⁴⁵⁵ PMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

Hrossaflot var líka ágætt til ljósa. Vont lýsi, hvaðan sem það kom, var kallað grútarlýsi.

Lýsisljós áttu það sameiginlegt að húsin fylltust af ljósreyk á ljósatímanum og mörg baðstofan varð „sótsvört upp í af þessum sífellda reyk og loftið óþolandi í litlum og loftillum baðstofum“⁴⁶⁰, sagði Hrafnagils Jónas.

Sótið settist á vegg og rjáfur þannig að á löngum tíma urðu húsin sótsvört upp um ef þau voru ekki skrúbbuð. Og ekki urðu aðeins veggir og loft sótug því heimilisfólkið fór ekki varhluta af sótinu. Eitt sinn þegar Stefán Ásmundsson í Beinagarði kom að Ríp „var karl nær kolsvartur í framan, kvað hann lampatíru hafa ósað hjá sér í gær. Sagði móðir mín honum þá að þvo sér, og gerði hann það“.⁴⁶¹ Sennilega var karl búinn að sitja aðeins lengur en eitt kvöld við þá týru og hafði ekki tafið sig við þvotta áður en hann fór á bæjarflakk.



Lýsilampi úr messing. Tanginn sem fellur ofan í yfirlampann er til að stinga í vegg. „Stjakinn“ í keðjunni er til að draga kveikinn fram eftir því sem brann af honum. Lýsi og kveikur var sett í yfirlampann en undirlampinn tók við því lýsi sem dróst fram úr kveikum og féll í undirlampann og var nýtt aftur. Ljósm. BSk./I.K.D.M.

Ýmis ljósfæri koma fyrir í Íslendingasögum og *Sturlungu* s.s. þegar talað er um uppdregnar kolar í skálum og stofum.⁴⁶² Þær voru dregnar upp og ofan á streng (reipum, ólum, keðjum) og geta hafa verið víðar um sig því skugginn af þeim var svo dimmur að fólk sá ekki handa sinna skil, væru þær uppdregnar og fólkið að koma inn úr útiverkum. Jafnvel svo að hægt var að dyljast í koluskugganum. Þegar Vermundur bóndi á Ökrum gekk til stofu 1238, ásamt fylgdarliði, eftir baðferð, voru menn hálfblindir á meðan augun vöndust rökkrunu.

Ljós var „í stofunni ok dregit upp, en myrkt it neðra. Tjölduð var stofan. Enga sáu þeir menn þar“⁴⁶³ en í koluskugganum sat vopnaður maður sem náði að veita Vermundi áverka áður en menn áttuðu sig. Hentugt var að geta dregið koluna upp og ofan eftir því hvað um var að vera, t.d. þegar gengið var til náða eða þegar stiginn var dans, eins og á Skinnastað 1232.⁴⁶⁴ Á dimmum vetrardögum og á vökunni á kvöldin var koluljósið haft það neðarlega að birtu naut við vinnuna.

Ýmis tilbrigði voru í ljósfærum. Talað er um kolar, lampa, kyndla, stjaka og hjálma bæði í stofum og skálum. Kolar voru „holur“ sem lýsi var hellt í. Þær gátu verið úr grjóti, gleri, leir, járn eða öðrum málmi. Fólk notaði einnig pönnur og lampa til lýsisljósa en ljósa stjaka/ljósa pípur, kerta stjaka/kertapípur og kertahjálma, úr málmi eða tré, fyrir kerti. Stjaki, kola og lampi virðast hafa verið „finni“ ljósfæri en pönnur því þær eru oft nefndar í búrum, hlóðaelldhúsum og útihúsum en stofum og skálum.

Þessi kertahjálmur, sem er úr kopar, var keyptur til Glaumbæjarkirkju í kring um 1500. Kertahjálmar, eins og þessi, voru í stofum og kirkjum og hægt að draga þá upp og ofan á streng. Ljósm. BSk./S.S.



Talað er um að gera „ljós í stofu“ og koma „inn með log“⁴⁶⁵ þ.e. lifandi ljós til að tendra ljós á þeim ljósfærum sem inni voru. Þegar fundað var í flýti í litlustofu í Stafholti í desember árið 1252 var þar bjart ljós en kuldi mikill enda ljós nýlega tendruð og stofan óupphituð.⁴⁶⁶ Ljós voru tendruð með glóð af hlóðunum, sem tekin var með kyndli. Farið var sparlega með alla ljósgjafa svo að ljós voru ekki verið tendruð nema nauðsyn bæri til.

⁴⁶⁰ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 4.

⁴⁶¹ Þorsteinn Jónsson, 1967. Bls. 79.

⁴⁶² *Íslendinga sögur og þættir* II, 1987. Bls. 1319. *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 290, 307, 326, 343, 483, 493, 497; II, 1946. Bls. 42, 92, 132, 155, 157, 242, 283.

⁴⁶³ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 441-2, sjá einnig 172-3.

⁴⁶⁴ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 172, 336.

⁴⁶⁵ *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Bls. 605; *Sturlunga saga* II, 1946. Bls. 130.

⁴⁶⁶ *Sturlunga saga* II, 1946. Bls. 132.



Til vinstri er kertaklemma sem fest var á timburpilið eða slegin ofan á tréstubba eða bita. Til hægri er kertapanna úr járni með löngum tanga til að stinga í torfvegginn. Ljós. BSk./S.S.

Nöfnin panna og kola voru notuð jöfnum höndum yfir samskonar ljósfæri. Einföldustu kolumnar voru kúskeljar með léreftskveik (raki), sem fyllt var með tólg „og rakinu hagrætt með nagla eða spýtu“.⁴⁶⁷ Gangnakolan var úr járni eða tré með skafti sem gekk inn í torfvegginn. Stærð lampanna var miðuð við að lýsið í þeim entist út kvöldvökuna. Lýsislamparnir voru tvöfaldir, þ.e. yfir- og undirlampi (yfir- og undirpanna). Lampar voru úr járni, kopar og fleiri málum og voru fægðir eftir því sem þurfa þótti.



Kertaform úr tré. Kveikur var strengdur í formið áður en tólginni var rennt í það. Forminu var svo flett utan af kertinu þegar hún var storknuð. Ljós. BSk./S.S.



„Ljósið kemur langt og mjótt [...] logar á fífustöngum“, segir í kvæðinu. Löng hár fífunnar voru snúin í kveik. Ljós. Einkaeign/ S.S.

Kerti voru ýmist innflutt eða heimagerð. Þau heimagerðu voru úr tólg en þau innfluttu voru úr bývaxi. Gömul tólgarkerti brunnu betur en ný en það tókst ekki alltaf að geyma þau þar sem þau voru brædd til viðbits ef það vantaði. Tólgarkertin voru ýmist dregin eða steipt. Þegar kerti voru steipt var bráðinni tólg hellt í þar til gert kertaform, sem voru bæði heimagerð og innflutt, úr málmi eða tré. Dregin kerti voru þannig gerð að kveikurinn var bundinn á tréspýru. Tólg var brædd og hellt í strokk, eða annað hentugt ílát, með volgu vatni svo að tólginn, sem settist ofan á vatnið, storknaði ekki.⁴⁶⁸ Kveiknum var svo dýft í og hann dreginn upp og niður. Tólginn loddi við kveikinn og því fleiri ferðir sem dregnar voru í gegnum tólgarlagið því sverari urðu kertin. Kveiknum varð að halda beinum fyrstu ferðirnar. Farið var sparlega með kertaljós. Þau voru dýrmætasta og hátíðlegasta jólagjöfin, hvort sem í hlut áttu börn eða fullorðnir.

Eitt ljósfæranna var svokölluð týra gerð úr glerkrukku eða glasi og kveik, annað var svokallaður trunkur en það var tréstöng, hol að innan, sem tólg var rennt í og kveikur umvafinn.⁴⁶⁹ Týrukveikur var oft samansnúnar léreftsræmur úr aflóga klæðum. Annars var oftast notaður fífupráður eða bómullarband í kveiki. A.m.k. á 19. öld og fram á þá 20. var flutt inn svokallað ljósrak eða ljósagarn. Fífan var tind á sumrin og þurrkuð. Fífuhárið var svo tætt af kollunum og lyppað líkt og ull. Snúið var upp á það í hæfilega langan og gildan stöngul, sem fór eftir ljósfærinu. Hrafnagils Jónas talaði um að fífupræðirnir væru tvinnaðir.⁴⁷⁰



Skarbítur er skæri með „húsi“ á, sem skarið (kveikurinn) mokast inn í um leið og klippt er og loginn þar með kæfður. Ljós. BSk./S.S.

⁴⁶⁸ Kerti voru einnig kölluð dás eða kertisdás.

⁴⁶⁹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 4-5.

⁴⁷⁰ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 4.

⁴⁶⁷ ÞMS 3203/1961-2, kona f. 1909.

Í *Sarpi* eru skráð ókjör af allskonar ljósfærum, yfir hálf tannað hundrað kola og annað eins af lýsislömpum auk fimmtán grútarlampa á móti fimm lýsispönnum.⁴⁷¹ Kveikurinn brann mishratt á þessum ljósum og stundum þurfti að klippa hann til að hann ósaði ekki. Til þess var notaður svokallaður skarbítur eða ljósasax. Á annað hundrað skarbíta eru varðveittir í minjasöfnum landsins samkvæmt *Sarpi* en þeir munu víst ekki hafa tíðkast mikið fyrr en á 19. öld.⁴⁷² Notaðir voru eldberar, svokölluð skriðljós eða fótur þegar farið var á milli húsa með lifandi ljós.⁴⁷³ Skriðljós voru luktir, þ.e. ílát passleg fyrir kolu eða pönnu. Ekkert skriðljós er skráð í *Sarpi* en einn eldberi.⁴⁷⁴ Kyndlar þeir sem nefndir eru hér og hvar voru yfirleitt úr tré og var þeim stungið á kyndilgreip, járnstöng sem hægt var að halda á eða stinga í torfvegg, gólf eða jörð eftir atvikum. Á stönginni var greip fyrir kyndilinn. Fyrir jólin voru allir lampar, pönnur og stjakar þrífir og fægð þar til glampaði á þau. Alla jafna var unnið við lýsisljós en á aðfangadagskvöld leyfði fólk sér að bruðla með kertaljós og mörg dásæmdar- og dýrindisljós látin loga samtímis.⁴⁷⁵

Innfluttir olíulampar fóru að fást í kaupstöðum um og eftir 1870. Lampar voru átta og tíu línu, eftir stærð, og brenndu svokallaðri lampalíu (hreinsaðri steinolíu).⁴⁷⁶ Bestir voru „blússlamparnir“ með sín björtu ljós. Olíulampar og luktir ruddu lýsislömpum og kertum úr vegi enda mun þægilegri og þrífalegri í notkun en olían var dýr. Hið sama gildi um brennslu olíu eins og lýsis og annars ljósmetis að það var óþrífnaður af þeim og smám saman safnaðist dökkur skuggi á loftið uppi yfir ljósunum, sem hvarf ekki fyrr en í vor- eða jólahreingerningunni. Ljósalyktin skánaði mikið eftir að farið var að nota steinolíu í stað hrossaflots og grútar, sagði Freymóður Sveinsson.⁴⁷⁷

⁴⁷¹ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Kola, lýsislampi, lampi, grútarlampi, panna, lýsispanna. Sótt 19.11.2015.

⁴⁷² *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Skarbítur, ljósasax. Sótt 21.11.2015. *Blanda.*, 1918-20. Bls. 348.

⁴⁷³ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 58.

⁴⁷⁴ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Skriðljós, eldberi. Sótt 19.11.2015.

⁴⁷⁵ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 208.

⁴⁷⁶ ÞMS 8065 kona f. 1901.

⁴⁷⁷ Freymóður Sveinsson, 1967. Bls. 25.

IV Þvottar

Föst verkefni í starfsári húsmæðra voru ullar- og fataþvottar. Þær stjórnuðu hverjar unnu verkið og hvenær og hvernig þvegið var. Yfirleitt þvoðu þær sjálfar af sínu fólki og höfðu stúlkurnar sínar með sér í verkinu. Engin algild regla var um hvernig fataþvottur fór fram. Stundum fengu húsmæðurnar aðrar konur til að annast þvottana, sérstaklega þar sem margt var fólk, eða ef heimakonur voru heilsulitlar eða að öðru leyti forfallaðar. Eitthvað var um að lausakonur tækju að sér hreingerningar, þvotta, ullarþvotta, sláturgerð og fleira sem laut að hús- og heimilishaldi.⁴⁷⁸ Aðferðir sem hér er lýst eru horfnar en þær eiga langa sögu þótt þeirra sé lítt getið í frásögnum. Sömu aðferðir þekktust á öllum Norðurlöndunum og vafalaust víðar.



Gott var að hafa hrip og meisa (laupa) tiltæka við þvotta og flytja í þeim ull og fót fram og til baka á milli húsa og þvottabóla á klakki, á bakinu eða á sleðum, eftir því hvernig þvotturinn var fluttur á milli staða. Hripin voru ekki síðri en lárarnir (minni rimlakassar) við að skola ull og fót í rennandi vatni. Þá var hripið sett í strauminn og vatnið rann í gegn. Lárarnir voru betri fyrir smáflikur og ullarlagða. Þegar talað var um hriplek ílát var tilvísunin í hripin. Ljósm. BSk./S.S.

Ullarþvottur

Snemma sumars fljótlega eftir rúning varð að þvo ullina. Það var árviss atburður.⁴⁷⁹ Fyrsti undirbúningur ullarþvottar á heimilinu hófst um og eftir vorjafndægur. Þá var tunna með hlemmi yfir, sett í útihús nálægt bæ eða skotið bak við hurð innan-

⁴⁷⁸ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

⁴⁷⁹ Kaflinn byggist á svörum fjölda heimildarmanna Þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns Íslands og er fléttað saman við lýsingar og skýringar Sigríðar Gunnarsdóttur, f. 1894 og Svanhildar Steinsdóttur, f. 1918.

bæjar þar sem hún var ekki fyrir neinum. Kopparnir voru svo losaðir í hana á hverjum morgni þar til nóg var komið. Í flestum tilfellum notaði fólk mannaþvag til að þvo úr því einfaldast var að nálgast það. Undir það síðasta og áður í örfáum tilfellum, var notast við kúahand. Því eldri sem keytan var því betur þvagnaði ullin, sagði gamla fólkið. Almennt var álitid miklu betra að þvo ull úr keytu en nýjum sáputegundunum þegar þær fóru að fást.

Einhvern góðviðrisdaginn stuttu eftir rúning var ullin tekin og hreinsuð, viðruð og flokkuð. Hver litur var settur sér og sandur, hríslur og önnur óhreinindi voru hrist úr. Farið var með ullina í pokum, í meisum (laupum), hripum eða á vögum á þvottaból. Ef langt var að fara var ullin sett upp á hest. Þvottabólið var við læk, á eða vatn þar sem náðist í hreint vatn til að skola úr. Sums staðar var þvegið við heita hver. Keytukeraldið og stærsti pottur heimilisins voru flutt á þvottabólið ásamt ullinni, eldiviðnum og öllum þeim áhöldum sem þurfti að hafa við hendina, þvottaklappi til að berja með og priki til að hræra í, meisum eða hripum, lárúm eða körfum til að skola í og allt annað sem með þurfti eftir því hver siður var.



Hér er verið að flokka ullina og þvo hana. Ljós. HSK.

Potturinn var borinn manna á milli og keytukeraldið á handböfum eða flutt á hestakerru eftir að þær komu og fært var fyrir kerru á þvottabólið. Þegar þangað kom varð að útbúa hlóðir, ef þær voru ekki fyrir hendi, en yfirleitt var þvegið á sama stað ár eftir ár. Þægilegast var að hafa hlóðirnar á vatns- eða lækjarbakkanum. Stærð þeirra fór eftir stærð pottsins sem ullin var þvæld í en hann gat tekið allt að 100 lítra. Hlóðir voru

hlaðnar upp af grjóti og opnar fram. Hæðin var um hálfur metri og var þeim skipt með láréttum hellum með rifu á milli, til undirblásturs. Ofan á hellurnar voru settir steinar svo þær risu ekki og hvolfdu þvottapottinum. Þá var potturinn settur ofan á og honum til stuðnings var hlaðið í bak og hliðar með blautum torfhnausum sem ekki var hætta á að kviknaði í.

Keytu og vatni var blandað saman, um það bil til helminga. Koppur var notaður til að ausa í pottinn. Þvælið var hitað en það mátti alls ekki sjóða því ullin gulnaði ef hún ofhitnaði. Lögurinn kallaðist þvæli og á meðan ullin var þvæld kallaðist hún þvæla. Nokkur dæmi eru um að bæði lögur og ull væru kölluð þvæli. Þegar þvælið var orðið nógu heitt var ullin sett út í, sem svaraði heilu reifi, eftir stærð pottsins. Hverjum lit var haldið útaf fyrir sig í þvottinum. Hvíta ullin var þvegin fyrst. Eftir að fólk fór að kaupa sápu efni í verslunum var sóda blandað í þvælið. Sauðafitan mátti ekki þvost alveg úr. Þá varð ullin verri til tóskapar og léttari til innleggs hjá kaupmönnum. Nokkur kúnt var að þvæla ullina með þvottaprikinu, eða hverju því sem þvælt var með, því ullin mátti ekki þófna. Þess vegna var um að gera að hafa pottinn nógu stóran og nógu þvæli. Gott var að hafa grind í botni pottsins svo að sandur og önnur óhreinindi sem botnféllu þvældust ekki saman við ullina.

Ullin var fljót að þvost svo þvottakonurnar urðu að hafa snör handtök. Það var ekki unnið eftir klukkunni, heldur réði ullarmagnið og tilfinningin hraðanum. Það voru engir aukvisar sem gengu að verki. Konurnar voru skráddar hlífðarfötum, oft af ótrúlegustu gerðum. Þegar ullin var fullþvæld var hún (þvælan) veidd upp og sett á grind, meis eða hrip, sem lagt var yfir pottinn hálfan og látið renna úr henni. Sumir höfðu tunnu við hliðina á pottinum og meis þar yfir svo að þvælið af ullinni rann í tunnuna og var því svo hellt aftur í pottinn. Þannig fór ekkert til spillis.

Stundum var þvælt í stampi í stað pottsins sjálfs. Ullin var þá sett í tunnuna og þvælinu hellt yfir. Fyrst var þvælt með klappi eða priki og þegar þvælið fór að kólna var þvælt með berum fótunum. Þegar búið var að veiða ullina upp úr tunnunni á grind eða meis var hellt úr henni í pottinn.

Þessi aðferð að þvæla í tunnu var einkum notuð ef þvælið var hitað heima í eldhúsi. Það gat verið erfitt að koma pottinum og keytukagganum út að bæjarlæk og ef engin tök voru á því var þessari aðferð beitt. Þegar þvælið var fullsigið úr ullinni var hún skoluð í hreinu vatni þar til ekkert grugg kom frá henni. Ullin varð að vera sem heitust þegar henni var skellt í kalt vatnið því annars vildi stemmast í henni sem kallað var og óhreinindi losnuðu þá illa úr.



Á myndinni er verið að skola ull eftir þvott í ánni Álku í Vatnsdal 1935. Búið er að gera lygnu í ána og hlaða fyrir svo að lagðarnir fari ekki í strauminn. Ljós. HSk. BS 2246/Bruno Schweizer.

Þar sem skolað var í læk eða á var gerð fyrirstaða úr grjóti eða hríslum til að smálagðar rynnu ekki á brott. Best þótti að skola undir lækjarbunu þar sem lygna var neðan við. Tágakörfur, ullarlárar eða meisar voru notaðir til að skola smálagðana. Ef notaður var lár eða meis varð að þétta þá með einhverjum ráðum, ríða þá með snæri eða setja striga innan í þá. Heillegustu lagðana var haldið í. Konurnar ýmist krupu á lækjarbakkanum við að skola eða stóðu berfættar úti í vatninu, og settu ullina fullskolaða í smádrýli á bakkanum þar sem rann úr henni eða lögðu hlera yfir lækinn og létu ullina á hann. Krakkarnir héldu vörð um lagðana og pössuðu að þeir flytu ekki burtu.

Eftir skolon var ullin flutt á þurrkvöll, á grasi gróinn harðbala, ekki of langt frá þvottastað. Þangað var hún flutt á börum, í pokum, hripum eða á kerru. Örnefni eins og Ullarbali og Ullarhlíð

minna á þessi verk. Ef ullin þornaði ekki á einum degi var hún sett í smáhrúgur yfir nóttina og breidd aftur að morgni. Af þurrkvelli var flutt í pokum, hver litur sér, og allt sett á sinn stað.



Búið er að veiða ullina upp úr þvælinu til að láta það mesta renna af henni í pottinn. Þannig fór vökvinn ekki til spillis og hægt að endurnýta hann. Ljós. BSk./S.S.



Búið er að þvo ullina og verið er að breiða hana til þerris. Ljós. HSk. BS 2133/Bruno Schweizer.

Ull sem átti að fara í kaupstað var geymd í góðu húsi, jafnvel gestastofunni, þangað til farið var með hana. Yfirleitt var ekki beðið lengi með að fara með hana í kaupstaðinn. Ullin var dýrmæt og fyrsti þvotturinn skipti verulegu máli fyrir gæði hennar og þar með flíkanna sem unnar voru úr henni og mat kaupmanna. Þelið, dúnmjúka ullin nær skinni kindarinnar, var orðin þykkt og gæðamikið snemma sumars þegar ær voru rúnar. Reifið var þá orðið nokkurn veginn hreint eftir vorrigningar og sólrikar og vindasamar vikur. Í gamla daga var sauðfé mun meira úti en nú því fé var beitt með vetrargjöfinni eins og kostur var, til að drýgja heyin. Reifi fyrri alda voru samfelld þelpæfa með

löngum toglokkum (röggvum) sem auðvelt var að toga ofanaf og vinna úr þráð.

Um miðja 20. öld var heimaþvotti á ull hætt og ullarþvottastöðvar tóku við. Á síðustu árum ullarþvottanna var notuð sápa í stað keytunnar. Þá var heilu reifunum troðið ofan í stórt olúfat og heitum sápuleginum hellt yfir, síðan var ullinni þjappað í þar til hún var gegnvot. Svo var hún látin standa í tunnunni í 1-2 klukkustundir, áður en hún var tekin upp úr og skoluð.⁴⁸⁰ Ullarþvottur var mikil bakraun og vandaverk. Það voru þreyttar konur sem komu heim eftir bogur, basl og köld handtök á löngum og ströngum vinnudegi. Börn voru fljótlega vanin við þvottinn en fullorðnir karlmenn komu yfirleitt hvergi nærri.

Fataþvottar

Um fermingu voru stúlkur vandar á framtíðarverkin og þær hvattar til dugnaðar.⁴⁸¹ Fyrst var að sinna þjónustustörfum, sem lutu að því að sjá um hversdagsföt karlpeningsins á heimilinu og búnað þeirra. Hver karl fékk úthlutað þjónustu þannig að þegar þeir komu inn frá útiverkum voru dregnir af þeim skór og sokkar og fötin löguð og þvegin ef þurfti og séð um að ígangsklæði þeirra væru tilbúin að morgni. Af þeim sökum náði starfsdagur margra stúlkna oft langt fram á nótt. Aldrei var spurt um hvernig stóð á fyrir þeim og þær áttu sjálfar að sjá um sig. Karlarnir voru misánægðir með þjónustuna sem þeir fengu og stúlkurnar voru misheppnar með úthlutaðan karl, því að á sama heimili gátu verið mestu snyrtimenni og örgustu draslarar.

Gestum var þjónað til sængur, eins og lýst var í dæminu frá Teigakoti 1907. Dregnir voru skór af gestunum og utanyfirföt þeirra hirt og passað að vel færi um þá. Fötin voru færð fram í eldhús og þurrkuð þar eða á grind eða snúru ef vel viðraði. Gegnblaut ferðaföt voru þurrkuð. Langoftast sáu húsmæðurnar sjálfar um gesti sína eða þær létu vanar vinnukonur um það. Einnig kom fyrir að húsbændur tækju þetta hlutverk að sér sjálfir, ef vildargesti bar að garði. Það gerði séra Benedikt Vigfússon þegar Konrad Maurer kom að Hólum í Hjaltadal 1858. Prestur vildi sjálfur draga stígvél

og buxur af sínum virðulega gesti, sem varð að beita lagni til að fá hann ofan af því.⁴⁸² Maurer vildi hafa skó og sokka til taks því hann ætlaði ofan fyrir venjulegan fótaferðatíma. Aðrir hefðu vafalaust þegið þessa gestrisni með þökkum.

Á sumrin var hyllst til að þvo þegar þurrklaust var til að taka stúlkurnar ekki úr heyskapnum og þá var ekkert hugsað um hvað dagurinn hét.⁴⁸³ Þvotturinn gat beðið þurks en ekki heyið. Vatnsstífla sem brast hljóp yfir þvottakonur og aðstoðarpilt þeirra við Keldulandslaug á Kjálka árið 1637. „Dó konan önnur og pilturinn, önnur fannst lifandi, illa til reika; þær höfðu farið með þvotta til laugarinnar gengið sunnudagsmorgunn eptir gömlum vanda þeirra“.⁴⁸⁴ Dæmið sýnir að sunnudagar voru jafn tækir þvottadagar og aðrir dagar og að þvottakonur áttu sitt undir náttúruöflunum eins og margir aðrir við búverkin. Óhreina tauinu, lökum, sængur- og koddaverum, nær- og ígangsfatnaði, handklæðum, dúkum og fleiru var safnað í kistu eða poka.⁴⁸⁵ Lök, sængur, koddar og voðir voru úr líni eða ull (þeli).⁴⁸⁶ Tæuið var lesið í sundur, mislitt var þvegið sér og línföt og ullarföt sér. „Þegar efni og aðstæður leyfðu ekki að til væri tvennt til skipta á öll rúm í einu, þá var kannski skipt á rúmunum öðrum megin í baðstofunni og á þeim sem þar sváfu“⁴⁸⁷ og svo hinum megin í næsta þvotti. Sú útsjónarsemi var stundum nauðsynleg.



Hey bundið í bagga. Uppi á hólnum til hægri er heysáta. Flest útiverk settu stimpil sinn á fötin, sem oft urðu æði óhrein. T.d. var erfitt að ná grasgrænku úr fötum. Ljós. B.Shweizer/HSk.

⁴⁸² Maurer, Konrad, 1997. Bls. 166.

⁴⁸³ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

⁴⁸⁴ *Annálar 1400-1800*, 1922-1927. Bls. 250.

⁴⁸⁵ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁴⁸⁶ ÞMS 8065 kona f. 1901.

⁴⁸⁷ Guðríður B. Helgadóttir, 2010. Bls. 92.

⁴⁸⁰ ÞMS 1164 karl f. 1902.

⁴⁸¹ *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 467.

Það kostaði mikinn vatnsburð ef átti að sjóða og skola þvottinn heima, ef ekki var innibrynning og það þurfti mikinn og dýrmætan eldivið til að hita þvottavatnið. Sængurföt voru látin liggja í bleyti yfir nótt eða í nokkra tíma en mikið óhrein fót í sólarhring. Þegar þvotturinn var lagður í bleyti var vatn hitað og hellt í bala eða stamp og þvotturinn lagður í vatnið, stundum var keytu blandað úti, eða þvottasóða, þegar kom fram á 20. öld.

Farið var snemma á fætur á þvottadaginn til að „leggja að“ í hlóðunum, þar sem vatn var hitað í stórum hlóðapottum. Seinna í innmúruðum pottum, sem voru steptir fastir í stæðið sitt. Ýmist voru pottar þessir kallaðir þvotta- eða sláturpottar, því í þeim var líka soðið slátur á haustin. Þeir voru steptir úr jární (svokölluðu pottjární) og geysistórir, tóku 50-100 lítra. Sápan var leyst upp í pottvatninu og það hitað. Þegar vatnið var orðið vel heitt var bætt í þvottabalann með íbleytta þvottinum. Þá var tekið til við að nudda og þvæla, ýmist á þvottabretti eða á milli handa. Sápan var borin á flíkurnar áður en farið var að nudda þær á bretti eða berja þær ef óhreinindi voru mikil. Þegar nóg var að gert var tauið sett í þvottapottinn í sjóðandi sápuvatn og línþvottur látinn sjóða um tíma. Þvælt var annað slagið í pottinum með þvottaprikinu.

Ullarföt, hvort sem það voru ígangsklæði eða rekkjuvoðir, mátti ekki sjóða en þau voru hituð að suðu. Hvítur ullarþvottur tók á sig gulan lit ef hann ofhitnaði en hann eyðilagðist ekki. Þvotturinn var svo færður upp í bala með köldu vatni og hann nuddaður á ný. Að lokum var hann undinn og settur í meis eða ullarlár og borinn út að læk eða á og skolaður þar í rennandi vatni. Eftir góða skolun var þvotturinn undinn og að lokum hengdur til þerris. Sama aðferð var notuð við að þvo ullarföt eins og þegar ullin var þvegin. Fatnaðurinn var settur í heitan keytulöginn, þvældur um stund með priki og svo skolaður í volgu vatni og undinn. Þegar stangasápa var notuð í stað keytu var hún látin leysast upp í heitu vatni. Svo var allt sett í þvottapott og suðan látin koma upp.

Þegar unnið var við að þæfa ullarvoðir og annan tóskap þurfti mikið vatn svo efnið þófnadi ekki til skaða við fyrsta þvott. Keyta var notuð í fyrsta

vatn við þæfingar og þá þurfti að hita vatn mörgum sinnum og skipta oft um áður en þófið var fullunnið.⁴⁸⁸ Miklu auðveldara var að þæfa úr volgu vatni en köldu. Svokallaðar þófaralaugar voru víða. Þófarabálkur hét „tveggja álna hár bálkur hlaðinn úr hellum“⁴⁸⁹ við Steinsstaðalaug og var notaður fyrir marga nágrannabæina.



Fólk ferjað yfir á. Við útivinnu og á ferðalögum var fólk sírákt, einkum þó skinnskórnir. Þá var gott að vera í ullarsokkum, og fremur tvennum pörum en einum, því þeir þoldu að blotna án þess að missa gæði sín og héldu fótum heitum. Það var til siðs og þótti sjálfsagt að ferðafólk fengi þá þjónustu sem það þyrfti hvar sem það baðst gistingar og hvernig sem á stóð í heimilishaldinu. Sú þjónusta kom meira og minna í hlut kvenna. Ljósm. B.Schweizer /Hsk.

Algengustu utanyfirföt á ferðalögum voru belg- eða reiðhempur úr leðri eða ull. Karlar voru yfirleitt í reiðsokkum utanyfir skóm og buxum á hestbaki og konur sveipuðu um sig söðulklæði til að verjast ferðaryki og slettum.⁴⁹⁰ Ferðafólk varð oft fyrir skakkaföllum af völdum vatnsaga og þá var reynt sem framast var unnt að þurrka yfirhafnir þeirra við hlóðirnar eða yfir þeim á gististað. Utanyfirföt gátu verið orðin verulega óhrein þegar þau voru loks þvegin og það var talsverður barningur við þau. Fólk var auðvitað mishreinlátt og sennilega voru það fleiri en Ásmundur í Mikley (1789-1860), sem gengu í fötum sem voru orðin glasgljáandi af sliti og óhreinindum.⁴⁹¹ Sögur af sjálfstandandi buxum og treyjum sem héldu lagi eigandans þegar þeir voru farnir úr þeim þykja broslegar en það er óvíst að eigendunum og þjón-

⁴⁸⁸ ÞMS 8334/1986-2, kona f. 1903.

⁴⁸⁹ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 125. Dönsk alin var 62,8 sm.

⁴⁹⁰ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 637.

⁴⁹¹ Stefán Jónsson Höskuldsstöðum, 1985. Bls. 128.

ustum þeirra hafi verið hlátur í huga þegar svo var komið.

Óhrein sokkaplögg útivinnandi fólks voru kölluð bösl, annar óhreininn þvottur kallaðist það sem hann var og átti sér engan ákveðinn samastað nema í óhreinatauspoka, óhreinatauskistu eða þvottakörfunni. Flestum þótti tilhlýðilegt að skipta um nærföt og sokka og fara í betri fötin, ef þau voru til, þegar farið var til kirkju. Þá var þeim stungið með öðrum plöggum sem biðu þvotta. Sumum fannst það sennilega óþarfa þjatt að hafa nærfataskipti, samanber söguna af Ólafi smið, í Kalastaðakoti fyrir sunnan, sem ætlaði að sleppa við það páskadagsmorguninn þegar hann bjó sig til messu. Konan hans skipaði honum í hrein nærföt og sagði það „skömm að fara til kirkju í svona skítugum nærfötum“.⁴⁹² Óhreininn þvottur hrúgaðist sjaldan upp því fólk átti yfirleitt ekki marga umganga og „til var að börn urðu að liggja í rúmi vegna klæðaleysis meðan föt þeirra voru þvegin og þurrkuð“.⁴⁹³



Þegar þvegið var á bretti var sápan borin á óhreinustu blettina og flíkinni svo nuddað fram og til baka á brettinu. *Ljósm. BSk./S.S.*

Sokkaplögg og utanyfirfatnaður voru sjaldan með stórþvottum heldur þvegin á kvöldin eða jafnoft og þörf var á. Sama mátti segja um smábarnafatnað og bleiur. Sokkaplögginn voru sett á hlóðahelluna að þvotti loknum eða undir lakið og legið á þeim yfir nóttina. Þá voru sokkarnir þurrir og

volgir að morgni.⁴⁹⁴ Þegar allir komu heim votir í fætur s.s. frá engjaslætti þá var, ef gott var veður, farið úr sokkunum úti við bæjarlæk og þeir þvegnir í læknum og barðir við stein þar til leir og önnur óhreinindi voru farin úr þeim. Oftar var það þó þjónustan sem sá um sokkaþvottana. Elísabetu Jóhönnu var „minnisstæð sú athöfn, þegar karlmenn komu inn frá gegningum á kvöldin, [... þá voru] dregnir af þeim sokkarnir og þeim fært volgt vatn í blikkfötu = skjólu eða vaskafati til þess að þvo sér um fætur“.⁴⁹⁵ Þegar kom fram á 20. öld var passað að þvo úr gestarúmum, helst samdægurs. Ef ekki voru rúmfötin vafin saman og geymd þar til hægt var að þvo þau.⁴⁹⁶ Ástæðan fyrir flýtinum var hræðsla við lús og umgangspestir.

Sumsstaðar var þvottur þvegin á útihlóðum, eins og ullin, þegar vel viðraði því sterkjan varð óþolandi þegar lykt af reyk- og keytu fylltu bæinn. Það fannst a.m.k. amtmanninum á Leirá um miðja 18. öld þegar hann ávitaði vinnukonuna fyrir að þvo úr keytu við stofudyrnar svo dauninn lagði inn.⁴⁹⁷

Allt tiltækt og nothæft efni var endurnotað í föt, bleiur, dulur (dömubindi), skuplur eða hvaðeina, hvort sem voru sekkir og pokar. T.d. hveitipokar sem voru úr þéttu lérefti. Þá var hægt að nýta í lök, koddaver, milliskyrur og ýmislegt annað. Þeir voru áprentaðir þannig að það þurfti að ná letri og myndum af þeim. Þótt fólk væri nú ekki sérlega viðkvæmt fyrir því. Grænsápu var makið á þá þurra og þeir lagðir í bleyti og svo voru þeir „þvegnir úr mörgum vötnum og soðnir. Að því búnu voru þeir settir í klór og einnig látnir liggja á snjó eða hreinni jörð í sterku sólskini til bleikingar“.⁴⁹⁸ Björn Egilsson frá Sveinsstöðum sagði að skyrur úr hveitipokalérefti hefðu verið afar góðar og var þess fullviss að hveitipokalérefi væri „hlýjasta og ódýrasta lérefi í heiminum“.⁴⁹⁹

⁴⁹⁴ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908. Af þessu hef ég persónulega reynslu og fór þá að ráðum Sigríðar ömmu minnar.

⁴⁹⁵ ÞMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

⁴⁹⁶ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁴⁹⁷ *Sagnaþættir Þjóðólfs*, 1947. Bls. 17.

⁴⁹⁸ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.

⁴⁹⁹ Björn Egilsson, 1995. Bls. 22.

⁴⁹² Blanda. *Fróðleikur gamall og nýr*, 1918-20. Bls. 346.

⁴⁹³ ÞMS 8201/1986-2, kona f. 1909.



Aðstæður til fataþvotta innanhúss gjörbreyttust á fyrri hluta 20. aldar þegar fóru að fást þvottavélar með handsnúnum keflum og taurullur, sem sömuleiðis voru handsnúnar. Þá var farið að sjóða þvottavatn og þvo í innmúruðum pottum. Á myndinni, sem er tekin í Bustarfelli, má sjá þvottabretti ofan í þvottakeri, þvottapott, taurullu og þvottavél með vindu. Ljós. BSk./ S.S.

Gömul föt, sem ekki voru eldsmatur, voru tekin og þeim sprett upp, þau voru svo þvegin úr volgu sápuvatni, skoluð og þurrkuð að mestu, síðan var hvert stykki pressað með heitu járn, og saumuð ný flík og ranga efnisins látin snúa út.⁵⁰⁰

Dulur (dömubindi) voru úr endurnýttu efni, líni eða aflóga ullarstykki, jafnvel haglagði. Hver og ein kona gerði sér bindi eftir þörfum og hagaði þvottum á þeim í samræmi við möguleika.⁵⁰¹ Blæðingar eða tíðir kvenna, eins og sagt var, voru sjaldan ræddar og ef þær bar á góma var talað um að þær hefðu á klæðum. Kona ein sagði að þegar hún ellefu ára byrjaði að hafa tíðir tókst henni „að leyndu því í 2 ár með því að stela tuskum, jafnvel vasaklútum og flibbum sem ég svo þvoði upp við læk og þurrkaði á steinum. Seinna saumaði ég bindi úr flóneli“.⁵⁰²

Laugarþvottar

Þótt laugarferð þeirra Keldulandskvenna, sem getið er um áður, hafi endað með ósköpum árið 1637 hafa þvottakonur örugglega ekki búist við hrakförum fyrirfram þegar gengið var til laugarþvotta. Volgrur og heitar laugar sem notaðar voru til fataþvotta auðvelduðu þvottastörfin, spöruðu

eldivið og buðu upp á töluvert hlýlegri aðstöðu en ískaldar ár og bæjarlækir. Reynt var að koma upp sæmilegri aðstöðu við laugarnar, svo sem grindverki, garðhleðslu eða grjótbekk. Á stöku stað voru byggðir kofar til afdreps fyrir þvottakonurnar eins og við Reykjarhólslaug (í Varmahlíð) þar sem þvottar voru þvegnir í mörg hundruð ár. Þar stóðu Þórkatla á Víðimýri og Sigríður í Brekku við þvotta aldamótaárið 1200. Þær eru nefndar í sögu sem fjallar um helgi herra Jóns Ögmundarsonar, Hólabiskups. Þórkatla hafði tekið af sér skóna í vatnsaganum og tapað þeim í klærnar á hrafni, sem stal þeim. Sagt er frá aðstöðuhúsi við laugina þar sem þær, ásamt fleiri konum, stóðu daglangt við þvotta. Þegar þær voru orðnar einar sótti að þeim myrkfælni því umrenningar höfðu dáið í þvottahúsinu og sennilega var talið reimt þar. Þórkatla vildi ekki ganga berfætt heim í ófærð og frosti, eins og segir í sögunni, og þær hírðust því úti og biðu þess að þeirra væri vitjað. Í ráðaleysinu hét Þórkatla á heilagan Jón biskup Ögmundarson að hann bjargaði sér og var það sem við manninn mælt að hrafnninn skilaði skónum. Sagan hefur varðveist sem jarteiknasaga um helgi Jóns biskups en í henni felst merkilegur vitnisburður um aðstöðu þvottakvenna.⁵⁰³

Það voru mikil búdrýgindi að hafa heitt vatn við hendina væri það tækt. Á slíkum hlunnindajörðum þurfti ekki að eyða dýrmætum eldivið til að hita upp vatnið. Þess vegna er merkilegt að sjá að Páll Vídalín og Árni Magnússon, sem ferðuðust um landið 1709-1713 og skrifuðu *Jarðabókina*, túlkðu heitt vatn ekki sem hlunnindi en töluðu um að það spillti gróðri. Sínum augum lítur hver á silfrið. Hefðu konur skrifað bókina hefðu þær sennilega horft á og túlkað heita vatnið sem hlunnindi. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, sem fóru um landið nokkrum áratugum seinna, litu öðruvísi á málið og bentu á að fólk notaði heitu laugarnar til þvotta. Þeir nefndu Reykjalaug í Tungusveit, Reykjalaug í Hjaltadal, Reykjalaug í Fljótum, Reykjarhólslaug (Varmahlíð) og Vallalaug sem þvotta- og baðlaugar. Í skrifum fjórmennanna kom fram áherslumunur þeirra sem mátu landkosti til jarðræktar og hinna sem skoðuðu lífshætti

⁵⁰⁰ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁵⁰¹ ÞMS 8025 kona f. 1897.

⁵⁰² ÞMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

⁵⁰³ *Byskupa sögur II*, 1948. Bls. 171-174.

landans og nýtingu auðlinda náttúrunnar til bættra lífsgæða.

Sveinn Pálsson, landlæknir á 18. öld, sagði að þægilegt hefði verið að þvo í Steinsstaðalaug, sem hann þekkti af eigin raun frá uppvaxtarárum sínum. Séra Jón Konráðsson á Mælifelli sagði líka frá Steinsstaðalaug í sóknarlýsingu árið 1839 og nefndi einnig þvotta- og þófaralaugar á Reykjum, á Hafgrímsstöðum og á Skíðastöðum. Sú síðast nefnda sagði hann að væri „á við stórkerald, en á dýpt ein alin, ekki nema snarpheit“.⁵⁰⁴ Hann sagði að lækur sem rann úr Steinsstaðalauginni hefði verið stíflaður árið 1822 til að nota tjörn sem þá myndaðist til sundæfinga.⁵⁰⁵ Sundpollurinn sá var sennilega ein elsta sundlaug landsins. Aðrar þvottalaugar í framanverðum Skagafirði voru á Vindheimum, Reykjavöllum, Laugardal, Hvammkoti, Goðdölum, Hofi og Bakkakoti.⁵⁰⁶ Gísli Konráðsson kallaði Reykjarhólslaugina þvottakver og sagði ullarföt þæfð þar.⁵⁰⁷

Eins og fyrr er sagt notuðu ferðamenn og nágrannar Vallalaug fyrir austan Ytra-Vallholt bæði til baða og þvotta fyrr á öldum. Syðra-Vallholtsfólk tók vatn til heimabruks úr volgru við svokallað Laugarhorn. Þvottaból við Áshildarholtsvatn er volgra sem hefur verið notuð til þvotta frá ómunatíð og heit þvottalaug er í Sólheimum í Sæmundarhlíð. Yst heitra uppspretta í vestanverðum Skagafirði var Reykjalaug á Reykjaströnd, sem var notuð til þvotta og baða fyrr á öldum. Á 19. öld sagði séra Jón Reykjalín að hún væri „þénaleg til þvotta. Væri hún upp hlaðin og vel umbúin, sem nú er ekkert og hefir ei, svo merki sjáist til, nokkurn tíma verið um hirt, mætti með köldu vatni, sem þar er rétt hjá, tempru í henni hitann og lauga sig þar til heilsubótar“.⁵⁰⁸ Hún var baðtæk segir í sögunni um Gretti Ásmundarson þegar hann synti í land úr Drangey á 11. öld og skreið í laugina til að hlýja sér eftir sundið. Vatn úr lauginni var notað til þvotta fram eftir 20. öld en á tíunda áratug 20. aldar vottaði

ekki fyrir neinum laugarmannvirkjum á Reykjum. Þá var hlaðin upp baðlaug í nágrenni við heitavatnssuppsprettu þar á sjávarbakkanum og vatn leitt í hana og kölluð Grettislaug, til að minnast kappans. Þar með var uppfyllt 19. aldar hugmynd séra Jóns Reykjalíns.



Þvottahús (laugarhús) var byggt í Varmahlíð á þriðja áratug 20. aldar. Húsið var aðeins neðan við laugina og var leitt vatn úr henni inn í það. Ljós. HSk. BS 2793/ Bruno Schweizer.

Nýtanlegar volgrur til þvotta voru víða í austanverðum Skagafirði, s.s. á Keldulandi á Kjálka, á Víðivöllum, Þorleifsstöðum, Miðhúsum, Litladal og víðar í Blönduhlíð, á Reykjum í Hjaltadal, Reykjarhóli og Laugalandi á Bökkum, Stóru-Reykjum í Flókadal og víðar. Örnefni eins og Þvottalaug á Tyrfingsstöðum, sem er fyrir löngu orðin köld, vitna um þvottastandið hér og hvar en sannast sagna vekur furðu hve fá þvottatengd örnefni eru skráð á jörðum.

Þurrkur og frágangur

Þegar ekki var til skiptanna á rúmin varð að þvo og þurrka sængur- og rúmföt samdægurs. Þau voru yfirleitt ekki þvegin sjaldnar en tvisvar á ári. Þegar svo stóð á var mikilvægt að geta lesið úr veðrabrigðum því það varð að treysta á þurrk. Í framanverðum Skagafirði tók fólk mark á því þegar þokuský vafði sig um Mælifellshnjúkinn í sunnan og suðvestan átt því þá mátti búast við regni en hnjúkurinn spáði þurrki ef toppurinn sást. Á sama hátt sögðu flestir fátækraþerri óbrigðulan fyrir jólin og eigi síðar en á Þorláksmessu. Um fátækraþerri var oft talað í gamni en alvöru og

⁵⁰⁴ *Sýslu- og sóknarlýsingar II*, 1954. Bls. 73.

⁵⁰⁵ *Sýslu- og sóknarlýsingar II*, 1954. Bls. 72-73.

⁵⁰⁶ *Sýslu- og sóknarlýsingar II*, 1954. Bls. 86. *Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi. Lýtingsstaðahreppur*, 2004. Bls. 84, 92, 186, 196.

⁵⁰⁷ *Sýslu- og sóknarlýsingar II*, 1954. Bls. 61.

⁵⁰⁸ *Sýslu- og sóknarlýsingar II*, 1954. Bls. 30.

sömuleiðis það að konur væru misheppnar með þurrk á þvottum. „Piltarnir líta vel til þín“ var sagt í skensi við þvottakonuna ef vel viðraði „en ef rigndi á þvottinn hugsuðu þeir ekkert til þeirra“.⁵⁰⁹

Þvottur var þurrkaður á snúrum, tréstögum, loft-bitum inni í húsum, grindverkum, túngörðum, plönkum, þurrum grasbölum og á stórum steinum. Dæmi um tréstöng til að breiða þvott á til þerris er t.d. í Víga-Glúms sögu þegar Glúmur bað menn um að setja upp voðmeið fyrir þvottakonurnar.⁵¹⁰ Það var tré til að leggja og breiða þvott á. Algengt var að leggja planku á milli burstu, af þaki á þak, á torfbæjunum. Þá var ágætt að nota hjallinn ef hann var til og þar var pláss. Snúrur og stög voru strengd úr húsi í staur eða á milli staura. Tvær þvottasnúrur eru skráðar í *Sarpi*. Báðar eru í Skógasafni og sagðar úr mismörgum tvinnakeflum sem þrædd eru á snúru.⁵¹¹ Þvottar voru fyrst og fremst kvenmannsverk og sjaldgæft að karlmenn sinntu þeim en dæmi eru um það. Björn Hítðelakppi sýslaði „við að breiða niður léreft“⁵¹² með móður sinni, sem þýddi að þau lögðu þvottinn á þurra gróna grund til að „bleikja hann“, eins og sagt var. Þá var talað um að leggja þvott á blei. Við það sólbakaðist hann og varð blæfallegur og það kom af honum góð lykt.



Hér hefur línþvottur verið lagður á grindverk til þurrkunar. *Ljósm. BSk./G.Z.*

Algengt var að leggja nýþveginna þvott til þerris á klappir og stóra steina. Viðvarandi ungbarnadauði í Vestmannaeyjum fyrr á tíð var talinn hafa stafað af því að þvottur, sem breiddur var á klappir þar, fékk í sig bakteríur úr fugladriti, sem bárust með

þvottinum í ógróna nafla smábarnanna. Þegar hætt var að þurrka smábarnafötin þannig tók fyrir dauðsföllin.⁵¹³

Ferðamenn töluðu oft um að þvottur væri þerraður á kirkjubekkjum í kirkjum. Finnski jöklafræðingurinn Iivari Leiviskä, sem gisti á Víðimýri sumaríð 1926, hafði orð á því hve undarlegt það væri „að sjá þessa gömlu kirkju ... notaða til að þurrka þvott“.⁵¹⁴ Það hefur ekki alltaf verið árennilegt verk fyrir myrkfælnar stúlkur að fara eftir þvottinum á kvöldin, í gegnum kirkjugarðinn, einkum þar sem í þjóðsögum er aragrúi frásagna um að stúlkur væru numdar á brott við þvottastörf. ⁵¹⁵

Ef konur voru í vandræðum með þurrk brugðu þær stundum á það ráð að þurrka smáþvott innanklæða. Guðmundur Ólafsson frá Ási gisti á Heiði í Sléttuhlíð árið 1881 og bað unga stúlku fyrir blauta vettlinga. Daginn eftir dró hún þá þurra af barminum og rétti honum þegar hann kvaddi. Þótti honum það fallegur vitnisburður um íslenska gestrisni.⁵¹⁶

Eftir að eldavélarnar voru innleiddar í torfbæina var sokkum stundum vafið utan um maskínurörið til að þurrka þá þegar ekki var verið að elda, því ekki mátti vera mikill eldur á meðan. Þá var hægt að þurrka á sjálfri vélinni ef hún var volg.⁵¹⁷

Gott þótti að hafa snaga, stag eða stöng innandyrna, yfir rúminu, til að hengja fötin sín á.⁵¹⁸ Sumir höfðu svokallaðan létta, hanka eða lista, yfir rúminu til að toga í þegar risið var úr rekkju og var jafnvel hægt að hengja föt á hann. Annars voru föt hengd á uglur og allstaðar þar sem friður var með þau. Sagan af Sigurði trölla á Fannlaugarstöðum í Gönguskörðum lýsir aðbúnaði hjá venjulegu fólki hvað snertir fatafrágang og umgengni. Prestur var leiddur til baðstofu, þar sem svo háttaði til, eins og víðar, að þverbíti lá yfir hana miðja í mittishæð. Var ýmist farið undir eða yfir bitann. Sigurður skreið undir bitann en prestur kaus að fara yfir

⁵¹³ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁵¹⁴ Leifiskä, Livari, 2005. Bls. 156.

⁵¹⁵ Jón Árnason, 1956. Bls. 30, 33, 107, 220, 388, 425.

⁵¹⁶ Guðmundur Ólafsson frá Ási, 1987. Bls. 151.

⁵¹⁷ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁵¹⁸ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls. 174. Pfeiffer, Ida, 1853. Bls. 67.

⁵⁰⁹ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁵¹⁰ Íslendinga sögur VIII, 1947. Bls. 79.

⁵¹¹ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=242897>; 221149. Sótt 19.11.2015.

⁵¹² Íslensk fornrit III, 1938. Bls. 137.

hann. Sigurður kom auga á flík á bitanum sem hann þóttist viss um að væru spjarir af kvenfólkinu og kippti í hana og kallaði um leið „hefi jeg ekki bannað ykkur, stúlkur, að hengja af ykkur druslurnar á bitann, þegar almennilegt fólk er komið“.⁵¹⁹ Flíkin reyndist vera jakkalaf prests, sem Sigurður reif nærri af við tiltektina.

Þegar búið var að slétta þvottinn og ef hann fór ekki strax í notkun, var hann brotinn saman og lagður í kistu, dragkistu (kommóðu), koffort eða línskáp. Gengið var frá ígangsfötum þar sem vel fór um þau. Voðir og sængurföt voru sléttuð á keflum eða með strauboltum, áður en gengið var frá þeim til geymslu eða þau sett utanum sængurnar. Harðir flibbar og brjósthlífir (húmbúkk), sem voru í tísku um aldamótin 1900 voru stífaðir með línsterkju. Það sem átti að stífa var fyrst þvegið og þurrkað, síðan var sá hluti, sem átti að stífa, þvegin og undinn upp úr vatni með stívelsi í.⁵²⁰ Sumir flibbanna voru úr hörðu efni sem þurfti hvorki að þvo né stífa, bara strjúka af þeim.



Í baðstofunni á Skottastöðum. Þarna hanga föt og klútar á stólum og bitum. Heimiliskötturinn, sem var á iði ofaná skápnun fyrir framan strákinn, festist ekki á myndinni en hann hefur sennilega átt stórt hlutverk í húshaldinu, eins og margir aðir kettir, við músaveiðar. Ljósm. HSk. BS 434/Bruno Shweizer.

⁵¹⁹ Þorkell Bjarnason, 1892. Bls.175.

⁵²⁰ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

Sumir geymdu fötin sín undir koddanum, aðrir í kistum. Spariföt karlmannna og peysufatapilsin voru helst hengd upp á afviknum stað, á bak við hurð eða smeygt upp á loftbita. Sumir höfðu sama hátt á og húsbændur í Neðra-Ási í Hjaltadal sem geymdu sparifötin „í skáp með trésnögum allt í kring. Á bak við þennan skáp var hefilbekkur og þar voru útiföt geymd. Við torfvegginn hinu megin, var snagi fyrir snjóklæði“.⁵²¹ Upphlutir voru brotnir saman og mjúk stykki eða pappír lagður á milli myllanna og borðanna. Þeir ásamt sængurfötum, smábarnafötum og þess háttar voru geymdir í lokuðum hirslum. Ef hætta var á að fötin rugluðust saman voru þau merkt með útsaum eða öðrum ráðum.⁵²²



Lokrekkja með tjöldum (sparlökum). Tjöldin voru dregin fyrir rúmið á nóttunni til að missa ekki burtu yllinn frá hvílunautunum. Á sumum lokrekkjum voru hlerar (hurðir) í stað tjalda. Ljósm. BSk./S.S.

Tjöld, reftar og ábreiður

Veggir húsa voru tjaldaðir að innan til einangrunar og húsprýði. Tjöldin virðast hafa verið sniðin að hverju húsi fyrir sig og mismikil um sig. Þau voru listsköpun kvenna. Nokkur hafa varðveist. Þau voru listilega ofin og útsaumuð og náðu sum alla veggshæðina. Reflar, sem svo eru nefndir, voru mjórri. Þeir voru einskonar veggteppi. Á þriðja tug refra eru í *Sarpi*. Um helmingur þeirra eru borð-

⁵²¹ Svanhildur Steinsdóttir, f. 1918.

⁵²² ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

renningar eða dreglar. Einstaka eru eldri en frá 19. öld og er einn kallaður veggjald og talinn vera frá 17. öld og annar kallaður rúmtjald.⁵²³

Ofnar ábreiður voru á rúmum og oft tjöld fyrir lokrekjunum, ýmist kölluð rúmtjöld eða sparlök. Myndskorna Hjarðarholtshúsið, sem allt var þiljað, var ekki tjaldað að innan af því að það „þótti miklu skrautlegra er eigi voru tjöldin uppi“.⁵²⁴ Sú athugasemd býður upp á túlkun um að tjöld hafi að jafnaði verið á veggjum. Tjöldin voru það sið að menn gátu falið sig á bak við þau, eins og gefið er í skyn í lýsingu á manndrápstilraun í stofunni á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð árið 1238, þar sem sá sem áverkann veitti nýtti sér tjöldin og koluskuggann.⁵²⁵ Á Flugumýri árið 1253 var „skáli altjaldaðr ok stofa“ og í atganginum þegar kveikt var í bænum rak Gissur bóndi sverðið í einn „tjaldsprotann“⁵²⁶ sem var krókur eða snagi sem skálatjöld og sparlök voru hengd á. Litlastofa í Reykholti var svo „vel tjölduð“ árið 1255 að Kolbeinn grön „stóð undir“ tjaldinu og ætlaði að fela sig þar en upp komst um kauða þegar Presta-Jón sá í grænan kyrtil hans „undan tjaldinu“.⁵²⁷

Tjöld og reflar voru sjaldan nefnd á 18. öld og sennilega voru þau horfin af flestum veggjum á 19. öld, en sú þróun hefur tekið langan tíma.⁵²⁸ Hús eru hlýrri tjölduð en ótjölduð. Hreingerningar á tjöldum og ábreiðum hafa sennilega verið með svipuðum hætti alla tíð. Þau voru sjaldan þvegin en viðruð vel og vandlega. Best var að dusta þau upp úr snjó í brakandi frosti. Á 20. öld báru konur ábreiður og dúka út til að dusta og viðra jafnvel í hverjum mánuði.

Skór og skinnföt

Gærur og húðir til skógerðar voru rakaðar eins fljótt og auðið var. Þær voru síðan spýttar og hertar og rúllaðar upp til geymslu.⁵²⁹ Skófatnaður

var dýrmæti, eins og annar klæðnaður. Yfirleitt voru það konurnar sem sáu um að sníða skó og sauma á alla fjölskylduna. Það var þó ekki algilt.

Gaman væri að vita hvernig stígvélin, töflurnar og gömlu skórnir sem Guðbrandur biskup Þorláksson keypti af Jens Péturssyni árið 1571 voru þrifnir, hve lengi þeir entust og hvar þeir voru geymdir á milli þess sem þeir voru notaðir.⁵³⁰ Sjaldan er minnst á svoleiðis en þeir hafa vafalaust fengið sína meðhöndlun eins og aðrir skór og verið geymdir í lokaðri hirslu á milli þess sem gengið var í þeim. Það gildir um flesta skó á torfbæjartímum. Mikið atriði var að vel væri farið með skótauð svo að það entist sem lengst.

Í 14.-18. aldar baðstofunni sem grafin var upp í Vík fundust leðurskór og „heillegar leifar af fjórum vaðmálsskóm“⁵³¹ þannig að skór voru gerðir úr fleiri efnum en leðri eða roði. Algengast var þó að nota sauðskinn, kúskinn og hrosshúðir til skógerðar og var gerður greinarmunur á hlutverkum þeirra þannig. Kúskinnskór (leðurskór) voru yfirleitt útiskór en sauðskinnskór bæði inni og úti.⁵³² Vaðmálsskórnir hafa sennilega verið til innibruks. Skórnir löguðu sig að fæti þess sem notaði þá. Vaðmálsskór og sauðskinnskór voru þynnri og þjálí en kúskinnskór. Á 19. öld gengu karlmenn í verptum naudsleðurskóm við útivinnu en sauðskinnskóm innandyra á kvöldin.⁵³³ Stundum náði skófatnaður ekki að þorna yfir nótt og þá varð að fara í skóna raka að morgni. Þegar Gísli Konráðsson og félagar hans riðu suður í verið vorið 1813 var svo kalt þar sem þeir gistu „að ei þiðnuðu skór á þeim“.⁵³⁴ Þá var gott að eiga hlýja ullarsokka. Sléttbotna skótau heimilisfólksins tók ekki mikið með sér inn í bæinn annað en bleytu og snjó ef þannig viðraði.

Alltaf var passað að fara ekki inn í baðstofu á óhreinum skóm. Skinnskór torfbæjartímans voru „kurteisari“ við gólfin en grófsólaðir skór nútímans, sem bera inn jarðveg og annað laust efni og

⁵²³ Sarpur á <http://sarpur.is/>. Refill. Sótt 23.1.2016; Adfang.aspx?AdfangID=336173; 329392. Sótt 11.3.2016.

⁵²⁴ Íslendinga sögur og þættir III, 1987. Bls. 1575.

⁵²⁵ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 441-442.

⁵²⁶ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 494.

⁵²⁷ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 499.

⁵²⁸ Arnheiður Sigurðardóttir, 1966. Bls. 136.

⁵²⁹ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 68. Þegar skinn var spýtt var það tekið blautt og strengt og þanið út eins og kostur var og neglt á vegg með trépinnum.

⁵³⁰ Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar, 1919-1942. Bls. 415.

⁵³¹ Guðmundur St. Sigurðarson, Þór Hjaltalín, Guðný Zoëga, 2012. Bls. 19, 36.

⁵³² ÞMS 7855 kona f. 1897.

⁵³³ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁵³⁴ Ævisaga Gísla Konráðssonar, 1911-1914. Bls. 97.

spýta því á trégólfín þar sem það gengst niður og mylst um öll gólf. Á fjórða áratug 20. aldar tóku gúmískór og vaðstígvél við af heimagerðu skinnskónum og þótti mörgum útvinnaði það mesta bylting sem þeir lifðu. Jafnvel meiri en þegar rafmagnið kom.



Á efri myndinni eru bryddaðir sauðsskinnskór t.v. og verptir kúskinnskór t.h. með þvengjum. Kúskinnskór gátu enst lengi. Á neðri myndinni eru roðskór, sem entust stutt. Skór úr skinni blotnuðu og þornuðu á víxl. Þurrir grjótharðir skór gátu sært fætur á meðan þeir linuðust upp ef þeir voru ekki eltir, barðir eða borið á þá lýsi

eða önnur feiti til að mýkja þá. Ljós. HSk. BS-304, Bruno Schweizer (efri mynd). BSk./S.S.

Skór voru þrífir með ýmsum hætti. Ágætt var að vaða í þeim í pollum eða strjúka af þeim í blautu grasi eða þurrka af þeim utan í þúfnakolla, ef þeir voru mjög óhreinir. Við það blotnaði fólk í fæt-urnar en það var ekkert nýtt. Skinnskór voru ekki vatnsheldir og fólk vant því að vera blautt í fæt-urna.

Á vetrum voru skórnir nuddaðir upp úr snjó eða sandi, ef ekki náðist í vatn. Tólg og lýsi voru góð til að mýkja leðrið. Í þurrkatíð á sumrin gátu skórnir orðið harðir og óþjálir og gljáandi hálir, einkum á túnslætti. Þá var ráð að leggja þá í bleyti til að lina þá. Líka ef kom gat á sólann eða varp slitnaði og það varð að gera við. Illt var að sauma nema í blautt skinnið. Nasbitnir skór, með gat á tām, þóttu óbærileg heimilisskömm og fólk vildi

ekki láta sjá sig í svoleiðis skótauvi en oft sáust haglega margbættir og viðgerðir skór á fótum.⁵³⁵

Skinnsokkar, sem notaðir voru útvið voru yfirleitt úr sauðskinni, oft úr heilum lambsbelg og voru vel vatnsheldir. Sjóföt, skinnstakkur og skinnbrók, voru úr skinni eins og nafnið gefur til kynna og þurfti helst að láta blása úr þeim eftir hvert úthald (sjóferð). Til sveita gengu menn sjaldan í skinnskónum, utan skinnsokkum eða skinnhosum, sem voru algeng. Skinnhosur voru notaðar á hestbaki á ferðalögum. Hosur voru sokkar sem náðu upp í klop og voru ýmist þæfðar, þrjónaðar eða ofnar úr ull eða úr líni.⁵³⁶

Óhreinindi voru strokin af skinnsokkum og hosum og lýsi borin á þau áður en þau voru hengdir upp í eldhúsinu. Sótíð varði leðrið. Hið sama var gert við sjóklæðin. Öldum saman flyktust menn á vertíðir. Sjóföt þeirra héngu milli vertíða í hlóðaeldhúsinu þar lýsis- og slorlyktin, sem alltaf loddði við skinnföt vermanna, blandaðist annarri eldhúslykt og bætti hana ekki.

V Líkamsþrif

Líkamsþrif var hreint ekki auðveld í torfbæjunum en fólk kom sér upp þeirri aðstöðu sem þótti nauðsynleg hverju sinni. „Sauræll er auðsæll maður“ segir gamalt málteki og segir dálítið um viðhorf til þrífnaðarháttar, vinnu- og iðjusemi, um að þeir verði ríkir sem vinni og ekki verra að það sæist á þeim. Kannski var þetta hugsað sem afsökun fyrir útganginum ef hann var slarkaralegri en góðu hófi gegndi. Það var skynsamlegt viðhorf á þeim tímum þegar margir áttu bara einn umgang ígangsklæða og lítinn tíma til þvotta. Fornsögur eru fáorðar um þrífnað, eða óþrífnað, þótt ýmislegt sé nefnt, eins og þegar stjúp móðir Þorbjörns önguls, sem þá bjó í Viðvík, skammaði hann fyrir að leika sér inni óþrífinn við að tefla „og kastaði að honum nokkurum orðum“.⁵³⁷ Aðfinnslur kerlingar réðu örlögum þeirra beggja og eru nefnd til sögunnar þessvegna en orðin gefa til kynna að ætlast

⁵³⁵ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908.

⁵³⁶ Sjá skýringar í *Sturlunga saga II*, 1946. Bls. 303. Í Sögu Þorgils skarða segir frá því að hann fór í flýti í skruðhosur og skinnhosur og hefur þá væntanlega ætlað að stökkva á hestbak. *Sturlunga saga II*, 1946. Bls. 130.

⁵³⁷ *Íslendingasögur og þættir*, 1987. Bls. 1063.

var til að fólk þrifi sig áður en það gengi til inniverka eða leikja innanbæjar.

Handþvottur og fótasnyrtng

Á yfir þúsund ára tímabili voru ýmis tilbrigði á því vanabunda athæfi fólks að þvo sér um hendur og fætur. Sannarlega við dálítið aðrar aðstæður en þær sem við eigum að venjast í dag. Ómögulegt er að átta sig á hve oft eða hvernig fólk hagaði hand- og andlitsþvottum. Örugglega þó samkvæmt vana hvers heimilis, sem gat verið mismunandi. Þótt dúkar og borðhandklæði væru til á biskupssetrinu á Hólum á 16. öld er ekki þar með sagt að þau hafi þótt sjálfsögð eða verið algeng hjá almúga fólks.⁵³⁸ Heimildir um handþvotta á fyrri öldum eru afar fátæklegar.

Hendurnar voru jafn hreinar, eða óhreinar, við mjaltir og matreiðslu, barnagælur og smíðar. Vitund fólks um hvað var við hæfi og hvað ekki var misjöfn og sumir settu hendurnar í vatn eingöngu ef ekki var hjá því komist. Stefán Ásmundsson bjó í Beingarði í Hegranesi um aldamótin 1900. „Ekki þvoði Stefán sér oft um andlit eða hendur, um hendur þá helst, er hann var að vitja um silunganet sín, en hann veiddi vel silung“.⁵³⁹ Fleiri en færri þvoðu hendur og andlit fyrir svefn. Fólk strauk framanúr sér og greiddi sér ef farið var af bæ. Björn afi minn þvoði sér með þvottapoka um andlit og háls á hverjum morgni með volgu vatni, upp úr vaskafati. Það var barnsvani sem speglaði marg endurteknar venjur, frá því hann var strákur.⁵⁴⁰



Herðablað af stórgrip var ágætt til að skafa úr bás og fjósflór. Slíkar aðgerðir settu mark sitt á hendur fjóshirðisins. Þessi herðablaðsreka hefur töluvert verið notuð miðað við slitið á „bلاðinu“. Hún er sýningar-gripur í gamla bænum í Glaumbæ. Ljós. BSk./S.S.

Konrad Maurer sagði fólk ekkert of upptekið af handþvottum og nefndi dæmi um gestrisna bóndann í Öxnadal 1858, sem veiddi hár upp úr mjólkinni með óhreinum fingri áður en hann bauð gestinum.⁵⁴¹ Af sama meiði er sagan af konunni sem vildi sefa barnið og hætti að moka fjósflórinn, gekk að jötunni, strauk mesta skítinn af höndunum með moði, tók askinn sinn „fór með vísifingur hægri handar ofan í askinn og hrærði saman grautinn og mjólkina“⁵⁴² til að gefa barninu. Þetta gestrisna og góða fólk taldi vafalaust allt eðlilegt við athafnir sínar.



Fólk hefur löngum notað lækjarsprænur til að þvo sér upp úr. Myndin er tekin í kring um 1940. HSk. BS 2739/Bruno Schweizer.

Ólína frá Hlöðum sagði í endurminningum sínum að á uppvaxtarárum hennar, á seinni hluta 19. aldar, hafi verið „vættur leppur [...] og núið svo framan úr miðju andlitinu með honum, þurrkað svo á þurru vaðmálslepp eða svuntuhorni“.⁵⁴³ Og þótti gott. Þvottapokinn hans afa, sem ég man vel eftir, var vasi úr einhverju bómullarefni. Á uppvaxtarárum hans sagðist hann hafa notað leppræfil úr mjúku efni, sem hann vissi ekki hvað var. Þó ekki úr ull. Þvottapokar voru annars ýmist úr ofnum dúkum, prjónaðir eða heklaðir og entust lengi. Í *Sarpi* eru skráðir um tuttugu þvottapokar og þvottastykki, sem öll eru frá síðustu öld og ýmist prjónuð eða úr bómullardúk og sum jafnvel útsaumuð.⁵⁴⁴ Afi sagði að í sínu ungdæmi hefðu flestir skolað af fingrunum eftir náðhúsferðir, eða strokið af þeim með snjó eða grasi.⁵⁴⁵ Á mörgum bæjum tíðkaðist að hafa volgt vatn við eða á

⁵⁴¹ Maurer, Konrad, 1997. Bls. 155-156.

⁵⁴² Elínborg Lárusdóttir, 1949. Bls. 45.

⁵⁴³ Ólína Sigurðardóttir, 1945. Bls. 264.

⁵⁴⁴ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Þvottapoki, þvottastykki. Sótt 28.3.2016.

⁵⁴⁵ Björn Sigurðsson, f. 1894.

⁵³⁸ Þjskj. Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar Nr. 76. Bls. 34.

⁵³⁹ Þorsteinn Jónsson, 1967. Bls. 79.

⁵⁴⁰ Björn Sigurðsson, f. 1894.

eldavélinni, í vaskafati, til handþvotta allan daginn til að nýta sápunu sem best.⁵⁴⁶

Í þessu kattarþvottum andlits og handa gátu eyrun gleymst. Einstaka fólk átti eyrnasköfu, eyrnaskefil og notaði óspart. Þetta var lítið ílangt áhald úr silfri, kopar, beini, horni eða tré, sem haft var í vestis- eða svuntuvasa. Í *Sarpi* finnast ellefu eyrnaskeflar og fjórar eyrnasköfur, svo skráð.⁵⁴⁷



Eyrnaskafa og tannstöngull úr silfri. Þessi gegndu fleiri hlutverkum en nöfnin gefa til kynna því þau voru einnig notuð sem reimanálar og hengu jafnan á rokk eigandans, til taks, er þurfti að laga reimarnar. Ljósm. BSk./ S.S.

Gamla konu þekkti ég sem hélt sínum þvottasiðum út lífið, eða þar til hún var lögð inn á hjúkrunarheimili í byrjun 21. aldar. Hún þvoði sér um andlit og hendur daglega, af gömlum vana. Eitt sinn klippti ég hár þessarar gömlu konu og fann og sá að húð hennar var silkimjúk og hrukkulítill þótt hún væri komin á níráðisaldur en hún var dökk af „tímaskít“ í kringum eyrun og aftan á hálsinum þar sem þvottaklútnum var greinilega lítið beitt. Þannig að þótt þvottaföt og allskonar þvottabúnaður, s.s. vatnskönnur, skálar og handklæði, hefði verið kominn á öll heimili á fyrri hluta 20. aldar, þar sem allir gátu nýtt sér þau, er ekki þar með sagt að allir hafi þvegið sér jafn vandlega.

Á þeim tíma þvoðu margir sér úr sama vatni þótt fólk talaði um að það ætti ekki að nota skolp af öðrum til þvotta og jafnvel fullyrt að af því gæti hlotist rifrildi. Stundum var sagt í gamni að best væri að spýta í skólpið svo ekki kæmi upp ósætti en það grín var víst ekki oft efnt. Sama var um handklæðið því margir notuðu sama stykkið. Sumir sögðu um að gera að hafa það þannig, því fjandanum væri ami af því að margir gætu komið

sér saman um að samnýta handklæðið.⁵⁴⁸ Handklæði voru úr ýmsum efnum, eins og sjá má í *Sarpi* þar sem skráð eru á annað hundrað stykki.⁵⁴⁹



Á fyrri hluta 20. aldar var volgt vatn í fati borið inn til fólksins svo það gæti þvegið sér um hendur og andlit. Á þilinu yfir fatinu er útsaumað rúmteppishengi, notað til að hengja rúmteppi og föt á yfir nóttina og handklæði á yfir daginn. Ljósm. BSk./S.S.

Hárþvottar og hársnyrting

Sjaldan er getið um hárvöxt í sögum frá fyrri öldum nema hann hafi verið með einhverjum hætti óvenju mikill og fagur, eða slæmur. Í handritum eru teiknaðar myndir af hárrúðu fólki, bæði berhöfðuð og með höfuðföt. Hvort fólk skar hár sitt sjálft eða fékk aðstoð við það er erfitt að átta sig á. Nokkur dæmi eru um hárfvotta en sjaldan talað um hverskonar sápu efni fólk notaði í hárið. Miðað við aðra þvotta er sennilegt að hárfvottar hafi sjaldan farið fram. Gaman væri að vita hvað efni það var sem nefnt er löður og kemur fyrir í sögu Víglundar Þorgrímssonar frá Ingjaldshóli.⁵⁵⁰ Æskuastin hans hét Ketilríður Hólmkelsdóttir. Hún hafði þvegið honum um höfuðið skömmu áður og þá minningu vildi hann ekki skemma. Þegar þjónusta hans kallaði hann til höfuðþvottar mælti hann:

Laugauðig strauk lauðri
líneik um skör mína,
Því er mér enn til annars
óbrátt höfuðþvátar.
Öllungis skal engi
auði glæst et næsta
ein á aldri mínum
asklaugu mér vaska.⁵⁵¹

⁵⁴⁶ María Helgadóttir, f. 1933.

⁵⁴⁷ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Eyrnaskefill, eyrnaskafa. Sótt 28.3.2016.

⁵⁴⁸ Björn Sigurðsson, f. 1894.

⁵⁴⁹ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Handklæði. Sótt 28.3.2016.

⁵⁵⁰ *Íslensk fornrit* III, 1938. Bls. 273.

⁵⁵¹ *Íslendinga sögur* III, 1946. Bls. 406-407.

Með öðrum orðum, hann neitaði að láta aðra konu þvo höfuð sitt. Í ljóðinu er talað um að línklædd kona hafi þvegið hár hans með löðri úr asklaug, sem er þvottalaug og ég reikna með að asklaugin sé sápuvatn sem í var aska (pottaska) fremur en tréskál úr aski. Í kvæðinu eru líneik og asklaug kvenkenningar og konur laugauðugar.⁵⁵² Þvottalöðrið hans Víglundar hefur verið einhverskonar sápuölögur. Sápuvatnsnotkun kemur fyrir í þjóðsögunni um Mjaðveigu drottningu⁵⁵³ en sú saga hefur væntanlega breyst í tímans rás og sennilega orðið fyrir áhrifum seinni tíma háttalags.

Fólk klæddi sig upp og puntaði áður en farið var af bæ, sérilagi ef farið var til kirkju. Sennilega var ekki til síðs að fólk þvægi hár sitt í hvert sinn því ófá dæmi eru um að menn hafi farið þangað óþvegnir og jafnvel ógreiddir. Hefur þá mátt sjá ófrýnilega hausa innan um skjannahvítar ásjónur og kembt hár annara á kirkjubekknunum.

Sagt var að fólk sem þvægi hár sitt úr volgu kúahlandi fengi sérstaklega fallegan blæ á hárið.⁵⁵⁴ Þá var sætt færís þegar kúnni var mál að láta hana míga í fötu, sem hárið var svo þvegið upp úr. Að loknum þvotti var hárið skolað með vatni eða að hlandið var látið þorna í hárinu, sem var talið árangursríkast. Við þessa meðferð varð hárið létt og glansandi. Kúahlandið þótti líka afbrags skallameðal. Nýtt kúahland var fremur notað til hárþvotta en gamalt, þ.e. keyta. Á því voru undantekningar. Ólína Jónasdóttir sagði að þegar hún var barn í vist á Kúskerpi um 1890 hafi Krístrún húsfreyja talið að illa færi fyrir þeim sem ekki þvoðu sér um höfuðið á föstudaginn langa. Þessi föstudagsþvottur var sérlega mikið kvalræði því allir voru þvegnir úr keytu og sveið undan henni í augu og nef. Keytan var yluð upp í hlóðapotti og hellt í hárið og síðan skoluð úr með köldu vatni og fór þessi athöfn fram í fjósinu.⁵⁵⁵ Sennilega var Krístrún að reyna að losa heimilisfólkið við lús með þessum aðgerðum og talið að föstudagurinn langi væri daga bestur til árangurs.

⁵⁵² Í sumum útgáfum sögunnar er textinn í kvæðinu lesinn langúðug, sem breytir svo sem engu um þýðingu þess, auðug eða úðug, laug eða lang.

⁵⁵³ Jón Árnason, 1956. Bls. 304.

⁵⁵⁴ ÞMS 8597/1986-2, kona f. 1908. ÞMS 7855 kona f. 1897.

⁵⁵⁵ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 33.

Rigningarvatn þótti ýmsum gott til hárþvotta en öðrum líkaði það alls ekki og til var að börnum væri harðbannað að vera berhöfðuð úti í regni.⁵⁵⁶ Slíkt bann gat hafa verið tilkomið af ótta við ofkælingu fremur en að ógn stæði beinlínis af regninu. Eftir aldamótin 1900 þvoðu flestir hár sitt úr sápuvatni og notuðu við það fötu eða greiðslubala. Þegar sápa var notuð í hár var henni annaðhvort blandað í vatnið eða hún borin beint í hárið og skolað vel á eftir. Til að þerra hárið var notað handklæði, stykki úr striga, lérefti eða ull.

Hár- og skeggskurður

Hártúska hefur alltaf verið breytileg, þótt hún hafi sennilega ekki verið jafn fjölbreytt fyrr á öldum eins og nú á dögum. Enginn veit fyrir víst hvernig hár karla og kvenna var t.d. á landnáms tímanum en þrýði þótti að fallegu hári, eins og ýmsar mannlýsingar í Íslendingasögum gefa til kynna, ef má teygja sig svo langt. Eitthvað höfðu söguritarar fyrir sér um það eins og annað.

Konur gengu alla jafna með sitt hár. Karlar líka en sennilega hafa þeir skorið hár sitt, eða látið skera það, oftar en konurnar. Við útvinnu er auðveldara að hafa hárið skorið en sitt og tekið saman fremur en slegið. Þegar hár og skegg voru klippt, eða skorin, voru notaðar klippur, skæri eða hnífar, yfirleitt úr járni. Samkvæmt þjóðtrúnni átti helst að framkvæma hárskurð með nýju tungli. Fáar upplýsingar eru um hárkippingu fyrrum og því fátt hægt að fullyrða um hvar eða hvenær sú athöfn fór fram. Um miðja 18. öld gekk móðir Jóns Steingrímssonar eldklerks, sem bjó á ýmsum bæjum í Blönduhlíð þegar hann var að alast upp, yfirleitt með slegið hár og féll það í lokkum að beltisstað.⁵⁵⁷ Ólafur Sigurðsson í Ási sagði skagfirskar konur hefðu frameftir allri 19. öld gengið með ófléttað hár en klippt hár barna á sumrin.⁵⁵⁸

Þegar hár var skorið þvert um mitt enni við augna-brúnir var það kallaður brúnaskurður.⁵⁵⁹ Snoðklipping og krúnurakstur hafa þekkt um langan aldur. Þeir Miklabæjarfeðgar, Kálfur og Guttormur, höfðu látið raka krúnur sínar fyrir Pétursmessu

⁵⁵⁶ ÞMS 7855 kona f. 1897 úr Skagafjarðarsýslu.

⁵⁵⁷ *Ævisaga Jóns Steingrímssonar* ..., 1945. Bls. 37.

⁵⁵⁸ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 217.

⁵⁵⁹ Indriði Einarsson, 1936. Bls. 13.

á vetri 1234.⁵⁶⁰ Sú aðgerð var af trúarlegum toga en krúnurakstur var ekki alltaf tengdur trúmálum. Stundum var ekki hægt að losa börn og unglinga við skófir, geitur, sveppi og lýs öðruvísi en að raka allt hár af þeim.

Algenzt var að karlar væru með skegg niður á bringu. Sennilega hefur ekki þótt karlmannlegt að vera skegglaus. Fjandmenn Njáls á Bergþórshvoli létu í það skína og néru honum því um nasir að hann væri taðskegglingur, sem þýddi að skegg hans væri gisið og þá ekki til prýði. Væntanlega hafa margir karlar sleppt því alveg að nota bitjárn á skeggið. Heldri menn á 16. öld gengu með yfirvaraskegg og hökutopp og á þeirri 17. létu menn sér vaxa skegg „niðr af hökunni, enn rökuðu kjálkana oc hina efri grön“.⁵⁶¹

Á 18. öld voru margir farnir að nauðraka sig og hafa síða barta framan við eyrun. Uno von Troil skammaði þá féлага Eggert og Bjarna fyrir að hafa teikningar af skeggjuðum körlum í ferðabók sinni og gefa þannig ranga mynd af Íslendingum.⁵⁶² Sennilega var allur gangur á þessu. Á 18. öld gengu karlar með mikið hár og alskegg. Bóndi, sem sagður var gamaldags hafði fyrir „sið að láta grön spretta og hafði í þetta skiptið mikið munn-skegg, sem þá var sjaldséð“.⁵⁶³

Skeggskurður var semsagt með ýmsum brag. Árið 1809 var útlendur maður á ferð um sunnanvert landið og sagði íslenska karla yfirleitt skeggjaða, ýmist síðskeggjaða eða sargaða með bitlausum skærum.⁵⁶⁴ Margir karlar létu það alveg vera að raka sig Aðrir rökuðu einhvern hluta af andlitinu, eins og þeir Hjálmar skáld í Bólu, Valdimar í Djúpadal og Símon Dalaskáld, sem báru allir kragaskegg um 1890, þá var efri vör og haka rök-uð. Það var heldri manna skegg sögðu karlarnir.⁵⁶⁵ Þá þótti líka fínt að ganga með tjúguskegg en þá var skegginu skipt á hökunni og komu tveir toppar niður.

⁵⁶⁰ *Sturlunga saga I*, 1946. Bls. 369.

⁵⁶¹ Jón Espólin, 1828. Bls. 15.

⁵⁶² Troil, Uno von, 1961. Bls. 65.

⁵⁶³ *Sagnaþættir Þjóðólfs*, 1947. Bls. 144.

⁵⁶⁴ Hooker, William Jackson, 2000. Bls. 7.

⁵⁶⁵ Indriði Einarsson, 1936 Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 132, 138.

Eftir að Kristján níundi heimsótti landið 1874 varð þykkt yfirvaraskegg og bartar, eins og kóngur bar, tískufyrirbrigði um tíma. Sömuleiðis þótti virðulegt að snúa upp á skeggið og mikið haft fyrir því. Jafnvel var borið vax í endana svo snúningurinn héldist.



Skeggbollar vörðu yfirvaraskegg fyrir því að lenda í innihaldi bollans. Þeir urðu afar vinsælir sem tækifærisgjafir um og eftir 1900. Ljósm. BSk. /S.S.



Rakáhöld frá miðri 20. öld, skaða, blöð og rakhnífur. Ljósm. BSk. /S.S.

Á 19. öld fóru iðnlærðir rakarar að raka og klippa gegn greiðslu og urðu brátt vinsælir. Þeir sem rök-uðu sig sjálfir notuðu við það sérstakar sköfur, hárfína járnhnífa í leðurhlöðum, sem áttu sinn fastastað í hirslu eigandans. Hnífurinn var slípaður á slíðrinu eða á leðuról og ef það dugði ekki var fínasta brýninu brugðið á hann. Rakvélar tóku við af rakhnífum en þær voru fáséðar í torfbæjunum. Skegghirðingin var jafn misjöfn og mennirnir voru margir og karlmenn sem rökuðu sig vikulega voru fremur ófrýnilegir á að líta þegar leið á skeggvikuna. Svokölluð raksápa fór að fást um og eftir 1920. Notað var mjúkt stykki eða bursti til að rjóða henni á hörundið. Að rakstri loknum var strokið af andlitinu með þurrku.

Framan af 20. öld söfnuðu langflestir karlar al-skeggi, þeir yngri skáru skeggið. Allar gerðir voru í tísku. „Vinnumaður var heima, sem átti skegg-hníf, raksápu og lítinn kringlóttan spegil, hann rakaði sig vikulega. Faðir minn rakaði sig aldrei, hann þvoði skeggið um leið og andlitið, notaði handsápu. Hann lét það aldrei verða sítt, klippti það sjálfur. Ég held að flestir hafi snyrt það sæmi-

lega“⁵⁶⁶, sagði Sigrún Eiríksdóttir frá Sölvanesi. Hártískan bæði karla og kvenna gjörbreyttist og konur fóru að láta klippa hár sitt stutt. Margar höfðu reyndar klippt hárið stutt löngu fyrr en varla er hægt að tala um að það hafi verið algengt. Stutt hár á konum var kallað passíuhár eða drengjakollur, eftir síddinni. Siggeir F. Ævarsson skrifaði ágæta B.A. ritgerð um skeggtísku síðastliðin 100 ár og er hún birt á skemman.is.⁵⁶⁷ Í ritgerðinni er fjöldi forvitnilegra mynda, sem sýna að menn hafa haft ýmsar mismunandi útgáfur á skegginu.

Greiður og kambar

Vísa sem Eggert Ólafsson orti á 18. öld segir allt sem þarf um óþolinmæði búandans þegar fólk var að bjástra við hársnyrtingu á hábjargræðistíma og hvernig það kom niður á þeim seinna að hafa eytt tímanum í slíkan óþarfa. Vísan er svona:

Hárgreiðslustaði hér má kalla.
heyskapinn þegar byrja á.
Gengur þá hver með greiðu og dalla,
Guðslangan daginn til og frá.
Með hendur þvegnar og hárið greitt,
úr heyskapnum verður ekki neitt.

Önnur útgáfa af sömu vísu er til þar sem, þriðja ljóðlínan er höfð: *Gengur þá hver með greiddan skalla*. Framhaldið er:

Svo þegar kemur kaldur vetur
kafaldsbylur og stórhrið er
biður þá hver sem betur getur
blessaður taktu lamb af mér.
En ég segi: „Fjandinn fjarri mér,
farðu inn og greiddu þér“.

Á 19. öld fóru tilhaldsamir menn að vatnsgreiða hárið og bera í það feiti til að ráða betur við það og á tyllidögum bar sléttkembda og vatnsgreidda karla fyrir augu, jafnvel í slægjunni á sumrin. Fólk greiddi sér venjulega á morgnana, með kömbum eða greiðum. Hárkambar og greiður hafa litlum breytingum tekið í aldanna rás og voru úr beini, horni eða tré. Þau voru misstór og misgróftent og einstaka voru sérstaklega skreytt. Flestir kambar

og greiður sem varðveitt eru í minjasöfnum landsins eru lík að gerð svo sem sjá má í *Sarpi* þar sem skráðir eru sex lúsakambar, fjórtán kambar og fjórar hárgreiður.⁵⁶⁸



Beinkambur þessi fannst í jörðu á Reynistað og er sennilega frá 12. eða 13. öld. Samskonar kambar voru notaðir sem hárgreiður og til að skafa lús og nit úr hárinu. Ljósm. BSk./S.S.

Kambar og greiður voru þvegin með rökum klút eða í þvottavatninu. Það var ekki fyrr en rekinn var áróður og farinn skæruhernaður, að kalla má, gegn lúsinni, á 20. öld, að fólk hugsaði sig um tvisvar áður en það notaði annarra manna greiður.

Höfuðföt

Margir gengu hversdags með hárið slegið en sólarljósið þótti fara illa með hár og það var þrifa-legra og varði hárið að ganga með höfuðfat og það var hlýrra. Þeir sem gengu skýlu- og húfulausir sólbrunnu á hvirfli, eyrum og andliti og hárið upp-litaðist. Allur höfuðbúnaður var til að hlífa hárinu og halda hita á höfðinu en hann tók mið af tíðar-andanum. Höfuðföt voru margskonar og mismun-andi, svo sem höttur, hetta, húfa, kofri eða hattur, sem karlmenn gengu með og vaf, faldur, húfa, skupla, skýla eða klútur fyrir konur.

Á miðöldum var talað um að karlar hefðu koll-hettur, kápuhetti og „kaprún“ á höfðinu, sem var hetta með áföstum breiðum kraga, sem náði niður á axlir.⁵⁶⁹ Sennilega var það samskonar höfufat og svokallaðar „strútshettur“ eins og fundust í fros-inni jörðu í Herjólfssnesi á Grænlandi árið 1921 og

⁵⁶⁶ ÞMS 8025 kona f. 1897.

⁵⁶⁷ Siggeir F. Ævarsson, 2011, á http://skemman.is/stream/get/1946/8420/22417/1/Skeggt%C3%ADska_heildartexti.pdf. Sótt 1.3. 2017.

⁵⁶⁸ *Sarpur* á <http://sarpur.is>. Lúsakambur, kambur. Sótt 19.11.2015.

⁵⁶⁹ *Sturlunga saga I*, 1946. Bls. 251, 260, 362; *II*, 1946. Bls. 311. Orðskýring nr. 13.

voru frá 14.-15.⁵⁷⁰ Þær voru djúpar hettur úr vaðmáli, með herðaslagi og náðu vel niður á axlir. Sömuleiðis voru þær með löngu skotti sem hægt var að bregða um hálsinn. Sveinn Pálsson sagði að 18. aldar karlar hefðu gengið með vanga- eða kjálkaskjól undir höttum sínum og húfum. Skjólið náði niður á enni og kinnar og var hneppt saman á hökunni en opið á hvirflinum undir hattinum.⁵⁷¹ Hvað fólk notaði annars til forna er vafamál. Höfuðföt eins og fundust í Grænlandi gefa til kynna að þau hafi getað verið fremur efnismikil. Hið sama má lesa út úr búnaði Hallveigar Ormsdóttur, sem Snorri Sturluson brosti að árið 1222 þegar hann mætti henni. Hún kom á móti honum ríðandi í blárri flakakápu „ok saumuð flökin at höfði henni. Hafði hon þat fyrir hattinn“.⁵⁷² Ef flökin voru kragi kápunnar var hann svo efnismikill að hann náði uppyfir höfuðið og hægt að sauma hann saman sem hettu.

Sveinn Pálsson sagði að 18. aldar konur hefðu notað skildahúfur, eins og til forna á ferðalögum.⁵⁷³ Þær notuðu einnig hatta með háum kolli, því sem næst keilulaga með stórum breiðum hattbördum.⁵⁷⁴ Undir var hárið vafið með trafi, línklútum, eins og skautfaldurinn var vafinn úr. Sveinn hafði séð knipplinga falla úr trafínu, undan hattbarðinu, niður á enni og gagnaugu og var greinilega hrifinn af slíkum búnaði. Hann sagði að flestar efnaðar konur ættu þrjá hatta, einn fyrir ferðalög, einn við hátíðleg tækifæri og einn hversdags. Þeir fengust í kaupstöðum á 18. öld. Sveinn sagði að skautfaldur skagfirskra kvenna væri frábrugðinn faldi annarra að því leyti að hann væri nærri sívalur eða lítið eitt flatur við höfuðið, og efst breiðari og þynnri, eða spaðalaga.⁵⁷⁵ Hugsanlega voru það haganlega vöfðu tröfin sem Ólafur í Ási sagði að sumar 18. aldar konur hefðu haft á höfðinu og leit út sem faldur. Bólu-Hjálmar sagði frá 18. aldar kerlingu sem svaf á kirkjubekk undir prédikun prests. „Kerling bar skautfald mikinn og kámleitan. Hún tók bakföll stór undir ræðunni og kollhnís áfram. Loksins gekk svo hart að henni, að

hún hraut á höfuðið fram á kirkjugólfið, og snaradist faldurinn með umbúningi sínum víðs vegar brott af höfði hennar“⁵⁷⁶, sem þýðir að hún hefur væntanlega vafið mörgum tröfum eða klútum um hárið undir faldinn. Á 19. öld skautuðu margar konur með dökkum dúkum og var skautið kallað klútaskaut en faldur ef hvíti liturinn var notaður. Klútaskaut stóð beint aftur og upp af höfðinu og mjókkaði upp. Hárið var haft slegið undir faldinum sem vafinn var upp í odd með mörgum skuplum og hárið með. Sá búnaður þarfnadist þvotta ef hann átti ekki að verða kámugur eins og Hjálmar lýsti faldi konunnar á kirkjubekknunum.

Ef konurnar voru ekki með hárið vafið voru þær með skýlu yfir því eða notuðu svokallaðar hnappa-skúfshúfur eða kollhúfur, sem voru rykktar saman í kollinn.⁵⁷⁷ Flest stúlkubörn og stúlkur gengu með húfur eða skuplur við útivinnu.⁵⁷⁸ Jónas frá Hrafnagili skrifaði ítarlega um höfuðbúnað kvenna og karla á 19. öld í bók sinni *Íslenzkir þjóðhættir* og er vísað hérmeð til skrifa hans um hann.⁵⁷⁹ Skotthúfur, sem bæði konur og karlar gengu með hversdags á 19. öld, voru mun dýpri en nú tíðkast og huldu hárið betur.

Nátthúfur voru algengar. Þær voru fyrst og fremst til hlýinda en einnig til að hárið þófnaði ekki og aflagaðist í svefninum. Hvort þær voru frábrugðnar öðrum húfum er óvíst en sennilegt og þá léttari og úr þynnra efni.

Vafasamt er að telja hárkollur með höfuðfötum en þær voru töluvert í tísku meðal fyrirfólks, einkum á 17. til 19. öld. Þær voru bornar í þeim tilgangi að hlífa hárinu og hylja það en einnig sem stöðutákn. Karlar gengu með parruk og konur með kollur. Ekki finn ég upplýsingar um hvernig þau voru þvegin. Þessi höfuðbúnaður var eldfimur og því varasamt að vera of nálægt eldi, eins og sýslumaður einn komst að þegar hann saklaus svaf undir ræðu prestsins síns og meðhjálparinn missti logandi kertisskar í parruk hans og allt fuðraði upp.⁵⁸⁰

⁵⁷⁰ Nørlund, Poul, 1972. Bls.113-114.

⁵⁷¹ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 637.

⁵⁷² *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 299.

⁵⁷³ *Sarpur.is*. <http://sarpur.is/Leit.aspx?search=skildah-%C3%BAfa&filter=1023&typeID=0>. Sótt 18.9.2016.

⁵⁷⁴ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 27.

⁵⁷⁵ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 637.

⁵⁷⁶ Hjálmar Jónsson frá Bólu, 1949. Bls. 95.

⁵⁷⁷ Ólafur Sigurðsson, 1894. Bls. 211.

⁵⁷⁸ Horrebow, Niels, 1966. Bls. 212. ÞMS 8025 kona f. 1897.

⁵⁷⁹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 16-25.

⁵⁸⁰ *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*, 1918-20. Bls. 349.



Vatnskanna úr leir stendur ofan í vaskafati úr sama efni. Á börmum þess liggur lokkajárn (krullujárn). Ljósm. BSk.S.S.

Fléttur, hnútar og lokkar

Konur voru ekki alltaf með fald eða húfu á 19. öld og höfðu hárið stundum slegið eða fléttað.⁵⁸¹ Hárfléttur hafa þekkt lengi og voru hátíska á 19. öld þegar flestar konur fóru að ganga með skotthúfur í stað faldsins. Þegar þær flétuðu hárið settu þær það í eina, tvær eða fjórar fléttur. Ef greitt var í tvær fléttur var hárinu skipt í miðju og fléttað niður aftan við eyrun. Ef greitt var í fjórar fléttur var því skipt í miðju og við eyrun. Þá byrjaði efri fléttan fyrir ofan gagnauga og endaði við eyrað. Hin byrjaði við eyrað og endaði við háls. Efri flétturarnar voru bundnar saman og nældar upp undir skotthúfuna að aftan og neðri flétturarnar nældar á þær, á sama stað. Margar konur gengu með hárhnút, flétuðu í eina flétu og vöfðu í hnút í hnakkann og festu með hárnálum eða flétuðu í tvær fléttur og bundu þær saman, með hárinu sem kom í greiðuna. Hárnálar voru úr horni, beini eða tré. Hár stúlkna var fléttað fast á meðan það var blautt og greitt úr fléttunum þegar það þornaði.

Fléttur í hári karlmanna eru ekki oft nefndar en þekktar. Magnús Stephensen, amtmáður á Leirá,

⁵⁸¹ Þorkell Bjarnason, 1895. Bls. 186. Pfeiffer, Ida, 1853. Bls.89. Hooker, William Jackson, 2000. Bls. 12-13, 47-51.

var sannkölluð fyrirmynd í öllu er laut að þrífnaði um og fyrir 1800, enda var honum það uppálagt sem embættismanni. Hann gekk til verka með vinnumönnum sínum með fléttur í hári og silki-band vafið um.⁵⁸² Hvort fleiri embættismenn gengu til útiverka þannig til fara er óvíst.

Hárliðun jókst þegar konur fóru að ganga með grunnar skotthúfur. Vangalokkar voru vafðir upp og spenntir niður blautir þannig að er hárið þornaði og þegar spennurnar voru teknar úr féll það í slöngum niður með eyranu. Hægt var að kaupa hárliðunar- eða bylgjujárn eða fá lagentan járnsmíð til að smíða það. Með þeim var hægt að setja liði og bylgjur í hárið. Á lokkajárni féll sívalt járn inn í hálfhring, en á bylgjujárninu féllu saman ein til tvær járnbylgjur. Járnin voru hituð á hlöðunum eða á heitri eldavélinni. Til að prófa hitann var pappír brugðið í járnin. Ef pappírinn gulnaði var járneið of heitt fyrir hárið, annars var óhætt að setja það í hárið. Bylgjur þessar héldust vel og þóttu flottar. Oft aðstoðaði ég ömmu mína við að bylgja á henni hárið þegar hún ætlaði af bæ.

Laugarferðir

Oft er talað um bað- og laugarferðir á miðöldum.⁵⁸³ Karlar og konur, fjölskyldur, vinir og félagar gengu saman til laugar eða hittust þar, skröfuðu saman og slökuðu á. Ekki er alveg ljóst hvort bæði kynin sóttu böð og laugar á sama tíma eða sitt á hvað en ljóst er að þar sem laugar voru og hægt að fara í bað, og þrifa ferðafötin, þar áðu ferðamenn. Krossgötur voru víða við laugar. Dæmi um þannig áningastað er Vallalaug, þar sem leiðir fólks og vatna kvísluðust um Vallhólmann. Þangað var þingstaður Skagfirðinga fluttur, frá Hegranesi, einhvern tíma á 13. öld og þingað fram á 18. öld.⁵⁸⁴

Nanna Ólafsdóttir taldi víst að laugarferðir miðaldamanna hefðu verið trúarlegs eðlis og hefðu tekið mið að kristnum helgisiðum.⁵⁸⁵ Gamall húsangur bendir til þess og að fólk hafi litið á líkamshreinsun sem sálujálparatriði. Hreinsun

⁵⁸² Sagnaþættir Þjóðólfs, 1947. Bls. 127.

⁵⁸³ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 72, 82, 87-8, 232, 319, 321, 350, 441, 456, 329, 421, 498; II, 1946. Bls.135, 152, 155, 169, 190. Íslensk fornrit IX, 1956. Bls. 38, 81, 219.

⁵⁸⁴ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 67, 422; II, 1946. Bls. 192, 196.

⁵⁸⁵ Nanna Ólafsdóttir, 1974. Bls. 62-86.

líkamans var táknræn athöfn, sem tengist skírn, segja prestar⁵⁸⁶ og fólk ólst upp við það. Húsgangurinn er svona:

Höndur og andlit hér vil ég þvo,
háls og eyru líka svo,
af því að það er athugamál
um hreinsun á minni sál.

Frásagnir skortir um það hversu oft og hve margir böðuðu sig í laugum undir berum himni á liðnum öldum en það mun fólk hafa gert, um allt land, fram á 20. öld, einkum á sumrin. Ef baðtæk laug var ekki í nágrenninu var notast við ár, læk og tjarnir, eftir því sem hentaði.



Hér baða menn sig í heitri laug 1953 eins og gert var öldum saman. HSk. PJ 5612/ Páll Jónsson.

Sem fyrr segir herma sögur að menn hafi byggt sér baðhús, úr timbri, grjóti og torfi, á 11. og 12. öld. Oddur Einarsson sagði böð og laugar mikið notuð á seinni hluta 16. aldar. Hann nefndi að bændur í Mývatnssveit hefðu stundað svokölluð þurraðböð, eða sandböð, þar sem þeir veltu sér nöktum upp úr þurru heitum sandi og haft gott af. Sagði Oddur að „þetta svitabað hafi allt frá fornu fari ekki aðeins læknað kláða og útbrot, heldur líka eytt mörgum öðrum sjúkdómum“⁵⁸⁷ og staðhæfði að Íslendingar hefðu haldið mikið upp á þessi böð og talið heilsusamleg. Engin heimild er um að fólk hafi stundað sandböð í Skagafirði en þar með er ekki loka fyrir það skotið.

Heitar laugar voru víða í Skagafirði en ekki allar nothæfar til baða. Á Reykjum í Hjaltadal voru

Biskupslaug og Vinnufólkslaug. Vallalaug er þegar nefnd og á Reykjavöllum, var baðlaug á 18. öld „sem margir telja heilsulind“.⁵⁸⁸ Sú laug var um 50°C heit og hlaðin með setbekk eins og Biskupslaug og fleiri laugar.⁵⁸⁹ Skammt frá, á Reykjum í Tungusveit, hafði verið löguð til baðtjörn sem hægt var að hita vatnið í eftir vilja baðgesta með því að hleypa í hana vatni úr heitum laugarlæk sem rann framhjá tjörninni. Þvotta- og þófaralaugin á Skíðastöðum var notuð til baða fram á 19. öld og sagt að í þeirri „laug gjöra margir sér svitabað og þykjast finna bót við kláða og fleiri veikindum“.⁵⁹⁰ Svo hafði verið í mörg hundruð ár.⁵⁹¹ Laugarbaðferðum fækkaði framan af 19. öld, sem erfitt er að útskýra öðru vísi en með trúarlega tengdum tepruskap. Eftir aldamótin 1900 fjölgaði þeim á ný.



Biskupslaug á Reykjum í Hjaltadal er þægileg setlaug frá gamalli tíð. Ljósm. BSk./S.S.

Baðhús

Eyrbyggja saga segir frá því að Styrr á Hrauni hafi gert baðhús í Berserkjahrauni þar sem hægt var að liggja í gufubaði og talað var um að elda mönnum bað.⁵⁹² Semsagt að kveikja upp eld til baðvatns-hitunar eins og enn tíðkast í gufuböðum. Upphaf baðstofa er rakið til baðhúsa þar sem fólk fór í bað.⁵⁹³ Heimildir um aðstöðu til baða í elstu baðstofunum eru ekki margar og þess vegna er dýr-

⁵⁸⁸ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 125.

⁵⁸⁹ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi. Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 84, 92.

⁵⁹⁰ Sýslu- og sóknarlýsingar, 1954. Bls. 73. Pfeiffer, Ida, 1853. Bls. 103. Schleisner, Peter Anton, 1849. Bls. 109, 132.

⁵⁹¹ Sturlunga saga I, 1946. Bls. 423.

⁵⁹² Íslenzk fornrit IV, 1935. Bls. 72; Sturlunga saga I, 1946. Bls. 322; Sturlunga saga II, 1946. Bls. 148, 254.

⁵⁹³ Gísli Gestsson, 1976. Bls. 190- 207.

⁵⁸⁶ Karl Sigurbjörnsson, 1993. Bls.146. Gunnar Kristjánsson, 2000. Bls. 356.

⁵⁸⁷ Oddur Einarsson, 1971. Bls. 53.

mætt að sjá mögulegan vitnisburð um böð birtast í fornleifauppgröftum, eins og 55 sm víða farið eftir kerald við eldstæðið í 14.-18. aldar baðstofunni í Vík.⁵⁹⁴ Það gæti hafa verið undir vatn sem notuð var til að skvettu á eldheita steina til gufubaðsmyndunar. Almennt er álitid að þegar verulega fór að gæta eldiviðarskorts hafi fólk farið að nýta hitann af baðstofuofninum þegar kveikt var upp í honum og færa sig svo þangað með verkin sín, úr köldum skálanum. Í framhaldinu hafi svo rúmin verið færð þangað líka og fólk farið að sofa þar. Ferðamenn voru hýstir í baðstofum á 13. öld og þær voru komnar í hlutverk svefnhúsa fyrir allt heimilisfólkið á 15. öld. Baðstofan á Víðimýri er talin hafa verið komin í þá notkun 1404.⁵⁹⁵

Gufuböð voru notuð á hinum Norðurlöndunum framundir 1800 og sums staðar lengur, samanber finnsku gufuböðin, sem hafa haldið velli óslitið fram á 21. öld.⁵⁹⁶ Arngrímur lærði, kennari við Hólaskóla á 17. öld, sagði grjóthlaðna ofna vel til þess fallna að hita upp hús því ef stökkt væri á þá vatni á meðan þeir væru eldheitir dreifðist gufan um hóbýlin.⁵⁹⁷

Fræðimenn hafa fullyrt að Evrópubúar hafi verið farnir að líta á baðhús sem lasta- og syndabæli á 16. og 17. öld og predikað að vatn væri líkamanum skaðlegt.⁵⁹⁸ Í því sambandi má nefna heittrúarstefnu 18. aldar (pietismann), sem hafði mikil áhrif. Ludvik Harboe, boðberi hennar, sem var hér á árunum 1741-1745, áréttaði hinn Lútherska húsaga, sem skipaði til um hætti innanhúss sem utan og krafist skírlífis og blygðunar, auðmýktar og hlýðni við boð Guðs, samkvæmt þeim útfærslum.⁵⁹⁹ Hvergi mátti sjást í bert hold, sem hafði neikvæð áhrif á lífsgæði fólks ef horft er til líkamsþvotta. Ef marka má orð Sveins Pálssonar og Bólu-Hjálmars stunduðu samt ýmsir það að ganga til laugar sér til heilsuþótar á 18. öld en sem

fyrir segir virðist þeim ferðum hafa fækkað á fyrri hluta 19. aldar.⁶⁰⁰

Kerböð

Þeir sem ekki komust í laug böðuðu sig í kerri innanhúss.⁶⁰¹ Konur þjónuðu körlum og börnum við böðin, bæði við að þvo þau og þerra. Í Sturlungu er sagt að Sæmundur Ormsson á Svínafelli hafi skipað þjónustu sinni, á 13. öld, að nudda fastar á sér hálsinn því hann klæjaði.⁶⁰² Á 18. öld voru börn böðuð í köldu vatni „á sumrum, eða hlýju húsi“⁶⁰³, sagði Björn í Sauðlauksdal og vitnaði í þýska lækinn Joh. Gotlob Krüger um hollustu kalda vatnsins.



Baðker með striffu (ausu) í. Þetta er járngirt stafaíllt frá fyrri hluta 20. aldar og tekur um 50 lítra af vatni. Fullorðnir stóðu í því eða krupu og helltu vatni yfir sig. Börn gátu legið og kropið í því. Ljósm. BSk. S.S.

Um miðja 19. öld var baðaðstaðan sumsstaðar svo aum að varla var til ker eða bali til að þvo sér upp úr og sumir fóru aldrei í bað eftir að þeir voru settir nýfæddir og ósjálfbjarga í laugartrogið.⁶⁰⁴ Fólk var baðað í kerjum sem var komið fyrir þar

⁵⁹⁴ Guðmundur St. Sigurðarson, Þór Hjaltalín, Guðný Zoëga, 2012. Bls. 16, 22.

⁵⁹⁵ Hörður Ágústsson, 1989. Bls. 281-287.

⁵⁹⁶ Troels-Lund. áársett. Bls. 344.

⁵⁹⁷ Arngrímur Jónsson, 1985. Bls. 137-138.

⁵⁹⁸ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1997. Bls. 185.

⁵⁹⁹ Loftur Guttormsson, 2000. Bls.180-183, 267-297, 316-319.

⁶⁰⁰ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 125. Hjálmar Jónsson frá Bólu, 1949. Bls. 84.

⁶⁰¹ Íslenzk fornrit III, 1938. Bls. 133. Íslenzk fornrit IX, 1956. Bls. 131. Íslenzk fornrit XIV, 1959. Bls. 199.

⁶⁰² Sturlunga saga II, 1946. Bls. 97.

⁶⁰³ Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, 1983. Bls. 438.

⁶⁰⁴ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, 1906. Bls. 102. Nokkur orð um hreinlæti, 1867. Bls. 2.

sem hlýjast var, í eldhúsi eða fjósi. Ýmsar gerðir voru til af þeim en á fyrri hluta 20. aldar var algengt að nota tréstamp. Mesti kuldinn var tekinn úr baðvatninu með því að hella sjóðandi vatni útí kalt vatn í karinu. Það var nú bara fyrir kveifar, sögðu þeir sem vöndu sig á að fara í kalt bað. Svo var fólk sem beinlínis þoldi ekki að þvo sér úr vatni, sleppti vatnsaustrinum alveg og lét nægja að strjúka sér um skrokkinn með rökum klút. Yfirleitt var „engin ástæða [...] til að baða sig á sveitabæjum í mínu ungðæmi“, sagði Sigrún Eiríksdóttir frá Sölvanesi, nema „fyrir jól [þá] fór einn og einn í fjósið og afklæddist, þvoði sér úr fötu eða bala, þar var hlýrra en inni í bænum“.⁶⁰⁵

Baðaðstaða á Geirmundarhóli sumarið 1929 var þvottabali og vaskafat.⁶⁰⁶ Afi minn og amma notuðu sömu aðferð og Geirmundarhólsfjölskyldan við að þvo sér. Í þeim bæjum þar sem þau bjuggu framan af ævi var hvorki baðker né salerni. Þau fluttu í steinsteypt hús 1938 en þau höfðu ekki aðgang að salerni með baði fyrr en 1953. Afi fór í bað fyrir jólin og að vori. Jólabaðið er mér minnisstætt af því hann fór síðastur af öllum í baðið. Við vorum þrettán í heimili og hitun vatnsins var í hitatúbu sem hitað var með olíuofni. Túban tók takmarkaðan lítrafjölda svo að þrátt fyrir að við reyndum að fara sparlega með vatnið var það orðið næstum kalt þegar hann skolaði af sér. Ég var því ekkert hissa þótt hann væri fljótur að baða sig og notaði lítið vatn. Honum fannst óþægilegt að fara í bað. Samt sá ég hann sjaldan óhreinan. Eitt sinn þegar móðir mín hafði á orði við hann hvort hann vildi ekki fara í bað sér til heilsubótar þá bretti hann upp ermarnar og benti henni á snjóhvítan handlegginn og sagði, „ég er nú hvítari en þú þótt þú farir oftar í bað.“ Amma hagaði sér á engan hátt öðruvísi en við hin og taldi böð hina bestu heilsubót. Vani afa var svo sterkur að tíðar baðferðir annars heimilisfólks og lofsöngur um ágæti þeirra hafði ekki hin minnstu áhrif á hann. Hann lifði samkvæmt siðum kynslóðanna sem ólu hann upp og aðstæðum sem voru í boði í uppvexti hans.

Baðföt eru afar sjaldan nefnd. Í *Sturlungu* er talað um baðkápur úr líni.⁶⁰⁷ Línklæði eru sömuleiðis stundum nefnd þegar fólk gekk til sængur. Í því sambandi má nefna línklæði Gissurar Þorvalds-sonar á 13. öld sem eftir baðferð lét sauma þau að höndum sér áður en hann lagðist til hvílu.⁶⁰⁸ Þar með er gefið í skyn að þau hafi verið ermalöng.



Baðker þetta er frá þriðja áratug 20. aldar og er úr blikki. Hvítmálað. Baðker af þessari stærð og gerð voru fremur fáséð í torfbæjunum. Ljós. BSk./S.S.

Kláði og kvikindi

Í torfbænum var kjörhiti og -raki fyrir kóngulær, járnsmiði, margfætlur, flær og lýs. Merkilegt er að bera sambýli þessara kvikinda og manna saman þá og nú. Þau gerðu ýmsum torfbæjarbúum lífið leitt og erfitt að losna alveg við þau. Óþrifnaður þótti af mól og flugum, einkum ef þær settust í fatnað eða á matvæli en þær var hægt að veiða. Önnur kvikindi voru erfiðari viðfangs. Maðurinn er hýsill njálgs, lúsar og kláðamaurs og reyndar fleiri lífvera og algengt var að fólk bæri slík sníkjdýr á sér, eins og annarsstaðar í veröldinni. Fólk talaði ver um lýs og flær en mýs, sagði Hjörleifur á Gilsbakka.⁶⁰⁹ Var þá mikið sagt því ef ekki var heimilisköttur var oft músamergð í bæjum er haustaði.

Algengt var að börn og unglingar væru með njálg, sem þau klæjaði stöðugt af. Sömuleiðis þjádust mörg börn af völdum lúsa „hreiðra“ og sveppa í hársverði, sem kölluðust geitur, auk þess sem kláðamaur sótti meira á þau en fullorðna. Lýsnar

⁶⁰⁵ ÞMS 8025 kona f. 1897.

⁶⁰⁶ ÞMS 15425/2007-2, karl f. 1919.

⁶⁰⁷ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 336, 382; II, 1946. Bls. 97, 336.

⁶⁰⁸ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 458.

⁶⁰⁹ ÞMS 8183 karl f. 1918.

voru samt skæðastar. Oddur Einarsson, biskup í Skálholti 1559-1630, sagði í Íslandslýsingu sinni að fólk á 16. öld hefði talið tilgangslaust að reyna að verjast þeim. Margir voru grálúsugir allt lífið og reiddu sig á Guð almáttugan í jarðvistinni, sem lét ekkert koma fyrir nema hann vildi það sjálfur.⁶¹⁰ Forlagatrúin var sterk og réði miklu um líferni fólks og ákvarðanir og margir hafa huggað sig við orðtakið „lússæll er auðsæll“ maður.

Í Næturgistingasálmí Stefáns Ólafssonar frá Vallanesi, sem er frá upphafi 17. aldar, lýsti hann aðkomunni á bæ nokkrum þar sem hann gisti svo:

Bar mig að byggðum seint á degi,
bað ég því um hús,
en þar friðinn fann ég eigi
flóin sprakk, og lús,
svo var sægurinn af mús,
að fólkið fyllti á nóttu fjandi stóra krús.

Jón Steingrímsson var í vist á Starrastöðum árið 1740 og líkaði vistin ekki allskostar. Hann sagði að þjónustan sem hann fékk þar hefði verið hið mesta óbermi og kenndi hann henni um allar sínar ófarir í vistinni. Hann varð svo lúsugur að vargurinn át sig inn í hnakkann á honum svo hann varð viðþolslaus. Móðir hans varð á endanum að taka hann heim til umönnunar.⁶¹¹ Hann hefur sennilega ekki þekkt gátuna um lúsina sem hljóðar svo: „Hvaða dýr er það, sem ég á og þú átt, kóngurinn og drottningin og allar manneskjur“?⁶¹²

Talað var um kláðalús, höfuðlús, fatalús og flatlús. Jónas Jónassen sagði í *Lækningabók* sinni 1884 að fatalúsin hefði hrjáð fátæklingana sem áttu ekki föt til skiptanna en ráðið við henni var einfalt. Nóg var að setja fötin í heitt vatn. Ráð við kláðalús (kláðamaur), höfuð- og flatlús (lús) fólust hinsvegar í ýmsum áburði því þær yfirgáfu ekki hýsil sinn nema hann væri fátækur og með hitasótt.⁶¹³ Lúsin var fljót að finna sér hýsil og hann sagðist „margoft [hafa] sjeð kornung börn útsteypt í kláða“⁶¹⁴ svo þau þrífust varla og voru óvær dag og nótt. Sagt var að ef lús yfirgaf mann allt í einu

þá væri hann feigur og vafi lék á um heilbrigði fólks sem lús leitaði ekki á.⁶¹⁵

Einfaldasta meðalið við lús var að fara í heitt keytubað og þvo sér vel með sápu þrjá daga í röð og þvo allt af rúminu. Ef það dugði ekki mátti bera á sig tjörusmyrsl (tjara og fita til helminga) eða lýsi.⁶¹⁶ Þá var ráð að fara í keytubað eins og Krístrún á Kúskerpi heimtaði að heimilisfólk sitt gengist undir.⁶¹⁷ Þegar steinólía fór að fást um 1870 þótti hún gera sama gagn og keytan. Olían var borin í hárið fyrir nóttina og morguninn eftir var hún þvegin úr með heitu vatni og grænsápu. Föt sem nit komst í voru lögð í steinolíu og síðan soðin. „Steinólían, kamburinn, nöglin á þumal-fingri og fótafeiti, glímdu við hárið“.⁶¹⁸ Fótafeiti var nærandi fyrir hár og fyrirbyggjandi fyrir flösu þannig að hún var talsvert notuð.⁶¹⁹ Svo fóru að fást efni í búðunum sem réðu niðurlögum lúsarinnar. Edik þótti ágætt til að losna við nit og svokallaður grásalvi, smyrsl sem í var kvikasilfur, var gott á lúsina. En lúsin lét ekki útrýma sér og finnur sér enn hýsla til að nærast á í gerilsneyddu þjóðfélagi nútímans.

Hægt var að hafa gagn af sumum kvikindanna. Jötunuxar voru t.d. taldir geta læknað exem og útbrot.⁶²⁰ Dordinglar voru húsvinir sem ekki mátti slíta vefinn frá á meðan þeir voru að vefa. Það boðaði ógæfu. Hægt var að láta dordingul spá fyrir sér með því að setja höndina undir hann þar sem hann spann mjóan þráðinn niður úr loftinu og segja: „Upp ef þú veist á gott, niður ef þú veist á illt“. Dordingullinn skynjaði hitann af hendinni og forðaði sér venjulega upp vefinn.

Dordinglar og kóngulær, sem undu hag sínum í torfþekjunni og komu stundum inn í bæ óboðin, voru kölluð húskrabbar. Hvorugt var vinsælt, fremur en margfætlur og grápöddur, sem mikið var af þar sem jarðvegur var heitur.

⁶¹⁵ ÞMS 8124/1986-3, karl f. 1911.

⁶¹⁶ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 189. Guðmundur Hannesson, 1921. Bls. 79.

⁶¹⁷ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 20. Bruun, Daniel, 1897. Bls. 109, 120. *Tvær ritgjörðir um þrifnað, mataræði, húsaskipan og fl. ...*, 1867. Bls 10.

⁶¹⁸ ÞMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

⁶¹⁹ Sama heimild.

⁶²⁰ ÞMS 8183 karl f. 1918.

⁶¹⁰ Oddur Einarsson. 1971. Bls. 86.

⁶¹¹ *Ævisaga Jóns Steingrímssonar*, 1945. Bls. 49.

⁶¹² Steingrímur Matthíasson, 1906. Bls.170.

⁶¹³ J. Jónassen, 1884. Bls. 147, 160, 161.

⁶¹⁴ J. Jónassen, 1884. Bls. 148.



Tannstöngull úr fjöðurstaf. Ljós. BSk./S.S.

Tannhirða

Tannburstar fóru að fást í verslunum á öðrum og þriðja áratug 20. aldar en þóttu engir nauðsynjagripir. Tannburstar voru semsé fátíðir í eigu torfbæjaribúa. Tannstönglanotkun var algeng. Flestir fullorðnir gengu með tannstöngla á sér, í vestis-eða svuntuvasa.⁶²¹ Stönglarnir voru úr tréflís, beini eða fjöðurstaf (af álft, gæs eða hrafni) og þá mátti ydda þar til þeir voru uppunir.

Tennurnar voru alla jafna heilar en á þær settist tannsteinn og þær slitnuðu með aldrinum af harðmetisáti og öðru jaski svo sem þegar fólk vann á hörðu efni og mýkti með tönnunum, eins og þegar börn jafnt og fullorðnir voru látin tryggja og mýkja víðitágar sem raktar voru úr melum og rofabörðum til körfugerðar.⁶²² Ýmislegt annað þurfti að tryggja til að mýkja það áður en vinnsla hófst s.s. sinar sem átti að elta til sauma.

Tannáta og tannmissir voru algeng á miðöldum⁶²³ og meiri héraendis en annars staðar á norðurlöðum.⁶²⁴ Einhverjir kunna að hafa þjáðst af skyrbjúg, sem er tannholdsþólga og orsakast af c-vítamín-skorti og veldur því að tennur losna. Sömuleiðis gat tannsteinn valdið tannholdsþólgu og losun tanna. Fá ráð voru við sýkingum í tannholdi. Samkvæmt uppgrefti í Grænlandi 1921 virtist tannáta þar í landi nær óþekkt um 1400 en tennurnar voru eyddar ofaní góm.⁶²⁵

Engin einhlít skýring hefur komið fram á því hvers vegna Íslendingar voru ver tenntir en nágrannaþjóðirnar. Fátt var hægt að gera við tannkvillum eins og Elínborg Pétursdóttir, frá Víðivöllum, sagði í bréfi til Brynjólfs bróður síns árið 1847. Hún hafði þjáðst af tannþínu og gróf „öðru

hvörju megin við tanngarðinn inn í munninn. Við því er ekki að fá bót með meðölum“.⁶²⁶

Þeir sem notuðu munntóbak, eftir að það fór að flytjast inn á 18. öld, voru með gular tóbaksbrunnar tennur, þar til þær duttu. Auðvitað skipti máli að halda tönnum sínum allt lífið því þær skiptu höfuðmáli fyrir meltinguna og að geta nýtt sér harðmeti og aðra þá fæðu sem líkamanum var nauðsynleg.

Hvítvoðungar

Nafnið hvítvoðungur kemur af hvítum voðum, línúfum, sem ungbörn voru vafin í og kölluð reifar (reifabarn). Jónas frá Hrafnagili sagði frá því að bæði héraendis og á hinum Norðurlöndum hafi það tíðkast að láta konur liggja á gólfinu á heyi eða grasi þegar þær fæddu börn.⁶²⁷ Enginn veit hve gamall sá siður var. Á torfbæjar tímum var fremur ólífvænlegt fyrir börn að fæðast í heiminn, miðað við aðstöðu innanhúss og kostinn sem var í boði á fyrstu vikum lífsgöngunnar. Fjöldi látinna ungbarna í gömlum kirkjugörðum vitnar um mikinn ungbarnadauða á miðöldum og nær annaðhvert barn dó á fyrsta aldursári á 18. öld.⁶²⁸ Það breyttist ekki fyrr en um og eftir aldamótin 1900.

Margir hafa skrifað um háa tíðni ungbarnadauða fyrrum og ég man enn hve einkennilegt mér þótti að heyra að 19. aldar konur hefðu helst ekki haft börn á brjósti vegna þess að það hafði verið talið svo óholtt.⁶²⁹ Ekki er öll vitleysan eins. Þannig var það þó ekki alltaf. Í ritinu *Arnbjörgu*, sem kom út 1783, eftir Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, sagði hann heilræði að ala börn á brjóstamjólk í eitt til þrjú ár.⁶³⁰ Á skrifum hans er ekki annað að skilja en að það hafi verið almennt háttalag þá en ýmislegt annað sem laut að meðferð ungbarna gat sannarlega verið lífshættulegt svo sem það að börn

⁶²⁶ „Þrjú sendibréf. Elínborg Pétursdóttir skrifar bróður sínum Brynjólfi Péturssyni“, 1970. Bls. 188.

⁶²⁷ Jónas Jónasson, 1945. Bls. 260.

⁶²⁸ Sveinn Pálsson, 1945. Bls. 608. J. Jónassen, 1888. Þegar bein úr 11.-13. aldar kirkjugörðum í Keldudal á Hegransesi og í Stóru-Seylu á Langholti komu í ljós sást vel hve mikill ungbarnadauðinn var á þeim tíma. Sjá Guðný Zoëga, Rannsóknaskýrsla nr. 60 frá 2006 og nr. 145 frá 2014. Um börn og barnaupveldi á miðöldum má lesa í greinasafninu *Miðaldabörn*, frá 2005.

⁶²⁹ Sigríður Sigurðardóttir, 1982. Bls. 28-33.

⁶³⁰ Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, 1983. Bls. 436.

⁶²¹ ÞMS 8025 kona f. 1897; 8089/1986-3, kona f. 1915.

⁶²² Þórður Tómasson í Skógum, 2008. Bls. 188.

⁶²³ Zoëga G and Murphy KA á <http://onlinelibrary.wiley.com>. Sótt.16.6.2016.

⁶²⁴ Scott GR, Halfman CM and O PP, 1992. Bls. 183-208.

⁶²⁵ Nørlund, Poul, 1972. Bls.142.

ætti skilyrðislaust að skíra í kirkju, nema lífið lægi við. Það kemur fram í húsagatilskipun Kristjáns 6. Danakonungs frá 1746.⁶³¹ Björn sagði konur liggja nokkra daga á sæng eftir barnsfæðingar en þær urðu að spjara sig ef þær vildu vera leiddar til kirkju um leið og barnið var skírt því sú athöfn átti helst að fara fram í fyrstu viku lífsins. Þar með voru mörg börn dauðadæmd í skírnarferðinni.⁶³² Ofkæling gat riðið baggamuninn í lífi ungbarns og gat sett mark á heilsu barnsmóðurinnar væri hún ekki heilsuhraust fyrir.

Trog voru ágæt til ýmissa hluta s.s. til að baða börnin í fyrstu vikur lífsins. Ljósm. BSk./S.S.



„Aldrei hefur þess heyrzt getið á Íslandi, að sængurkona fari í bað um leið og barnið er fætt“⁶³³ sagði Niles Horrebow í 18. aldar Íslandslýsingu sinni. Sennilegt var það. Þegar smábarnskroppurinn var baðaður var notaður bali, ker eða trog sem auðvelt var að breyta í ungbarnsbaðker.⁶³⁴ Fyrirnefndur Björn í Sauðlauksdal, sem sömuleiðis var 18. aldar maður, sagði að smábörn væru böðuð „í volgu vatni þegar þau eru nýklakin, nokkru þar eftir í hálfvolgu og síðan í köldu, helst á sumrum, eða hlýju húsi“.⁶³⁵

Í ljósi breytinga á þrifum og hreinlætisháttum eru skrif Jónasar frá Hrafnagili um meðferð smábarna afar mikilvæg. Hann sagði að mæður hefðu haft fyrir venju „fyrrum að þvo þau nokkrum sinnum fyrstu vikurnar, en misbrestur vildi nú samt verða á því. Þjáðust börn því víða af skinnleysi og húðveiki“.⁶³⁶ Um aldamótin 1900 var þetta breytt. Í heimildasafni Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands eru miklar og góðar heimildir um fæðingar og umönnun ungbarna fyrstu tvo áratugi 20. ald-

ar.⁶³⁷ Hallgerður Gísladóttir, á Þjóðháttadeildinni, sagði að miðað við heimildir þar hafi ungbarnskroppurinn verið þvegin á hverjum degi á fyrsta misseri í lífi hvítvöðungsins, með einhverju mjúku upp úr volgi vatni.⁶³⁸

Bleiur

Orðið bleia er ekki gamalt í málinu. Áður var talað um leppa, dulur eða pissirýjur. Samkvæmt ritmálsafni Orðabókar Háskóla Íslands er elsta dæmi um bleiu í prentuðu máli í ritinu *Barnfóstran* eftir J. Jónasen frá 1888 sem samkvæmt titilsíðu bókarinnar er „fyrirsögn handa alþýðu um rjetta meðferð á ungbörnum“.⁶³⁹ „Bleiur, barnsdulur, barnsleppar eða pissirýjur [voru] úr einhverju aflóga taui [...], úr sængurfötum eða nærfatnaði. Gömul millipils þóttu sérstaklega hentug enda notuð fót mýkri og þjálli“.⁶⁴⁰ Sömuleiðis „endar á lökum, sem orðin voru gatslitin um miðjuna en bekkur til endanna heillegur, nógu breiður til að sníða úr, falda og nýta til að vefja um lítinn barnsrass“.⁶⁴¹ Kjötpokar úr gasefni voru líka notaðir í bleiur. „Þeir voru þá þvegnir og soðnir vandlega þar til þeir urðu skjannahvítir. Sama var að segja um mjölpoka, þegar mjöl var keypt í sekkjum [...] Þeir voru þvegnir á sama hátt og notaðir í sængurfatnað o.fl. Þetta efni var allt úr mjúkri bómull, sem varð skjannahvít við þvott“.⁶⁴² Skyldustykki kvennaskólastúlkna á 20. öld voru barnaföt og „fint handfaldaðar hvítar bómullarbleiur“.⁶⁴³ Bleiur úr þunnu mjúku gasefni komu á markað og í notkun á þriðja áratugi 20. aldar.

Þegar bleiur voru brotnar saman á barnið var fyrst brotið í þríhyrnu sem barnið var lagt á, eitt hornið brotið upp á milli fótanna og hin tvö vafin um lærin efst og um rassinn. Börn voru signd í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda þegar skipt var á þeim. Það átti að gera þeim gott og verja þau gegn öllu illu.⁶⁴⁴

⁶³¹ *Lovsamling for Island*, 1853. Bls. 605.

⁶³² Jónas Jónasson, 1945. Bls. 263.

⁶³³ Horrebow, Niels, 1966. Bls. 194.

⁶³⁴ *Sarpur á* <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=155689>. Sótt 18. Jan. 2016.

⁶³⁵ *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 438.

⁶³⁶ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 268-9.

⁶³⁷ Um það skrifaði Hallgerður Gísladóttir grein í *Læknablaðið* árið 2000.

⁶³⁸ Hallgerður Gísladóttir, 2000. Bls. 388.

⁶³⁹ J. Jónassen, 1888. *Barnfóstran*. Bls. forsíðan.

⁶⁴⁰ Hallgerður Gísladóttir, 2000. Bls. 387.

⁶⁴¹ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 69.

⁶⁴² Sama heimild

⁶⁴³ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 70.

⁶⁴⁴ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

Reifar

Nýfætt barn var reifað og lagt í rúmið hjá móður sinni. Nöfnin reifastrangi og hvítvoðungur voru réttnefni á þessum litlu hvítreifuðu krílum. Til forna virðist hafa verið talað um lébörn.⁶⁴⁵ Björn í Sauðlauksdal sagði reifana óskynsamlega meðferð og líkti þeim við fangelsi því útlímir smábarna þyrftu að vera á hreyfingu.⁶⁴⁶ Fyrir miðja 19. öld voru lín- og þelstykki margbrotin um barnið svo þeim yrði ekki kalt, sem var aðalástæða þess að börn voru reifuð fyrstu 12-14 vikurnar en einnig svo þau lægju ekki of kreppt.⁶⁴⁷

Rögnvaldur Steinsson á Hrauni á Skaga lýsti reifum þannig að „fyrst var bleian, svo flónelsstykki, sem nefndist svif, þá prjónastykki, svo poki sem bundinn var með þremur stögum hvoru megin. Poki þessi náði barninu upp að höku að framan en bakhlutinn var lengri og tvöfaldur að ofan og þar í smeygt koddanum. Pokinn kallaðist *lauert* oft lagður pífum að utan og skrautlegur en fódraður innan með lérefti“.⁶⁴⁸ Þessar reifar voru töluvert íburðarmeiri en þær sem notaðar voru áður.

Í *Sarpi* finnst skráður einn lauertukjól og einar reifar, sem virðast vera samskonar kjólpoki og Rögnvaldur Steinsson sagði frá.⁶⁴⁹ Þá er til reifakjól sem saumaður var 1952 og notaður fyrstu mánuði barns, í stað reifa, sem þá voru hættar að tíðkast en kjóllinn tók nafn af þeim.⁶⁵⁰

Bleiu- og reifaþvottar

Bleiu- og reifaþvottaaðferðir voru svipaðar fram á 20. öld að farið var að sjóða þær „í stórum potti á eldavélinni“.⁶⁵¹ Bleiupvotturinn var mikið bras. Um það sagði Hallgerður:

Þar sem stutt var á milli ungbarnanna og kannske gaf ekki þurrk dögum og jafnvel vikum saman. Reynt var að þurrka bleiur á grindum yfir hlóð-

unum og mér er minnisstæð saga úr gögnum þjóðhátadeildar um konu sem herti á bleiupurrkuninni þegar í nauðir rak með því að vefja bleiu um sig innanklæða og sitja með prjónana sína á hlóðarsteini að næturlagi [...] Sjálf man ég eftir löngum stundum niðri við ána heima árið 1959 við að skola gasbleiur af tveimur yngstu systur minum, en árið var á milli þeirra. Þær prýddu síðan girðingarnar meðfram ánni á löngu bili í þurrkum.⁶⁵²

Þannig höguðu formæður okkar því víðast um land, til að spara eldiviðinn og nýta rennandi vatnið. Á vetrum var stundum ómögulegt að komast í ófrosinn læk eða á og þá varð að bjarga sér innanbæjar. En þar gat líka orðið kalt. Svo mjög að í miklum og langvarandi frostum bauð hitastigið ekki upp á ungbarnaþvott eða bleiupurrkun. Árin um og fyrir 1920 voru til vandræða köld. Konur fóru jafnvel með ungbörn sín og baðvatn í fjósylinn hjá kúnum þar sem innangengt var í fjós. „Veit ég að mamma greip til þeirra ráða einhvern tíma, að eigin sögn, með elsta bróður minn sem var fæddur 1919. Og breiddi á meðan bleiuna á kýrbak til að fá hana volga á barnsrassinn. Og bróðir minn varð bæði hraustur og sterkur þrátt fyrir það“.⁶⁵³ Ef eldavél eða ofn var í stofunni var reynt „að þurrka bæði bleiur og barnaföt á snúru yfir eldavélinni þegar illa viðraði. En þar þurfti líka að þurrka blauta vettlinga, sokka og föt af fólki, sem kom inn blautt eða snjóugt og hrakið, en þurfti fljótt út aftur. Þá hafði eldavélin ekki alltaf við að anna eftirspurn, þó lagt væri á rörið líka og þar sem óhætt var vegna eldhættu“.⁶⁵⁴

Barnsrassa- og naflabót

Áður en til þess gert barnatalkúm fór að fást í apótekum notaði fólk hveiti, kartöflumjöl, barnamold (Pétursmold), skafinn alabasturssteinn, krít, og fleira, til að þurrka og mýkja barnsrassa. Barnamold var merkilegt fyrirbæri. Á Skaganum sagði fólk að hún væri hvítur seigur leir sem þurrkaður var og mulinn niður í hvítt duft.⁶⁵⁵ Í neðanmálsgrein hjá Jónasi frá Hrafnagili segir að Skagaleirinn væri besta barnamoldin.⁶⁵⁶ Í Tungu-

⁶⁴⁵ *Heimskringla Snorra Sturlusonar*, 1946. Bls. 27. Sjá Íðorðabók á <http://malid.is/leit/1%C3%A9barn>. Sótt 24.11.2016.

⁶⁴⁶ Rit Björns Halldórssonar í *Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 436.

⁶⁴⁷ Jónas Jónasson, 1945. Bls. 267.

⁶⁴⁸ ÞMS 721/1963-2, karl f. 1918.

⁶⁴⁹ *Sarpur* á <http://sarpur.is/Leit.aspx?search=reifar&filter=-895&TypeID=15>. Sótt 16. 3. 2016.

⁶⁵⁰ <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=199118>. Sótt 28.3.2016. María Helgadóttir, f. 1933.

⁶⁵¹ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 70.

⁶⁵² Hallgerður Gísladóttir, 2000. Bls. 387.

⁶⁵³ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 69.

⁶⁵⁴ Guðríður B. Helgadóttir, 2015. Bls. 70.

⁶⁵⁵ ÞMS 721/1963-2, karl f. 1918.

⁶⁵⁶ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 269.

dal í Fljótum var góð barnamold, sagði Jón Kort Ólafsson frá Efra-Haganesi.⁶⁵⁷ *Íðorðabók* skilgreinir barnamold sem kísilgúr (skeljar kísilþörunga).⁶⁵⁸ Lög af honum geta verið eins og ljósar leirrendur í jarðvegi. Orðið barnamold var einnig haft um önnur efni, rétt eins og orðið barnapúður var seinna notað um duft af ýmsum tegundum.⁶⁵⁹

Kona af Ströndum sagði að þar hefði leir úr tjörn-um verið „þurrkaður á pönnu yfir eldi; varð hann þá hvítgulur og afar fínn og mjúkur. Þessi aska var svo geymd á þurru stað og notuð til þess að bera á börn. Hér var þetta duft almennt notað fram yfir aldamót“.⁶⁶⁰ Leirlag þetta var kallað mánamjólki og var hirt af hlöðunum þegar búið var að brenna mó sem það var í og þá kölluð barnaaska.⁶⁶¹

Ýmislegt annað en barnamold var nothæft til að mýkja barnsrassa, eins og eyfirsk kona gat um:

Ég hringdi í frænku mína rúmlega áttæða, en hún var ljósmóðir og spurði hana um þetta. Hún sagði, að þetta mundi hafa verið fínt ryk, sem safnað hefði verið í eldhúsbitum. Þá hef ég heyrt að notaður hafi verið kerlingareldur. Svo veit ég að notuð var aska af skraufþurru og veðruðum hrossataðsköggjum. Krakkar voru látin safna þessu út um hagann á sumrin, þegar þurrt var. En askan varð snjóhvít, sallafín og dúnmjúk, og mátti varla anda á hana, svo hún ryki ekki upp í loftið. Svo eftir að kartöflumjöl fór að flytjast inn, var það held ég nokkuð almennt notað þangað til barnapúður og talkum fór að fást.⁶⁶²

Mýkjandi áburður, s.s. fótafeiti eða grasasmyrsl, var borinn á húð í kringum nafla ungbarna á meðan hann var að gróa. Naflabindi 20. aldar voru úr lérefti (líni), flóneli eða einhverju öðru mjúku taui og var vafið utan um barnið, um naflann, þangað til hann var gróinn. Lérefi og flónel var flutt til landsins á miðöldum og vafalaust notað þá á nafla ungbarna og reifar utanum þau eins og baðföt fyrir fullorðna.

Værðarbúnaður barns

Þegar þurfti að fara með reifabörn á milli staða, svo sem í skírnarferðalagið, í búferlaflutningum eða við búverkin, voru þau vafin með sjali. Band var bundið í sjalið og um barnið og bundið á bak eða framan á þann sem bar það. Konur hafa öldum saman gengið til verka með reifabörn bundin á sig, eins og konan sem „rakaði ljá [...] ok bar reifabarn á baki sér“⁶⁶³ árið 1211. Best var að hafa börnin vær og var ýmislegt gert til að bæta líðan þeirra. Hafa þau í einhverju sem hægt var að hreyfa og eitthvað við hendina til að stinga uppí þau en sogþörf barna var og er mismikil. Einhverskonar vöggubúnaður var til og oft var notast við þar til gerða körfu eða annað sem þótti hentugt, s.s. skúffu eða trog. heimildarmenn 18. aldar, eins og Niels Horrebow og Björn í Sauðlauksdal sögðu báðir að börn væru lögð í vöggur eða ruggur sem sumar væru „á völtum“.⁶⁶⁴ Björn var samkvæmur sjálfum sér þegar hann sagði að rugguföt smábarna mættu ekki vera of þröng.⁶⁶⁵ Jónas frá Hrafnagili nefndi vöggur en sagði jafnframt að margir leggðu ungbörnin í rúmið hjá sér.⁶⁶⁶ heimildarmenn Þjóðháttadeildar töldu að flestir hefðu lagt börn í einhverskonar vöggur og sögðu að neðst í þær hefði verið lagt boldang, eða fíngert hey, og ofan á það strigi og síðast vaðmálsstykki eða lök. Þegar kom fram á 20. öld var algengt að leggja smábörn í þvottakörfuna, svo sem sjá má þegar skoðuð eru ummæli um þesskonar ílát sem skráð eru í *Sarpi*.⁶⁶⁷

Fyrir daga mjólkurpelans voru notuð horn⁶⁶⁸ eða fjaðurpípur úr stórum fuglum til að gefa börnum að drekka fyrstu mánuðina. Pípan var sett í glas eða flösku en hægt var að hella í gegn um hornið. Sérstakir pelar fyrir börn fóru að fást í kaupstöð-um um 1900. Fram undir 1920 notuðu flestir horn-og trétúttur á þá. Þar sem melgras óx notuðu sumir sumtag, þ.e. mjúku melræturnar sem voru vafðar

⁶⁵⁷ ÞMS 11479/1994-2.

⁶⁵⁸ *Íðorðabankinn* á <http://ordabanki.hi.is/wordbank/-terminfo?idTerm=444387>.

⁶⁵⁹ Hallgerður Gísladóttir, 2000. Bls. 388.

⁶⁶⁰ ÞMS 793/1963-2, kona f. 1880.

⁶⁶¹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 269.

⁶⁶² ÞMS 721/1963-2, karl f. 1918.

⁶⁶³ *Sturlunga saga I*, 1946. Bls. 221.

⁶⁶⁴ Horrebow, Niels, 1966. Bls. 197.

⁶⁶⁵ Úr *Arnbjörgu* sem kom út 1783. Sjá *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, 1983. Bls. 436.

⁶⁶⁶ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 270.

⁶⁶⁷ *Sarpi* á <http://sarpur.is>. Þvottakarfa, sjá *Adfang.aspx?AdfangID=454462*. Sótt 28.3.2016.

⁶⁶⁸ *Heimskringla Snorra Sturlusonar*, 1946. Bls. 27. Snorri lét Ána konung drekka af horni „sem lébarn“ eftir að hann var kominn í kör.

saman og rýja eða tröf vafin utanum þær til að festa á pelann.⁶⁶⁹ Seinna var hægt að kaupa slöngutúttur á pelana. Það voru langar slöngur úr gúmfí, kallaðar gúttabergspípur, sem gengu vel ofan í pelana og börnin sugu. Peli og slöngur voru þvegin eftir þörfum. Börnum var yfirleitt gefin flóuð mjólk eða volg í pelann, fremur en ísköld.

Á „misjöfnu þrífast börnin best“ var sagt og átti sannarlega við um dúsuna sem börn töttuðu „sofandi og vakandi, og var almennt álit meðal mæðra og barnfóstra, að ekkert barn héldist spakt án hennar. En ekki var hún víst ætíð hreinleg, sem skyldi; í hana var haft tugginn fiskur og kjöt og brauð, eftir því sem fyrir hendi var, en stundum verra, eins og að tyggja fisklifur og blautan fisk í dúsú handa hvítvoðungi“⁶⁷⁰ sagði Jónas frá Hrafnagili. Dúsan var úr líni eða einhverju mjúku efni og var soðin af og til. Kona sem var kunnug dúsunotkun sagði að brauð eða þykkur grautur hefði verið settur í léreftsrýju. Maturinn var:

Látinn á miðja rýjuna, hún brotin saman og tvinna vafið um svo hnúður myndaðist á henni miðri. Þessum hnúð var stungið upp í barnið, ef það var óvært. Ætíð þótti þó verra að venja börn á dúsar. Það þótti skemma tennur þeirra. Ég man að skemmdar tennur í börnum voru kallaðar dúsutennur.⁶⁷¹

Ýmis húsráð og óráð

Engan skyldi undra þótt algengustu kvillar fólks væru niðurgangur, iðrakvef, magaverkir, lungnabólga, kvef, hálsbólga, tannpína og hlustarverkur, og hrjáðu jafnt börn sem fullorðna. Smitleiðir voru greiðar í þröngbýlinu og ekki bætti úr skák að allir heilsuðust og kvöddust með kossi, jafnt holdsveikir sem berklaveikir.⁶⁷² Hér verður aðeins litið á brot af því sem stundað var til heilsubótar og hvað var haft við ýmsum kvillum á torfbæjar tímum til að gefa innsýn í þær mörgu aðferðir sem gátu beinlínis gert illt verra og myndu nú flokkast til óþrifa. Sömu leiðis eru nefnd nokkur ráð sem áttu að bæta líðanina. Húsráðin voru ýmisleg og ekki öll fljótvirk eða virk yfir höfuð. Gulusjúkt fólk átti t.d. að gleypa lifandi flær, menn tóku í

nefið við sjóndepru, yfirsetufólk átti lausnarstein til að auðvelda sængurkonu barnsburðinn, blóðtaka átti að bæta allt, kæstur hákarl og kálfsmagi voru góð við ígerð og til að laga innvortis meinsemdir voru menn hankaðir með sínu eigin hári.⁶⁷³

Elísabet Jóhanna frá Hofsgærði sagði svo frá:

Bakstur [var] við hlustarverk, ósöltuð feiti við varaþurrk, augnveiki [var] skoluð úr bórvatni, tekið inn lýsi [...]. Við börnin vorum öðru hvoru látin laxera, ég held að það hafi verið gert til þess að eyða njálg. Heimakoma var bólga í andliti, við henni var ekkert að gera, nema forðast kulda og bíða eftir bata. Ef við fengum blóðnasir vorum við látin liggja afturábak. [...] Ég var 6 ára þegar yngsti bróðir minn fæddist. Það var búið að hita laugarvatnið í stórum svörtum þrífættum potti, hann stóð við hornið á eldavélinni, yfir honum var þykkur hvítskúraður tréhlemmur. Ég gekk aftur á bak og datt um pottinn svo hlemmurinn sporðreis og annar fótur minn lenti í sjóðandi vatninu. Vinnukona sem var heima [...] þreif mig og stakk mér niður í kalda vatnsfötu sem stóð á eldhúsbeknum. Ég þakka snarræði Helgu að úr þessu varð aðeins dálítið brunasár á kálfanum. Þetta nefni ég vegna þess að 1921 var vatnskæling við bruna kunn.⁶⁷⁴

Elísabet Jóhanna sagði að við gigt hefðu verið notaðir:

Saltbakstrar eða vatnsbakstrar. Saltið var hitað, sett í sokkbol og handklæði eða öðru vafið utan um. Ullarstykki var undið upp úr sjóðandi vatni með því að færa það upp á klút síðan undu tveir stykkið á milli sín, að því búnu var handklæði vafið utan um og þá var baksturinn til. Við skyndilegum kulda voru hoffmannsdropar, við innantökum og við niðurgangi ópíum, lýsól og joð á útvortis kaun. [...] Ég man ekki eftir sullaveiku fólki. Heima var gætt ýtrustu varkárni í sambandi við sulli, hundar fengu aldrei að koma nálægt blóðvelli og sullum var safnað í sérstakt ílát og þeir síðan brenndir. Magapína, var algeng í sláturtíð, svo sem uppköst og niðurgangur (ræpa) [...]. Allskonar kveisa og kveisustingur, var kenndur ofáti.⁶⁷⁵

⁶⁶⁹ ÞMS 721/1963-2, karl f. 1918.

⁶⁷⁰ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 268.

⁶⁷¹ ÞMS 793/1963-2, kona f. 1880.

⁶⁷² Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 58.

⁶⁷³ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 61. Þá var hárlokkur dreginn í gegnum húðina, sjá nánar í *Íslenskri orðsifjabók*, á <http://malid.is/leit/hanka%C3%B0ur>. Sótt 25.11. 2016.

⁶⁷⁴ ÞMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

⁶⁷⁵ ÞMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

Ef eitthvað fór upp í auga og náðist ekki með góðu móti var gott ráð að sleikja það úr.⁶⁷⁶ Allir sem hafa upplifað sýkingu í munni eða tannpínu vita hve ægilegur kvilli það getur verið. Ýmis örþrifa-ráð voru reynd til að lina kvalirnar. Ef heitir bakstrar dugðu ekki var ráð að væta efnishnoðra í spiritus eða kreosot og troða í holuna, eða setja tóbak ofan í hana, eða leggja á hana heila tönn úr manni eða dýri.⁶⁷⁷ Eða hreinlega að fjarlægja tönnina ef kunnátta var til þess. Hve illa haldið var fólk sem reyndi volgan mykjubakstur eins og Sigrún Eiríksdóttir frá Sölvanesi gerði? Hún var þá 16 ára og þjáðist af tannpínu „og gat ekki sofið, og hafði engin ráð að lina kvalirnar. Ég hafði heyrt talað um kúamykju bakstur. Og eitt kvöld þegar allir voru sofnaðir læddist ég úti fjós og náði mér í volga kúamykju. Ég lét hana í lítinn léreftspoka, setti einhverja hlíf á koddann minn, og lagðist svo útaf á mykjupokann, og breiddi vel ofan á mig. Ég sofnaði fljótlega og svaf til morguns, þá var tannpínan horfin“.⁶⁷⁸ Kúamykjubakstur var ekki notaður af neinum öðrum sem hún vissi um og lausnin gat sennilega alveg eins hafa falist í hverskyns heitum bakstri.

Ef bóla kom á tunguna átti að vera nóg að þylja þulu fyrir svefninn: ein bóla á tungu minni, engin bóla á morgun, ein bóla á tungu minni, og svo framvegis þar til maður sofnaði.

Græðikrem

Hér er ekki meining að gera grein fyrir áhrifum jurta enda myndi umfjöllun um það fylla annað rit. Jurtir voru notaðar samanvið allskonar smyrsl. Kerlingareldur af púðurkerlingu, sem er síðasta þroskastig gorkúlunnar (fýsisveppsins), var sagður góður til að mýkja húð og var talinn geta stöðvað blæðingar úr grunnum sárum.⁶⁷⁹

Hendur barna sem fullorðinna voru oft grómtæknar, sprungnar og sárar og exem var algengt. Við því var fátt að gera annað en að bera á sig tólg eða heimagerð smyrsl með vallhumli, Maríustakk og fleiri jurtum saman við smjör, fóta- eða

hundafeiti. Fótafeiti var feiti sem veidd var ofan af soði af sviðalöppum og notuð ómenguð. Hundafeiti fékkst þegar hundum var lógað. Ef blandað var saman til helminga hundafeiti og tjöru varð til áburður sem „dró úr bólgu og verk“⁶⁸⁰, sagði Sigrún Eiríksdóttir sem hafði persónulega reynslu af slíkum áburði.

Ef ekkert smyrsl var til og fólk handsárt þótti gott að þvo sér upp úr skyri eða nýju þvagi. Gott átti að vera að þvo háls og andlit upp úr mjólk og mysu.⁶⁸¹ Margir pissuðu á hendur sínar til að halda þeim ósárum, græða sprungur og exem og bæta handadofa.⁶⁸²

Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir sagðist hafa haft ljótar vörtur á hægri hendi.

Og reyndi öll þau ráð sem ég gat upp spurt. Reynt var að brenna þær með vítisteini en ekkert dugði. Svo var það vor eitt að ég tók mig til og taldi vörturnar, hnýtti síðan eins marga hnúta á ullarband og gróf bandið í fjósvegginn, því þjóðtrúin sagði að þegar bandið væri orðið fúíð hyrfu vörturnar. Svo kom að því að ullin var þvegin þá hélt ég hendinni niðri í keitupvælinu eins heitu og ég þoldi. Um sumarið bar ég fíflamjólki á vörturnar og hélt þeim mjúkum með því. Loks kom sláturtíðin, þá hélt ég hendinni í górvömb. En viti menn einn góðan veðurdag voru allar vörtur horfnar, en mér þykir verst að ég veit ekki hvaða ráð það var sem dugði.⁶⁸³

Fegurðarmeðul

Andlitspúður og augnsverta voru þekkt langt aftur í aldir en hérlandis eru ekki dæmi um að konur notuðu slíkt að neinu ráði. Ljóst má þó vera að þótt þess sé ekki getið er ekki þar með sagt að enginn hafi notað fegrunarmeðul. Oddur Einarsson fullyrti í Íslandslýsingu 1590 að hérlandar konur hefðu ekki elt þá tísku, eins og þekktist í útlöndum, og að þær hafi haft „óbeit á allri andlitsförförðun, púðrun og roðun, og taka eðlilegan yndisþokka og fegurð langt fram yfir allt aðfengið“

⁶⁷⁶ Guðríður B. Helgadóttir, 2010. Bls. 94.

⁶⁷⁷ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 329.

⁶⁷⁸ ÞMS 8025 kona f. 1897.

⁶⁷⁹ ÞMS 721/1963-2, karl f. 1918; 8025 kona f. 1897; 8183 karl f. 1918.

⁶⁸⁰ ÞMS 8025 kona f. 1897.

⁶⁸¹ Stefán Ólafsson, 1985. Bls. 304. Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945. Bls. 32.

⁶⁸² Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 33.

⁶⁸³ ÞMS 8089/1986-3, kona f. 1915.

skraut“.⁶⁸⁴ Hvort hann hafði rétt fyrir sér um það karlinn má liggja á milli hluta.

Fáar stúlkur áttu snyrtiskrín. Flestu snyrtivörukyns var stungið í handraðann á kistunni, í kistilinn eða undir koddann. Karlar vissu sjaldnast hvað gat leynst þar. Ilmvötn voru fátíð en kölnarvatn, sem svo var kallað, var þó eitthvað notað.⁶⁸⁵ Á fyrri hluta 20. aldar fóru stúlkur að leggja talsvert á sig til að fegra sig og skreyta og stundum voru góðu ráðin dýr. Ekki höfðu allar stúlkur efni á að kaupa fegurð í dósum og urðu að nota heimaefningu ráð. Kannski þekktu þær þau ráð frá fyrri tíma. Kaffi var drýgt með rót sem fékkst í rauðum pappírsumbúðum. Liturinn losnaði af pappírnum ef hann var nuddaður og hægt var að nota hann fyrir vara- og kinnalit. Síðustu ár torfbæjanna áttu konur margskonar fegrunarmedul sem þær notuð til að styrkja sjálfsmynd sína og efla sjálfsöryggið.⁶⁸⁶

Líf í torfbæ - lokaorð

Hér hefur verið brugðið upp ýmsum myndum af heimilum og heimilisamstri á torfbæjartímum og von mín er að lesandinn átti sig á hinum ýmsu kúvendingum sem orðið hafa á lífsmáta okkar á þeim þúsund árum sem tími torfbæjanna spannar. Þrif í torfbæjunum voru með allt öðrum hætti en við eigum að venjast. Þrifnaðarhættir nútímans helgast af þekkingu okkar á hollustu og heilbrigði og mikill munur var á þeirri þekkingu hvort horft er til aldamótanna 1900 eða 1700. Hvað þá fyrir.

Þótt við getum með engu móti aflað okkur nákvæmra upplýsinga um allt sem snerti þrif í torfbæjum erum við rík að því leyti að ýmsar athafnir formæðra okkar og forfeðra koma fram í málfari nútímans. Mikið gagn er af ljósmyndum, sem varðveist hafa af og úr torfbæjum og okkur hefur tekist að varðveita gamla torfbæi og ýmsa mikilvæga muni sem varpa gleggri ljósi á umfjöllunarefnið en ef aðeins frásagnir og lýsingar væru til. Þó er ekki þar með sagt að þær hafi alltaf verið alveg eins og málfarið hefur þróast og breyst.

Dæmi um það er nafn laugardags sem felur í sér böð og þvotta einu sinni í viku, sem ekkert er hægt að fullyrða um, svo sem fram hefur komið.

Heimildir sem varðveittar eru í skjala-, ljósmynda- og minjasöfnum landsins geta sannarlega varpað ljósi á þrifnaðarhætti á torfbæjartíma. Þótt svör heimildarmanna Þjóðminjasafns Íslands miðist við fremur skamman tíma, frá seinni hluta 19. aldar til fyrri hluta þeirra 20. er augljóst að þar liggja ómetanlegar heimildir um þetta efni. Á sama hátt vitna varðveittar torfbyggingar sjálfar um þrif og hreinlætishætti, að því leyti að hægt er að máta möguleika til þvotta og annarra hreingerninga við þann veruleika sem við blasir. Ljósmyndir sem hafa varðveist og voru teknar innandyrna í torfbæjum eru ómetanlegar heimildir.

Fornleifauppgreftir, lýsingar á híbýlum í fornsögum og úttektir, eða öllu heldur lýsingar á húsum, geta varpað ljósi á þrifnaðarhætti að ákveðnu marki. Vandasamt er þó að nýta þær upplýsingar. Þær eru sjaldnast nákvæmar og þótt þær kalli fram hugmyndir um þrifnaðarúrlausnir þá spegla þær ekki áhöldin eða ílátin sem þær lausnir hefðu kallað á, nema þau hafi varðveist líka. Þannig má segja að þótt heimildir geti um þiljuð hús í hól og gólf er sá hængur á að þeim er ekki lýst nánar og þessvegna erfitt að átta sig á hvort var auðvelt að þrifa tréverkið, eða ekki. Sé dregin upp einfaldasta mynd af þróun torfbæjanna þá hafa þeir þróast frá sambyggðum skálum og stofum, gafl í gafl, með kamar og baðstofu á bakvið, til sambyggðra skála, stofu og baðstofu, sambyggðum á langhliðum, sem göng tengdu saman og á milli þeirra skotið búi og eldhúsi. Breytingarnar geta hafa haft þannig áhrif á húsþrifin að því minna sem var af timbri í húsum því óhægara var að hreingera þau. Það skúrar enginn torfveggi. Með breytingunum minnkaði þörf fyrir timbur nema í aðalíveruhúsinu og sennilegt að dofnað hafi yfir þrifaáformum í beinu samhengi við þá þróun.

Efni og áhöld til þrifa voru einföld. Við getum enn handleikið þau sem varðveist hafa frá fyrri tíð. Flest eru þau náttúruafurðir sem fengust og fást enn í nærumhverfinu, með fáeinum undantekningum. Þá er um að ræða efni og áhöld sem flutt voru til landsins og ekki á allra færi að eignast.

⁶⁸⁴ Oddur Einarsson, 1971. Bls. 100.

⁶⁸⁵ Sigríður Gunnarsdóttir, f. 1894.

⁶⁸⁶ Elín Björt Guðjónsdóttir, 2014. Bls. 45. Á http://skemman.is/en/stream/get/1946/19880/45685/1/BA-ritger%C3%B0_El%C3%ADsa_Bj%C3%B6rt_Gu%C3%B0j%C3%B3nsd%C3%B3ttir.pdf. Sótt 1.3.2017.

Þegar varðveittir munir, sem skráðir eru í *Sarpi*, eru kannaðir kemur í ljós að töluverður fjöldi þrífnaðarháttatengdra gripa eru til frá fyrri hluta 20. aldar. Þeir varpa ljósi á áhöld og ílát sem notuð voru við þrif aftur á 19. öld. Í sumum tilfellum hafa þau verið óbreytt miklu lengur. Þau eru mikilvæg til að átta sig á búnaði við þriffin. Útilokað er að vita hvað er alveg týnt af þesskonar munum og orðanotkun hefur breyst þannig að það sem einu sinni hét kaggi heitir nú tunna og það sem einu sinni hét greiðslubali heitir nú dallur. Þeir munir sem hafa varðveist segja ekkert til um hvort þeir voru algengir eða óalgengir. Fremur um það hvort þeir voru orðnir óhrjálegir eða ekki þegar hlutverkum þeirra lauk eða hvort eigandinn mat þá mikils eða lítils. Þar sem heimildir þegja um ástand eða hvað var til þýðir ekki að túlka þannig að ekkert hafi verið. Dæmi um það er heimildaleysi um lausamuni á 17. og 18. öld. Kannski voru þeir svo lítils virtir að um þá var ekki talað.



Peysa stráksins og beisli hestsins eru úr bómullar- og ullarbandi. Peysuna þurfti oft að þvo en sennilega ekki beislið. Máltakið „einn er leppur á sveini, annar á steini“ vísar til þess að þvottaverkin gerðu sig ekki sjálf. Einhver þurfti að þvo leppana (fötin), koma þeim í þurrk og hafa tilbúna til notkunar á ný. Ungir sem fullornir áttu mikið undir kunnáttu og útsjónarsemi þeirra kvenna sem unnu og þrifu klæðnað þeirra. Ljós. HSk. BS 316 / Bruno Schweizer.

Sennilega verða seint öll kurl komin til grafar í þeim efnum. Áberandi er, í þessum munaflokki eins og flestum öðrum, að þau áhöld og ílát sem hafa þótt fallegri en önnur hafa fremur varðveist en þau sem voru skrautlaus. Í því samhengi má benda á mörghundruð spæni og rúmfjalir, sem að sínu leyti eru ekki fyrstu áhöldin sem koma í hugann þegar hugsað er um þrífnað en voru samt bæði afar mikilvæg í því samhengi, í sínum hlutverkum. Það skipti máli upp á þrífnaðinn að borða með skeið og verja rúmfötin fyrir að falla á gólfið.

Líkamshirðing fólks var verulega frábrugðin því sem við þekkjum í dag, einkum með tilliti til tíðni þvotta og sápunotkunar. Baðsiðir voru allt aðrir og aðstaða til baða næstum ómöguleg, miðað við lúxusinn í dag. Oft hafði fólk engan aðgang að baðstað annarsstaðar en í hlóðaaeldhúsinu eða fjósinu í grunnu trékeri sem fólk kraup í eða stóð við böðunina. Baðferðir utandrya gátu endað með ofkælingu og lungnabólgu, sem oftast en ekki batt enda á jarðvistina. Sníkjudýr sem lifðu á mönnum og í híbýlum þeirra voru langoftast látin óáreitt og ekki brugðist við þeim nema stefndi í skaða.

Íslendingar voru engir eftirbátar annarra þjóða í lífsnautnum og þægindum, að talið er, fyrr en á 16. öld. Þá virðist hafa orðið viðsnúningur á velmeguninni. Sá er rakinn til erfiðs árferðis, siðbreytingar kirkjunnar og óhagstæðra verslunarháttanna.⁶⁸⁷ Við fylgdum ekki sömu þróun í búsýslu og lífsskilyrðum eins og varð meðal nágrannaþjóðanna. Kólnandi veðurfar jók eldiviðarþörfina og eyddi skógum og kjarri, sem olli eldiviðarþurrð, sem hlýtur að hafa haft áhrif á viðleitni til þrifa. Bæði vegna þess að húshlutum og -búnaði úr tré fækkaði og spara þurfti upphitun á þvottavatni. Þrif voru og eru háð hreinlætisvitund, gerð og ástandi híbýla og möguleikum til eldunar og upphitunar. Það reyndist torsótt fyrir heilbrigðisstéttir 19. aldar að fást við venjufestu, fátækt og annríki í tilraun til að snúa fólki til bættra þrífnaðarháttanna. Auðvelt er að venjast aðstaðum en erfiðara að vinna gegn vananum. Eða eins og séra Þorkell Bjarnason orðaði það 1892 að „vaninn og vanþekkingin á öðru betra gjörði þetta bærilegt og

⁶⁸⁷ Árni Daníel Júlíusson, 1998. Bls. 92.


sjálfsagt“.⁶⁸⁸ Það var ekki nóg að hafa gnægð vatns ef það var svo ískalt að fólk gat ekki hugsað sér að nota það af þeim sökum og eldiviðinn varð að spara. Var þá ekki einfaldast að ákveða að böð væru ónauðsynleg?

Þrífnaðarhættir höfðu veruleg áhrif á afkomu fólks og skipta þess vegna miklu máli í atburðarás sögunnar. Ungbarnadauði var gríðarlegur og fáir urðu háaldraðir. Á meðan kaþólskir suðurevrópubúar settu ekki hömlur á auðugt ímyndunarafli listamanna á 17. og 18. öld, sem hjuggu og skáru skrautleg húsgögn og húshluta undir vernd páfa og kirkju á barokktíma, krafðist Lútherskan einfalds og sem mest skrautlauss lífennis og húsaga sem hélt aftur af hugmyndaflugi fremur en að ýta undir það. Þeirra áhrifa gætti hér á norðurhjaranum. Á sama hátt má sjá augljós áhrif upplýsingastefnu á 19. öld þegar þjóðlífi var umbylt og fólk krafðist sjálfstæðis og menntunar og setti fram kröfur sem fólust m.a. í gera fólki grein fyrir því að þrífnaður og lífslíkur héldust í hendur.

Sameiginlegt átak kvenna til að efla menntun og bæta þrífnað skipti þar miklu máli því öll umhirða, húsa, klæða og mannfólks, var í þeirra höndum. Sigurlaug M. Jónasdóttir minntist samhljálpar kvenna á Króknum um 1900 með mikilli hlýju og sagði að þrátt fyrir að kaupstaðurinn hefði hvorki verið stór né stæðilegur og að fátækt og ómegð hefðu sett svip á lífið þar hefði mikil samhljálpar meðal kvenna í þorpinu skipt miklu máli fyrir afkomu margra heimila þar á þeim árum.⁶⁸⁹

Kannski má segja að sæmilegt skikk hafi verið komið á þrífnaðinn síðasta árhundraðið í torfbæjunum en það tók tvær kynslóðir að aðlagast nýjum þrífnaðarháttum. Skagfirðingar notuðu torfbæi til íbúðar langt fram á 20. öld, því þeir gáfu nýjum húsnum úr steinsteypu ekkert eftir hvað heimilis-hald snerti, ef þeir voru í lagi, og þeir voru sennilega ódýrari í upphitun. Margir byggðu ný hús um og eftir seinni heimstyrjöldina en nefna má mörg

dæmi um torfbæi sem búið var í fram á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar.⁶⁹⁰



